SAGA SIGURÐARDÓTTIR
*Bloggsíða með myndum af götutísku Reykjavíkur*
• Tíska • Heimili • Heilsa
allt Í MIÐJU BLAÐSINS



HAUKUR JÚLÍUSSON
*Hefur gert upp um tuttugu vinnuvélar*
Verk að vinna
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG







FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
12. apríl 2007 — 98. tölublað — 7. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR



**Heiðursstjórnandinn**
Vladimir Ashkenazy snýr aftur í Háskólabíó.
MENNING 38

**Flókin ástarmál Justin Timberlake**
Söngvarinn stendur í stórræðum í ástarlífinu og flækist á milli leikkvenna.
FÓLK 48





**Silvía fær falleinkunn**
Trausti Júlíusson er ekki hrifinn af fyrstu plötu sjónvarpsstjörnunnar.
FÓLK 58



**Betri staða hjá Haukum**
Haukar standa vel að vígi í fallbaráttu DHL-deildarinnar eftir sigur á Stjörnunni. Fylkir og ÍR töpuðu á sama tíma.
ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**YFIRLEITT BJARTVIÐRI -** Sunnanáttir, hvassast vestan til á landinu og á hálendinu. Það er frekar hlýtt, 2-7 stig yfir daginn. Mikið blautviðri um allt land, sérstaklega á vesturhelmingi landsins.
VEÐUR 4

# Fasteignir rjúka út í Vestmannaeyjum

**Fasteignamarkaðurinn er óvenju líflegur í Vestmannaeyjum og íbúðir rjúka út. Elliði Vignisson bæjarstjóri segir að á næstu árum verði 25 þúsund fermetrar byggðir. Uppbyggingin nú sé sú mesta „eftir að byggð hófst í Eyjum“.**

**VESTMANNAEYJAR** Óvenju mikil umsvif hafa verði á fasteignamarkaðnum í Vestmannaeyjum síðustu misseri og fyrirsjáanlegt að svo verði áfram.

Elliði Vignisson bæjarstjóri segir fjölda þinglýstra kaupsamninga aldrei hafa verið jafnmikinn og nú. Sveitarfélagið hafi til dæmis selt rúmlega þrjátíu íbúðir úr félagslega kerfinu á innan við ári en þessar íbúðir hafi lítið hreyfst áður fyrr. „Samkvæmt mínum bókum flokkast þetta sem verulega líflegur markaður,“ segir Elliði.

Guðbjörg Jónsdóttir, löggiltur fasteignasali, segir að allar góðar eignir seljist, „sérstaklega góð einbýlishús og góðar íbúðir. Margir eru að fara í betra húsnæði. Svo er fólk uppi á landi að kaupa sér afdrep,“ segir hún.

Fasteignaverð í Eyjum hefur hækkað um tuttugu til þrjátíu prósent. Stór blokkaríbúð sem kostaði um fjórar milljónir í fyrra selst nú á fimm milljónir. Helgi Bragason lögmaður áætlar að fimmtán til tuttugu fasteignir hafi verið seldar á mánuði það sem af er árinu.

Elliði telur trú fjárfesta á vaxtarmöguleikum í Eyjum hafa aukist. „Fram undan eru stórkostlegar samgöngubætur. Við komum til með að vera í beinum tengslum við Suðurland. Það tekur tuttugu mínútur að fara um jarðgöng á milli og sigling tekur hálftíma. Sjávarútvegurinn hefur líka eflst og skilað auknum tekjum.“

Verslunarhúsnæði er í byggingu í miðbænum í Vestmannaeyjum. Gert er ráð fyrir að fimm verslanir verði á jarðhæð og fimmtán íbúðir á efri hæðum. Þá er talsverð eftirspurn eftir lóðum fyrir iðnaðarhúsnæði og einbýlishús. Bæjaryfirvöld reikna með að á næstu þremur árum verði byggðir 25 þúsund fermetrar. Þá hefst bygging menningarhúss á næstunni. „Þetta er mesta uppbygging sem um getur eftir að byggð hófst í Eyjum,“ segir Elliði. - ghs

Jesus Christ Superstar:

## Krummi leikur Jesú Krist

**LEIKHÚS** Krummi í Mínus fer með hlutverk Jesú Krists í uppsetningu Vesturports á söngleiknum Jesus Christ Superstar. Hann stígur þannig fyrstu skref sín á leiklistarsviðinu.


KRUMMI

Krummi er flestum kunnur sem tónlistarmaður, og er oft á tíðum kenndur við rokkhljómsveitina Mínus. Tveir félagar Krumma úr Mínus, þeir Bjarni Sigurðarson og Björn Stefánsson, stjórna hljómsveitinni í uppsetningunni. Auk þess fara tónlistarmennirnir Jens Stefánsson og Bjarni Hall með hlutverk Péturs og Júdasar.

Söngleikurinn verður frumsýndur um mitt sumar.
- sun/ sjá síðu 86

Tíu manns ákærðir í 70 liðum:

## Árnesgengið aftur fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Tíu manna hópur, á aldrinum fimmtán til 26 ára, hefur verið ákærður fyrir ótrúlega afbrotahrinu sem stóð frá júlí í fyrra og út janúar síðastliðinn. Ákæran er í sjötíu liðum, sem eru flestir vegna auðgunarbrota ýmiss konar. Auk þess er fólkið meðal annars ákært fyrir fíkniefnamisferli, eignaspjöll og fjölmarga bílþjófnaði.

Þrír menn tengjast langflestum brotunum. Þeir voru allir hluti af hinu svokallaða Árnesgengi sem hlaut refsidóma í febrúar síðastliðnum fyrir alls kyns brot í alls ellefu byggðarlögum.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, segir líklegt að um sé að ræða kjarnahóp síbrotamanna þar sem afbrot eru hluti af lífsstíl. Hann man ekki eftir öðrum eins fjölda afbrota sama hóps á jafn skömmum tíma.
- þsj / sjá síðu 2



**AÐDRÁTTARAFL JARÐVARMANS** Dágóður hópur breskra skólakrakka lét hvorki vind né regn hindra sig í að njóta goshversins Strokks við Geysi í gær. Allir voru tilbúnir með myndavélar til að ná óyggjandi sönnunargögnum um fyrirbrigðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Íslenskar landbúnaðarafurðir notaðar í kebab á Bretlandseyjum:

# Bretar sólgnir í íslensk kindaslög

**LANDBÚNAÐUR** „Hingað til hefur stórum hluta af slögunum verið hent, þannig að þetta er búbót þótt upphæðirnar í spilinu séu ekkert sérlega háar,“ segir Ingvar Már Gíslason, markaðsstjóri Norðlenska. Fyrirtækið hefur selt um hundrað tonn af úrbeinuðum kindaslögum til Bretlandseyja á undanförnu ári. Þar eru þau notuð í kebab-gerð.

Slögin eru sá hluti kindarinnar sem erfiðast er að koma í verð. Hér á landi eru þau aðallega notuð í kæfugerð og rúllupylsur auk þess sem Færeyingar kaupa hluta framleiðslunnar til sama brúks. Í Bretlandi hafa menn hins vegar fundið önnur not fyrir slögin, það er í kebabrétti. „Kebab-framleiðslan er öðruvísi en maður hefði búist við,“ segir Ingvar. „Þeir setja slögin ekki beint á teininn, heldur eru þau fösuð, það er að segja sett í hrærivél og búin til úr þeim eins konar kjötkeila sem síðan er steikt á teini.“


INGVAR MÁR GÍSLASON

Kebab-réttir eiga rætur að rekja til Mið-Austurlanda en eru nú vinsæll skyndibiti um allan heim. Þeir hafa þó ekki gert sig gildandi á Íslandi svo heitið geti og Ingvar býst við að kindaslögin verði því áfram notuð fyrst og fremst í rúllupylsur hér á landi. „En skrokkarnir eru verkaðir frá toppi til táar og við erum að minnsta kosti að fá ágætt verð fyrir þetta núna.“ - bs



Kynntu þér stefnuskrá okkar á www.islandshreyfingin.is
ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land

AFNÁM KVÓTAKERFISINS!
Magnús Þór og Kolbrún Stefánsdóttir flytja erindi og ræða við fundargesti.
Dúett Ingiríðar og Leifs leikur djass.
Skeifunni 7 í kvöld kl. 20 allir velkomnir!
www.xf.is
XF Frjálslyndi flokkurinn



## SPURNING DAGSINS



*Birgir, ertu ekki með sektarkennd?*

„Nei, ég er með mitt á hreinu og sef vel á nóttunni.“

Birgir Schram neitar að borga sekt frá Bílastæðasjóði fyrir að leggja við heimili sitt að Kleppsvegi.

Franskt blað segir Sarkozy og Chirac hafa gert með sér leynisamkomulag:

# Arftakinn tryggi friðhelgi

**FRAKKLAND, AP** Franska vikublaðið Le Canard Enchainé greindi frá því í gær, að Nicolas Sarkozy, forsetaframbjóðandi stjórnarflokksins UMP, og flokksbróðir hans og fráfarandi forseti, Jacques Chirac, hefðu gert með sér samkomulag um að yrði Sarkozy kjörinn forseti léti hann það verða sitt fyrsta verk að setja lög sem tryggðu Chirac friðhelgi fyrir lögsóknum eftir að hann léti af embætti.

Blaðið heldur því fram að yfirlýsing Chiracs um stuðning við framboð Sarkozy í síðasta mánuði hafi verið hluti af þessu samkomulagi; í skiptum fyrir stuðningsyfirlýsinguna skuldbindi Sarkozy sig til að sjá sem arftakinn á forsetastólnum til þess að fyrirrennarinn eigi ekki lögsóknir yfir höfði sér þegar forsetafriðhelgi hans sleppir í maí.

Ýmis spillingarmál úr pólitískri fortíð Chiracs kynnu að verða grafin upp þegar þar að kemur. Það sem gæti reynst Chirac skeinuhættast er hneykslismál sem snerti gervistörf og fjármálaspillingu í Gaullistaflokknum á þeim tíma sem hann var borgarstjóri í París, áður en hann var fyrst kjörinn forseti árið 1995. - aa



**CHIRAC OG SARKOZY** Vildu ekki tjá sig um málið í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Tvöföldun þjóðvega:

# Vegagerðin undirbúi útboð

**SAMGÖNGUR** Sturla Böðvarsson samgönguráðherra hefur falið Vegagerðinni að hefja undirbúning að útboði á tvöföldun Suður- og Vesturlandsvegar út frá Reykjavík.

Verkefnisstjórn á að vinna frumáætlun um fjármögnun og undirbúa samráð við sveitarfélög.

Gert er ráð fyrir sérstakri fjáröflun fyrir verkefnin en ekki hefur verið ákveðið hvort þau verða unnin í einkaframkvæmd.

Samgönguráðherra vill að verkefnisstjórnin, sem skipuð verður fulltrúum Vegagerðarinnar og samgönguráðuneytis, hraði störfum sínum eins og kostur er. - bþs

Veikindi dómsmálaráðherra:

# Aðgerðin gekk eftir áætlun

**FÓLK** Skurðaðgerð sem gerð var á brjóstholi Björns Bjarnasonar, dóms- og kirkjumálaráðherra, gekk samkvæmt, áætlun. Björn fór í aðgerðina á Landspítalanum eftir hádegi í gær. Hann mun hafa vaknað á gjörgæsludeild sjúkrahússins um kvöldmatarleytið.



BJÖRN BJARNASON

Talið er að dómsmálaráðherra verði átta til tólf vikur að jafna sig eftir aðgerðina. Hún var ákveðin eftir að annað lunga hans féll saman um páskana. - gar

## SUÐURLAND

### Hafna virkjun í Þjórsá

Talsverður meirihluti Sunnlendinga er andvígur virkjunum í neðri hluta Þjórsár samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar fyrir Stöð 2. Af þeim sem tóku afstöðu sögðust 57 prósent andvíg virkjun en 43 prósent sögðust hlynnt.

## REYKJAVÍKURBORG

### Veggjakrotið mest í Háaleiti

Sigríður Drífa Elíasdóttir, hverfislögreglumaður í Háaleitishverfi, staðfesti á síðasta fundi hverfisráðsins þar að veggjakrot væri meira áberandi í hverfi Háaleitis en í öðrum hverfum borgarinnar.

## KÓPAVOGUR

### Hámarkshraði hækkaður

Bæjarráð Kópavogs hefur fyrir sitt leyti samþykkt ósk Vegagerðar ríkisins um að hámarkshraði á Hafnarfjarðarveginum þar sem hann liggur um Kópavog verði hækkaður úr 70 kílómetrum á klukkustund í 80 kílómetra hraða.

# Hópur síbrotamanna ákærður í 70 liðum

**Tíu manna hópur hefur verið ákærður í alls 70 liðum fyrir ýmiss konar brot. Þrír hinna ákærðu tengjast flestum afbrotunum. Þeir eru hluti af Árnesgenginu og hlutu refsidóma í lok febrúar. Prófessor í félagsfræði man ekki eftir öðru eins.**

**DÓMSMÁL** Ákæra í sjötíu liðum á hendur tíu manns var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í lok mars. Fólkið, sem er á aldrinum fimmtán til 26 ára, framdi afbrot sín frá því í júlí 2006 og fram í lok janúar á þessu ári. Flestir ákæruliðirnir eru vegna innbrota og annarra þjófnaða en þó eru fjársvik, fíkniefnamisferli, eignarspjöll og fjölmargir bílþjófnaðir einnig þar á meðal.

Þrír menn tengjast langflestum afbrotunum, þeir Davíð Þór Gunnarsson, Sigurbjörn Adam Baldvinsson og Jón Einar Randversson, en þeir voru allir hluti af hinu svokallaða Árnesgengi sem hlaut dóm í febrúar síðastliðnum.

Það mál náði yfir 28 ákæruliði vegna innbrota, þjófnaða, fjársvika og fíkniefnabrota, auk annarra brota sem framin voru í ellefu mismunandi byggðarlögum. Sigurbjörn Adam, sem er 22 ára, fékk þá átján mánaða fangelsisdóm fyrir sína þátttöku en Davíð Þór, sem er nítján ára, hlaut fimmtán mánaða dóm. Jón Einar, sem er 24 ára, var dæmdur til sex mánaða fangelsisvistar sem bættist við fjórtán mánaða dóm sem hann hlaut í nóvember síðastliðnum vegna líkamsárásar og fleiri brota. Hann hefur hlotið fimm refsidóma frá árinu 1998. Sigurbjörn Adam áfrýjaði ekki þeim úrskurði og situr nú á Litla-Hrauni. Davíð Þór áfrýjaði hins vegar en hann situr nú í gæsluvarðhaldi sem rennur út í lok apríl.

Fjórði maðurinn sem var fyrirferðarmikill í þeim sjötíu ákæruliðum sem nú eru til dómsmeðferðar er Ívar Aron Hill Ævarsson, en hann er tvítugur að aldri. Hann var meðal annars handtekinn í lok nóvember eftir að hann hafði, í slagtogi við þrjá aðra, reynt að ræna hraðbanka í heilu lagi með því að velta honum upp á pallbíl. Á milli jóla og nýárs var hann svo handtekinn á ný með 25 LSD-skammta í fórum sínum. Í lok janúar á þessu ári tók hann síðan þátt, í slagtogi við Sigurbjörn Adam og tæplega tvítuga stúlku, í ótrúlegri afbrotahrinu sem teygði sig frá höfuðborgarsvæðinu og norður í Eyjafjarðarsveit. Á því ferðalagi bar Ívar Aron meðal annars eld að sumarhúsi sem stórskemmdist, auk þess sem hópurinn náði að flýja úr fangelsinu á Akureyri.

Helgi Gunnlaugsson, prófessor í félagsfræði, segir þetta vera óvenjulega mikla virkni hjá litlum hópi manna á ekki lengra tímabili. „Þarna er líklega um að ræða ákveðinn kjarnahóp þar sem afbrot eru hluti af lífsstíl. Þetta er einfaldlega það sem þau gera. En ég man ekki sjálfur eftir öðrum eins fjölda afbrota á svona skömmum tíma,“ segir Helgi Gunnlaugsson.

thordur@frettabladid.is




**LANDSBANKINN VIÐ KLETTHÁLS** Hluti hópsins reyndi að ræna hraðbanka útibúsins í heilu lagi með því að velta honum upp á pallbíl. Sextán ára stúlka ók pallbílnum.

## SLÓÐ AFBROTA

**29.-30. júlí 2006** Davíð Þór Gunnarsson brýst inn í hópbifreið og stelur þaðan ýmsum raftækjum, greiðslukorti og öðru lauslegu. Áætlað verðmæti er 390.860 krónur. Næstu tvo daga svíkja þeir Davíð, Sigurbjörn Adam Baldvinsson, Jón Einar Randversson og tuttugu og eins árs maður út vörur fyrir samtals 87.496 krónur með stolna kortinu.

**10. ágúst 2006** Davíð slær lögreglumann með krepptum hnefa hægra megin í andlitið með þeim afleiðingum að hann merst í andliti.

**29. nóvember 2006** Jón, Ívar Aron Hill Ævarsson og fimmtán ára piltur fara inn í afgreiðslu Landsbankans að Klettahálsi í Reykjavík. Þar velta þeir hraðbanka sem innihélt tæpar fjórar milljónir króna, og reyna að koma honum á pallbifreið sem var ekið af sextán ára stúlku.

**Akureyrarferðin, 26. janúar 2007** Sigurbjörn stelur bifreið á Selfossi og ekur henni án ökuréttinda til Reykjavíkur.

**27. janúar** Sigurbjörn brýst inn í íbúð og stelur þaðan raftækjum að verðmæti 180 þúsund krónur auk greiðslukorts. Hann og Ívar stela bifreið en eru handteknir í Hafnarfirði. Sama morgun fer Ívar inn í bifreið í Kópavogi og stelur þaðan lögreglujakka og -húfu, leðurhönskum, veski, tækjabelti með táragasi, handjárnum, hnífi og tveimur vasaljósum.

**28. janúar** Ívar og átján ára stúlka stela bifreið í Reykjavík. Þau aka henni ásamt Sigurbirni til Akureyrar. Á leiðinni og þegar til Akureyrar er komið svíkja Ívar og stúlkan út vörur fyrir um 260 þúsund krónur með greiðslukorti sem Sigurbjörn hafði stolið daginn áður.

**29. janúar** Sigurbjörn og Ívar stela bifreið. Þeir aka henni inn í Eyjafjarðarsveit og brjótast þar inn í einbýlishús. Þaðan halda þeir í húsið við hliðina á og stela alls kyns raftækjum og mótorhjólaútbúnaði. Um nóttina ber Ívar síðan eld að sumarbústað í Eyjafjarðarsveit með þeim afleiðingum að hann stórskemmist. Hann er handtekinn skömmu síðar þar sem hann ekur bifreið um götur Akureyrar undir áhrifum fíkniefna en er óhæfur til að stjórna henni örugglega. Lögregla finnur tæp tvö grömm af amfetamíni í fórum hans. Sigurbjörn og stúlkan eru einnig handtekin og um tvö grömm af amfetamíni finnast á Sigurbirni.

**30. janúar** Sigurbjörn, Ívar og stúlkan flýja úr fangelsinu á Akureyri. Mannlegum mistökum og bilun í búnaði er um að kenna að sögn forstöðumanns fangelsisins. Þau brjótast inn í tvö hús og stela bifreið úr hlaði annars þeirra. Þau aka áleiðis til Reykjavíkur en lögreglan stöðvar þau í Varmahlíð.


BÍLL DAGSINS
TOYOTA RAV4
Nýskr. 03.07 - Sjálfskiptur - Ekinn 10 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR
Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Nýorka og Vistorka halda áfram tilraunum með vetnisknúna bíla:

# Þrjátíu vetnisbílar til Íslands

**UMHVERFISMÁL** „Við vonumst til að innan fimm til tíu ára verði vetnisbílarnir orðnir samkeppnishæfir,“ segir Bjarni Bjarnason, stjórnarformaður Íslenskrar nýorku, sem hyggst flytja inn allt að þrjátíu fólksbíla sem knúnir eru vetni.

Bjarni segir fyrstu bílana koma næsta haust og að um tíu bílar verði komnir í umferð fyrir áramót. „Það eru nokkur fyrirtæki sem munu kaupa þessa bíla og nota í almennri umferð,“ segir Bjarni.

Fyrstu bílarnir sem koma til landsins verða frá DaimlerChrysler og frá Toyota. Fyrrnefnda tegundin gengur alfarið fyrir vetnisrafal sem breytir vetni beint í rafmagn en Toyota-bílarnir eru auk vetnsirafalsins búnir sprengihreyfli sem gengur fyrir vetni. Verkefnið er til þriggja ára.

Vetnisbílar eru enn mun dýrari en þeir bílar sem notaðir eru í dag en eins og áður segir er vonast til að bílarnir verði samkeppnishæfir á endanum. „Tæknin hefur þróast mjög ört og hefur fengið mikla athygli og peninga frá bílaframleiðendum. Vonandi verður þetta ein af þeim lausnum á þeim stóra umhverfisvanda sem er í dag,“ segir Bjarni.

Íslensk nýorka stóð einnig að þriggja ára tilraunaverkefni um rekstur þriggja vetnisstrætisvagna og vetnisstöðvar í Reykjavík. Því verkefni lauk í janúar. „Bílarnir reyndust prýðilega og verkefnið gekk mjög vel,“ segir Bjarni. - gar



**TOYOTA PRIUS** Breyttur Toyota Prius verður ásamt bílum frá DaimlerChrysler notaður í vetnisbílaverkefni á Íslandi.



## Pallaefni í miklu úrvali

| | |
|---|---|
| **Pallaefni**<br>21x95mm<br>lengdir 1,8 - 4,5 m<br>621601 | **120** kr/m |
| **Pallaefni**<br>28x95mm<br>lengdir 2,1 - 4,5 m<br>628601 | **175** kr/m |
| **Pallaefni, gagnvarið**<br>48x98mm<br>lengdir 1,8 - 4,5 m<br>648601 | **217** kr/m |
| **Pallaefni, gagnvarið**<br>48x148mm<br>lengdir 1,8 - 4,5 m<br>648801 | **331** kr/m |
| **Pallaefni, gangvarið**<br>98x98mm<br>698600 | **434** kr/m |

# Sælureitinn
## finnur þú í **Húsasmiðjunni**




**Nýr og glæsilegur**
**Sælureitur**
er kominn inn á öll heimili landsins



**12.900**

**Skjólgirðing, Scandic**
180x180 sm
603150



**385** kr/m

**Harðviðar pallklæðning**
19x90mm
rifflað öðrum megin slétt hinum megin
601200



**690** kr/m

**Harðviðar pallklæðning**
21x145mm
rifflað báðum megin
600900



**8.400**

**Skjólgirðing, Scandic**
180x90 sm
603165

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 11. 04. 2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 66,31 | 66,63 |
| Sterlingspund | 131,09 | 131,73 |
| Evra | 88,96 | 89,46 |
| Dönsk króna | 11,929 | 11,999 |
| Norsk króna | 10,98 | 11,044 |
| Sænsk króna | 9,611 | 9,667 |
| Japanskt jen | 0,5559 | 0,5591 |
| SDR | 100,41 | 101,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

121,0294

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sjálfstæðismenn funda undir kjörorðinu Nýir tímar á traustum grunni:

# Landsfundurinn settur í dag

**STJÓRNMÁL** Tæplega tvö þúsund manns hafa rétt til setu landsfundar Sjálfstæðisflokksins sem hefst í Laugardalshöll síðdegis í dag og stendur fram á miðjan sunnudag.

Fundurinn bæði hefst og lýkur með ræðu formanns, Geirs H. Haarde forsætisráðherra.

Nítján fagnefndir starfa á landsfundi og halda eigin fundi í Höllinni og öðru nærliggjandi fundarými, til dæmis í höfuðstöðvum flokksins í Valhöll, á Grand hóteli við Sigtún og í félagsheimili Þróttar og á Sporthóteli ÍSÍ í Laugardal. Þá mun landbúnaðarnefnd funda í sal í nýreistri stúku Laugardalsvallar.

Sérstakir kjördæmafundir verða haldnir á morgun og dreifast þeir um fundasali á Grand hóteli, Hótel Nordica og Hótel Sögu.

Á landsfundinum er kosið um ellefu sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins en enginn hefur tilkynnt um framboð gegn sitjandi forystu sem kjörin var fyrir tveimur árum.

Við setninguna í dag munu Diddú og Jóhann Friðgeir syngja með Léttsveit Reykjavíkur áður en Geir H. Haarde flytur ræðu sína.

Í fyrramálið verða almennar umræður, auk þess sem framkvæmdastjóri flokksins, Andri Óttarsson, flytur skýrslu sína. Eftirhádegiverður fyrrispurnartími ráðherra. - bþs



**NÝ FORYSTA** Geir H. Haarde og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir voru kjörin formaður og varaformaður Sjálfstæðisflokksins á landsfundinum fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Skoðanakönnun Stöðvar 2:

## VG fjórfaldast í Suðurkjördæmi

**STJÓRNMÁL** Vinstri grænir ríflega fjórfalda fylgið í Suðurkjördæmi frá síðustu kosningum, samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar fyrir Stöð 2. VG fær 17,6 prósent og tvo alþingismenn en hefur engan þingmann í kjördæminu nú. Sjálfstæðisflokkur fær 30,4 prósent og þrjá menn. Framsóknarflokkurinn tapar 7 prósentustigum, fær 16,7 prósent og tapar öðrum þingmanna sinna. Frjálslyndir fá 6,3 prósent og tapa manni. Samfylkingin fær 25,4 prósent, tapar 4 prósentustigum en heldur þremur mönnum. Íslandshreyfingin fær 2,1 prósent og Baráttusamtökin fá 1,5 prósent. - gar

Hryðjuverkavarnir í Danmörku:

## Arabi dæmdur fyrir áróður

**DANMÖRK, AP Borgardómur Kaupmannahafnar dæmdi í gær danskan ríkisborgara af marokkóskum uppruna í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að reka áróður fyrir hryðjuverkum í nafni „heilags stríðs“ gegn Vesturlöndum. Það gerði hann á stafrænum myndbandsupptökum sem dreift var um alla Evrópu.**

**Hinn dæmdi, Said Mansour, er sá fyrsti sem dæmdur er samkvæmt hryðjuverkavarnalögum sem sett voru árið 2002. Samkvæmt þeim er refsivert að reka áróður fyrir hryðjuverkum eða veita hryðjuverkamönnum liðsinni. Mansour hefur verið í varðhaldi síðan í september 2005.** - aa

# Grindvíkingar sópa til sín aflaheimildum

**Grindavík hefur bætt mestum kvóta við sig undanfarin ár en Akureyri hefur tapað mestum kvóta. Á fjórum árum fór helmingur kvótans í Þorlákshöfn úr bænum. Útgerðarmaður í Þorlákshöfn kennir brotthvarfi fyrirtækja um.**

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Fiskveiðikvóti jókst mest í Grindavík, Snæfellsbæ og Vestmannaeyjum á árunum 2002 til 2006, samtals um 22 þúsund þorskígildistonn. Á sama tíma misstu Akureyri, Þorlákshöfn og Skagafjörður mestan kvóta, eða rúm sextán þúsund tonn.

Samkvæmt upplýsingum sem Landssamband íslenskra útvegsmanna hefur tekið saman voru Vestmannaeyjar og Grindavík með mestan fiskveiðikvóta af sveitarfélögum landsins í fyrra, fjörutíu þúsund þorskígildistonn hvort um sig. Í þriðja sæti er Akureyri með 37 þúsund tonn.

Árið 2002 var Akureyri með afgerandi mesta kvótann af sveitarfélögunum á landinu. Þá voru Vestmannaeyjar í öðru sæti og Grindavík í því fjórða.

Sé litið á kjördæmi landsins tapaði Norðausturkjördæmi mestum kvóta frá 2002 til 2006 á meðan Suðurkjördæmi og Norðvesturkjördæmi bættu við sig. Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurkjördæmi, bæði norður og suður, bættu hvorki við né misstu mikið af þeim kvóta sem þau hafa.

„Ég er ekkert hissa á þessum tölum,“ segir Eiríkur Tómasson, forstjóri útgerðarinnar Þorbjarnar í Grindavík. „Hér hafa verið mjög öflugar útgerðir í gegnum árin og í raun aldrei orðið nein niðursveifla eins og hefur gerst á öðrum stöðum.“ Hann segir útgerðir hafa þurft að taka bæði erfiðleikum og velgengni. „Mottóið er samt að gefast ekkert upp.“

Einar Sigurðsson, framkvæmdastjóri útgerðarinnar Auðbjargar í Þorlákshöfn, telur meginorsökina fyrir kvótatapinu vera sameiningu útgerðarinnar Meitils við Vinnslustöðina, sem síðan fór til Vestmannaeyja.

„Sameining átti að leysa vandann en það fór ekki betur en svo að útgerðin hvarf úr bænum. Miðað við atvinnuástandið eru horfurnar ekkert slæmar en útgerðin þyrfti að vera öflugri en hún er. Það eru fáar útgerðir eftir hérna.“

salvar@frettabladid.is

Hlutfall fiskveiðikvóta eftir kjördæmum árin 2002 og 2006




**Sveitarfélög sem bæta við sig og missa mestan kvóta frá 2002-2006**

| + | Kvóti 2002 | Kvóti 2006 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Grindavík | 30.222 | 39.633 | +9.411 | ↑31% |
| Snæfellsbær | 14.948 | 22.406 | +7.458 | ↑50% |
| Vestmannaeyjar | 34.973 | 39.857 | +4.884 | ↑14% |

| - | Kvóti 2002 | Kvóti 2006 | Breyting | |
|---|---|---|---|---|
| Akureyri | 43.825 | 36.950 | -6.875 | ↓16% |
| Þorlákshöfn | 12.403 | 6.270 | -6.133 | ↓49% |
| Skagafjörður | 8.745 | 5.341 | -3.404 | ↓39% |

(í þorskígildistonnum)

**Sveitarfélög með mestan kvóta**

(í þorskígildistonnum)

| | | |
|---|---|---|
| 2006 | 1 Vestmannaeyjar | 39.857 |
| | 2 Grindavík | 39.633 |
| | 3 Akureyri | 36.950 |
| | 4 Reykjavík/Seltjarnarnes | 31.482 |
| | 5 Snæfellsbær | 22.406 |
| 2002 | 1 Akureyri | 43.825 |
| | 2 Vestmannaeyjar | 34.973 |
| | 3 Reykjavík | 34.829 |
| | 4 Grindavík | 30.222 |
| | 5 Ísafjarðarbær | 18.124 |

Kaþólskir á Reyðarfjörð:

## Stofna klaustur á Kollaleiru

**TRÚFÉLÖG** Kaþólska kirkjan hefur keypt íbúðarhúsið að Kollaleiru í Reyðarfirði af Fjarðabyggð til að stofna þar kaþólskt munkaklaustur og prestakall. Að því er segir í frétt á vefsetri Fjarðabyggðar er gert ráð fyrir að starfsemi hefjist í Kollaleiru í vor. Þar segir einnig að það séu kapúsínar eða hettumunkar sem stofni klaustrið. Það sé hið fyrsta sem sé stofnað hér á landi frá siðaskiptum. Íbúðarhúsið í Kollaleiru er 314 fermetrar og lóð klaustursins verður tveir hektarar. Kollaleira er lögbýli rétt yfir innan þéttbýlið í Reyðarfirði. - gar



**JÓHANNES GIJSEN**

Frídreifing blaða í Danmörku:

## Engin lög sett um dreifinguna

**DANMÖRK Ekki verða sett lög um frídreifingu dagblaða í Danmörku. Þetta sagði danski samgönguráðherrann Flemming Hansen í gær, í kjölfar þess að kvörtunum vegna dreifingar fríblaða heim til fólks gegn vilja þeirra hefur stórfækkað.**



**FLEMMING HANSEN**

**Ráðherrann hafði gefið fríblöðunum frest til 1. apríl til að sjá til þess að kvörtunum fækkaði, og það gekk eftir. Samkvæmt nýrri skýrslu, sem lögð hefur verið fyrir ráðherrann, eru slíkar kvartanir komnar niður í um 100 á mánuði. „Það samsvarar 25 kvörtunum á mánuði á hvert blað, sem er lítið. Mér sýnist sífellt vera að draga úr þessum vanda,“ hefur fréttavefur Politiken eftir Hansen.** - aa

Bandaríkjaher í Írak:

## Sakar Írana um sprengjugerð

**ÍRAK, AP** Íranar hafa veitt íröskum uppreisnarmönnum úr röðum sjía þjálfun í að setja saman skæðar vegkantssprengjur sem geta gatað í sundur brynvörn herbíla. Þetta fullyrti talsmaður bandaríska herliðsins í Írak í gær.

„Við vitum að þessar sprengjur eru framleiddar og þeim smyglað inn til þessa lands, og við vitum að þjálfunin á sér stað í Íran fyrir menn sem læra að setja þær saman og beita þeim,“ sagði talsmaðurinn, William Caldwell, á vikulegum blaðamannafundi.

Í byrjun þessa árs sögðu fulltrúar Bandaríkjahers að slíkar vegkantssprengjur hefðu banað að minnsta kosti 170 bandarískum hermönnum í Írak. - aa




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Fimmtudagur og föstudagur:**
**Það eru miklar umhleypingar í kortunum. Hver lægðin á fætur annarri kemur upp að landinu með tilheyrandi roki og rigningu. Í dag hvessir og undir kvöld verður rigning og rok í öllum landshlutum. Á morgun má svo búast við svipuðu munstri, lægri vindhraða að morgni og hvassviðri og rigningu að kvöldi.**

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
**Suðvestan 10-15, hvassast síðdegis og í kvöld. Hitastigið á bilinu 2-7 stig, og þónokkur rigning.**

um hádegi »




» á morgun




Hvessir með S-átt um allt land síðdegis.

» föstudagur




SV-átt, hvassast við N-ströndina.

um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 14°C léttskýjað | London | 19°C alskýjað | Eindhoven | 21°C hálfskýjað |
| Billund | 16°C hálfskýjað | París | 21°C léttskýjað | Basel | 23°C heiðskýrt |
| Osló | 15°C léttskýjað | Frankfurt | 23°C hálfskýjað | Alicante | 19°C skúrir |
| Stokkhólmur | 11°C heiðskýrt | Friedrichshafen | 24°C heiðskýrt | Róm | 21°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 12°C heiðskýrt | Berlín | 19°C hálfskýjð | Las Palmas | 20°C léttskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




12. - 15. APRÍL

# VORÚTSALA

## Í SMÁRALIND

**15-50%** AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM

Komdu og gerðu frábær kaup fyrir sumarið!




SUMARSÝNINGIN
VORBOÐINN 2007
13. - 15. APRÍL
Í VETRARGARÐINUM

Smáralind
BETRI LEIÐ
TIL AÐ VERSLA

Verslanir opnar mán-mið 11-19, fim 11-21,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



*Líður þér betur í millilandaflugi eftir að öryggisreglur voru hertar?*

| | |
|---|---|
| Já | 30% |
| Nei | 70% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Myndir þú vilja að barnið þitt ynni í álveri í framtíðinni?*

Segðu skoðun þína á visir.is visir

Ný skýrsla frá Rauða krossinum dregur upp svarta mynd af ástandinu í Írak:

# Ástandið fer hríðversnandi

**ÍRAK** Ástandið í Írak fer „sífellt versnandi“ að mati Rauða krossins þrátt fyrir að öryggisástandið hafi sums staðar lagast nokkuð.

„Að minnsta kosti höfum við ekki séð að ástandið fyrir borgara landsins sé neitt að verða stöðugra,“ sagði Pierre Krähenbühl, framkvæmdastjóri Alþjóðanefndar Rauða krossins. Hins vegar eigi starfsmenn Rauða krossins erfitt með að meta hvernig ástandið er í Bagdad vegna þess hve hættulegt er að vera þar á ferli.

Samkvæmt nýrri skýrslu Rauða krossins um stöðu almennings í Írak segir að átökin í landinu „valdi þjóðinni allri gífurlegum þjáningum“. Á hverjum einasta degi eru tugir manna myrtir og miklu fleiri særist.

Í líkhúsum liggja þúsundir líka sem ekki hefur verið vitjað um, annaðhvort vegna þess að ættingjar vita ekki af þeim eða þora ekki að ná í þau.

Læknar og hjúkrunarfólk hafa flúið land sem veldur því að „gífurlegur skortur er á starfsfólki í sjúkrahúsum og annarri lykilþjónustu,“ sagði Krähenbühl.

Ríkisstjórn Íraks á einnig undir högg að sækja. Í gær hótuðu fylgismenn sjía-klerksins Muktada al-Sadr því að segja sig úr stjórninni til þess að mótmæla því að Nouri al-Maliki forsætisráðherra hefði ekki sýnt stuðning við kröfur um að Bandaríkjaher hyrfi á brott innan tiltekins tíma. - gb



**FJÖLSKYLDA Í ÍRAK** Stúlkan á myndinni er ein fjölmargra sem misst hafa föður sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ókeypis í strætó fyrir nema:

# Ekki útilokað í grennd borgar

**UMHVERFISMÁL** Bæjarstjórar Seltjarnarness og Kópavogs eru ekki fráhverfir tillögum umhverfisráðs Reykjavíkur um að gefa námsmönnum frítt í strætó.

Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, segir „ekki fullljóst“ hvort þetta sé besta leiðin til að bæta samgöngur. „Hins vegar sér maður á Akureyri og Reykjanesbæ að notkun vagnanna virðist hafa aukist.“ Gunnar I. Birgisson, bæjarstjóri í Kópavogi, tekur í sama streng. Hugmyndina eigi að skoða gaumgæfilega. „Það er ekkert frítt í raun og veru,“ segir hann. Ekki náðist í bæjarstjóra Hafnarfjarðar. - kóþ


*Tökum kúrsinn*

## Hvað erum við að gera og hvað þurfum við að gera?

*Ráðstefna um málefni innflytjenda*

Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar og skrifstofa borgarstjórans í Reykjavík boða til ráðstefnu **mánudaginn 16. apríl 2007** um málefni innflytjenda í Reykjavík.

Ráðstefnan verður haldin í **Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og hefst kl. 13:30 og lýkur um kl. 16:00.**
*Fundarstjóri er Þórhildur Líndal, mannréttindaráðgjafi Reykjavíkurborgar.*

**Dagskrá**

Óheimilt er að mismuna vegna uppruna. Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar kynnt í stuttu máli
*Marsibil J. Sæmundardóttir, formaður mannréttindanefndar*

Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi m.t.t. hlutverks sveitarfélaga
*Magnús Stefánsson, félagsmálaráðherra*

Til þess eru vítin að varast þau
*Berglind Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins*

Móðurhlutverk Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða
*Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða*

Menntun, aðlögun og dýrmætur mannauður
*Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla*

**Kaffihlé**

Alþjóðahúsið, þjónustuhlutverk þess
*Hákon Gunnarsson, stjórnarformaður Alþjóðahúss*

Hvað brennur á innflytjendum?
*Barbara Kristvinsson, ráðgjafi*
*Julio Julius E. Soares Goto, vélstjóri*
*Lizel Renegado Christensen, kennari*
*Lísa Hai Yen Ingadóttir, nemandi*
*Quan Dao Dong, nemandi*

Lokaorð og slit ráðstefnunnar
*Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri*

***Léttar veitingar í boði borgarstjóra***

***Ráðstefnan er öllum opin og aðgangur ókeypis***


# Ókeypis bílastæði fyrir vistvæna bíla

**Umhverfisráð leggur til að ókeypis verði í bílastæði fyrir litla vistvæna bíla. Gjaldfrjálst verði í strætó fyrir námsmenn og nagladekkjanotkun bönnuð einum mánuði lengur en nú er. Minnihluti borgarstjórnar er samþykkur tillögum.**

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisráð Reykjavíkurborgar, ásamt borgarstjóra, kynnti í gær tillögur um að felld yrðu niður stæðisgjöld fyrir bíla sem eyða minna en um það bil fimm lítrum á hundraðið. Gjaldfrjálst yrði því að leggja þeim í miðbæ Reykjavíkur. Einnig yrði námsmönnum í borginni gefið frítt í strætó frá og með næsta hausti.

Þetta er meðal „grænna skrefa“ Reykjavíkurborgar, en svo nefnist áætlun í umhverfismálum til næstu þriggja ára. Meðal þeirra eru hugmyndir um að gróðursetja hálfa milljón trjáa og stytta leyfilegan tíma nagladekkjanotkunar um einn mánuð.

„Við ætlum að bjóða borgarbúum upp á það að ferðast öðruvísi en bara með bílnum,“ segir Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfissráðs. „Ef við náum námsmönnum upp í strætóinn getum við alið þá svolítið upp til að nota þennan ágæta samgöngumáta.“

Í heild sinni kosta grænu skrefin um milljarð króna. Þá eru meðtaldir peningar sem hefðu hvort eð er farið í rekstur borgarinnar, til dæmis í bílakaupum starfsmanna. Þar verði ekki keyptir fleiri bílar en ella, aðeins vistvænni bílar.

„Við erum aðeins að bæta í og færa peninga til. En við erum ekki að hækka skatta til að gera þetta,“ segir Gísli. „Það verður auðvitað eitthvert tekjutap af því að leyfa bílum að leggja ókeypis. Við teljum hins vegar að við fáum tekjur á móti. Með því að fá fólk í strætó og á vistvæna bíla erum við að spara jafnvel milljarða í uppbyggingu gatnamannvirkja til lengri tíma litið. Við lítum því ekki á þetta sem kostnað heldur sem fjárfestingu.“

Svipuð rök eru færð fyrir nýrri blárri ruslatunnu fyrir dagblöð og pappír. Afgangspappír sé nú tæpur þriðjungur sorps íbúa. Hann fari gjarnan með almennu rusli og því ekki í endurvinnslu. Með því að bjóða borgurum upp á dagblaðatunnu verði auðveldara að safna saman þessum verðmætum og selja til Svíþjóðar í endurvinnslu.

Minnihluti borgarstjórnar hefur lýst sig sammála áætlun meirihlutans, enda byggi hún að nokkru leyti á eldri tillögum Reykjavíkurlistans. „Í umhverfismálum þurfum við að stíga saman skrefin til að ná árangri og um þessi skref er samstaða í umhverfisráði,“ segir Björk Vilhelmsdóttir Samfylkingu. klemens@frettabladid.is



**FRÁ KYNNINGU Á KJARVALSSTÖÐUM** Frá vinstri eru þau Jakob Hrafnsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Gísli Marteinn Baldursson og Þorbjörg Helga Vigfússdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### NOKKUR GRÆN SKREF

- Ókeypis í strætó fyrir námsmenn
- Ókeypis í bílastæði fyrir vistvæna bíla
- Göngu- og hjólreiðastígur frá Ægisíðu og upp í Elliðárdal verður tvöfaldaður.
- Pósthússtræti lokað fyrir bílaumferð á góðviðrisdögum. Miklatún endurskipulagt. Kaffihús í Hljómskálagarði.
- Nagladekk leyfileg mánuði skemur.
- 500.000 tré gróðursett.
- Sérstök sorptunna fyrir dagblöð.
- Nýtt aðalskipulag unnið frá grunni. Blönduð byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis.
- Grunn- og leikskólalóðir hreinsaðar og endurbættar.
- Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að draga úr útblæstri koltvísýrings. Borgarstarfsmenn fái vistvænni bíla til notkunar.

Ásatrúarmenn segja undirbúning að byggingu hofs í Öskjuhlíð á lokastigi:

# Vilja byrja á hofinu strax í vor

**TRÚFÉLÖG** Ásatrúarmenn vonast til að framkvæmdir við hof safnaðar þeirra geti hafist í maí eða júní.

Í fréttabréfi Ásatrúarfélagsins, Vorum sið, segir Egill Baldursson lögsögumaður frá því að enn séu arkitektar og skipulagsfræðingar borgarinnar að velta fyrir sér aðstæðum þar sem hofinu er ætlaður staður í Leynimýri í Öskjuhlíð. Segir Egill tvo staði koma til greina sem endanlegt stæði. Þessir staðir séu á „svipuðum slóðum“ og ásatrúarmenn tóku táknræna skóflustungu að nýja hofinu.

„Við Hilmar Örn [Hilmarsson allsherjargoði] gengum um svæðið með jarðfræðingi og verkfræðingi ásamt arkitektinum okkar Magnúsi Jenssyni í marslok og voru menn sammmála um að báðir staðirnir væru góðir og hentugir til hofbyggingarinnar. Við trúum því að skipulagsvinna borgarinnar sé á lokastigi og að framkvæmdir geti hafist í maí-júní,“ segir Egill í Vorum sið og minnir liðsmenn Ásatrúarfélagsins á bankareikning sem stofnaður var til að safna í byggingarsjóð.

Þrátt fyrir að hofið sé enn ekki risið í Öskjuhlíðinni stendur Ásatrúarfélagið fyrir helgistund á lóð sinni á sumardaginn fyrsta, sem er eftir viku. - gar



**LEYNIMÝRI** Enn er verið að ákveða endanlega lóð fyrir ásatrúarmenn í Öskjuhlíð. MYND/E.ÓL.

# Er kominn tími fyrir nýtt grill?

*Frí samsetning og heimsending á öllum grillum á stórhöfuðborgarsvæðinu og á Akureyri*







TILBOÐ
**200.723 kr**
Verð áður 249.990,-

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBOGANIR
meðalgreiðsla á mán.
**7.365 kr**
á mán. í 36 mánuði

## Grandhall Elite 791

- Hitamælir
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- 6 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5 kWh (15.000BTU)
- Bakbrennari, 3,8 kWh (13.000BTU)
- 27,6kWh (94.000 BTU) heildargeta
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr ryðfríu stáli
- Rotisserie grillteinn úr ryðfríu stáli, 240V mótor
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

TILBOÐ
**120.402 kr**
Verð áður 149.990,-

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBOGANIR
meðalgreiðsla á mán.
**6.187 kr**
á mán. í 24 mánuði

## Grandhall Freedom 326S

- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli 17,8 kwh (61.000BTU)
- Bakbrennari með sér stillingu 4,2 kwh (14.000BTU)
- Heildargeta 22kwh (75.000BTU)
- HItaplata úr pottjárni
- Hitamælir
- Eldtemjarar
- Elektrónísk kveikja
- Tvöfaldur skápur með mót fyrir gaskút
- Hægt að taka hliðarborð af
- Breidd: 163 sm, dýpt: 66 sm, hæð: 122 sm

# Úrval af Sterling, Broil King og Grandhall grillum



BBQ MASTER
VISA Lán
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**5.748 kr**
á mán. í 12 mánuði
Verð nú 59.990,-
Verð áður 69.990,-



BBQ MASTER
VISA Lán
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**4.815 kr**
á mán. í 12 mánuði
Fullt verð 49.900,-



VISA Lán
meðalgreiðsla á mán.
aðeins
**3.760 kr**
á mán. í 36 mánuði
Fullt verð 99.900,-

## BBQ Master 2301

- Brennari: 4 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 15kwh/52.000BTU (3,5kwh/12.000BTU hliðarhella)
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari út steyptu brassi
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 68 x 42 cm, hitaplata 30 x 42 cm
- Efri grind: 68 x 14 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Rotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganlegt hliðarborð
- Skápur með hurðum
- Breidd: 152 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## BBQ Master 2300

- Brennari: 3 brennarar úr ryðfríu stáli með sér stillingum hver
- Heildargeta: 9kwh/30.000BTU
- Eldtemjari úr ryðfríu stáli
- Grindur: Eldunargrindur úr gegnheilu pottjárni
- Grillflötur: 55 x 43 cm, hitaplata 55 x 19 cm
- Efri grind: 55 x 13 cm
- Tvöfalt lok úr ryðfríu stáli, innbyggður hitamælir
- Rotisserie grillteinn
- Elektrónísk kveikja
- Útdraganleg hliðarborð
- Breidd: 149 cm. Dýpt: 60 cm
- Læsanleg hjól
- Yfirbreiðsla fylgir

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

## Grandhall Premium 327

- Hitamælir í loki
- Slá fyrir viskustykki
- Hitaplata úr pottjárni
- Elektrónísk kveikja
- Mót fyrir gaskút í skáp, heldur gaskútnum stöðugum
- Stál með háglansandi grafítáferð
- 5 aðskildir brennarar úr ryðfríu stáli
- Hliðarbrennari úr steyptu brassi, 4,5kWh (15.000BTU)
- Heildargeta 22kWh (75.000 BTU)
- Eldunargrindur úr massífu ryðfríu stáli
- Eldtemjarar úr pottjárni
- Breidd: 169 cm, dýpt: 66 cm, hæð: 122 cm

VISA Lán
- HAGSTÆÐAR AFBORGANIR

Gildir til 16. apríl. Með fyrirvara um prentvillur í texta.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

VG gefur út ritið Græn framtíð um sjálfbæra þróun:

# Vinna þarf gegn neyslukapphlaupinu



GRÆN FRAMTÍÐ Kolbrún Halldórsdóttir kynnir ritið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**STJÓRNMÁL** Neyslumynstur vestrænna þjóða einkennist af óhófi og sóun sem leiðir af sér ógn við vistkerfi jarðarinnar. Stjórnvöld og almenningur þurfa í sameiningu að vinna gegn neyslukapphlaupinu og beina sjónum að hinum raunverulegu þörfum fólks.

Þetta segir í Grænni framtíð, riti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs um sjálfbæra þróun.

Í ritinu er fjallað um sautján málaflokka er snerta umhverfi og sjálfbæra þróun. Lagt er til að dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda fyrir miðja öldina um að minnsta kosti sextíu prósent. Þá vill VG að hvatt verði með skattalegum aðgerðum til notkunar bíla knúinna endurnýjanlegum orkugjöfum. - bþs



BUSH BANDARÍKJAFORSETI Ætlar ekki að gefa demókrötum færi á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Bush stendur fast á sínu

**Bush neitar enn að semja við demókrata um brotthvarf hersins frá Írak. Leiðtogar demókrata segja þá tíma liðna að hann geti gert það sem honum sýnist.**

**WASHINGTON, AP** Óvíst er hvort nokkuð verður af fundi George W. Bush Bandaríkjaforseta og leiðtoga demókrata á Bandaríkjaþingi um aukafjárveitingu til stríðsins í Írak. Bush bauð demókrötum upp á fund, en tók strax fram að hann hefði engan áhuga á að semja um neitt.

„Við getum rætt um það hvernig framhaldið verður með frumvarp sem er hreint frumvarp,“ sagði Bush, „frumvarp sem veitir fé til hermanna okkar án nokkurra gervitímasetninga fyrir brotthvarf hersins og án þess að binda hendur herforingja okkar á staðnum.“

Þar með er ljóst að hann er alls ekki til umræðu um að verða við kröfum demókrata um að í frumvarpinu verði einhver ákvæði um tímasetningu brotthvarf hersins frá Írak. Demókratar verði að fallast á hans afstöðu.

„Ég vil benda á að þetta eru ekki samningaviðræður,“ tók Dana Perinu, talsmaður Hvíta hússins, fram til frekari áréttingar.

Leiðtogar demókrata í báðum deildum þingsins, þau Harry Reid og Nancy Pelosi, höfnuðu strax þessum skilyrðum forsetans og sögðu hann þurfa að horfast í augu við það að nú séu breyttir tímar eftir að repúblikanar misstu meirihluta í báðum þingdeildum.

„Nú þarf forsetinn að semja við þingið,“ sagði Reid. „Hann hefur aldrei áður þurft að gera það. Forsetinn hefur til þessa bara gert það sem hann hefur viljað. Hann hefur haft stóran stimpil til umráða hér í þinginu.“

Bandaríkjaþing samþykkti seint í síðasta mánuði aukafjárveitingu til stríðsins í Írak með ákvæði um að brotthvarf hersins hæfist á næsta ári, en Bush hefur hótað því að beita neitunarvaldi á þau lög. Um leið væri hann hins vegar að beita neitunarvaldi á aukafjárveitinguna, sem herinn þarf á að halda.

Öldungardeildarþingmaðurinn John McCain, sem berst fyrir því að verða forsetaefni repúblikana, sakar demókrata um þrjósku í Íraksmálinu. Einungis óvinir Bandaríkjanna í Írak fagni því að demókratar setji brotthvarfi hersins tímamörk.

„Ósigur Bandaríkjanna væri sorgarefni, ekki fagnaðarefni,“ sagði hann og bætti því við að stríðið í Írak væri bæði „nauðsynlegt og réttlátt“.

gudsteinn@frettabladid.is

Lögreglan um hælisleitendur:

# Vill betra bakgrunnseftirlit

**SVÍÞJÓÐ, AP** Sænska lögreglan sagði í gær að þörf væri á að kanna betur bakgrunn hælisleitenda sem til Svíþjóðar koma, en til þess þyrfti lögreglan meira fé og mannafla. Sé það ekki gert er hætt við því að landið verði öruggt skjól fyrir stríðsglæpamenn hvaðanæva úr veröldinni.

Rausnarleg stefna sænskra yfirvalda gagnvart hælisleitendum hefur gert landið að eftirsóttum áfangastað fyrir flóttamenn frá Balkanskaga, Afríku, Íran og ekki síst Írak.

Lögreglan óttast að hundruð manna, sem grunaðir eru um stríðsglæpi í heimalöndum sínum, hafi getað fengið hæli í Svíþjóð þar sem ekki hafi reynst unnt að kanna bakgrunn þeirra nægilega vel. Yfir 24.000 manns fengu hæli í Svíþjóð í fyrra.

- aa





UMSÓKNARFRESTUR Í MEISTARANÁM
VIÐ VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIDEILD ER TIL 16. APRÍL

Viðskipta- og hagfræðideild býður upp á fjölbreytt og metnaðarfullt meistaranám sem tekur mið af því besta sem gerist í heiminum í dag. Námið er þekkt fyrir góða fræðilega undirstöðu og nemendur öðlast víðtæka innsýn í verkefni og áskoranir atvinnulífsins.

Námsleiðir í meistaranámi:
- Fjármál fyrirtækja
- Fjármálahagfræði
- Hagfræði
- Heilsuhagfræði
- Mannauðsstjórnun
- Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti
- Reikningshald og endurskoðun
- Stjórnun og stefnumótun
- Viðskiptafræði
- Umhverfis- og auðlindafræði (þverfaglegt)

Árleg skráningargjöld eru 45.000 kr.
Deildin býður einnig upp á MBA-nám.

Umsóknareyðublöð og nánari upplýsingar um námsleiðir er að finna á heimasíðu viðskipta- og hagfræðideildar, vidskipti.hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS www.hi.is



120 1886 2006

Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld

Fræðslukvöld fyrir almenning

Landsbankinn kynnir „Fimmtudagskvöld eru fjármálakvöld“, röð fjármálanámskeiða fyrir almenning. Á námskeiðunum fjalla sérfræðingar bankans um helstu þætti sem lúta að skattamálum, fjármálum heimilisins, fjárfestingum, ávöxtun eigna og lífeyrissparnaði. Fjármálafræðslan er öllum opin og án endurgjalds.

Námskeiðin hefjast kl. 20:00 á eftirfarandi stöðum:

Í kvöld | 12. apríl | Höfðabakki | Fjárfestingar og ávöxtun eigna
26. apríl | Laugavegur 77 | Fjármál heimilisins

Í kvöld, Höfðabakka: Farið verður yfir fjárfestingarkosti sem í boði eru, til dæmis skráð hlutafélög í kauphöll og verðbréfasjóði. Einnig verða gefin hagnýt ráð um uppbyggingu eignasafna. Jafnframt verður greint frá því hvar hægt er að nálgast upplýsingar um fjármálamarkaðinn og hvernig þær eru nýttar. Námskeiðið er ætlað þeim sem vilja nýta tækifæri á fjármálamarkaði til að ávaxta eignir sínar.

Boðið verður upp á kaffiveitingar.

2007 MARS APRÍL MAÍ

Skráning á landsbanki.is

Skráning á fjármálakvöld fer fram á landsbanki.is
Nánari upplýsingar á landsbanki.is eða í Ráðgjafa- og þjónustuveri í síma 410 4000.

Verið innilega velkomin.

Landsbankinn
Banki allra landsmanna í 120 ár

ÍSLENSKA SIA.IS/ LBI 37097 03/07

AURIS

www.toyota.is

# Frumsýning

Ný tegund af bíl: þögull og ákveðinn

**Þú átt eftir að hrífast með, á frumsýningu á Auris, helgina 14. - 15. apríl.**
**Opið verður laugardag, frá kl. 12 - 16 og sunnudag, frá kl. 13 - 16.**
**Boðið verður upp á léttar veitingar.**




Auris - Nýtt upphaf. Ný Toyota.

TODAY **TOMORROW** **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

ELDRI VINSTRI GRÆN BÚAST TIL VORVERKA

Í kvöld kl. 20:00. stendur EVG fyrir fjölbreyttri dagskrá í kosningamiðstöðinni Grensásvegi 16a. Kvikmyndir, söngur og sögur

Allir velkomnir

Umhverfisráð Árborgar vill stemma stigu við utanvegaakstri í Stokkseyrarfjöru:

# Spóla upp viðkvæmt varpland

**UMHVERFISMÁL** Svo rammt hefur kveðið að óheimilum utanvegaakstri í Stokkseyrarfjöru að undanförnu að umhverfisnefnd Árborgar hefur gripið til sérstakra aðgerða.

Umhverfisnefndinni hafa borist ábendingar frá íbúum um mikla umferð vélknúinna ökutækja um Stokkseyrarfjöru.

„Út frá þessum ábendingum hefur verið bætt við merkingum þar sem öll umferð vélknúinna ökutækja er stranglega bönnuð. Umhverfisnefndin vill árétta þetta sérstaklega á þessum árstíma þar sem viðkvæmt fuglalíf er í fjörunni,“ segir í samþykkt nefndarinnar.

Eins og komið hefur fram í Fréttablaðinu hafa menn á mótorhjólum og jeppum hunsað fyrirmæli landeigenda og unnið skemmdir á viðkvæmu landi sem grætt hefur verið upp síðustu áratugi austan við Þorlákshöfn. - gar



**FJÖRUJEPPAR** Ökumenn þessara jeppa sem voru í fjörunni við Þorlákshöfn um miðjan mars tóku alls ekkert mark á skýru banni við umferð vélknúinna ökutækja. MYND/YANN



**Í HVALSNESFJÖRU** Kláfur sem komið hefur verið upp milli Wilson Muuga og lands.

Tólf vinna í Hvalsnesfjöru:

# Unnið að þéttingu skipsins

**STRAND** Verið er að þétta flutningaskipið Wilson Muuga og búa það undir að vera dregið af strandstað í Hvalsnesfjöru í vor.

Nesskip hafa fengið Köfunarþjónustu Árna Kópssonar til að sjá um undirbúninginn og hafa tólf menn verið við vinnu frá því fyrir páska.

Búið er að koma upp kláfi milli skips og lands og eru menn og búnaður fluttir á milli í kláfnum. Ekki er ljóst hvenær verkinu lýkur en mennirnir sofa um borð. - ghs

# Stefnir í halla á ríkissjóði á næsta ári

**Jón Sigurðsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, segir að stefna ætti að nýrri þjóðarsátt um efnahags-, kjara- og félagsmál. Horfur í ríkisfjármálum séu slæmar. Hringlandaháttur grafi undan trúverðugleika efnahagsstefnunnar.**

**EFNAHAGSMÁL** Sterk staða ríkissjóðs hefur verið helsti jákvæði þátturinn í efnahagsmyndinni upp á síðkastið en nú stefnir í halla á ríkissjóði þegar á næsta ári.

Þetta sagði Jón Sigurðsson, fyrrverandi seðlabankastjóri og ráðherra Alþýðuflokksins, við kynningu á nýju riti Samfylkingarinnar um efnahagsmál í gær.

Jón dró upp dökka mynd af stöðu efnahagsmála; vextir væru háir, gengi krónunnar óstöðugt og verðbólgan talsvert yfir verðbólgumarkmiðum.

Að mati Jóns hefur ríkisfjármálunum ekki verið beitt sem skyldi til að hafa stjórn á heildareftirspurn og nefndi hann sem dæmi skattalækkanir og að fallið hefði verið frá aðhaldi í opinberum framkvæmdum áður en marktæk áhrif kæmu í ljós. Þá sagði Jón rýmkun útlánareglna Íbúðalánasjóðs hafa gengið þvert á yfirlýsingar stjórnvalda um aðhaldssemi. „Það er hringlandaháttur af þessu tagi sem grefur undan tilraunum til aðhalds með hækkun stýrivaxta og þar með undan trúverðugleika efnahagsstefnunnar í heild.“

Jón vitnaði til þjóðarsáttarinnar 1990 þegar stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins bundust böndum um að rjúfa vítahring verðbólgu og gengisfellinga með víðtækum efnahagsaðgerðum og hófstilltum kjarasamningum. Þáttur í viðleitni til að ná tökum á efnahagsvandanum nú „ætti að vera að efla samráð við samtökin á vinnumarkaðnum og stefna að nýrri þjóðarsátt um efnahags-, kjara- og félagsmál.“

Það er mat Jóns Sigurðssonar að peningamálastjórn með verðbólgumarkmiði og stýrivöxtum sem helsta stjórntæki hafi ekki gefið góða raun. Því fari enda fjarri að verðbólgumarkmiðið hafi náðst og stýrivaxtahækkanir hafi reynst áhrifalitlar.



**EVRAN ATHUGUÐ** Jón Sigurðsson hvetur til fordómalausrar athugunar á hvort upptaka evru sé heppileg lausn á gengisvandanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gengissveiflur síðustu ára eru, að sögn Jóns, óþolandi fyrir útflutningsfyrirtæki og því skiljanlegt að talsmenn framsækins atvinnulífs spyrji hvort krónan sé nógu stór fyrir Ísland. Svar stórhuga stjórnenda fyrirtækja sem líta á heimsmarkaðinn sem heimamarkað sé hiklaust nei. Því væri þjóðarnauðsyn að fram fari fordómalaus athugun á hvort upptaka evru sé heppileg lausn á gengisvandanum.

Jón sagði enn fremur tekjuafgang ríkissjóðs og lækkun ríkisskulda „sem talsmenn ríkisstjórnarinnar hafa mjög gumað af upp á síðkastið“, vera fyrst og fremst tilkomið vegna sjálfvirkrar tekjuaukningar af ofþenslu og sölu ríkiseigna fremur en árangurs í útgjaldastjórn. Við efnahagsvandann bætist svo að á næstu árum þurfi að bæta fyrir ríkar vanrækslusyndir á síðasta áratug á sviði félagsmála og kjarajöfnunar. Grípa þurfi til róttækra breytinga á forgangsröðun á næsta kjörtímabili til að finna þeim verkefnum öruggan stað í fjárhagsákvörðunum hins opinbera.

bjorn@frettabladid.is

Skógræktarfélag Reykjavíkur

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur verður haldinn 26. apríl næstkomandi kl. 17.00 í Fræðslusetri félagsins á Elliðavatnsbænum í Heiðmörk.

Dagskrá aðalfundar:
- Skýrsla um starfsemi félagsins síðastliðið ár.
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
- Kosningar samkvæmt félagslögum.
- Tillögur um framtíðarstarfsemi félagsins.
- Önnur mál sem fram eru borin.

Jón Geir Pétursson skógfræðingur heldur erindi við lok aðalfundar
ÚR VÖRN Í SÓKN
Frá skógeyðingu til nýskógræktar. Leit að félags-hagrænum orsökum umskipta.

NÝTT BLÓÐ - NÝ KYNSLÓÐ - NÝ RÍKISSTJÓRN

Baráttufundur

UNGS SAMFYLKINGARFÓLKS Í KVÖLD Á HRESSÓ

Fundurinn hefst kl. 21 og haldinn í tilefni þess að í dag eru 30 dagar þangað til Íslendingar ganga að kjörborðum og kjósa sér nýja ríkisstjórn.

Örræður og skemmtiatriði



Róbert Guðmundur Margrét Kristín



Guðný Hrund



Helga Vala Kristrún



Árni Páll



Bryndís Ísfold



Dofri



Reynir Sólveig

*Meðal þeirra sem mun flytja örræðu á baráttufundinum eru:*
Guðmundur Steingrímsson 5. sæti í Suðvesturkjördæmi
Árni Páll Árnason 4. sæti í Suðvesturkjördæmi
Róbert Marshall 3. sæti í Suðurkjördæmi
Guðný Hrund Karlsdóttir 4. sæti í Suðurkjördæmi
Margrét Kristín Helgadóttir 4. sæti í Norðausturkjördæmi
Helga Vala Helgadóttir 5. sæti í Norðvesturkjördæmi
Reynir Harðarson 6. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður
Kristrún Heimisdóttir 5. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir 7. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður
Sólveig Arnarsdóttir 9. sæti í Reykjavíkurkjördæmi suður
Dofri Hermannson 8. sæti í Reykjavíkurkjördæmi norður

*Í dag kl. 13:30* ætlar hin nýja kynslóð að fjölmenna í Blóðbankann og gefa blóð. Með því vill ungt Samfylkingarfólk undirstrika að þörfin fyrir nýju blóði er mikil – og mest í stjórnarráðinu.

Fundarstjóri
Oddný Sturludóttir borgarfulltrúi

xS Kíktu á samfó.is

Samfylkingin

Bandaríkin og loftslagsmál:

# Beita Indlandi sem afsökun

**BRUSSEL, AP** Maneka Gandhi, fyrrverandi umhverfisráðherra Indlands, sakaði í ræðu í Brussel í gær bandaríska ráðamenn um að beita Indlandi og öðrum hagvaxtar-þróunarlöndum fyrir sig sem afsökun fyrir því að gera sjálfir ekkert í því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Gandhi hvatti Bandaríkjamenn til að hætta að setja það sem skilyrði fyrir því að þeir gerðu eitthvað sjálfir í málinu að Indverjar og Kínverjar gerðu það einnig í ekki minni mæli. Stjórnvöld í Washington væru að reyna með þessu að beina athyglinni frá eigin umhverfisvandamálum. Bandaríkjamenn losa nær fjórðung gróðurhúsalofttegunda í heiminum. - aa



# TEKJUVERND

**– brúar bilið milli núverandi tekna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir áföllum sem valda launamissi**

Kannaðu málið og bókaðu fund hjá ráðgjafa á kaupthing.is
eða í næsta útibúi Kaupþings.

KAUPÞING



**JARÐNESK FEGURÐ MYNDUÐ** Ljósmyndari tekur myndir af þátttakendum í fegurðarsamkeppninni Miss Philippines Earth 2007 í Makati suður af Manila á Filippseyjum í gær. „Ungfrú Jörð“-keppnin er haldin árlega og er henni ætlað að skerpa á umhverfisvitund í heiminum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tímaritið National Geographic segir fiskveiðistjórnun Íslendinga árangursríka:

# Veiðar Íslands til fyrirmyndar

**NÁTTÚRA** Íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið kemur í veg fyrir ofveiði helstu nytjastofna sjávar, að því er fram kemur í nýjasta hefti hins virta tímarits National Geographic. Í ítarlegri úttekt tímaritsins um ástand fiskistofna í heiminum eru fiskimið Íslands tiltekin sem undantekning frá bágri stöðu helstu fiskimiða heims þar sem fiskgengd sé aðeins brot af því sem áður var.

„Heimshöfin eru aðeins skugginn af því sem áður var. Með fáum undantekningum, til dæmis vel heppnuðum fiskveiðistjórnunum í Alaska, á Íslandi og Nýja-Sjálandi, er fiskgengd aðeins brot af því sem var fyrir um öld síðan“, segir í grein National Geographic þar sem álits er leitað hjá fjölda sérfræðinga auk manna sem koma að veiðum og rannsóknum á margvíslegum sviðum. Ástæðan fyrir góðu ástandi íslenskra fiskistofna er sögð vera takmörkun á fjölda þeirra skipa sem leyft er að veiða á hverjum tíma. Meginástæða ofveiði sé of mörg skip, sem stundi veiðar á ofveiddum fiskistofnum.



**AF BRYGGJUNNI** Komið hefur verið í veg fyrir ofveiði hér við land, að því er kemur fram í tímaritinu National Geographic.

Framtíðarsýnin sem dregin er upp í greininni er dökk og þar er kallað eftir hugarfarsbreytingu í heiminum. Þar segir að lausnin á ofveiði felist ekki í lagasetningu heldur því að heimsbyggðin taki að líta á dýrastofna sjávar sömu augum og landdýr sem eru í hættu vegna veiða. - shá

Ölvunarakstur yfir páskana:

# Tuttugu og þrír teknir ölvaðir

**LÖGREGLUMÁL Alls voru tuttugu og þrír ökumenn teknir fyrir ölvun við akstur á höfuðborgarsvæðinu yfir páskahátíðina. Þar af voru fimmtán teknir í Reykjavík.**

**Um var að ræða tuttugu karlmenn og þrjár konur og voru níu af körlunum á aldrinum sautján til nítján ára. Þá voru tveir ökumenn handteknir fyrir að aka undir áhrifum lyfja, 22 ára gömul kona og 24 ára gamall karlmaður. Konan hafði keyrt á ljósastaur áður en hún var tekin og stórskemmt bifreið sína. Hún slapp með smávægileg meiðsl.** - þsj





HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

MEISTARANÁM 2007 - 2008

VIÐSKIPTAFRÆÐI

ALÞJÓÐAFJÁRMÁL OG BANKASTARFSEMI
STJÓRNUN Í ALÞJÓÐLEGU FYRIRTÆKJAUMHVERFI

Dæmi um námskeið:
Alþjóðaviðskipti og alþjóðastofnanir, Þjóð- og rekstrarhagfræði, Alþjóðleg stefnumótun, Alþjóðafjármál og bankastofnanir, Fjármál fyrirtækja, Alþjóðleg mannauðs- og þekkingarstjórnun og Forysta og árangur.

**Fjölbreyttar kennsluaðferðir** verða notaðar til að virkja þátttöku og frumkvæði nemenda. Þar má nefna umræður, málstofur, einstaklings- og hópverkefni og raunverkefni /tilviksrannsóknir (case studies).

**Kennt verður í námslotum.** Að jafnaði verður kennt einu sinni í mánuði, frá fimmtudegi til laugardags. Þess á milli fara samskipti fram í rafrænu vefumhverfi.

Almenn krafa er að umsækjendur hafi lokið BSc námi í viðskiptafræðum við viðurkennda háskóla að jafnaði með fyrstu einkunn. Sjávarútvegsfræðingar sem lokið hafa fjögurra ára BSc námi geta einnig fengið inngöngu í námið.

**Innritunargjald er 45.000 kr. á ári.**

Umsóknareyðublöð eru á www.unak.is. Þar eru einnig upplýsingar um inntak náms, inntökuskilyrði og fyrirkomulag kennslu. Nánari upplýsingar veita Ása Guðmundardóttir skrifstofustjóri viðskipta- og raunvísindadeildar asa@unak.is og Ingi Rúnar Eðvarðsson prófessor ire@unak.is.

www.unak.is

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 15. APRÍL 2007

HÁSKÓLINN Á AKUREYRI

Samstarfsaðilar:

GLITNIR

Saga Capital

ÍSLENSK VERÐBRÉF

SPARISJÓÐURINN




**FRÁ FUNDINUM** Húsfyllir var í Lögbergi í gær þegar rætt var um olíumálið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Hæstiréttur gekk of langt í olíumálinu

**Eiríkur Tómasson, prófessor í lögfræði, segir Hæstarétt hafa gengið of langt með dómi sínum í olíumálinu. Fáránlegt að við þurfum að ræða þessi mál hér til þess að skilja dóminn, segir Helgi Magnús Gunnarsson.**

**DÓMSMÁL** „Það er mitt mat að Hæstiréttur hafi gengið of langt með dómi sínum í þessu máli [olíumálinu],“ sagði Eiríkur Tómasson, prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands, á hádegisfundi lagadeildar Háskóla Íslands í Lögbergi í gær. Þar fluttu Eiríkur og Róbert Ragnar Spanó erindi um dóm Hæstaréttar í máli ákæruvaldsins í málinu gegn forstjórum olíufélaganna á árunum 1993 til og með meirihluta árs 2001; Kristni Björnssyni, Geir Magnússyni og Einari Benediktssyni. Á umræddu tímabili höfðu forstjórarnir með sér óumdeilt samráð um verðlagningu á ýmsum vörum, auk þess að leggja á ráðin um stórfellda markaðsskiptingu.

Eiríkur ræddi um dóminn út frá því hvort niðurstaða Hæstaréttar væri í samræmi við meginregluna um réttláta málsmeðferð í skilningi Mannréttindasáttmála Evrópu. Hæstiréttur komst að því að málsmeðferðin hefði ekki verið réttlát og var málinu meðal annars vísað frá á þeirri forsendu.

Róbert Ragnar einblíndi hins vegar á hvaða ályktanir mætti draga af dómnum, um kröfur til skýrleika refsiheimilda.

Dómur Hæstaréttar byggist meðal annars á því að Kristinn, Geir og Einar hafi ekki notið réttinda sakborninga lögum samkvæmt, er þeir létu starfsmenn samkeppnisyfirvalda fá upplýsingar sem rannsókn lögreglu byggði síðan á að stórum hluta. Þetta taldi Hæstiréttur fara gegn ákvæðum Mannréttindasáttmálans.

Eiríkur taldi það ekki ljóst og vildi meina að skynsamlegast hefði verið að senda málið aftur í hérað til efnislegrar meðferðar.

„Ábyrgðin liggur öðru fremur hjá 63 framsetningu við Austurvöll,“ sagði Róbert Ragnar í máli sínu og vitnaði til þess að löggjafinn, það er Alþingi, hefði ekki staðið nógu vel að því að skapa lagaramma sem byggjandi væri á í málum sem þessum. Róbert Ragnar færði rök fyrir því, líkt hann hefur áður gert í grein, að ekki væri skýr heimild fyrir því í lögum að sækja einstaklinga til saka fyrir brot á samkeppnislögum.

Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá embætti ríkislögreglustjóra, sagði það óneitanlega vonbrigði hversu torskilinn dómurinn væri. „Það er auðvitað fáránlegt að við séum hér samankomin til þess að reyna skilja forsendurnar fyrir meirihluta dómsins en það segir kannski eitthvað um dóminn.“ Hann spurði Eirík Tómasson meðal annars út í gagnrýni hans á hvaða framsetningu ákærunnar, en Eiríkur taldi að ákæruvaldið hefði átt að átta sig á því að Hæstiréttur gerði strangar formkröfur. „Með tilkomu nýrra manna, á árunum 1994 til 1995, hefur orðið mikil breyting á þessu,“ sagði Eiríkur. Hann vildi ekki nafngreina dómarana sem skipaðir voru á þessum tíma, en þeir voru Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

magnush@frettabladid.is


AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



KRÓNAN fyrst og fremst. ... í verðsamkeppni





Þú sparar 60 kr. stk.

Úr Kjötborði Nóatúns

UNGNAUTAHAMBORGARAR
120 GR
**129** kr. stk.



25% afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

GOURMET GRÍSAKÓTELETTUR
LÉTTREYKTAR
**1.214** kr. kg



25% afsláttur

Úr Kjötborði Nóatúns

NÓATÚNS LÆRISSNEIÐAR
ÞURRKRYDDAÐAR
**1.618** kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

Þú sparar 300 kr. stk.

STEINBÍTUR
MEÐ KARRÝ OG BÖNUNUM
**998** kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

Þú sparar 300 kr. kg

RAUÐSPRETTA
AÐ DÖNSKUM SIÐ
**1.298** kr. kg



Úr Fiskborði Nóatúns

Þú sparar 300 kr. kg

KEILA
MEÐ HVÍTLAUKSOSTI
**998** kr. kg



NÓATÚNS
ELDHÚSRÚLLUR
**299** kr. 4 stk.




NEUTRAL
ÞOTTAEFNI
**399** kr. pk.




SÓL
APPELSÍNUSAFI
**239** kr. l

*Nýtt kortatímabil!*


NÓATÚN
Bestir í kjöti
Tilboð
á súpukjöti
30% afsláttur
GOÐA SÚPUKJÖT
LÍTILL POKI
349 kr. kg
ZWYCZAJNA
25% afsláttur
KÁESS PÓLSKAR PYLSUR
695 kr. kg
Grand'Italia spaghetti í kaupbæti
NÓATÚNS UNGNAUTAHAKK
598 kr. pk.
30% afsláttur
GOÐA SKINKA
258 kr. stk.
Lifðu lífinu í lit!
NÓATÚN
Dole
BLÁ VÍNBER
299 kr. kg
GULAR MELÓNUR
99 kr. kg
RAUÐLAUKUR
99 kr. kg
RAUÐ EPLI
189 kr. kg
AGÚRKUR
99 kr. kg
=
5 á dag
Verði ykkur að góðu!

## „ORÐRÉTT“

### Ekki hægt að gera öllum til geðs

**„Já, það var kátt í Höllinni þegar lokalagið glumdi … mögulega voru einhverjir Danir þó súrir.”**

ARNAR EGGERT THORODDSEN SKRIFAR UM LAG BJARKAR „DECLARE INDEPENDENCE” SEM HÚN TILEINKAÐI FÆREYJUM OG GRÆNLANDI Á TÓNLEIKUM SÍNUM Í LAUGARDALSHÖLL.

**Morgunblaðið 11. apríl**

### Verkamannadraumur

**„Val krakkanna er mjög einhæft sem bendir til þess að þau þekki ekki ýmis algeng og mikilvæg störf.”**

HANNES G. SIGURÐSSON, AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKA ATVINNULÍFSINS. ENGINN FIMMTÁN ÁRA UNGLINGUR SAGÐIST Í FYRRA ÆTLA AÐ VINNA VIÐ VERKAMANNASTÖRF Í BYGGINGARIÐNAÐI EÐA SEM VÉLAFÓLK Í VERKSMIÐJUM.

**Fréttablaðið 11. apríl**

*nær og fjær*

# tilveran

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** VIGDÍS STEFÁNSDÓTTIR, ERFÐARÁÐGJAFI VIÐ LSH

## Ótrúlega skítugt kringum Akrópólis



„Það er allt gott að frétta. Ég er í Aþenu þessa dagana til að sækja námskeið í löggildingu erfðarannsóknastofa. Við erum hér tvær, ég og Hildur Júlíusdóttir lífeindafræðingur, en hún er jafnframt gæðastjóri erfða- og sameindalæknisfræðideildar LSH. Við erum hér fyrst og fremst til að sækja námskeið sem samtökin Eurogenetest halda,“ segir Vigdís Stefánsdóttir, erfðaráðgjafi hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

„Svona námskeið eru haldin að minnsta kosti tvisvar á ári og alltaf á mismunandi stöðum í Evrópu. Evrópusambandið veitti Eurogenetest fimm ára styrk til að rannsaka og reyna að staðla erfðarannsóknarstofur. Til að tryggja örugga og góða þjónustu á erfðarannsóknarstofum er unnið eftir stöðlum, sumar þessara stofa eru löggiltar, aðrar ekki. Hingað kemur fólk víða að sem er með sams konar starfsemi og við. Á LSH er verið að vinna að því að okkar rannsóknarstofa fái löggildingu og til þess þarf að staðla vinnubrögð. Við tvær erum því hér til að sækja reynslu í smiðju annarra og hugsanlega að kenna líka það sem við kunnum,“ segir hún.

Í Aþenu er sól og blíða, um tuttugu stiga hiti. „Aþena er skrítin blanda af eldgömlu og nýju, skítug og lítur einhvern veginn ekki út fyrir að vera vagga menningarinnar. Fólkið hér er yndislegt og hjálplegt og auðvitað er flott að vera innan um þúsund ára gamlar minningar. Hér eru minnst ein til tvær milljónir ólöglegra innflytjenda sem selja hinar og þessar vörur og verðlag er gott.“

Akrópólis er á sínum stað. „Mér finnst merkilegt hvað umhverfi Akrópólis er subbulegt og illa hirt. Eftir að hafa skoðað rústir í Róm finnst mér illa að verki staðið hér. Kannski hafa ekki verið til peningar til að gera þetta vel en það væri að minnsta kosti í lófa lagið að hafa hreint í kringum Akrópólis,“ segir hún. „Og mér finnst líka merkilegt að sjá fólk í peysu og úlpu í þessum hita,“ segir Vigdís að lokum en hún hefur aldrei áður farið jafn sunnarlega á hnettinum.

**SJÓNARHÓLL**
**200 MILLJÓNA KRÓNA AFMÆLISVEISLA**

## Niðurlæging



**JÓN KR. ÓLAFSSON**
Söngvari

Björgólfur Thor Björgólfsson hélt á dögunum afmælisveislu á Jamaíka. Heimsfrægir tónlistarmenn komu meðal annars fram í veislunni, sem stóð í nokkra daga og er talin hafa kostað ríflega 200 milljónir króna.

„Mér þykir þetta með ólíkindum,“ segir Jón Kr. Ólafsson, söngvari á Bíldudal. „Venjulegur maður gæti hreinlega ekki eytt svona fjárhæðum þótt hann legði sig fram. Og svo er talað um að gamla fólkið sé að setja þjóðfélagið á annan endann. Þetta er niðurlæging fyrir hinn almenna mann.“

Jóni þykir misskipting í þjóðfélaginu komin út fyrir allan þjófabálk og segir fréttir af veislum íslenskra auðmanna bera þess skýrt vitni. „Á vissan hátt kemur þetta manni ekki við, og þó. Kaupið sem þessir bankastjórar og viðskiptajöfrar hafa, hvernig má þetta vera? Svo er hamrað á þeim sem eru með 100 þúsundkall á mánuði, þeim sem hafa unnið hörðum höndum alla ævi og lagt grunninn að því sem þetta lið plampar á í dag. Mér finnst hreint út sagt verið að misbjóða almenningi.“

# Auðvelt að fyrirbyggja slysin

**Rúmlega fjörutíu prósent allra slysa eiga sér stað inni á heimilum og eru mörg þeirra alvarleg. Nú hefur Forvarnahús Sjóvár látið innrétta tvö örugg heimili í samstarfi við IKEA. Þar getur almenningur fengið fræðslu um forvarnir á heimilum.**



**ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI** Herdís L. Storgaard sýnir öryggisatriði í eldhúsi. Hér er hlíf fyrir eldavélinni svo litlar hendur geti ekki gripið í pottana. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Herdís L. Storgaard, forstöðumaður Forvarnahússins, segir mikla þörf á að fræða almenning um forvarnir. „Það verða allt of mörg slys á heimilunum og mörg þeirra væri hægt að fyrirbyggja á einfaldan hátt. Fólk telur sig öruggt innan veggja heimilisins, við förum varlega í umferðinni og gerum þær kröfur að umhverfið á leikskólanum sé öruggt en svo sofnum við á verðinum heima hjá okkur,“ segir Herdís.

Í Forvarnahúsinu kennir ýmissa grasa en þar hafa verið innréttaðar tvær íbúðir, önnur sýnir öryggislausnir fyrir barnafólk en hin fyrir eldri borgara. Í eldhúsunum má sjá hvernig skápum er læst og eldavélar varðar, rafmagnssnúrur í barnaherbergi eru festar við veggi og á baðinu eru öryggislokar fyrir heitavatnskranann. Þá hafa verið settar öryggishlífar á hvöss horn og gólfmottur eru festar við gólfin.

„Flestar þessar lausnir eru óskóp einfaldar en hafa heilmikið að segja. Það er til dæmis mikilvægt að festa bókahillur og skápa við veggi því annars getur skapast hætta,“ segir Herdís og bætir því við að það sé ekki aðeins barnafólkið sem þurfi að huga að forvörnum á heimilinu. Mörg slys á börnum verði þar sem börn eru gestkomandi.

Slysum á börnum hefur fækkað frá árinu 2000 en á sama tíma fjölgar slysum í elsta aldurshópnum. Þjóðin er að eldast og flestir vilja búa heima sem allra lengst. „Það er mikilvægt fyrir eldri borgara að heimilið sé sem öruggast. Þegar fólk er farið að eldast getur smávægilegt slys valdið miklum skaða,“ segir Herdís.

Þeir sem vilja heimsækja Forvarnahúsið geta skráð sig á heimasíðunni www.forvarnahus.is. Þar er einnig hægt að fara inn á gagnvirkan vef til þess að kynna sér helstu hætturnar á heimilinu. Herdís á von á að taka á móti fjölmörgum hópum í Forvarnahúsið og frá og með næsta hausti verður öllum nýbökuðum foreldrum boðið í heimsókn.

**thorgunnur@frettabladid.is**



**ÖRUGGASTA HEIMILIÐ** Í Forvarnahúsinu hafa verið innréttuð heimili með aðstoð IKEA þar sem allt er eins öruggt og á verður kosið.






Fyrstu konurnar ljúka fyrstu önninni í tilraunaverkefni Mímis símenntunar:

# Fá starfsheitið félagsliðar

Þrettán erlendar konur, sem hafa starfað árum saman í heilbrigðisþjónustunni hér á landi, hafa nú lokið fyrstu önninni í félagsliðanámi hjá Mími símenntun. Námið er tilraunaverkefni og fjögurra anna nám á framhaldsskólastigi.

Tilraunaverkefnið ber heitið Félagsliði í nýju landi. Irma Matchavariani verkefnisstjóri segir að fyrsta önnin hafi gengið mjög vel. Konurnar hafi unnið með náminu en kennararnir hafi verið mjög ánægðir. Konurnar hafi staðið sig vel og verið virkar í náminu.

Konurnar sem tóku þátt í verkefninu hafa margra ára starfsreynslu á elliheimilum og hjúkrunarheimilum hér á landi. Þær fá starfsheitið félagsliði þegar náminu er lokið eftir eitt og hálft ár og launahækkun í samræmi við það.

Fimmtán konur hófu þátttöku í verkefninu en tvær urðu því miður að hætta, ein vegna þess að hún flutti af landi brott og önnur vegna veikinda. **- ghs**



**FYRSTI FÉLAGSLIÐAHÓPURINN** Konurnar þrettán sem hafa tekið þátt í verkefninu Félagsliði í nýju landi. Námið er tilraunaverkefni en að því loknu fá konurnar starfsheitið félagsliði og launahækkun í samræmi við það. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# ENGIN ÞJÓÐ GEFUR FÁUM EINSTAKLINGUM EINKARÉTT Á OLÍULINDUM SÍNUM. KVÓTAEIGENDUR LEIGJA OKKUR RÉTTINN TIL FISKVEIÐA FYRIR SVIMANDI HÁAR UPPHÆÐIR.

## Frjálsyndi flokkurinn ætlar að afnema leiguforréttindi kvótaeigenda og færa veiðiréttinn aftur til byggðanna

**• Núgildandi kvótakerfi er óréttlátt og fjandsamlegt byggðum landsins. Það hefur ekki reynst það stjórnunartæki sem lagt var upp með.**

Hafrannsóknarstofnun þarf að færa undan stjórn hagsmunaaðila. Tryggja þarf árangur við uppbyggingu á botnfiskstofnum. Flotanum þarf að skipta í fjóra útgerðarflokka og hefja undirbúning að sóknarstýringarkerfi í áföngum þar sem byrjað verður á flokki minnstu báta. Kvótaskyldum fisktegundum verði fækkað.

**• Núgildandi kvótakerfi gerir ungu dugandi fólki ókleift að koma undir sig fótunum í íslenskum sjávarútvegi.**

Fiskveiðar verði strax opnaðar fyrir nýliða með því að leyfa takmarkaðar handfæraveiðar á eigin bátum. Veiðireglan verði skoðuð að fimm árum liðnum og sóknarstýring tekin upp ef ástæða þykir til.

**• Auðugir leigusalar fiskveiðiheimilda eru skilgetið afkvæmi núgildandi kvótakerfis.**

Tryggjum þjóðareign á fiskimiðunum og nýtingu þeirra með löggjöf um sölu og leigu aflaheimilda. Leiga og sala fari um opinberan viðskiptamarkað og aflahlutdeild skilgreind sem afnotaréttur í takmarkaðan tíma gegn gjaldi til ríkis og sveitarfélaga. Ekki verður hróflað við aflaheimildum þeirra sem stunda veiðar.

**Meginreglan verði sú að nýta beri aflaheimildir til veiða!**

**• Leyfum útgerðarstöðunum að njóta þess sem þeir afla og styrkjum byggðir landsins.**

Næstu þrjú ár verði þorskafli 220 þúsund tonn árlega. Þar af verði um 170 þúsund tonnum (meðaltal síðustu 15 ára) ráðstafað til aflahlutdeildarkerfisins. Um 50 þúsund tonn verði notuð í að styrkja byggðir með litlar aflaheimildir og leigð á viðskiptamarkaðnum. Þær heimildir verði leigðar með þeim skilyrðum að gert sé út frá viðkomandi landsvæði og aflinn seldur þar og unninn.

Frjálslyndi flokkurinn hafnar með öllu núgildandi útfærslu kvótakerfisins. Það er hvorki áhugamál flokksins að knésetja hagkerfið né gera útgerðina í landinu gjaldþrota. Hinsvegar er nauðsynlegt að endurskoða kerfið sem við búum við í dag svo sátt náist um hvernig farið er með þessa auðlind þjóðarinnar. Kvótakerfinu var ætlað að stjórna sjósókn og koma í veg fyrir ofveiði en hefur í staðinn orðið að sérstöku hagkerfi þar sem útvaldir sýsla með óveiddan fisk og lifa á vöxtunum eins og olíufurstar. Aflaheimildirnar eiga að vera í umsjón þeirra sem stunda fiskveiðar en ekki spilapeningar og veðfé í höndum braskara.
Færum fólkinu í landinu fiskinn **– öllum til góðs.**

***Kjóstu F!***
*forysta fyrir íslenska þjóð*

**Frjálslyndi flokkurinn**

**www.xf.is**

## Svona erum við

> Fjöldi fráskilinna einstaklinga sem voru einhleypir 1. júlí 2006.




Heimild: Hagstofa Íslands

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: AFLAMARKSKERFIÐ

# Stjórnkerfi fyrir fiskveiðar Íslendinga

Íslenska aflamarkskerfið er sífellt í umræðunni á Íslandi. Fátt í íslensku samfélagi er eins umdeilt og tilgangur þess og árangur til uppbyggingar fiskistofna hefur verið tilefni rökræðu frá setningu laga um stjórn fiskveiða árið 1990. Hið virta tímarit National Geographic fjallaði um kvótakerfið á dögunum.

**Hvað felst í lögum um stjórn fiskveiða?**
Lög um stjórn fiskveiða voru sett árið 1990. Þau byggjast á aflamarkskerfi þar sem aflamarkinu (kvótanum) er úthlutað til einstakra skipa á grundvelli aflahlutdeildar hvers skips. Kvóti skips á hverju veiðitímabili eða vertíð ræðst þannig af leyfðum heildarafla viðkomandi tegundar og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla. Aflamarkið er heimilt að flytja milli skipa og aflahlutdeildina má framselja á önnur skip en með nokkrum takmörkunum. Lögin um stjórn fiskveiða hafa tekið allmiklum breytingum frá því að þau tóku gildi í janúar 1991 og voru endurútgefin sem lög nr. 116/2006.

**Hver er forsaga kvótakerfisins?**
Leyfilegur heildarafli var fyrst ákveðinn í veiðum á humri, rækju á grunnslóð og hörpudiski árin 1973-1974 en árið 1975 var úthlutað aflamarki á einstök skip til síldveiða og árið 1980 til loðnuveiða.

Á árunum 1976-1983 voru teknar upp takmarkanir á heildarafla og sókn skipa eftir að fiskifræðingar vöruðu við að of hart væri sótt í þorsk. Þá var togurum leyft að vera á þorskveiðum 323 daga á ári en síðar 215 daga. Nefndist skipulag þetta í daglegu tali „skrapdagakerfi“. Úthlutun aflamarks til einstakra skipa var tekin upp 1984. Aflamarkið byggðist á hlutdeild skipsins í leyfilegum heildarafla og var miðað við aflareynslu skipsins þrjú ár á undan.



Árið 1985 var komið á sóknarmarkskerfi í botnfiskveiðum fyrir þær útgerðir sem kusu það frekar en aflamarkskerfi og fjöldi skipa var gerður út á sóknarmarki. Fram til ársins 1988 gátu enn fremur bátar undir 10 rúmlestum veitt án takmarkana en bátar undir 6 rúmlestum gátu stundað frjálsar veiðar til ársins 1990.

## SPURT & SVARAÐ
MINKAVEIÐIÁTAK

### Verður ekki útrýmt

Skotveiðifélag Íslands hefur skorið upp herör gegn minknum og býður þeim sem veiða mink verðlaun. Sigmar B. Hauksson er formaður Skotveiðifélags Íslands.



SIGMAR B. HAUKSSON
Formaður Skotvís

**Er gerlegt að útrýma minknum á Íslandi?**
Nei. Minkurinn hefur gríðarlega aðlögunarhæfni og hlýnandi vetur bætir ekki úr skák. Mögulega er hægt að útrýma honum í framtíðinni með veirusjúkdómi en það er ekki inni í myndinni um sinn.

**Hver er stofnstærðin?**
Það er ekki vitað.

**Er hægt að meta tjónið sem af minknum hefur hlotist?**
Búsifjar af völdum minks eru gríðarlegar en erfitt að meta í krónum. Fuglategundir á borð við keldusvín hafa horfið og óðinshana og þórshana hefur fækkað mjög. Þá veldur hann miklum skaða í silungs- og fiskveiðiám. Koma minksins til landsins er ugglaust eitt mesta umhverfisslys í sögu þjóðarinnar.




**FÁKEPPNI** Aðeins tvö fyrirtæki bjóða upp á GSM-þjónustu á Íslandi; Síminn og Vodafone. Með nýju leyfunum tvöfaldast fjöldi fyrirtækja á markaðnum og samkeppni eykst. Í kjölfarið má búast við því að verð lækki og þjónusta verði betri. Fyrirtækin sem hafa sótt um ný leyfi til reksturs GSM-farsímakerfis heita Amitelo, BebbiCell, Núll-Níu og IP-fjarskipti.

# Erlendur áhugi á fámennum GSM

**Póst- og fjarskiptastofnun opnaði nýlega tilboð í leyfi til reksturs nýrra farsímakerfa á Íslandi. Tvö leyfi eru í boði og sóttu fjögur fyrirtæki um; tvö svissnesk og tvö íslensk. Forstjóri BebbiCell, annars svissneska fyrirtækisins, situr fyrir svörum um fyrirætlanir sínar á íslenska GSM-markaðnum.**

„Í Þýskalandi og annars staðar á meginlandi Evrópu er gífurlegt verðstríð á farsímamarkaðnum, en á Íslandi hefur þetta stríð ekki byrjað. Við ætlum okkur að koma inn á markaðinn með mjög samkeppnishæft verð miðað við það sem íslenskum farsímanotendum stendur til boða í dag,“ segir Andreas Fink, forstjóri svissneska farsímafyrirtækisins BebbiCell.

Fyrirtækið er annað tveggja svissneskra fyrirtækja sem sóttu um að reka GSM-farsímakerfi hér á landi, hitt heitir Amitelo. Ásamt þeim sóttu íslensku fyrirtækin Núll-Níu og IP-fjarskipti um leyfi.

Samkvæmt stigakerfinu sem Póst- og fjarskiptastofnun notar til að meta gæði tilboða var Amitelo með besta tilboðið, BebbiCell með það næstbesta og Núll-Níu í þriðja sæti. IP-fjarskipti ráku lestina með töluvert færri stig en hin þrjú fyrirtækin. Leyfunum tveimur verður úthlutað fyrir lok þessa mánaðar.

**Reykjavík í stað Basel**
Andreas Fink segir Ísland hafa orðið fyrir valinu þegar tilboði BebbiCell í rekstur farsímakerfis í svissnesku borginni Basel var hafnað vegna betri tilboða hjá keppinautunum.

„Við vorum komnir langt með að skipuleggja kerfið þegar tilboðinu var hafnað. Þegar við fórum að skoða aðra möguleika kom í ljós að Reykjavík er ótrúlega lík Basel hvað varðar rekstur farsímakerfis. Hún hentar mun betur fyrir okkur en Basel ef eitthvað er.“

Basel er við landamæri Sviss, Þýskalands og Frakklands, og eru íbúar hennar 170.000. Fink segir landamærin rétt hjá Basel hafa valdið BebbiCell töluverðum vandræðum, og aðstæðurnar í Reykjavík séu mun betri.

**Erfitt að kaupa af keppinautum**
Í útboðinu hér á Íslandi felst að fjarskiptafélögin reisi eigin senda þegar úthlutun er í höfn, segir Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar. Þó sé ekkert því til fyrirstöðu að þau semji við önnur félög á borð við Símann eða Vodafone um notkun sendanna þeirra.

Fink segir ekki koma til greina fyrir BebbiCell að semja við Símann eða Vodafone um notkun GSM-senda þeirra. „Það er erfitt að kaupa þjónustu af samkeppnisaðila. Ef ég væri Síminn eða Vodafone myndi ég ekki bjóða nýjum keppinaut á markaðnum mjög góðan samning.“ Hann segir fyrirtækið munu reisa nýja senda og bjóða upp á farsímaþjónustu innan tólf mánaða eftir leyfisveitinguna, fái BebbiCell leyfi.

„Við höfum áætlanir fyrir allt landið. Við byrjum á að setja upp senda á höfuðborgarsvæðinu og fikrum okkur síðan út til annarra bæja og sveitarfélaga. Það er ekki alveg ákveðið í hvaða röð það verður, en við ætlum okkur að bjóða upp á þjónustu um allt land,“ segir Fink.

**Engin þriðja kynslóð**
Útboð Póst- og fjarskiptastofnunar kveður á um rekstur hefðbundins GSM-kerfis, en ekki þriðju kynslóðar farsímakerfi. Rekstur þess konar kerfis var boðinn út fyrir nokkru og buðu Síminn, Vodafone og Nova, dótturfélag Novator, í það.

Þriðja kynslóð farsímakerfis býður upp á stóraukinn gagnaflutningshraða og er næsta skref í þróun á farsímatækni. Meðal þess sem hægt er að bjóða upp á með þeirri tækni er hágæðasjónvarpsútsendingar, vefnotkun um farsíma og myndsímtöl. Einnig verður hægt að tengja fartölvur við háhraðanettengingu hvar sem er með gagnakortum sem sett eru í tölvurnar.

Fink segist ekki sjá eftir því að hafa misst af útboðinu fyrir


Heildarlausn fyrir snyrtinguna
Lotus Professional

Á tilboði í apríl 2007
Valdar gerðir af Lotus Professional skömmturum og tilheyrandi áfyllingum fyrir snyrtinguna.



Arngrímur Þorgrímsson
Sölustjóri hjá RV


5.423 kr.
Marathon RVS miðaþurrkuskápur


3.982 kr.
Blár enMotion snertifrír skammtari


4.974 kr.
Lotus Sápuskammtari RVS


1.865 kr.
Blár sápuskammtari Foam


6.968 kr.
WC Compact statíf RVS fyrir tvær rúllur


3.982 kr.
WC Compact statíf blátt fyrir tvær rúllur

Rekstrarvörur
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6230B



**KNÚTUR SÆTI ORÐINN STJARNA** Hvítabjarnarhúnninn Knut leikur sér að spreki í dýragarðinum í Berlín, þar sem hann fæddist í desember. Móðirin hafnaði honum og sem heimalningur er hann nú mesta aðdráttarafl dýragarðsins og alþjóðleg fjölmiðlastjarna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# -markaði

þriðju kynslóðina. „Ég held að fólk muni ekki stökkva á þriðju kynslóðar farsímatækni þegar hún verður að veruleika á Íslandi.

Helsti kosturinn er að tengja tölvu við internetið í gegnum símann, en möguleikar fyrir nettengingar á Íslandi eru nú þegar með því besta sem fyrirfinnst. Ég held að Ísland sé ekki reiðubúið fyrir þriðju kynslóðina,“ segir hann.



FRÉTTASKÝRING
SALVAR ÞÓR SIGURÐARSON
salvar@frettabladid.is




Settu þig í gírinn

Nú er D-Max nánast á þrotum og aðeins tíu beinskiptir bílar eftir. Þessi skemmtilegi pallbíll hefur með öðrum orðum fengið frábærar viðtökur og rokið út, enda er D-Max ekki bara töluvert ódýrari en sambærilegir bílar heldur einnig aflmeiri, með nýja díselvél sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 8 l/100**. D-Max er með aksturstölvu, þokuljósum, "cruise control", halogen-ljósum, 6 hátölurum og loftkælingu. **Settu þig í gírinn, D-Maxinn bíður eftir þér!**



Gerðu samanburð!

| Vél og afköst | D-Max | Hi-Lux |
|---|---|---|
| Gerð | 3.0 | 3.0 |
| Ventlakerfi | 16 ventla DOCH | 16 ventla DOCH |
| Stimpilstærð | 95,4 x 104,9 | 96,0 x 103,0 |
| Slagrými | 2999cc | 2982cc |
| Hámarksafköst (hö/snm) | 163/3600 | 171/3600 |
| Hámarkstog (Nm/snm) | 360/1800 - 3600 | 343/1400 - 3400 |
| Dráttargeta | 3 tonn | 2,2 tonn |
| **Framleiðsluland** | **Thailand** | **Afríka** |
| **Verð beinskiptur** | **2.690.000 kr.** | **3.090.000 kr.** |

ISUZU D-MAX

Beinskiptur
**2.690.000 kr.**



Ný díselvél með millikæli

Háþróuð tækni eins og millikælir og VGS (Variable Geometry System) skilar 13% betri eldsneytisnýtingu, meiri krafti og minni hávaða og minni útblæstri. Nýja díselvélin sem er hljóðlátari en nokkru sinni fyrr og **eyðir aðeins 6,5-9,4l/100**.



Rúmgóður og þægilegur

Innviðir **ISUZU D-MAX** vekja jafnvel enn meiri gleði en ytra byrðið. Hann er einstaklega rúmgóður og ný hönnun á glæsilegu mælaborði með raflýstum mælum og nýjum og notkunarvænum bílstjórasætum færa innra rýmið upp í nýja vídd hvað varðar þægindi.



Innbyggt öryggi

Dúal SRS loftpúðar í framsætum minnka hættu bílstjóra og farþega komi til árekstrar, einkum þegar þeir eru notaðir með þriggja punkta ELR sætisbeltunum. Framljósin eru með Slipsod kerfi sem eykur lýsingu og lengir sjónsviðið og eykur þannig enn öryggi bílstjóra.

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453

ENNEMM / SÍA / NM27182

Samfylkingin

Samfylkingin hlustar









Samgöngumál og Sundabraut.

Almennur borgarafundur í Fjörgyn, Félagsmiðstöðinni í Foldaskóla, fimmtudaginn 12. apríl, kl. 20:00.

Áfram beinu brautina!

xS

# Græn skref í Reykjavík




## MIKLU BETRI STRÆTÓ

Allar biðstöðvar strætisvagna fá eigið nafn sem birtist meðal annars á ljósaskilti um borð í vögnum. Allar lykilbiðstöðvar munu birta rauntíma-upplýsingar og greiðslumáti í strætó verður auðveldaður. Strætó fær oftar forgang í umferðinni á völdum stofnbrautum. Reykvískir námsmenn fá ókeypis í strætó á haustmisseri 2007.

## VERÐLAUNUM VISTHÆFA BÍLA

Ökumenn fá að leggja visthæfum bifreiðum ókeypis í bílastæði borgarinnar. Borgarbúar eru með þeim hætti hvattir til að aka um á visthæfum bílum sem draga úr mengun, skapa minni hávaða og gera umhverfi okkar betra. Visthæfir bílar eru skilgreindir eftir eldsneytiseyðslu og eldsneytisgerð.

## GÖNGUM LENGRA, HJÓLUM MEIRA

Göngu- og hjólreiðastígurinn frá Ægisíðu upp í Elliðaárdal verður breikkaður, upphitaður og vatnshönum þar fjölgað. Göngu- og hjólreiðastígum verður sinnt eins og götum borgarinnar allan ársins hring. Gönguleiðir skólabarna verða merktar og kynntar sérstaklega. Göngustígar sem tengja búsetusvæði eldri borgara og nálæg útivistarsvæði verða upphitaðir og bekkjum og handriðum verður komið fyrir. Merkingar göngu- og hjólreiðastíga munu taka mið af göngu og hjólreiðum sem samgöngumáta.



## LIFANDI OG SKEMMTILEG BORG

Pósthússtræti meðfram Austurvelli verður gert að göngugötu í miðbæ Reykjavíkur á góðviðrisdögum. Miklatún verður endurskipulagt í samráði við íbúa og kaffihúsi komið á laggirnar í Hljómskálagarðinum. Átaki í að koma upp umhverfis- og söguskiltum í borginni verður hrint af stað. Útivistarsvæði á Gufunesi verður klárað. Skilyrði til fuglalífs og fuglaskoðunar í Vatnsmýrinni og á Tjörninni verða bætt.

## BETRA LOFT FYRIR ALLA

Spornað verður við notkun nagladekkja í samráði við ríki og önnur sveitarfélög. Aðgengi borgarbúa að upplýsingum um umhverfisgæði verður aukið. Mótuð verður loftslagsáætlun fyrir Reykjavíkurborg til tíu ára til að draga úr losun á gróðurhúsalofttegundum. 500.000 tré verða gróðursett í landi Reykjavíkur til aukinnar skjólmyndunar, meiri skógræktar og bindingar koltvísýrings. Virkt eftirlit verður með innilofti í byggingum Reykjavíkurborgar.





**Á næstu árum mun Reykjavíkurborg stíga stór vistvæn skref og verða til fyrirmyndar í umhverfismálum. Um er að ræða áþreifanlegar aðgerðir sem munu breyta borginni til muna og reynast borgarbúum vel.**




## MEIRI ENDURVINNSLA

Þjónusta við sorphirðu verður bætt til að auka endurvinnslu. Boðið verður upp á bláar tunnur fyrir dagblöð frá heimilum og þjónusta á grenndarstöðvum verður aukin. Sorphirðugjöld munu taka aukið mið af raunkostnaði af þjónustu og mengun. Bláa tunnan verður að minnsta kosti helmingi ódýrari en svört tunna. Tunnugjald mun taka mið af fyrirhöfn við sorphirðu við að sækja tunnur við heimili fólks.

## BYGGJUM VISTVÆN HVERFI

Nýtt aðalskipulag Reykjavíkur verður unnið frá grunni með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Þétting byggðar, blanda íbúðar- og atvinnuhúsnæðis, virðing fyrir hjólandi og gangandi umferð, endurvinnsla og græn svæði verða lykilhugtök í nýjum hverfum Reykjavíkurborgar.

## VISTHÆFARI LEIK- OG GRUNNSKÓLAR

Lóðir grunn- og leikskóla verða endurbættar. Skólar munu markvisst bjóða upp á lífrænt ræktuð matvæli og birta næringargildi fæðunnar á heimasíðu. Öll hverfi fá eigið náttúrusvæði til útikennslu og umhverfisfræðslu. Allir leikskólar í Reykjavík munu nota vistvæn efni við þrif.



## HÖLDUM BORGINNI HREINNI

Hreinsunar- og fegrunarátak borgarinnar „Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík" heldur áfram og öll hverfi borgarinnar fá andlitslyftingu.

## REYKJAVÍKURBORG TIL FYRIRMYNDAR

Nýjar innkaupareglur borgarinnar innleiða vistvæn innkaup sem meginreglu. Meirihluti bílaflota Reykjavíkurborgar verður visthæfur. Reykjavíkurborg skuldbindur sig til að draga úr útblæstri koltvísýrings í rekstri sínum. Í útboðum á hönnun nýrra mannvirkja borgarinnar verða sett inn umhverfisskilyrði, til að mynda við val á byggingarefni og orkunotkun. Ný mannvirki í borginni taka mið af hjólreiðum sem samgöngutæki.

Reykjavíkurborg

### Útgjöldin

> Einn fullorðinsmiði í stæði á leik Íslandsmóts í knattspyrnu. Miðaverð í maí hvers árs í krónum.




# neytendur

*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN** ALMA LÍSA JÓHANNSDÓTTIR DEILDARSTJÓRI

## Gott að endurnýta hluti



„Ég hef svo oft gert slæm kaup að ég á erfitt með að benda á eitthvert eitt dæmi," segir Alma Lísa Jónsdóttir, deildarstjóri hjá Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Suðurlandi og frambjóðandi Vinstri grænna í Suðvesturkjördæmi.

„Ég hef oft farið flatt á útsölukaupum í fatabúðum og á fullt af fötum inni í skáp sem ég hef aldrei notað. Verðmiðinn er meira að segja ennþá á sumum flíkunum," segir Alma hlæjandi og bætir því við að í öll þessi skipti hafi hún verið sannfærð um að hún hafi verið að gera góð kaup. „Ég keypti þessi föt bara af því þau voru svo ódýr. Þetta eru fín föt, dragtir og þess háttar sem er alls ekki minn stíll," segir Alma og útskýrir að útsöluæsingurinn hafi minnkað með árunum og nú sé hún orðin eilítið skynsamari.

„Ég geri oft mjög góð kaup og hugsa að bestu kaupin felist í því að kaupa notaða hluti og endurnýta þá. Sófinn minn og bíllinn eru dæmi um slíkt," segir Alma sem á ævafornan sófa. „Hann er síður en svo fallegur en það er gott að sitja í honum og það er fyrir öllu. Ég vil ekki taka þátt í þessu bruðli með að kaupa alltaf allt nýtt," segir Alma.

## GÓÐ HÚSRÁÐ:

### TANNKREM Á KÁNTRÍTÓNLIST

■ *Þórhallur Þórhallsson, nýkjörinn fyndnasti maður Íslands, segir sitt besta húsráð vera að skella tannkremi á rispaða geisladiska.*



„Þetta virkar sérstaklega vel á diska með kántrítónlist," segir Þórhallur. „Því þeir eiga það til að spilast aftur á bak og þá enda yfirleitt öll lögin á því að konan kemur aftur, hundurinn lifnar við og allt farsælt." Reyndar segist uppistandarinn skella tannkremi á flest allt sem ekki virki. „Það virkar samt ekki á allt. Til dæmis ekki á sófann sem rifnaði um daginn. Hann er núna bara allur í tannkremi líka," segir hann og hlær.

■ **Verðlag**

## Bílnúmer næstdýrust á Íslandi




Íslenskar bílnúmeraplötur kosta 5.200 krónur settið og þykir mörgum nóg um. Kostnaðarverð númeraplatnanna er rúmar 860 krónur en mismunurinn, um 4.200 kr., rennur til rekstrar íslenskra fangelsa.

Í nýjasta tölublaði FÍB-blaðsins kemur fram að númeraplötur á Íslandi séu þær næstdýrustu í Evrópu. Ódýrastar eru þær í Finnlandi en þar kostar settið aðeins 1.195 kr. Dýrastar eru númeraplöturnar í Danmörku en þar kostar settið hvorki meira né minna en 14.538 kr.

■ **Heilsa**

## Lyfjapeli fyrir veik ungbörn



Foreldrar veikra ungbarna kannast við þau vandamál sem geta fylgt því að koma lyfi ofan í ungbörn. Nú er hægt að kaupa lyfjapela í Babysam og Fífu, en dreifingaraðili pelans er kaup.is.

Lyfjapelinn er annars vegar hefðbundinn barnapeli, sem fylla á með brjóstamjólk eða öðrum vökva sem hentar barninu. Hins vegar er í pelanum munnstykki, sem fyllt er með lyfinu og stungið inn í pelann. Með pelanum er hægt að gefa barninu allt að fimm millilítra, eða eina teskeið, af lyfjaskammti á mínútu.

■ **Verðlag**

## Birgjar hækka verð

Gunnars Majones hefur tilkynnt að vörur fyrirtækisins muni hækka síðar í mánuðinum um sjö prósent. Þá hefur Danól tilkynnt að sumar vörur þess hækki um 5,4 til 15,2 prósent frá næstu mánaðamótum. Þetta kemur fram á heimasíðu Neytendasamtakanna.

Þær vörur frá Danól sem hækka í verði eru Ota-vörur, Quaker-kornvörur og Merrild-kaffi. Ástæða verðhækkana er sögð erlendar verðhækkanir. Neytendasamtökin segja þessar hækkanir valda miklum vonbrigðum, því þarna séu þessir birgjar að taka til sín ávinning neytenda af lækkun virðisaukaskatts.

■ **Verslun**

## Afsláttur á Bónusvörum í tilefni afmælis




Átján ár eru nú liðin frá því að fyrsta Bónusverslunin var opnuð, 8. apríl 1989, og eru verslanirnar nú orðnar 25 talsins. Í tilefni afmælisins bjóða Bónusverslanir allar vörur sem merktar eru Bónus með 25 prósenta afslætti til 15. apríl. Eina undantekningin frá þessu er Bónus burðarpokar úr plasti, sem seldir eru á sama verði og venjulega. Bónusvörurnar eru nú hátt í 300.

# Afborganir eru hærri eftir fyrstu fimm árin

**Námslokatilboð Kaupþings um afborgunarlaust íbúðalán fyrstu fimm árin geta gefið sautján þúsund krónum meiri ráðstöfunartekjur á mánuði á þeim tíma ef ekkert íbúðalán er tekið til viðbótar. Lántakinn greiðir fjárhæðina tvöfalda til baka.**

Ef tekið er íbúðalán, til fyrstu íbúðarkaupa, sem eru afborgunarlaus fyrstu fimm árin, er hægt að spara um sautján þúsund krónur í afborgunum á mánuði fyrstu fimm árin, þegar einungis vextir eru greiddir. Miðað er við tuttugu milljóna króna lán til fjörutíu ára hjá Kaupþingi sem er afborgunarlaust fyrstu fimm árin. Vextir af láninu eru 4,95 prósent. Þá er ekki gert ráð fyrir verðbólgu í þessum útreikningum.

Ef tekið er tuttugu prósenta íbúðalán til tíu ára til viðbótar, upp á fimm milljónir, er sparnaðurinn aðeins minni, eða um þrettán þúsund á mánuði í afborgunum fyrstu fimm árin, en afborganir af þeim lánum hefjast strax. Vextir af láninu eru 5,95 prósent. Að fjörutíu árum liðnum hefur upphaflega lánsupphæðin verið greidd tvöföld til baka, án verðbóta kostar lánið rúmar 54 milljónir króna. Eftir fyrstu fimm árin eru afborganir hins vegar tæpum fimm þúsund krónum hærri en ef afborganir hafa verið greiddar allan tímann. Greiddar eru rúmar 214 þúsund krónur í fyrstu afborgun, en síðar tæpar 139 þúsund krónur á mánuði í fimm ár. Eftir fimm ár hækkar greiðslan í tæpar 157 þúsund krónur. Eftir tíu ár þarf að greiða 101 þúsund krónur út lánstímann.

Ef tekið er sams konar lán hjá Kaupþingi með afborgunum allan tímann er einni milljón minna greitt til baka, eða tæpar 53 milljónir króna, miðað við enga verðbólgu. Þá er gert ráð fyrir sömu lánsupphæð, með sömu vöxtum og í sömu hlutföllum og áður. Greiddar eru tæplega 227 þúsund krónur í fyrstu afborgun og svo tæplega 152 þúsund krónur á mánuði eftir það. Þegar fimm milljóna króna lánið hefur verið greitt upp eru borgaðar tæpar 96 þúsund krónur á mánuði auk verðbóta.

Afborgunarlausu lánin eru íbúðalán sem Kaupþing býður námsmönnum upp á. Einungis er hægt að fá lán fyrir áttatíu prósentum af markaðsvirði íbúðar og þarf einungis að greiða vexti af láninu fyrstu fimm árin. Lántaki þarf að ljúka námi, vera að fara út á vinnumarkaðinn, kaupa sína fyrstu íbúð og standast greiðslumat.

Aðrir bankar bjóða ekki upp á slík námslokatilboð.

ghs@frettabladid.is

### HVERNIG KEMUR NÁMSLOKATILBOÐIÐ ÚT?

**Afborgunarlaust lán - dæmi**

Samanstendur af 80 prósenta láni upp á 20 milljónir króna til fjörutíu ára og 20 prósenta láni upp á fimm milljónir króna til tíu ára. Ekki er gert ráð fyrir verðbólgu í þessu dæmi.

| | 100% lán |
|---|---|
| Fyrsta afborgun: | 214.009,- |
| Afborgun á mánuði fyrstu fimm árin: | 138.905,- |
| Afborgun á mánuði eftir fimm ár | 156.706,- |
| Afborgun á mánuði eftir tíu ár:** | 100.811,- |

Upphaflegt lán samtals að fjárhæð 25 milljónir króna
Samtals fjárhæð greidd til baka: 54.103.558,-

**Lán með afborgunum allan tímann - dæmi**

Samanstendur af 80 prósenta láni upp á 20 milljónir króna til fjörutíu ára og 20 prósenta láni upp á fimm milljónir króna til tíu ára. Ekki er gert ráð fyrir verðbólgu í þessu dæmi

| | 100% lán |
|---|---|
| Fyrsta afborgun: | 226.939,- |
| Á mánuði fyrstu tíu árin:* | 151.835,- |
| Á mánuði eftir tíu ár:** | 95.940,- |

Upphaflegt lán að fjárhæð samtals 25 milljónir króna
Samtals fjárhæð greidd til baka: 52.929.461,-

* Meðan verið er að borga upp styttra lánið
** Búið er að greiða upp 20 prósenta lánið


# Evrópa. Ræturnar. Framtíðin.

Skráðu þig í MA í Evrópufræði.
Umsóknarfrestur er til 15. maí 2007.

Frekari upplýsingar:
www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY


**MATUR & NÆRING** BORGHILDUR SIGURBERGSDÓTTIR NÆRINGARRÁÐGJAFI

## Hófsemi og hreyfing stuðla að stöðugri þyngd



Miklar breytingar hafa orðið á lífsháttum Íslendinga á undanförnum áratugum. Tæknivæðing og breytt vinnubrögð, sem henni fylgja, ásamt mikilli velsæld hefur leitt til þess að hreyfing hefur minnkað til muna í hinum daglegu störfum samtímis því að aðgangur að mat í fjölbreyttu úrvali hefur stóraukist. Þetta hefur meðal annars leitt til þess að fleiri og fleiri, bæði börn og fullorðnir, eru orðnir of þungir.

Mikilvægt er að bregðast við og vinna gegn áframhaldandi þyngdaraukningu þjóðarinnar, þar sem alvarlegur heilsufarsvandi fylgir í kjölfar ofþyngdar. Ýmsar leiðir hafa verið reyndar og óteljandi lausnir verið kynntar og markaðssettar. Niðurstaðan er þó alltaf sú að til að halda þyngdinni í jafnvægi er nauðsynlegt að maturinn, sem borðaður er, sé í samræmi við þörf.

Til að koma til móts við minnkaða orkuþörf er nauðsynlegt að borða mat sem gefur hlutfallslega minni orku (hitaeiningar) en þegar meira var erfiðað. Aukin áhersla á grænmeti, ávexti og grófmeti á kostnað fínunninnar kornvöru, sætinda og feitmetis er lykillinn að því að vel gangi, án þess að orkujafnvæginu sé ógnað. Einnig skiptir miklu máli að temja sér reglulegt máltíðamynstur, að borða að minnsta kosti fjórum til fimm sinnum á dag og forðast stórar máltíðir. Þannig er auðveldara að temja sér fjölbreytni í fæðuvali og að gæta hófs í stærð matarskammta.



Neysla á grænmeti og ávöxtum hefur aukist nokkuð á undanförnum árum, en betur má ef duga skal. Grænmetis- og ávaxtaneysla barna og unglinga á Íslandi er enn með því lægsta sem þekkist í Evrópu og meðalneysla fullorðinna er innan við helmingur af þeim 500 grömmum á dag sem mælt er með.

Hreyfing er orðin það lítil í daglegum störfum flestra Íslendinga að nauðsynlegt er að temja sér hreyfingu í frítímanum til að líkaminn fái að njóta þeirrar áreynslu sem honum er eðlileg. Í nýlegum ráðleggingum Lýðheilsustöðvar kemur fram að hæfilegt sé að miða við virka hreyfingu í að minnsta kosti 30 mínútur á dag sem hluta af heilbrigðum lífsstíl. Til að léttast er jafnvel mælt með enn meiri hreyfingu eða 60-90 mín á dag samkvæmt nýlegum bandarískum ráðleggingum.

Ljóst er að til að viðhalda góðu líkamlegu jafnvægi er nauðsynlegt að huga að ótalmörgum þáttum sem hafa áhrif á líðan og heilsu. Hófsemi í mat og drykk ásamt daglegri líkamlegri áreynslu stuðla að heilbrigði, þyngdarjafnvægi og vellíðan til lengri tíma. Heilsufarið í framtíðinni getur ráðist af því að vel takist til.

www.mni.is


3
naust

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.654 **+0,99%** **Fjöldi viðskipta:** 606 **Velta:** 8.273 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Bakkavör** | 2,55% | **Marel** | 0,68% |
| **Landsbankinn** | 2,18% | **Flaga** | 0,42% |
| **Exista** | 2,10% | **Teymi** | 0,41% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 3,56 +0,85% ... Actavis 78,50 +1,29% ... Alfesca 4,80 +0,00% ... Atlantic Petroleum 710,00 +0,00% ... Atorka 7,00 +0,72% ... Bakkavör 68,50 +2,55% ... Eimskipafélagið 34,70 +0,87% ... FL Group 30,20 +1,34% ... Glitnir 27,10 -0,37% ... Kaupþing 1.047 +0,58% ... Landsbankinn 32,80 +2,18% ... Marel 73,50 -0,68% ... Mosaic Fashions 16,20 +1,89% ... Straumur-Burðarás 20,25 +1,76% ... Össur 126,50 +1,20%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Skammar stjórnendur

Jón Ásgeir Jóhannesson, forstjóri Baugs Group, gagnrýndi stjórnendur bresku verslanakeðjunnar Woolworths harðlega í viðtali við breska dagblaðið Financial Times á þriðjudag. Jón sagði áætlanir stjórnarinnar um að endurnýja 800 verslanir óráð og ætti stjórnin að taka sig á til að snúa rekstrinum við. Hagnaður Woolworths dróst saman um 73 prósent í fyrra, sem var versta ár í sögu verslanakeðjunnar.



**JÓN ÁSGEIR JÓHANNESSON** Forstjóri Baugs Group þrýsti á stjórnendur fyrirtækja í Bretlandi.

Baugur Group er einn stærsti hluthafi Woolworths í gegnum fjárfestingafélagið Unity Investments ásamt FL Group og breska fjárfestinum Kevin Stanford. Félagið á einnig um 29 prósenta hlut í bresku herrafatakeðjunni Moss Bros, þriðju stærstu verslanakeðju Bretlands sem sérhæfir sig í sölu á fötum fyrir karlmenn.

Moss Bros skilaði hagnaði upp á 5,1 milljón punda, jafnvirði 677,4 milljóna íslenskra króna, fyrir skatta og gjöld á síðasta ári, sem er 18 prósenta samdráttur á milli ára. Unity náði tveimur mönnum inn í stjórn Moss Bros í gær. Breskir fjölmiðlar segja Jón Ásgeir vera nú um stundir að þrýsta á fyrirtæki undir hatti fjárfestingafélagsins og bæta rekstur þeirra. Sé horft til þess að innkoma nýrra stjórnarmanna muni bæta rekstur Moss Bros á árinu.

Samdrátturinn hjá Woolworths og Moss Bros er síður en svo einsdæmi í Bretlandi enda gætti nokkurs samdráttar hjá flestum verslunum í fyrra. **- jab**

# Jákvæð viðbrögð á markaði eftir lækkun Moody´s

**Úrvalsvísitalan náði nýjum methæðum eftir að langtímaeinkunnir bankanna voru lækkaðar. Lækkunin var í samræmi við væntingar og eyddi út óvissu.**

Úrvalsvísitalan hækkaði um tæpt eitt prósent í gær og stendur nú í nýjum methæðum í 7.654 stigum. Þetta gerðist degi eftir að alþjóðlega matsfyrirtækið Moody´s lækkaði langtíma lánshæfismat viðskiptabankanna um þrjá flokka, úr hæsta þrepi Aaa í Aa3. Kom sú ákvörðun ekki á óvart, enda höfðu flestir reiknað með tveggja til þriggja þrepa lækkun.

Viðskiptabankarnir bera nú í öllum tilvikum hærri einkunn en var fyrir umdeilda breytingu matsfyrirtækisins til hækkunar á lánshæfismati fjölmargra banka þann 22. febrúar. Endurskoðun Moody´s nú kemur til vegna harðrar gagnrýni erlendra aðila á breytta aðferðafræði (JDA) fyrirtækisins og voru einkunnir fjörutíu annarra banka lækkaðar. Landsbankinn, sem hafði hækkað um fimm flokka, kemur best út úr þessari breytingu; hann hækkar því um tvo flokka fyrir breytingu en Glitnir og Kaupþing um einn flokk.

Ólafur Ísleifsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, segir að þótt það hafi verið ógaman fyrir bankana að lenda í því óhappi sem Moody´s varð fyrir með nýrri aðferðafræði sé niðurstaðan samt sem áður mjög vænleg fyrir íslensku bankana. „Þessi lánshæfisflokkur, það er Aa3, tryggir bönkunum það súrefni sem þeir lifa á sem er aðgangur að lánsfé á góðum kjörum.“ Að mati Ólafs er tvennt sem skýrir þau jákvæðu viðbrögð sem urðu á markaði í gær: Annars vegar hafi menn átt á von þessari leiðréttingu frá Moody´s og hins vegar þegar öllu er á botninn hvolft er lánshæfismat bankanna hærra en það var fyrir fyrri endurskoðunina. „Markaðurinn kann að meta það þegar óvissu er eytt því það er ekkert sem markaðir þola verr en óvissa. Um leið og henni er eytt þá varpa allir öndinni léttar.“



**GLUGGAÞVOTTUR Í MIÐBÆNUM** Hlutabréf hækkuðu í verði daginn eftir að Moody´s lækkaði lánshæfiseinkunn bankanna um þrjá flokka. Búist var við þessari lækkun. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Talið er að með ákvörðun Moody´s hafi einum af fáum óvissuþáttum sem snerta rekstur bankanna um þessar mundir verið eytt. Hlutabréf Landsbankans hækkuðu um 2,18 prósent, um 0,58 prósent hjá Kaupþingi en Glitnir lækkaði lítillega, um 0,37 prósent. Auk Landsbankans hækkaði gengi bréfa í Bakkavör og Exista um rúm tvö prósent. Skuldatryggingarálag á fimm ára skuldabréfum bankanna lækkaði lítillega eftir lækkun lánshæfiseinkunnar.

Þá styrkist gengi krónunnar um 1,4 prósent í gær og stóð gengisvísitalan í 120,3 stigum. Að sögn Vegvísis Landsbankans stækkaði KfW jöklabréfaflokk sinn, sem er á gjalddaga í október 2008, um fjóra milljarða króna, en þetta er fyrsta jöklabréfaútgafan frá því í byrjun apríl. **eggert@frettabladid.is**




Listdansskóli Íslands

Framhaldsskóladeild nemar fæddir 1991:
Laugardaginn 14. apríl, kl. 13:00 – 15:30

Grunnskóladeild nemar fæddir 1998:
Laugardaginn 12. maí, kl. 14:00 – 15:00

Forskóladeild nemar fæddir 1999 – 2002:
Skráning frá 7. – 31. maí virka daga milli kl. 13:00 – 17:00 í síma 588 91 88

Staður:
Engjateigur 1
105 Reykjavík

Nánari upplýsingar:
www.listdans.is
588 91 88

# Nýtt félag á aðallista OMX

NovaCast Technologies var í gær skráð í Kauphöllina í Stokkhólmi. Félagið er það sjötta sem skráð er á Nordic Exchange, aðallista OMX, á þessu ári.

NovaCast Technologies þróar og markaðssetur vörur og hugbúnað fyrir ferli hjá framleiðendum bílaiðnaðarins og undirverktökum þeirra, einkum málmsteypusmiðjum og tækjaframleiðendum. Félagið var stofnað árið 1981 og er staðsett í Soft Center í Rönneby í Suður-Svíþjóð.

Nordic Exchange er sameiginleg þjónusta kauphallanna í Helsinki, Kaupmannahöfn og Stokkhólmi, Kauphallar Íslands og kauphallanna í Tallinn, Ríga og Vilníus. **- hhs**

# Sjötíu og fimm fá eina milljón hver

Stærstu úthlutun Menningarsjóðs Landsbankans til þessa var úthlutað í gær þegar 75 milljónum króna var úthlutað til 75 góðgerðarfélaga og annarra málefna hér á landi. Í gær var einnig dreift blaðinu Leggðu góðu málefni lið sem Landsbankinn gefur út.

Björgólfur Guðmundsson, formaður bankaráðs Landsbankans og stjórnar Menningarsjóðs, úthlutaði styrkjum að upphæð einni milljón króna hverjum á fundi í Iðnó árdegis í gær.

Jafnframt gefur Landsbankinn fólki kost á að verða styrktaraðilar. Félögin eru öll í styrktarþjónustu bankans og vonast forsvarsmenn hans að viðskiptavinir gerist mánaðarlegir bakhjarlar þeirra.

Þeir velja þá góðgerðarfélag í gegnum Einkabanka eða Fyrirtækjabanka Landsbankans og geta styrkt þau um ákveðna upphæð á mánuði.

Björgólfur segir Landsbankann í þau 120 ár sem hann hafi starfað lagt áherslu á að leggja sem mest til samfélagsins og að með veglegri afmælisúthlutun vilji bankinn ítreka og staðfesta áhuga sinn á að leggja góðum málefnum lið. **- óká**




**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Björgólfur, sem er formaður bankaráðs Landsbankans og stjórnar Menningarsjóðs bankans, segir að með styrkveitingum sínum sé bankinn þátttakandi í samfélaginu og hvetji aðra til að gera slíkt hið sama. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**NÝBYGGINGAR Í SMÍÐUM** Líklegt er talið að uppgangur verði áfram á húsnæðismarkaði á höfuðborgarsvæðinu fram eftir ári. Þegar líður á árið á hins vegar að fara að hægja á, að mati greiningardeildar Glitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Mikil velta á fasteignum

Þinglýstir kaupsamningar á höfuðborgarsvæðinu í mars voru fleiri en á sama tíma í fyrra. Séu fyrstu ársfjórðungar áranna bornir saman er fjöldi þinglýstra kaupsamninga nokkuð svipaður. Aukin umsvif koma einnig fram í húsnæðisverði, sem hækkaði á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Það var 2,6 prósentum hærra í febrúar en í desember 2006.

Í Morgunkorni Glitnis kemur fram að líklega verði áfram uppgangur á húsnæðismarkaði fram eftir ári. Hægja taki á þegar líður á árið, meðal annars vegna minni kaupmáttaraukningar. Þá mun hátt vaxtastig og mikið framboð af nýju húsnæði að öllum líkindum hægja á hækkun húsnæðisverðs. **- hhs**




**INNKAUPAKERRA FRÁ SAINSBURY** Kapphlaup um yfirtöku á bresku matvörukeðjunni Sainsbury, sem staði hefur yfir síðan í byrjun febrúar, lauk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Baráttunni lokið í bili

Fjárfestahóparnir CVC Capital Partners, Blackstone Group og TPG Capital, hættu í gær við að leggja fram yfirtökutilboð í bresku stórmarkaðakeðjuna Sainsbury.

Tvísýnt hefur verið um kaupin um páskana þegar Sainsbury-fjölskyldan, sem fer með átján prósenta hlut í þessari þriðju stærstu matvörukeðju Bretlands, sagði það of lágt og myndi ekkert tilboð undir 600 pensum á hlut verða tekið til umfjöllunar.

Yfirtökutilboðið hljóðaði upp á jafnvirði rúmra 1.300 milljarða íslenskra króna. Hefði það gengið í gegn hefði salan á Sainsbury verið stærstu fyrirtækjakaup í Bretlandi.

Gengi bréfa í matvörukeðjunni hefur hríðfallið í vikunni vegna þessa og stóð í 522 pensum á hlut í gær. **- jab**


## 37. landsfundur Sjálfstæðisflokksins

Laugardalshöll 12.–15. apríl 2007

### Fimmtudagur 12. apríl

Kl. 14.00 Opið hús í Laugardalshöll.
Afhending fundargagna til kl. 16.30.

Kl. 16.00 Hljómsveitin Bardukha leikur létt lög í anddyri.
Kristján Guðmundsson spilar á píanó í sal.

Kl. 17.30 Setning fundarins.
Diddú og Jóhann Friðgeir syngja ásamt Léttsveit Reykjavíkur.
Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, flytur ræðu.

Kl. 19.00 Kvöldverður fyrir konur á landsfundi á vegum Landssambands sjálfstæðiskvenna í Félagsheimili Seltirninga við Suðurströnd.

Kl. 16.00 Fundir starfshópa.

Kl. 20.00 Fundur Sambands ungra sjálfstæðismanna með ungu fólki á landsfundi í Þróttarheimilinu í Laugardal.

Kl. 21.00 Opið hús fyrir landsfundarfulltrúa í Þróttarheimilinu.

### Föstudagur 13. apríl

Kl. 10.00 Framsaga um stjórnmálaályktun.
Almennar umræður.
Kjör stjórnmálanefndar.

Kl. 11.00 Starfsemi Sjálfstæðisflokksins.
Skýrsla framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, Andra Óttarssonar, um flokksstarfið.
Umræður.

Kl. 12.00 Sameiginlegir hádegisverðir landsfundarfulltrúa hvers kjördæmis.

Kl. 14.15 Fyrirspurnatími ráðherra Sjálfstæðisflokksins.
Geir H. Haarde, forsætisráðherra,
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra,
Árni M. Mathiesen, fjármálaráðherra,
Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra,
Einar Kristinn Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra,
Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra.

### Laugardagur 14. apríl

Kl. 9.30 Fundir starfshópa.

Kl. 13.00 Skilafrestur framboða til miðstjórnar rennur út.

Kl. 13.00 Afgreiðsla ályktana.
Umræður.

Kl. 19.30 Landsfundarhóf.
Kvöldverður og dans á Broadway, Ármúla 9.

### Sunnudagur 15. apríl

Kl. 10.00 Afgreiðsla ályktana.
Umræður.
Kosning miðstjórnar.
fgreiðsla stjórnmálaályktunar.

Kl. 13.00 Kosning formanns.
Kosning varaformanns.

Kl. 14.00 Ræða formanns Sjálfstæðisflokksins.
Fundarslit.

» Hægt er að fylgjast með landsfundinum á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins.
» Boðið er upp á barnagæslu.
» Athygli er vakin á því að hægt er að senda fyrirspurnir til ráðherra á vef Sjálfstæðisflokksins www.xd.is

*Nýir tímar – á traustum grunni*

XD SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


Ferskir bitar
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur
við kassann
Læri/leggir
kílóverð nú:
298 KR.
Verð fyrir afslátt 398KR.
EKKERT BRUÐL
25% afmælisafsláttur
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur
við kassann
Skinka-kílóverð
546 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:728KR.
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur
við kassann
Hangiálegg-kílóverð
1759 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:2345KR.
Skinka reykt-kílóverð
625 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:833KR.
Kílóbrauð
97 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:129KR.
1 lítri appelsínusafi
59 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:79KR.
ERAN/Landlist
Bónus býður betur!
EKKERT BRUÐL
Appelsínusafi 1 lítri
109 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:145KR.
SALERNISPAPPÍR
9 rúllur
ALLAR Bónusvörur:
25% afmælisafsláttur
við kassann
9 WC rúllur
299 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:399KR.
3 Eldhúsrúllur
BÓNUS
XXL 3risarúllur
224 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:298KR.
3 trölla rúllur
SMYRILL
og brauðið verður betra
BÓNUS
Smyrill 400g
74 KR.
Verð fyrir 25% afslátt:98KR.



ALLAR Bónusvörur: 25% afmælisafsláttur við kassann
Vængir kílóverð nú: 149 KR.
Verð fyrir 25% afslátt 198KR.
Bónus í átján ár!
EKKERT BRUÐL
Bringur íslenskar og ferskar kílóverð nú: 1398 KR.
Verð fyrir afslátt 1864KR.
af Bónusvörum!
ALLAR Bónusvörur: 25% afmælisafsláttur við kassann
ALLAR Bónusvörur: 25% afmælisafsláttur við kassann
Raspaðir ýsubitar 800g 492 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 656KR.
Raspaðir ýsunaggar 800g 492 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 656KR.
Nýtt kortatímabil!
4 XXL brauð 59 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 79KR.
ALLAR Bónusvörur: 25% afmælisafsláttur við kassann
BÓNUS FRANSKAR
1.5 kg franskar 209 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 279KR.
Innkaupataska Bónuss er vistvæn lausn fyrir meðvitað fólk
10 Bónus vínarpylsur í pakka - verð um: 210 KR.
Kílóverð áður 506KR.
-kílóverð nú 422KR.
400 ml hamborgarasósa 105 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 139KR.
10 x 115g ungnautaborgarar 975 KR.
Verð fyrir 25% afslátt: 1298KR.
ALLAR Bónusvörur: 25% afmælisafsláttur við kassann
ALLAR Bónusvörur: 25% afmælisafsláttur við kassann
Úrvals íslenskar Bónusvörur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Umhverfisáætlun Reykjavíkurborgar er metnaðarfull og tímanna tákn.

## Gengið á grænum vegum

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Hún er um margt merkileg umhverfisáætlunin sem borgarstjórnarmeirihlutinn lagði fram í gær. Þar á meðal tillögurnar um að ókeypis verði í strætó fyrir námsmenn og að bílastæði fyrir vistvæna bíla verði ókeypis.

Nú vita allir sannir hægrimenn að það er fátt ókeypis í lífinu, nema ef til vill loftið sem við öndum að okkur. Það eru því ákveðin tímamót þegar Sjálfstæðisflokkurinn, eini hægriflokkur landsins, boðar þjónustu sem sannarlega verður gjaldfrjáls fyrir þá sem hennar njóta, en örugglega ekki ókeypis því bæði kostar rekstur strætós og gerð bílastæða dágóðan skilding.

Hægrimenn um allan heim eru hins vegar að vakna til vitundar um að ekki einu sinni fyrrnefnt loft, sem við öndum að okkur, er ókeypis, að minnsta kosti ekki ef við viljum að það sé sæmilega hreint og heilsusamlegt. Þetta veit Arnold Schwarzenegger, leiðtogi repúblikana og ríkisstjóri í Kaliforníu, sem hefur þvert á flokkslínuna komið á stífari reglum til verndar umhverfinu en í flestum öðrum ríkjum Bandaríkjanna. Þetta veit líka David Cameron, leiðtogi breskra íhaldsmanna, sem á dögunum boðaði nýja umhverfisskatta á farþegaflug, frjálshyggjuarmi flokks síns til mikillar hrellingar.

Og nú hafa Gísli Marteinn Baldursson, formaður umhverfisráðs, og félagar hans í borgarstjórn áttað sig líka. Tillögur þeirra eru fagnaðarefni.

Áætlunin er kölluð Græn skref í Reykjavík og er til þriggja ára. Þar er að finna ýmsar metnaðarfullar hugmyndir um hvernig hægt er að gera Reykjavík betri til búsetu, meðal annars með því að minnka loftmengun frá bílaumferð.

Við starfsmenn Fréttablaðsins þekkjum vel þann baneitraða kokkteil sem komst á hvers manns varir í vetur undir nafninu svifryk, enda liggja skrifstofur blaðsins steinsnar frá Miklubrautinni, þar sem beljandi bílafljót æðir framhjá frá morgni til kvölds. Maður hefur stundum velt því fyrir sér hvort þessi staðsetning á ritstjórnarskrifstofunum sé ekki ávísun á lægri meðalaldur starfsfólksins þegar fram líða stundir.

Í Grænu skrefunum er að finna mikilvægar tillögur um aðgerðir til að draga strax úr þessari mengun frá umferðinni, til dæmis með því að stytta leyfilegan tíma á notkun nagladekkja og gera almenningssamgöngur aðgengilegri.

Þar ber ef til vill hæst þá djörfu tilraun að bjóða reykvískum námsmönnum gjaldfrjálst í strætó næsta vetur í tilraunaskyni.

Markmiðið er auðvitað að draga úr bílaumferð en eins og þeir þekkja vel sem fara leiðar sinnar akandi innan borgarinnar eykst umferðarþunginn verulega á haustin þegar skólarnir byrja. Hitt má ekki vanmeta að til mikils er að vinna til framtíðar ef hægt er að kenna ungum Reykvíkingum að hægt er að komast á milli staða innan borgarinnar án þess að sitja sjálfur undir stýri.

Kostnaðurinn við þennan eina lið áætlunarinnar nemur um 300 milljónum króna. Í heild slagar hann upp í einn milljarð. Aðeins eru nokkrar vikur frá því að borgarstjórnarmeirihlutinn lagði fram fjárhagsáætlun til þriggja ára. Þar var ekki gert ráð fyrir þessum kostnaði. Gísli Marteinn sagði í gær, þegar tillögurnar verða kynntar, að peningarnir væru til innan kerfisins og málum yrði forgangsraðað upp á nýtt. Hvar verður skorið niður á eftir að kynna.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

**Frá Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis**

**Framboðsfrestur vegna alþingiskosninga 12. maí 2007, rennur út föstudaginn 27. apríl 2007, kl. 12:00 á hádegi.**
Yfirkjörstjórn tekur á móti framboðum á Hótel Borgarnesi, Egilsgötu 14-16, 310 Borgarnesi, milli kl. 10:00 og 12:00 árdegis, föstudaginn 27. apríl 2007. Á framboðslista í Norðvesturkjördæmi skulu vera 18 nöfn. Fjöldi meðmælenda er að lágmarki 270 og eigi fleiri en 360. Fylgja skal tilkynning um hverjir séu umboðsmenn framboðslitanna. Framboðslistar verða úrskurðaðir á fundi yfirkjörstjórnar sem haldinn verður á Hótel Borgarnesi, laugardaginn 28. apríl 2007, kl. 10:00.

Meðan kosning fer fram laugardaginn 12. maí 2007, verður aðsetur yfirkjörstjórnar að Hótel Borgarnesi. Talning atkvæða að kjörfundi loknum, mun fara fram í Íþróttamiðstöðinni, Þorsteinsgötu 1, Borgarnesi.

Yfirkjörstjórn Norðvesturkjördæmis
Borgarnesi 10. apríl 2007

Sigurjón Rúnar Rafnsson form.
Ólafur K. Ólafsson    Ríkharður Másson
Guðný Ársælsdóttir    Jens Kristmannsson

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Daðrað norðan heiða

Það er mikið að gera hjá Jakob Frímanni Magnússyni þessa dagana eins og áhugafólk um stjórnmál og afþreyingu hefur kannski tekið eftir. Auk Ómars og Margrétar er Jakob að myndast við að fá fólk til að fylla lista Íslandshreyfingarinnar um land allt. Óli Björn Kárason segir frá því á bloggsíðu sinni að Jakob hafi reynt að fá Birgi Guðmundsson, lektor við Háskólann á Akureyri, til að leiða lista Íslandshreyfingarinnar í Norðausturkjördæmi, en Birgir hafi ekki gefið sig. Heyrst hefur þó að Birgir hafi borið hugmyndina undir valinkunna framsóknarmenn í kjördæminu áður en góðu boði var hafnað. Samkvæmt því var hann ekki alls kostar fráhverfur hugmyndinni.



### Betri fjárfesting?

Fyrir utan að safna fólki að Íslandshreyfingunni er Jakob að vinna með Silvíu Nótt. Í febrúar kynntu Jakob Frímann og Silvía Nótt tugmilljóna króna samning sín á milli, en útgáfufyrirtæki Jakobs, Reykjavík Records, ku hafa keypt Silvíu Næturverkefnið á þrjátíu milljónir, meðal annars til útflutnings. Það sem hún er að gera hér heima lofar nú ekki góðu. Eins og fram kom í Sirkus fyrir helgi höfðu þá aðeins 23 eintök af nýrri plötu hennar selst í verslunum Skífunnar. Mæting á útgáfutónleika hennar var dræm og þeir sem mættu voru ekki kátir með lögin sem hún flutti. Silvía Nótt anno 2007 er því nokkuð undir væntingum.



### Stendur þú þig ekki vel?

Fyrsti borgarafundur Kastljóssins var sýndur á þriðjudagskvöldið, þar sem frambjóðendur hittust á Selfossi. Þar var tvennt sem vakti athygli. Annars vegar hve fáir voru í salnum og hve fáar spurningar komu úr honum. Hins vegar þótti það athyglisvert að af þeim fáu borgurum sem fengu þó að spyrja spurninga voru tveir frambjóðendur Framsóknarflokksins. Þar af spurði annar þeirra Valgerði Sverrisdóttur hvort hún stæði sig ekki ofboðslega vel í framlögum til þróunarmála.

svanborg@frettabladid.is

# Lausaganga búfjár



**ÞORVALDUR GYLFASON**
**Í DAG** | Náttúruvernd

Það er merkilegt, að Íslendingum skuli ekki duga færri en tveir umhverfisflokkar í aðdraganda alþingiskosninganna 12. maí. Til þess virðast liggja tvær meginástæður. Mörgum umhverfissinnum þykir það ótækt, að Vinstrihreyfingin - grænt framboð sitji ein að fylgi þeirra kjósenda, sem setja umhverfismál á oddinn. Þetta er sama hugsun og bjó á bak við Þjóðvarnarflokkinn í gamla daga: þá fannst mörgum það óheppilegt, að Sósíalistaflokkurinn sæti einn að fylgi þeirra, sem settu andstöðu sína við veru bandaríska varnarliðsins hér á oddinn.

Hin ástæðan er sú, að mörgum virðast Vinstri grænir ekki vera heilir í umhverfisstefnu sinni. Þeir leggjast gegn erlendri mengun af völdum stóriðju, en ekki gegn innlendri mengun - uppblæstri landsins! - vegna lausagöngu búfjár og hrossa. Vinstri grænir standast ekki þetta einfalda próf, ekki frekar en aðrir flokkar nema kannski Íslandshreyfingin, sem gengur þó ekki lengra en svo í stefnuskrá sinni: „Stórauka þarf uppgræðslu og stefna að nýtingu afrétta í samræmi við beitarþol þeirra.“

Enginn þeirra fimm flokka, sem eiga nú fulltrúa á Alþingi, virðist skeyta nóg um uppblástur landsins af völdum lausagöngu til að hafa orð á honum í stefnuskrám sínum - þrátt fyrir brýningar Halldórs Laxness, Ingva Þorsteinssonar náttúrufræðings, Herdísar Þorvaldsdóttur leikkonu og annarra landgræðslumanna í hundrað ár. Framtíðarlandið flaskar einnig á þessu atriði: í nýja sáttmálanum er ekki að finna eitt orð um uppblástur örfoka lands.

Kannski eru Íslendingar Rússar, þegar öllu er á botninn hvolft, og eftir því hirðulausir um landið og miðin, samanber ekki bara uppblásturinn og meðfylgjandi moldrok í öll þessi ár, heldur einnig þorskinn, hvalveiðarnar, tryllitækin í innanbæjarumferðinni í Reykjavík og um hálendið og umgengnina í fjörunni til dæmis við Skúlagötuna, þar sem fólk hefur fleygt heilum eldhúsinnréttingum og sófasamstæðum til að koma sér undan lítils háttar skilagjaldi. Óþrifnaðurinn í miðri Reykjavík minnir helzt á Grænland. Þess er þá ef til vill ekki að vænta, að Íslendingar hafi miklar áhyggjur af uppblæstri landsins og höfuðorsök hans, sem er og hefur alltaf verið óheft lausaganga búfjár og hrossa.

Einföld tölvuleit á google.com ýtir undir þennan ágenga grun, því að þar kemur fram, að lausaganga búfjár og hrossa vekur viðbrögð vegna þess eins, að hún eykur slysahættu í umferðinni. Þessar færslur eru dæmigerðar: „Hyggst dómsmálaráðherra grípa til einhverra aðgerða í kjölfar alvarlegra slysa á þjóðvegum landsins sem rekja má til lausagöngu búfjár?“ (althingi.is) „Lausaganga búfjár er stórhættuleg, sauðfé/kýr/hross geta komið inn um framrúðuna og þá eru menn dauðir í viðkomandi bifreið.“ (bilatorg.is) „Lausaganga búfjár á þjóðvegum landsins er tímaskekkja sem löngu ætti að vera búið að girða fyrir. Nauðsynlegt er að setja strangari reglur um búfé við vegi, til að stemma stigu við eignatjóni og slysum ...“ (sus.is) „Æ fleiri þéttbýlisbúar munu ... fá samgöngur á heilann og finnast lausaganga búfjár vera eitt helsta samfélagsmein þjóðarinnar.“ (brsi.is) Takið eftir þessu: hvergi orð um umhverfisvernd, ekki heldur hjá Vinstri grænum: „Það er ekki eingöngu lausaganga búfjár sem skapar slysahættu í umferðinni heldur eiga margir kúabændur í erfiðleikum með að reka kýrnar í haga eða heim til mjalta yfir þjóðvegi landsins.“ (vg.is) Þeir virðast líta svo á, að þjóðlegur uppblástur landsins vegna lausagöngu búfjár sé í góðu lagi, en umhverfisspjöll af völdum stóriðju séu óþolandi.

Landgræðsla ríkisins var stofnuð með lögum um „skógrækt og varnir gegn uppblæstri lands“ 1907. Hún mun vera ein elzta stofnun sinnar tegundar í heiminum. „Enn á sér þó stað hraðfara eyðing gróðurs og jarðvegs á Íslandi“, segir á vefsetri Landgræðslunnar. Og það er engin furða, úr því að menn fást ekki enn til að ráðast að rótum vandans með því að loka sauðfé og hross inni í girðingum. Hvernig á Landgræðslan að geta grætt landið, meðan hún heyrir undir landbúnaðarráðuneytið, taugamiðstöð lausagöngunnar? Það þarf að færa Landgræðslu ríkisins yfir til umhverfisráðuneytisins og fela henni að stöðva lausagöngu búfjár og hrossa án frekari tafar í stað þess að halda áfram að fleygja skattfé í vonlausa baráttu við lausgangandi búpening og hross, sem eira engum gróðri. Auk þess legg ég til, eins og ég gerði 1993, að landbúnaðarráðuneytið verði lagt niður. Strax í vor.

# Sjálfstæðisflokkurinn og sjávarútvegurinn

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegur



**SIGURJÓN ÞÓRÐARSON**

Sjálfstæðisflokkurinn virðist nú fyrir alþingiskosningar ætla að reyna í lengstu lög að komast hjá því að ræða málefni helstu útflutningsgreinar landsmanna, útvegsins. Þessi flótti Sjálfstæðisflokksins er skiljanlegur þar sem stefna hans hefur beðið skipbrot þar sem ekkert hefur gengið við að byggja upp þorskstofninn og stefnan hefur þar að auki valdið byggðaröskun og kjararýrnun hjá sjómönnum.

Það hafa runnið á þriðja hundrað þúsund milljónir út úr sjávarútveginum á síðasta áratug og eftir standa stórskuldug fyrirtæki sem hafa æ minna svigrúm til þess að greiða þeim sem starfa í greininni sæmandi laun fyrir erfiða vinnu. Stór hluti sjómanna þarf að taka þátt í leigu aflaheimilda þar sem 70% af tekjum útgerðar renna til að leigja þær, og þeir sem hafa yfir aflaheimildum að ráða selja oft á tíðum aflann langt undir markaðsvirði í eigin vinnslu. Allt kerfið er meira og minna óskapnaður sem verður að vinda ofan af. Frjálslyndi flokkurinn hefur lagt fram vandaðar tillögur til þess að vinda ofan af vitleysunni á meðan Sjálfstæðisflokkurinn skilar auðu.

Það verður æ átakanlegra að horfa upp á frambjóðendur Sjálfstæðisflokksins reyna að forðast umræðuna um sjávarútvegsmál þar sem þeir vita í hjarta sínu að þeir fara með rangt mál.

Sjávarútvegsráðherra hefur oft verið brjóstumkennanlegur í umræðum á Alþingi við að verja kvótakerfið sem hann hefur fyrir hverjar einustu kosningar sagst vilja fá miklar breytingar á, en þegar til stykkisins kemur stendur hann með sérhagsmununum.

Ég er þó á því að fyrrum stjórnarformaður Samherja, Kristján Þór Júlíusson, hafi toppað umkomuleysi sjávarútvegsráðherrans í umræðum á Stöð 2 þegar hann lét í veðri vaka að málefni sjávarútvegsins skiptu nær engu máli í efnahagslífi nútíma-Íslands og þess vegna væri nánast úrelt að ræða sjávarútvegsmál.

Hvernig getur stjórnmálamaður fiskveiðiþjóðar haldið öðru eins fram – þjóðar þar sem meira en helmingur af verðmæti vöruútflutnings er úr sjávarútvegi?

Vill Sjálfstæðisflokkurinn yfirleitt láta taka sig alvarlega?

*Höfundur er alþingismaður.*

# GRUNDIG LCD - ÓTRÚLEGT VERÐ




**GRUNDIG**

LW825605

32" HD LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 2 Scart (með RGB), HDMI, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, VGA tengi (styður WXGA) og textavarpi.

TILBOÐ 69.990

FULLT VERÐ kr. 129.990




**GRUNDIG**

LXW827512

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 700:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 74.990

FULLT VERÐ kr. 149.990




**GRUNDIG**

LXW829622

32" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 600:1 skerpu, 20w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart, SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 79.990

FULLT VERÐ kr. 149.990




**GRUNDIG**

LXW827610

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Progressive Scan, HD Ready, 1.000:1 skerpu, mynd í mynd (2 móttakarar), 2 x 28w Nicam stereó hljóðkerfi, 3 Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heyrnartólstengi, DVI og VGA tengi, textavarpi og fjarstýringu.

TILBOÐ 84.990

FULLT VERÐ kr. 169.990

Alltaf gæði og góð kaup!

1971 - 2007

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Póllinn, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

# Björgum ekki hernaðarhyggjunni



**UMRÆÐAN**
Öryggismál

Jón Gunnarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi, skrifar grein í Fréttablaðið 11. apríl undir fyrirsögninni: Björgunarsveitir sem varalið lögreglu. Í greininni. Jón undirritar sem framkvæmdastjóri Landsbjargar og mælir með þátttöku björgunarsveitarfólks og samtaka þeirra í þessum hugmyndum. Hann vísar í þörf á viðbrögðum við hernaðarvá og kvartar undan neikvæðum undirtektum stjórnarandstöðunnar og tortryggni í garð þessara varaliðshugmynda.

Tortryggni í garð orða Björns Bjarnasonar dómálaráðherra um varasveitir lögreglu, eru eðlilegar í ljósi þess að Björn hefur sýnt það um langt árabil að vera illa haldinn af hernaðarhyggju. Hann hefur lengi sýnt því áhuga að koma upp íslenskum her, aukið samstarf Landhelgisgæslunnar við hernaðarumsvif og lagt aukna áherslu á að lögregla sinni meintri hryðjuverkahættu og „öryggi ríkisins“. Björgunarsveitir eru nú þegar hluti af almannavarnakerfi landsins og búið er að setja lög og reglur um stöðu þeirra við leit og björgun á sjó og landi. Leit og björgun, ásamt slysavarnamálum, eru tilgangur og verkefni liðsmanna Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem eru alfarið ólaunaðir sjálfboðaliðar. Mikilvægt er að draga þetta hugsjónastarf ekki inn í pólitíska þráhyggju dómsmálaráðherra. Það er svo annað mál að bæta má menntun björgunarsveitamanna í verndunar- og gæslustörfum.

Hugmyndir um varalið lögreglu eru enn ómótaðar, a.m.k. opinberlega, en m.a. hefur komið fram að liðsmennirnir verði á einhverjum launum og að SL eða einingar þess fái greiðslu fyrir þátttöku í þessu. Ef teyma á varaliðsasnann klyfjaðan fjárpyngjum inn um dyr Slysavarnafélagsins Landsbjargar, þá skelli ég hurðum.

*Höfundur er félagi í Slysavarnafélaginu Landsbjörg og er ekki í framboði.*

# Umræða á villigötum



**UMRÆÐAN**
Launamunur kynja

Í síðasta hefti Þjóðmála birtist grein eftir Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur, þar sem hún heldur því fram að ekki sé kerfisbundinn munur á launum karla og kvenna á Íslandi. Í viðtali í Kastljósi þann 21. mars, bætti hún við að eðlilegt væri að karlmenn fengju hærra borgað en konur ef þeir bæru meiri ábyrgð í starfi. Í því felst að hún telur eðlilegt að karlmenn séu verðmætari starfskraftar heldur en konur. Í gagnrýni sinni vitnar hún til tveggja launakannana sem Capacent Gallup gerði á síðasta ári fyrir VR (Verzlunarmannafélag Reykjavíkur) og félagsmálaráðuneytið þar sem niðurstöður í þeim báðum voru að launamunur kynjanna væri um 15%, þar sem karlmenn voru með hærri heildarlaun en konur.

*Því miður snýst umræðan um launamun kynjanna allt of oft um laun stjórnenda og sérfræðinga og gætir þar oft nokkurrar sjálfhverfu þeirra sem stýra umræðunni, sem eru oft sérfræðingar og stjórnmálamenn.*

Heiðrún Lind gagnrýnir einkum tvennt í greininni. Hún segir annars vegar að í könnunum sé hægt að hafa áhrif á niðurstöður með því að gefa sér ákveðnar forsendur. Hins vegar segir hún að ekki hafi verið tekið tillit til ábyrgðar starfsmanna og starfsreynslu, þar sem eðlilegt sé að meiri ábyrgð og starfsreynsla skili sér í hærri launum.

Það er rétt hjá Heiðrúnu Lind að hægt er að hafa áhrif á niðurstöður kannana t.d. með því að gefa sér þær forsendur að eðlilegt sé að menntun, lífaldur, starfsaldur í sambærilegu starfi, vinnutími og starfsstétt (t.d. hvort þeir væru stjórnendur, sérfræðingar eða almennir starfsmenn) tengist launum. Í umræddum launakönnunum var spurt um alla þessa þætti auk kyns og ástæðan sú að áhugi var á að kanna hvort það væri launamunur á milli kynja þegar búið var að taka tillit til fyrrnefndra þátta. Þannig eru borin saman laun karla og kvenna sem eru á svipuðum aldri, í sambærilegu starfi, með sambærilega menntun, sambærilegan starfsaldur og sambærilegan vinnutíma.

Einnig gagnrýnir Heiðrún Lind að ekki hafi verið tekið tilliti til ábyrgðar og starfsreynslu í þessum launakönnunum. Þeirri gagnrýni má svara með því að ábyrgð hljóti að endurspeglast í starfsstétt og starfsreynsla í starfsaldri. Í báðum þessum launakönnunum var tekið tillit til starfsaldurs og starfsstéttar starfsmanna. Auk þess var í könnun félagsmálaráðuneytisins spurt um ábyrgð og aðra starfstengda þætti eins og álag og vinnufyrirkomulag. Þegar tekið var tillit til þessara starfstengdu þátta í launagreiningunni ásamt þeim þáttum sem þegar hafa verið nefndir (aldur, starfsaldur, vinnutími, staða og menntun) þá var launamunur karla og kvenna enn sá sami.

Í umræddum Kastljósþætti nefndi Heiðrún Lind einnig að úrtak í launakönnun félagsmálaráðuneytisins hefði verið lítið og hefur hún væntanlega verið að vísa til þess að valin voru fjögur fyrirtæki á einkamarkaði og fjórar opinberar stofnanir og laun allra starfsmanna þar könnuð. Í þeirri könnun tóku tæplega 1.900 manns þátt. Ástæðan fyrir því að farin var þessi leið er sú að áhugi var á því að endurtaka rannsókn sem var gerð árin 1994-95, og athuga hvort launamunur kynjanna hefði breyst. Á þessum rúmu 10 árum hafði launamunurinn ekki minnkað og einnig kom fram að launamunur kynjanna var minnstur hjá stjórnendum (um 7,5%) og mestur meðal þjónustu- og afgreiðslufólks (um 55%).

Á síðasta ári gerði Capacent Gallup einnig launakönnun fyrir Starfsgreinasamband Íslands og eru félagsmenn sambandsins í flokki þeirra lægst launuðu á Íslandi. Þar kom fram að karlar voru með í kringum 23% hærri laun en konur, sem er 8% meiri munur en í launakönnun VR.

Könnun Starfsgreinasambandsins var gerð með því að taka 3.500 manna úrtak sem endurspeglaði alla félagsmenn sambandsins, sem eru um 50.000 talsins. Launakönnun VR nær til allra fullgildra félagsmanna, sem eru um 20.000 talsins. Kannanir Starfsgreinasambandsins og VR ná því til u.þ.b. þriðjungs íslensks vinnumarkaðar, eða um 70.000 manns. Það er ansi stór hluti af íslenskum vinnumarkaði sem ekki er hægt að líta framhjá.

Flestir eru sammála um að uppræta beri launamun kynjanna. Það er ekkert sem bendir til þess að konur séu óverðmætari starfskraftar en karlmenn eða að þær hafi minni áhuga á atvinnuþátttöku og ábyrgð í starfi. Því miður snýst umræðan um launamun kynjanna allt of oft um laun stjórnenda og sérfræðinga og gætir þar oft nokkurrar sjálfhverfu þeirra sem stýra umræðunni, sem eru oft sérfræðingar og stjórnmálamenn. Það er áhyggjuefni að launamunur kynjanna virðist vera meiri hjá þeim sem eru lægra launaðir. Það er sjálfgefið að það munar meira um hverja krónu hjá lágtekjufólki og þess vegna er það ekki eingöngu réttlætismál fyrir alla að uppræta launamun kynjanna, heldur hreint og klárt kjarabaráttumál þeirra tekjulægstu.

*Höfundur er stjórnmálafræðingur og sérfræðingur við Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Miele

ÞVOTTAVÉL frá kr. 99.900

**Hreinn sparnaður**

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum. Þetta tryggir tromla af nýrri gerð, (einkaleyfi Miele) lengri ending vélarinnar en gengur og gerist, auk fullkomnusta tækni sem völ er á.

- Íslenskt stjórnborð
- Íslenskar leiðbeiningar
- Stórt hurðaop
- 20 ára ending

| Gerð | Listaverð | TILBOÐ |
|---|---|---|
| Þvottavél W1514 | 142.714 | 99.900 |
| 1400sn/mín/5 kg | | |
| Þvottavél W1714 | 172.286 | 119.900 |
| 1400sn/mín/6 kg | | |
| Þurrkari T7644C | 135.571 | 94.900 |
| Rakaþéttir/6 kg | | |

30% AFSLÁTTUR

Verið velkomin í glæsilegar verslanir Eirvíkur á Akureyri og í Reykjavík og kynnið ykkur Miele þvottavélar.

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Baldursnes 6, Akureyri | Suðurlandsbraut 20, Reykjavík Sími 588 0200 | www.eirvik.is





**FROST OG FUNI**
Loðfeldir og loðhúfur frá FurLand á tískuvikunni í Moskvu.
TÍSKA 3

**250 HNÉBEYGJUR**
Meðlimir stúdentaleikhússins hafa að undanförnu gert 250 hnébeygjur á dag til að undirbúa sig fyrir frumsýningu Examinasjón.
HEILSA 2



# allt



## [ALLT HITT]

TÍSKA HEIMILI HEILSA

**Nú** stendur yfir rýmingarsala í versluninni OZIO collection í Smáralind. Skór, töskur, skartgripir og aðrir fylgihlutir á töluvert lækkuðu verði.



**Gönguferð** um Kóngsveginn verður farin á vegum Útivistar sunnudaginn 15. apríl. Brottför frá BSÍ kl. 10.30. Nánar um ferðina á heimasíðu Útivistar, www.utivist.is

**Rýmingarsala** hefst í dag í versluninni Ljósin í bænum í Stigahlíð 45-47, vegna breytinga. Nánar á heimasíðunni www.ljosin.is



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 12. apríl, 102. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.08 | 13.29 | 20.51 |
| Akureyri | 5.47 | 13.13 | 20.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
550 5000
Auglýsingasími Allt
550 5880
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Saga Sigurðardóttir: „Stundum vil ég vera bara í svörtu, stundum langar mig að vera svona, stundum rómantísk í blúndum. Þetta fer bara allt eftir stemningu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Tískubloggið tifar

*Í október síðastliðnum fór bloggsíðan www.reykjaviklooks.blogspot.com í loftið en þar er að finna þrælgott ljósmyndasafn af götutískunni í Reykjavík.*

Þær sem settu síðuna upp eru vinkonurnar Elísabet Alma og Saga Sigurðardóttir, tvítugar Reykjavíkurdömur með mikinn áhuga á tísku og tískuljósmyndun.

„Ég kalla mig í raun ljósmyndara núna,“ segir Saga í samtali við Fréttablaðið, en hún stefnir jafnframt á nám í faginu í framtíðinni. „Það eru margar svona bloggsíður á netinu þar sem hægt er að skoða myndir af götutískunni í ýmsum borgum. Við Elísabet kynntumst þessu í gegnum Face Hunter, en það kallar hann sig strákurinn sem tekur myndir af fólkinu á götum Parísarborgar.“

Sjálf hefur Saga gaman af að klæða sig upp og lætur fastmótaða strauma ekki stjórna fatavali sínu frá degi til dags. „Mér finnst mest gaman að klæða mig bara eftir skapi. Stjörnujakkinn minn er eftir Imbu sem selur föt í Nakta apanum á Laugavegi. Þá má segja að hann passi inn í þessa nu-rave-stefnu sem er í uppsveiflu um þessar mundir, en ég hengi mig samt ekkert í þá einu stefnu. Stundum vil ég vera bara í svörtu, stundum langar mig að vera svona, stundum rómantísk í blúndum.... það fer bara allt eftir stemningu,“ segir Saga að lokum.

*mhg@frettabladid.is*






**Tannburstar** þurfa að henta tönnum hvers og eins. Tennur barna þurfa minni bursta sem ná að hreinsa vel litlar tennur. Fullorðnir þurfa bursta sem hentar tannholdi hvers og eins. Tannburstar hætta að gera gagn þegar þeir líta út fyrir að vera tættir. Burstana á að endurnýja á átta vikna fresti.

Lyfjaval
APÓTEK
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD
BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10–23 alla daga

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

JÓGA
allir velkomnir
frír prufutímar
Byrjendanámskeið hefst 16.apríl
Lifandi fæði námskeið 27.- 28.apríl
Ásta Arnardóttir 862 6098 astaarn@mi.is
www.lotusjogasetur.is Borgartúni 20

Flexitol Heel Balm
NÝTT
Fáðu fæturnar mjúkar og fínar á aðeins 2 vikum með nýja
Flexitol
Útsölustaðir: Fótaaðgerðastofurnar og Snyrtistofurnar Eygló, Paradís, Lif, Jóna og Anita Vestmannaeyjum. Spar Þín Verslun Kópavogi, Fjarðarkaup Hafnarfirði og Lipurtá, Lyfja, Fótaaðgerðastofa Reykjavíkur

Flott í sumar
Ný tæki - Léttari greiðslur
LÉTTARI GREIÐSLUR
SLENDERTONE FLEX 4.995.- kr. á mán í 3 mán - Verð kr. 14.985.-
SLENDERTONE MAX 6.665.- kr. á mán í 3 mán. - Verð kr. 19.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

ALCO-GEL
Sótthreinsandi handgel.
Engin þörf fyrir sápu og vatn.
Fæst í apótekum um land allt.
Dr. Fischer



Stúdentaleikhúsið hefur undirbúið sig fyrir næstu sýningu sína, Examínasjón, með 100 til 250 hnébeygjum á dag. MYND/HÖRÐUR ELLERT ÓLAFSSON

# 250 hnébeygjur á dag

***Meðlimir Stúdentaleikhússins hafa þurft að gera þúsundir hnébeygna á síðustu vikum. Fyrstu 100 voru erfiðastar en nú eru 250 á dag lítið mál.***

Meðlimir Stúdentaleikhússins vissu ekki hvaðan á þó stóð veðrið er þeir mættu á fyrstu æfingu verksins Examinasjón. Leikstjóri þeirra, Guðjón Þorsteinn Pálmarsson, lét þá gera 100 hnébeygjur þrátt fyrir grát og gnístran tanna. „Ég hef tröllatrú á öllum æfingum þar sem allir eru í takt og unnið er með eigin þyngd,“ segir Guðjón. „Það endurspeglar vinnuna í leikhúsinu. Þar þarf maður að bera eigin þyngd, og vera í takt við umhverfið og aðra, rétt eins og í lífinu sjálfu.“

Hnébeygjurnar 100 ollu eðli málsins samkvæmt miklum harðsperrum. „Við gátum varla gengið upp eða niður stiga í nokkra daga,“ segir Hjörtur Jóhann Jónsson, meðlimur Stúdentaleikhússins. „Svo þegar Guðjón leikstjóri lét okkur gera 100 beygjur strax næsta dag héldum við að maðurinn væri geðveikur. Þær voru samt mun auðveldari en fyrstu 100.“

Eftir nokkra daga hættu 100 hnébeygjur að duga til svo nú eru þær orðnar 250. „Það er bara stundum og aðallega ef einhver mætir seint eða mætir ekki,“ segir Hjörtur. „Það voru góðir dagar er einn af leikurunum fór til útlanda í nokkra daga og þá fórum við langt upp fyrir 1.000 hnébeygjur á örfáum dögum.“

Stúdentaleikhúsið æfir nú af hörku, enda Examínasjón frumsýnt laugardaginn næstkomandi. „Leikararnir eru á sviðinu allan tímann, syngja og dansa, slást og marsera, þannig að úthaldið verður að vera í lagi og hnébeygjurnar sjá til þess,“ segir Guðjón.

Nánari upplýsingar um Stúdentaleikhúsið og Examínasjón er að finna á www.studentaleikhusid.is

*tryggvi@frettabladid.is*

JURTA APOTEK
Embla
Fyrir konur á breytingaskeiði
JURTA APOTEK
KOLBRÚN GRASALÆKNIR
Laugavegi 2 • 101 Reykjavík
Sími 552 1103 • www.jurtaapotek.is

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!

Til Sölu
Smáauglýsingar af öllum gerðum.
Allar mjög sjáanlegar og í góðu ástandi
Uppl. í s. 550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

ATH! LOKADAGAR
50% AUKAAFSLÁTTUR AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU
PUMA · SPEEDO · TICKET 2 HEAVEN · SKUNK FUNK · MUSTANG · SANETTA · NEED
Sport Outlet Vínlandsleið 2–4, efri hæð
Grafarholt · Nóatún · Margt Smátt · Toppskórinn · Húsasmiðjan · Vínlandsleið · Vesturlandsvegur · Mosfellsbær · Reykjavík
OPIÐ
Fimmtudaginn 12. apríl kl. 13–18
Föstudaginn 13. apríl kl. 13–18
Laugardaginn 14. apríl kl. 12–16
SPORT OUTLET
Vínlandsleið 2-4 • 113 Reykjavík



**Fagrir hattar** og dýrt skraut eru í fyrirrúmi á árlegu veðreiðunum í Dubai. Þar keppast konurnar um athygli fyrir frumlegasta og fallegasta hattinn á meðan hestarnir eru teknir til kostanna.

# Í kulda og trekki

*Kuldabola var gefið langt nef á tískusýningu í Rússlandi.*

Rússneska fyrirtækið FurLand á uppruna sinn að rekja til Sovétríkjanna sálugu. Það reis úr ösku listamannasambands Sovétríkjanna þegar stofnaður var nýr sjálfstæður rekstur árið 1989 og hefur fyrirtækið stækkað ört síðan þá. Nú framleiðir FurLand fallegan klæðnað úr loðfeldum bæði fyrir rússneskan og alþjóðlegan markað. Flíkurnar vöktu verðskuldaða athygli á tískusýningu FurLand sem haldin var á tískuviku í Moskvu nýlega.

































**Heimilisstörfin** eru fyrir alla. Pabba og mömmur, stráka og stelpur. Krakkarnir hafa gaman af því að taka þátt í að laga til. Enda er mikilvægt að venja sig á góða siði því lengi býr að fyrstu gerð.

# Safna kúm af öllum gerðum

***Hjónin Sólrún Sveinbergsdóttir og Sigurjón Helgason á Dalvík safna beljum.***

„Ég er einmitt að taka upp úr kassa með yfir hundrað nýjum hlutum sem við pöntuðum af e-Bay," segir Sólrún Sveinbergsdóttir á Dalvík en hún og eiginmaður hennar, Sigurjón Helgason, eiga stórt og mikið safn af alls kyns kúm. Hjónin hafa safnað beljunum í tuttugu ár og hafa þurft að stækka við hús sitt til að koma þeim öllum fyrir. „Fyrsti hluturinn var gjöf til mannsins míns frá mömmu minni en hann starfaði á þeim tíma sem bústjóri á Einangrunarstöðinni í Hrísey. Þegar mamma dó tóku aðrir til við að færa okkur eina og eina kú sem fólk rakst á á ferðalögum. Nú er ótrúlegasta fólk að gefa okkur þetta," segir Sólrún og bætir við að þau sjálf kaupi allar þær kýr sem þau rekist á. „Þetta hefur heldur betur undið upp á sig og maður er farinn að spá hvort það sé nokkuð til meðferð við þessu," segir Sólrún hlæjandi. „Við höfum komið öllu dótinu í varanlegt húsnæði en við smíðuðum sólstofu út frá húsinu og getum haft dótið uppi allt árið um kring. Áður vorum við með það ofan í kössum yfir veturinn." Sólrún segist ekki búast við að hætta söfnuninni í framtíðinni. „Ef kýrnar eru farnar að þrengja að þá reynum við bara að hagræða í hillunum."

*indiana@frettabladid.is*



Fyrsta kýrin var gjöf til Sigurjóns frá tengdamóður hans. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Sólrún og Sigurjón stækkuðu hús sitt til að koma öllum kúnum fyrir.




VOR 2007
NÝJAR VÖRUR
NÝTT
KORTATÍMABIL
Okkar frábæru kerti komin aftur, nýjar týpur og litir.
UNIKA
Fákafeni 9 Sími: 568 6700
mán-fös. 10-18 og laug. 11-16
www.unika.is

SMALL WORLD
BARNAHÚSGÖGN
FALLEG HÚSGÖGN FYRIR BÖRN
Á ALDRINUM 0-10 ÁRA



TEKK COMPANY
BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

allt matur
Alla föstudaga

Sófinn Keli
Sérsmíðaður eftir þínum málum
GA HÚSGÖGN 1975



Ný íslensk hönnun




Sími: 553-9595 www.gahusgogn.is Ármúla 19

O&K
þjónusta

**Þjónustuaðili:**

Langendorf Fiat MSB New Holland NPK
Daewoo IR Montabert DEUTZ Kobelco

VélRás ehf.

Sérhæfð þjónusta við rafkerfi og glussakerfi

RAUÐHELLA 16 • 220 HAFNARFIRÐI • SÍMI 555 6670 • FAX 555 6671 • velras@velras.is

Slöngur og fittings á lager.

Smurþjónusta fyrir stóra bíla og vinnuvélar.

Setjum á og útvegum yfirbreiðslur á vagna.

# verk að vinna

FIMMTUDAGUR 12. APRÍL 2007




MYND/ BIRTA RÁN BJÖRGVINSDÓTTIR



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 7236

Ertu að spá í atvinnutæki?

VIÐ FJÁRMÖGNUM ÞAÐ SEM UPP Á VANTAR!

Nýttu þér upplýsingar og reiknivélar á **www.gf.is** eða hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 440 4400.

GLITNIR

FJÁRMÖGNUN

# Heiðra minningu brautryðjendanna

**Haukur Júlíusson, framkvæmdastjóri Jörva á Hvanneyri, hefur verið áhugamaður um vinnuvélar frá unga aldri. Hann hefur ásamt samstarfsmönnum sínum gert upp um 20 vinnuvélar og lögðu þeir grunn að myndarlegri traktoradeild Búvélasafnsins á Hvanneyri. Örlygur Hnefill Örlygsson tók Hauk tali og Birta Rán Björgvinsdóttir festi hann á filmu.**



Haukur situr hér á Caterpillar D7 vél frá árinu 1964 sem þeir félagar hafa gert upp.

„Við byrjuðum að gera upp landbúnaðartraktora veturinn 1993. Búvélasafnið hér á Hvanneyri var þá að slíta bernskuskónum og við höfðum lausa stund. Þannig fór þetta af stað. Við gerðum upp tvo traktora þennan vetur og héldum áfram árin á eftir þegar komu lausar stundir yfir vetrartímann. Á þessum árum má segja að við höfum lagt grunninn að traktoradeild Búvélasafnsins hér á Hvanneyri,“ segir Haukur Júlíusson, framkvæmdastjóri Jörva á Hvanneyri, sem gerir út vinnuvélar og sinnir ýmiss konar verktakaverkefnum.

„Á þessum árum vorum við aðallega að endursmíða vélar frá eftirstríðsárum og þetta var ágæt og skemmtileg aukabúgrein. Árið 2000 dró saman í þessu hjá okkur, samhliða auknum umsvifum í öðrum greinum fyrirtækisins en árið 2002 ákváðum við að taka upp þráðinn að nýju. Þá snerum við okkur meira að okkar hugðarefnum. Við áttuðum okkur á að það voru fáir að gera vinnuvéladeildinni skil, utan Vegagerðarinnar sem hefur aðeins unnið að því að gera upp gamlar vélar. Okkur áskotnaðist Caterpillar D6 árgerð 1954 vestan úr Dölum, sem þá var búin að liggja og ryðga í átján ár. Þetta voru afskaplega vinsælar vélar á sínum tíma og voru sérstaklega algengar á Vestfjörðum. Vestfirðingar höfðu þann háttinn á að nefna ýturnar sínar eftir körlunum sem höfðu hjálpað til við að útvega þær. Það var stórmál á þessum árum að útvega og fjármagna kaup á svona vélum. Það voru því til Pálína, nefnd eftir Páli í Þúfum, Stulína, Jakobína og Hinrika. Þá man ég sérstaklega eftir Hermaníu sem var á Ströndum, en hún var kennd við Hermann Jónasson ráðherra og þingmann. Af þessum vélum eru sennilega tvær til þrjár eftir gangfærar. Vélin sem við fengum var orðin mjög lúin og það fóru í þetta þrír vetur. Á sama tíma gáfu Ístaksmenn okkur Caterpillar D7, sem reyndist afskaplega vel farin. Hana gerðum við upp á tveimur vetrum.“

Haukur segir að þeir félagar hjá Jörva hafi því ákveðið að taka fyrir Caterpillar-ýturnar í vinnuvéladeildinni og Ferguson dráttarvélar í landbúnaðardeildinni. „Við höfðum áður gert upp Caterpillar D2 vél fyrir búvélasafnið en okkur vantar inn í þetta týpu sem heitir Caterpillar D4. Sexuna og sjöuna eigum við og erum svo með eina áttu í rekstri og reyndar kemur líka fyrir að við grípum í sjöuna þegar þannig stendur á.

Þá erum við með fjóra Ferguson-traktora í vinnslu núna, sá elsti er frá árinu 1958. Tveir þeirra eru iðnaðartraktorar og eru traktorsgröfur. Þær ollu mikilli byltingu þegar þær komu til landsins og eru enn notaðar víða um land. Þær komu fyrst þegar verið var að efla hitaveiturnar í Reykjavík og menn höfðu því mikla vinnu á þessum tækjum. Þær hafa hins vegar verið að týna tölunni og því þykir okkur gott að hafa komist yfir þessar tvær vélar.



Vélarnar sem félagarnir hjá Jörva hafa gert upp eru um 20 talsins og eru margar þeirra til sýnis í myndarlegum sýningarsal Búvélasafnsins á Hvanneyri. MYNDIR/ BIRTA RÁN

Haukur segir að þeir sem þekki vel til Ferguson-vélanna geti auðveldlega nefnt hvaða árgerð vél er með því að líta á þær. „Á árunum 1954 til 1957 var Ferguson að sameinast Massey-Harris í Kanada og út frá því komu fram Massey Ferguson-vélarnar sem við þekkjum nú. Þetta gerðist smátt og smátt. Fyrst var útlitinu breytt en litnum haldið, en árið 1958 kom fram þessi rauða og gráa. Þetta voru þörfustu þjónar íslenskra bænda lengi vel. Enda kom það á daginn þegar Búvélasafnið gerði könnun á því hvaða vélar hefðu skipt mestu fyrir landbúnað hérlendis en þar voru Ferguson-dráttarvélarnar efstar á blaði.“

Haukur segir að vélarnar sem þeir félagar hafa gert upp séu eitthvað um 20 talsins. Aðspurður hvort einhver þeirra hafi verið eftirminnilegri segir hann erfitt að gera upp á milli því hvert verkefni hafi haft sína sérstöðu. „Margir nefna John Deere-vél sem var seld hér um 1948 og við höfum gert upp. Sú viðgerð þykir hafa heppnast einstaklega vel. Á þessum tíma voru framleiðendur farnir að fá hönnuði að gerð vélanna og voru þær því fallegri en áður. Það er sami hönnuður sem hannaði þessa John Deere-línu og hafði hannað Farmal-vélarnar sem einnig nutu vinsælda hér á landi, enda má sjá höfundareinkenni þó þarna séu á ferð óskyldir framleiðendur.“

Haukur hefur lengi haft áhuga á vinnuvélum og landbúnaðartækjum. „Ég hugsa að ég hafi fengið áhuga á vinnuvélum þegar ég var fjögurra ára gamall. Ég fylgdist af miklum áhuga með þeim sem unnu á vinnuvélum. Ég fór svo að starfa á vinnuvél vestur á fjörðum meðfram skóla ungur að árum en fór út í þennan rekstur 1978.“

Margir hafa sýnt þessum gömlu vélum áhuga. „Við höfum lagt okkur fram við að hafa öll smáatriði rétt því margir eru fróðir um þessar vélar og skoða þær grannt. Við höfum aðallega verið að kaupa parta að utan þó eitthvað finnist hér á landi líka. Við leggjum mikið í að gera þessar vélar vel upp og það má segja að það sé til heiðurs gömlum ýtustjórum og frumkvöðlum. Þessir menn unnu oft við býsna óblíðar aðstæður og það var mikið lagt á sig til að opna vegi til afskekktra byggða. Við viljum með þessu halda þeirra minningu á lofti.“

hnefill@frettabladid.is

Hardox plötur
Hönnun / Smíði / Viðgerðir / Þjónusta
Margföld ending og slitþol!
• Slitplötur í miklu úrvali
• Niðurefnun og efnissala
• Smíði úr Hardox
Á góðum járnum
HÉÐINN
Stórás 6 • IS-210 Garðabæ
Sími: 569 2100 • Fax: 569 2101 • www.hedinn.is

**Pace**
Á ÍSLANDI

Endurnýjunar- og
viðhaldskerfi fyrir þök



# Svo einföld getur lausnin á þakleka þínum verið



**Eins og regnhlíf ver Pace® þakvarnarkerfið þakið fyrir raka og ryði.** Hin teygjanlega, samskeytalausa gúmmíhúð er mikið hagkvæmari kostur en að skipta um þak. Sparaðu með Pace®.





Fáðu þakið metið
strax í dag þér að
kostnaðalausu

**696 7282**
pace@coat.is

**Pace umboðið:** Sími: 696 7282 · Fax: 517 9277 · pace@coat.is



Jón Gíslason, bóndi á Lundi í Lundarreykjadal, seldi Pólverjum tvær dráttarvélar á einu bretti. MYND/SKESSUHORN

# Zetorinn nýtur vinsælda

Pólverjar sem voru á ferð hér á landi nýverið hafa sýnt áhuga á að kaupa Zetor- og Ursus-dráttarvélar. Þetta kom fram í héraðsfréttablaðinu Skessuhorni í Borgarnesi nýverið. Þeir sem ferðast um landið vita að Zetor-dráttarvélar eru gríðarlega algengar og má sjá slíka gæðagripi á mörgum betri bæjum. Margar þeirra eru í góðu standi en aðrar þarfnast töluverða viðgerða.

Nú hefur hins vegar opnast alveg nýr markaður fyrir þá sem vilja verða sér út um smá pening fyrir gömlu dráttarvélina sína. Að því er fram kom í Skessuhorni voru Pólverjar á ferð í Reykjavík og sáu Zetor fyrir utan hús þar í bæ. Eigandinn var ekki heima við en haft var uppi á honum og var hann til í að selja Zetorinn sinn. Í kjölfarið fóru Pólverjarnir að leita að fleiri Zetor-dráttarvélum og einnig vélum af Ursus-gerð. Ástæðan er sú að þeir búa í nágrenni við Zetor-verksmiðjuna í Póllandi og fá varahluti og annan búnað til endurbóta og standsetningar á þessum vélum á lágu verði. Eftir að þeir hafa gert upp dráttarvélarnar eru þær svo seldar pólskum bændum sem líkar vel við Zetor- og Ursus-vélar.

Munu Pólverjarnir hafa gert víðreist um landið þegar þeir voru hér og heimsóttu meðal annars Akureyri og fleiri staði á Norðurlandi. Nú þegar munu einhverjir tugir véla hafa verið seldar úr landi en þeir sem hafa áhuga á sölu geta haft samband við Boguslaw Raut í síma 00 45 20494957.

*hnefill@frettabladid.is*



Zetora má finna á sveitabæjum víða um land í misgóðu ástandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/INGÓLFUR SIGFÚSSON


TAKTU RÉTTAN PÓL Í HÆÐINA

www.rs.is

Mikrofyn Laser ML-14i

Sjálfstillandi laser halla/hæðarmælir í láréttu og lóðréttu plani.






R. SIGMUNDSSON

ÁNANAUSTUM 1 | 101 REYKJAVÍK | SÍMI 520 0000


# Netið gefur ný viðskiptatækifæri

„Við erum mikið að flytja inn vagna af ýmsum stærðum og gerðum, allt frá litlum vögnum sem henta á golfvelli og upp í stóra vagna sem ætlaðir eru til jarðefnaflutnings," segir Baldur Þórir Gíslason sem rekur fyrirtækið Vagnheima. Ásamt vögnunum selja Vagnheimar haugsugur og skítadreifara.

Baldur sem er 25 ára gamall hefur lengi haft áhuga á viðskiptum. „Frænka mín og maðurinn hennar eru bændur og þau vantaði stóran skítadreifara. Þau báðu mig að aðstoða sig að komast í samband við fyrirtæki úti til að kaupa dreifarann og í framhaldinu kviknaði sú hugmynd að fá umboð hér á landi og hefja innflutning. Undirbúningurinn hefur staðið í nokkra mánuði og nú eru nokkrar vikur síðan við hófum sölu. Við tókum tæknina í okkar þjónustu og erum með vörulistann á netinu, en enga verslun. Þannig spörum við þann kostnað sem venjulega hlýst af yfirbyggingu og getum boðið ódýrari vöru og meira úrval. Við liggjum ekki með neinn lager hér, enda tekur afgreiðslan að utan mjög stuttan tíma. Fyrir vikið getum við boðið mun meira vöruúrval því við erum ekki takmarkaðir af því sem er á lagernum. Við erum að fara út fyrir þetta hefðbundna í vélasölunni. Við erum að byrja núna og reynum að gera vel við viðskiptavini okkar. "



Baldur segir að þeir sem hafa áhuga á að kynna sér það sem hann hefur að bjóða geti heimsótt vefinn www.vagnheimar.is

Baldur segir að hann hafi lært mikið um búskap á því að reka Vagnheima. „Ég hef ekki unnið við búskap en frænka mín og maður hennar eru með í rekstrinum. Það má því segja að þetta sé fjölskyldufyrirtæki." Auk þess að flytja inn búvörur rekur Baldur lítið útgerðarfyrirtæki ásamt föður sínum og hefur því í nógu að snúast.

*hnefill@frettabladid.is*



Arnarfell ehf · Sjafnarnesi 2 · 603 Akureyri · s: 460-7500 · www.arnarfell.is · arnarfell@arnarfell.is

# Verktakar

## í 20 ár

Verktakar
Steypusala
Efnisvinnsla
Jarðgangnagerð


Vegagerð í Kambanesskriðum


Flutningur brúarboga í Vatnsfelli


Vegagerð


Gerð Hörgárdalsvegar


Svæði Arnarfells ehf á Akureyri


Mölun í Bárðardal


Fnjóskárbrú


Steypt í Reykjadal


Snjóflóðagarðar í Neskaupsstað


Vegagerð í [illegible]


Jarðgangnagerð


Steypt á Akureyri


Jarðgangnagerð í Hraunveitum

1984
1985
1986
1987
1988
1989
1990
1991
1992
1993
1994
1995
1996
1997
1998
1999
2000
2001
2002
2003
2004
2005
2006
2007
2008
2009




Magnús Guðmundsson hjá Vinnueftirlitinu segir eftirlitsstarfið vera fjölbreytt því tækin sem skoðuð eru séu af ýmsum stærðum og gerðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gæta að öryggi í fjölbreyttri flóru vinnuvéla

„Við förum í fyrirtæki og á þau svæði þar sem verið er að vinna á vinnuvélum. Vinnueftirlitið sér um eftirlit með öryggisþáttum vinnuvéla sem eru notaðar og fluttar inn til landsins,“ segir Magnús Guðmundsson hjá Vinnueftirlitinu. Þetta geta verið fyrirtæki þar sem verið er að nota lyftara, jarðvinnuvélar, krana og jafnvel skíðalyftur svo fátt eitt sé nefnt. Eftirlitið fer alltaf fram þar sem tækin eru í notkun.“

Magnús segir að þessu fylgi mikil ferðalög. „Þetta er skemmtilegt og fjölbreytt starf. Við förum víða og skoðum ótal gerðir af vinnuvélum. Til dæmis hefur verið talsvert að gera austur á landi vegna framkvæmda við Kárahnjúka og á Reyðarfirði. Mér eru minnisstæðir borarnir á Kárahnjúkum, sem eru með stærstu tækjum sem við höfum skráð og skoðað.“

Öryggismál og aðbúnaður stjórnenda eru þeir þættir sem Magnús segir að Vinnueftirlitið skoði vel. „Þá erum við að skoða slit á vélum og hvort eitthvað sé líklegt til að valda hættu. Öryggi og góður aðbúnaður skiptir miklu og með því að fylgjast vel með má forða slysum.“ *hnefill@frettabladid.is*

# Vinnur gegn svifrykinu

**Íslenska gámafélagið tók nýverið við sópun á götum í stórum hluta Reykjavíkurborgar. Af því tilefni var keyptur til landsins nýr sópur sem er sá stærsti sem notaður hefur verið hérlendis.**

„Við fengum nýja sópinn í byrjun mars, þegar við tókum við stórum hluta af götusópun fyrir Reykjavíkurborg og munum meðal annars nota þennan sóp í það,“ segir Halla F. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Íslenska gámafélagsins.

„Við erum með fjölda annarra tækja í þessari sópun líka, en þessi mun koma að góðum notum, enda er afkastageta hans mikil og hann þrífur mjög vel. Það fer eftir því hversu mikil drulla og ryk er á götunum hversu hratt sópurinn kemst yfir en hann er töluvert afkastameiri en þeir sópar sem notaðir hafa verið hér á landi hingað til. Þá vinnur þessi sópur vel á svifryki, en hann háþrýstiþvær göturnar og er með sugu aftan á sér sem sýgur upp alla drullu. Það er nánast hægt að labba á sokkunum um göturnar þegar sópurinn hefur farið um.“

Halla segir að Íslenska gámafélagið hafi verið í götusópun um nokkurt skeið og að verkefnum á því sviði fjölgi mjög núna. „Við höfum verið að herja á þennan markað meira en áður.“ *hnefill@frettabladid.is*




Halla F. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri markaðssviðs Íslenska gámafélagsins segir sópinn þann stærsta sem fluttur hefur verið hingað til lands og hann gagnist vel í baráttunni við svifrykið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



# GOTT ÚRVAL
## AF GÓÐUM RENNIBEKKJUM
### ALLAR STÆRÐIR

**Rennibekkur
Basic 150 Super**

- 1000 mm milli odda
- 356 mm hæð yfir sleða
- 3ja ása aflestrarbúnaður
- 3ja arma patróna 160 mm
- 4ra arma klóplan 200 mm
- 320 mm festiplata
- Kælikerfi
- Föst brilla
- Færanleg brilla



**Hraðskipti stálabúnaðar**



**FRÁBÆRT VERÐ**




Fyrir ál og stál
Fyrir ryðfría og fluxfyllta víra 0,6 -1,0mm
Fyrir 230V og rafstöðvar
Þyngd aðeins 9,4 og 9,8 kíló

# NÝR
## STÁLSÉRFRÆÐINGUR
**- MIG fyrir þig og mig -**

Nú er rafsuða loksins orðin miklu auðveldari
Létt ferða -MIG- vél fyrir atvinnumanninn og þig.
Bara stilla efnisþykkt í millimetrum og taka í gikkinn,
vélin sér um restina.

100 METRA framlengingarsnúrur
eru EKKERT MÁL

**ALVÖRU KEMPPI GÆÐI !**

100% KEMPPI

STOFNAÐ ÁRIÐ 1978
ístækni ehf.
VÉLAR-TÆKI-VERKFÆRI

Nethyl 2 sími: 510 9100 www.istaekni.is istaekni@istaekni.is

KNUTH

Grafika 03/07

# Rúmgóður hávaðaseggur

**REYNSLUAKSTUR**

**Það er ekkert sem er sérstaklega heillandi við tveggja sæta sendibílinn Renault Kangoo. Að því sögðu státar þessi smái sendibíll af öllu því helsta sem þarfasti þjónn iðnaðarmannsins getur mögulega stært sig af, sérstaklega þegar kemur að aukabúnaði.**

Berstrípuð staðalútgáfa bílsins er frekar leiðinleg. Hún er beinskipt, og ekki gert ráð fyrir að koma þar fyrir farmi sem er lengri en tveir og hálfur metri.

Hin ríkulega útbúna dísilbifreið sem er prófuð er betri. 1,6 lítra vélin kippir duglega í og það kom í raun á óvart hversu viðbragðsgóður bíllinn er.

Af aukabúnaði má sérstaklega nefna lofthlera við afturdyr bílsins þar sem stinga má út óvenjulöngum farmi eins og rafmagnsrörum, gólflistum og þess háttar. Hilla er fyrir ofan sólskyggnin við framrúðuna og má þar skorða farm eða geyma þar litla verkfærakassa eða lítil vinnutæki.

Þá er innbyggður geislaspilari með útvarpi í þessari útgáfu bílsins auk fjarstýringar við stýrið. Ekki fór þó mikið fyrir hljómgæðum í græjunum og vantaði þar helst upp á bæði bassa og miðju.

**ÓSKÖP VENJULEG INNRÉTTING**

Innréttingin í bílnum gæti ekki verið minna spennandi. Hér er notagildið fyrst og fremst látið njóta sín og augunum er betur beint út um framrúðuna. Tvö geymslurými eru fyrir framan farþegasætið, annað minna með loki, passlegt fyrir lykla og annað sem þarf að fela, og fyrir neðan er stærra rými. Þar mátti finna handbækur bílsins sem eru á ensku en annars skýrar og góðar, sérstaklega lítill samantektarbæklingur um allar helstu stillingar í mælaborði og sætum.

Sætin tvö í bílnum eru rúmgóð og eiga breiðari bílstjórar ekki erfitt með að koma sér fyrir. Fyrir aftan sætin er öryggisgrind. Hana má opna að fullu farþegamegin þannig að hægt sé að leggja farþegasætið niður, og er það þá samliggjandi með afturrýminu. Afturrýmið er afar rúmgott, þar er hátt til lofts, og í gólfi eru fjórar festingar sem hindra að farmurinn renni til.

Bílbeltin eru þægileg og þau má stilla eftir hæð og lögun bílstjóra og farþega. Með sérstöku kerfi sem Renault hefur þróað eru bílbeltin samstillt við loftpúða til að hindra að farþegi og ökumaður



Renault Kangoo lítur vel út að utan á meðan innréttingin er frekar sviplaus. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Við stýrið er fjarstýring fyrir útvarpið.



Farmrými bílsins er afar rúmgott.

fari á flug við árekstur. Loftpúði fyrir farþega er aukabúnaður.

**ÓTRÚLEGUR HÁVAÐI**

Renault Kangoo er léttur í akstri. Stýrið svarar sérstaklega vel og þyngdarpunktur bílsins er mjög neðarlega sem gerir allar beygjur þrautalausar. Sjálfskipting bílsins reyndist góð en skipting úr fyrsta gír í annan olli því oftar en einu sinni að bíllinn kipptist til. Bremsurnar voru óaðfinnanlegar.

Tveir gallar standa upp úr. Nærri óbærilegur hávaði er inni í bílnum sem stafar líklega af afskaplega lélegri einangrun. Blaðamaður fékk hreinlega hellu fyrir eyrun eftir stuttan tíma undir stýri.

Hitt er að ómögulegt er að bakka bílnum út úr stæði þar sem útsýni aftur fyrir bílinn er nánast ekkert og baksýnisspeglar hjálpa lítið til.

Fyrir 1.670.000 krónur má hér fá sæmilegan framhjóladrifinn sendibíl fyrir iðnaðarmenn. Fyrir tæpar tvær milljónir fæst fjórhjóladrifinn vinnuþjarkur með allt sem iðnaðarmann eða sendil getur dreymt um.

*abogason@frettabladid.is*

**RENAULT KANGOO**

**Vél:** 1,6 L / 96 hö
**Burðargeta:** 625 kg.
**Farmrými:** 2,75 m²

**Plús:**
Sérstaklega rúmgóður
Kraftmikill
Þægilegur í akstri

**Mínus:**
Hávaðasamur
Óspennandi innrétting

**Verð frá:** 1.670.000
**Verð prufubíls:** 1.840.000




SKF
... ekki bara legur !!
DRIFKEÐJUR
VERKFÆRI
REIMAR
ÁSTENGI
TANNHJÓL
REIMSKÍFUR
KLEMM-
FÓÐRINGAR
LANDVÉLAR
Smiðjuvegi 66 - 200 Kópavogi
www.landvelar.is S. 580 5800
STRAUMRÁS
Furuvellir 3 - 600 Akueyri - S. 461 2288






Þessa mynd tók Ásgeir Long í Krýsuvík sumarið 1955 af Oliver 80 Standard dráttarvél, árgerð1947. Hún var þá sú stærsta og öflugasta, tvö og hálft tonn að þyngd og 38 hestöfl. Á vélinni eru ein af fyrstu moksturstækjunum sem til landsins komu árið 1947.

# Margar gamlar vélar eiga sér merka sögu

**Þóroddur Már Árnason hefur um nokkurt skeið safnað heimildum um sögu vinnuvéla á Íslandi. Hann segir áhuga sinn hafa kviknað þegar hann sá jarðýtu í fyrsta sinn um miðja síðustu öld og síðan þá hafi vinnuvélar og landbúnaðartæki verið eitt af hans helstu áhugamálum.**

„Ég fékk áhuga á vinnuvélum ungur að árum. Það var þegar ég sá jarðýtu í fyrsta skipti. Það var stórkostlegt að sjá þær og heyra skröltið í glansandi beltunum. Þetta hefur verið upp úr 1950 og síðan þá hef ég haft mikinn áhuga á vinnuvélum og gömlum bílum,“ segir Þóroddur Már Árnason, sem hefur um nokkurt skeið safnað heimildum um vinnuvélar hér á landi.

„17 ára gamall var ég farinn að vinna á gröfu og síðan á jarðýtu og var meðal annarra verkefna að vinna við lagningu vatnsveitu í Borgarfirði. Ég fór svo suður þegar ég var 19 ára og fór að læra vélvirkjun og var í því í 40 ár. Ég hef alla tíð haft áhuga á vinnuvélum og þá sérstaklega landbúnaðartækjum.“

Þóroddur segir skráningarvinnuna hafa undið upp á sig með árunum. „Bróðir minn s em nú er látinn safnaði gömlum dráttarvélum og ég var með honum í því og í framhaldi af því fór ég að safna heimildum um elstu traktorana sem komu hingað til lands í kringum 1930. Þetta varð svo að áhugamáli og ég hef safnað saman nokkrum fróðleik um sögu landbúnaðar- og vinnuvéla hér á landi. Það er þó eflaust margt sem maður á eftir að komast að. Ég hef talað við fjölda manna sem margir hverjir eru fallnir frá og heyrt margar sögur af vélum. Þá hef ég lesið mér til í ýmiss konar ritum og skoðað töluvert af gömlum innflutningsskrám. Þá skrifaði Árni G. Eylands mikið um landbúnaðartækni. Bækur hans Búvélar og Ræktun sem út kom 1950 og Skurðgröfur Vélasjóðs eru mikil fróðleikur um þessi efni, þessi rit hans hafa komið að góðum notum.“

Þóroddur segist hafa lítinn áhuga á nýjum vélum, hans áhugi sé frekar á sögunni og gömlu vélunum. „Þessar gömlu vélar voru geysileg bylting á sínum tíma. Fólk var að kynnast alveg nýjum vinnubrögðum um 1930 þegar fyrstu vélarnar voru að koma. Þetta olli byltingu í bæði landbúnaði og vegagerð svo eitthvað sé nefnt. Á stríðsárunum var líka mikill uppgangur og mikið var eftir af vélum eftir stríð.“

Þóroddur segist ekki hafa ákveðið hvernig hann muni koma þessari söguskoðun sinni á framfæri en hann útilokar ekki að afraksturinn gæti komið út á bók.

*hnefill@frettabladid.is*






# Góðar merkingar eru fljótar að borga sig

„Merkingar á bílum og vinnuvélum er gríðarlega áhrifarík auglýsing sem endist vel,“ segir Jóhannes F. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Merkingar. Hann segir fyrirtæki og verktaka almennt duglega að merkja vinnuvélar og bíla sína.

„Algengast er að fyrirtæki láti merkja vinnuvélar með nafni, símanúmeri og oft heimasíðu. Bílamerkingarnar eru fjölbreyttari, allt frá merkjum á hurðir upp í að heilklæða bílana. Það er ekki á færi hvers sem er að heilklæða bíl. Fyrir utan handbragðið er margt annað sem þarf að huga að, t.d. hvernig filma er sett á bílinn og við hvernig aðstæður á að nota tækið. Það eru tvenns konar merkingar í gangi, annars vegar er prentað og hins vegar skorið í filmu. Það er mikil reynsla hjá Merkingu, enda er fyrirtækið 30 ára gamalt. Við erum að merkja um 200 bíla hér ár hvert.“

Jóhannes segir góðar merkingar vera ódýra og áhrifaríka auglýsingu. „Þetta er besta leiðin til að koma sér á framfæri. Verktaki sem er með ómerkt tæki er ekki eins líklegur til að fá verkefni frá þeim sem sjá til hans á vinnusvæðum. Þar eru líka oft þeir sem þurfa mikið á þess háttar þjónustu að halda. Merkingarnar höfða oftast til rétta markhópsins.“ -öhö


**Jóhannes F. Jóhannesson, framkvæmdastjóri Merkingar, segir fyrirtæki hérlendis almennt dugleg að merkja vinnutæki sín.**









Kannaðu aðstæður. Vinnuaðstöðunni hefur verið breytt til hins betra í nýjum Transit.


Reyndu nýju vélina í Transit: 2,2 l dísil Duratorq TDCi.

Verð frá 2.032.000 kr. án vsk*.
Kynntu þér nýja og sérstaka þjónustu Atvinnubíla Ford hjá Brimborg.




Bílablaðamenn 19 landa Evrópu velja Ford Transit sendibíl ársins 2007

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

* Verð í auglýsingunni er án virðisaukaskatts. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd af Transit er samlitur á stuðara og grilli, heilkoppar og þokuljós í framstuðara. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Vinnuvélar oft skemmtilegt mótíf



**Á vefsíðunni flickr.com** má skoða myndir frá mörgum íslenskum ljósmyndurum, bæði þeim sem hafa ljósmyndun að atvinnu og einnig þeim sem hafa bara einskæran áhuga á að taka myndir af því sem fyrir augu ber.

Töluvert er þar af myndum af vinnuvélum, enda eru þær bæði víða sjáanlegar hér á landi en einnig vegna þess að þær eru oft á tíðum gott myndefni. Vinnuvélar eru stórar og öflugar og myndir af vinnuvélum eru oftast mjög sterkar myndir. Þá eru vinnuvélar oftast í áberandi litum sem gaman er að festa á filmu.

Hér eru nokkrar þeirra vinnuvélamynda sem gefur að líta á vefsíðunni. *- öhö*

**LJÓSMYNDARARNIR**

1 **Sindri Snær S. Leifsson** fæddur 1988
Canon EOS 30D | www.flickr.com/photos/sindris

2 **Trausti Dagsson** fæddur 1980
Canon EOS 300D | www.flickr.com/photos/traustid

3 **Pála Dagný Guðnadóttir** fædd 1989
Canon PowerShot A430 | www.flickr.com/photos/folkerfifl

4 **Örlygur Hnefill Örlygsson** fæddur 1983
Canon EOS 350D | www.flickr.com/photos/hnefill

*Mynd á forsíðu:*

F **Birta Rán Björgvinsdóttir** fædd 1992
Canon EOS 350D | www.flickr.com/photos/birtarnb











# Vökvadælur
# Vökvamótorar
# Stjórnbúnaður

SAUER DANFOSS
*What really matters is inside*

**Danfoss hf** Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is







www.volkswagen.is




# Caddy – góður vinnufélagi

Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og vinnuaðstöðu fyrir bílstjórann. Caddy er með hleðsluhurðir báðum megin og tvöfalda afturhurð. Stigalúga að aftan er staðalbúnaður. Heildarflutningsrýmið er 3,2 m³. Bíllinn er afar vel búinn: ASR spólvörn, ABS hemlalæsivörn og hljómflutningstæki með geislaspilara er staðalbúnaður. Fjöldi véla í boði: 1,4 l bensín 80 hö., 1,6 l bensín 102 hö., 2,0 l SDI 70 hö., 1,9 l TDI® 105 hö. (fáanlegur með sjálfskiptingu) og 2,0 l EcoFuel 109 hö.

**Verð frá 1.810.000 kr.** með vsk
**eða 28.970 kr. á mánuði***

* Miðað við bílasamning SP til 60 mánaða og 20% útborgun.

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 | HEKLA, Laugavegi 172-174, sími 590 5000 www.hekla.is, hekla@hekla.is



# 130 m á hæð

*„GP kranar eiga á annan tug bílakrana af öllum stærðum og gerðum. Við eigum að baki langa og farsæla vinnu fyrir fjölda fyrirtækja á Íslandi og þegar við þurfum fjármögnun er Lýsing það fyrirtæki sem besta þjónustu veitir. Starfsfólk Lýsingar sinnir þörfum viðskiptavina sinna."*

**Gunnþór Kristjánsson forstjóri, GP krana**

Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsniðin að þörfum hvers og eins.

**Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Gæði á góðu verði Daewoo lyftarar



Partur-Spyrnan-Lyftarar • Eldshöfða 10 • 110 Reykjavík • Sími: 585-2500 • Fax: 567-9557









Vélar & tæki




ÚRVAL VINNUVÉLA OG TÆKJA

Þegar fjárfesta á í vinnuvélum er ómetanlegt að sérfróðir fagaðilar séu með í ráðum. Við hjá MEST fylgjum viðskiptavinum okkar alla leið og veitum honum alhliða fagþjónustu og tækniráðgjöf varðandi vinnuvélarnar okkar. Hjá MEST fæst mikið úrval véla og tækja, þar á meðal Bomag, Liebherr og Yanmar vinnuvélar.

Láttu þaulreynt fagfólk aðstoða þig.

Hafðu samband við söludeild véla & tækja að Malarhöfða 10
í síma 440 0540 og aflaðu þér upplýsinga.

mest
– allt til bygginga



*Ert þú leið(ur) á*
*að skipta um perur?*



DÍÓÐULJÓSIN FRÁ OKKUR ERU:



ORKUSPARANDI
ÓBRJÓTANDI
10.000 KLST. ÁBYRGÐ
PASSA FYRIR ALLAR
GERÐIR VÖRU- OG
FLUTNINGABÍLA

TRUCK - LITE
Ljósasamlokurnar frá okkur eru:
ÓBRJÓTANDI
HÖGGÞOLNAR
ENDAST OG ENDAST

et EHF VERSLUN
Klettagarðar 11, 104 Reykjavík
Sími 568 1580 • Fax 568 0844



*Ljósin frá okkur geta lýst leið þína lengi lengi ...*




John Boyce líkar vel að vinna í Bobcat þegar kalt er í veðri. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Meðhjálpari garðyrkjumannsins

Í garðyrkjubransanum eru Bobcat-vinnuvélar, eða svokallaðir Bobbar, mikilvæg tól til að auka afköst. Bobcat-vélar draga nafn sitt af norður-amerískum villiketti og eiga það sameiginlegt með því dýri að vera sterkar, liprar og snöggar. John Boyce frá Írlandi hefur kynnst þessum vélum í sinni vinnu.

„Bobbinn er líklega einfaldasta nútíma farartækið sem maður getur stýrt. Maður þarf bara að læra á afturábak- og áframpedalana til að keyra um. Það besta er samt drifið; fram- og afturdekk snúast jafnt hvort á sinni hliðinni, sem gerir vélinni kleift að snúa sér á staðnum,“ segir John, sem lenti í garðyrkjubransanum af því honum leiddist kennsla og lág laun. En er ekki kalt að vinna úti í íslenskri vetrarveðráttu? „Vissulega, en Bobbinn er huggun harmi gegn. Hann veitir manni skjól gegn veðrum og vindum. Stýrishúsinu getur maður lokað á öllum hliðum og hitinn frá dísilvélinni er nægur til að hita upp þetta litla rými. Þar sem við eigum bara þennan eina úr sér gengna Bobba, getur stundum komið upp ágreiningur á milli mín og samstarfsfélaganna í sérstaklega vondum veðrum,“ segir John og lítur sposkur til vinnufélaga sinna. „En við erum nógu þroskaðir til að glíma ekki um þetta líkamlega, lendum í mesta lagi í orðaskaki. Ég er ekki frá því að það að stjórna þessari Bobcat-vél höfði til djúpstæðrar þarfar karlmannsins til að sigrast jafnvel á hinum frumstæðustu iðnaðarvélum. Annars viðurkenni ég að Biggi félagi minn hérna er langbestur, maður getur ekki annað en dáðst að því hvernig hann til dæmis sléttir fullkomlega úr sandhrúgu með þessu klunnalega apparati. Enda er hann líka kallaður Biggi Bobbi.“

*- nrg*


Fiat Ducato
Kraftur og rými!
Bíll á mynd:
Frábært verð: 3.340 þús. (m.vsk)
15m³ – 2,3 lítra vél – 120 hestöfl.
• Mikið rými. 8–17 m³.
• Kraftur. 2,2–3,0 lítrar, 100–157 hestöfl.
• Akstursegiginleikar. Framhjóladrifinn með spólvörn.
• Þægindi. Einstök hönnun á mælaborði og stýrishúsi ásamt auka olíumiðstöð með tímastilli.
• Fjölbreytni. Fáanlegur sem pallbíll, rúta og sendibíll.
Þjónusta alla leið!
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.
Fiat Ducato
Fiat Scudo
Fiat Dobló
Fiat Multipla
Fiat Punto
Fiat Panda
Fiat Croma
Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati
Opið:
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16
SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is
PIPAR • SÍA • 70531

# Apríltilboð

## Pakkatilboð

**Þrjár vélar**

### Borhamar SDS

SDS+ 22mm Meitl. 600w
94D25002K

### Slípirokkur

Léttur og góður 1100w rokkur, f/125mm skífur
94D28134

### Hleðsluborvél 12V

Einföld og góð 12V borvél, 2*1, 3Ah rafhl.
94DC740KA

Verð áður 47.900

27.229 án vsk.

**33.900** m. vsk.

### Bor og brothamar sds MAX
94D25600K

45mm
10,2J 1150W

46.506 án vsk.
**57.900** m. vsk.

### Naglabyssa
94D51845

90mm 20°, 2,9-3, 8mm, 6,9bar, 101,7Nm 2/L

40.080 án vsk.
**49.900** m. vsk.

### Naglar 20°
94DT996*

Heitgalv m/haus 18g, stærðir: 50,63,75 & 90mm

**30% afsl.**

### Hnífur DeWalt
94RDW186

474 án vsk.
**590** m. vsk.

### Meitlasett
94SDSMAXSET

SDS Max Meitlasett

3.936 án vsk.
**4.900** m. vsk.

### Hanskar
94DC4100XL

Góðir vinnuvetlingar frá DeWalt, stærðir S til XL

554 án vsk.
**690** m. vsk.

### Heyrnaskjól
94RDW173

Frábært heyrnaskjól með útvarpi. Sjálfl. stöðvaleit.

9.558 án vsk.
**11.900** m. vsk.

### Verkfærasett
94DT9296

Gott sett með 90 hlutum

5.542 án vsk.
**6.900** m. vsk.

## Nýjar vörur frá DEWALT

### Hleðsluborvél 36V
36 VOLT
94DC900KLQW

Sú öflugasta, með höggi, 750W, 2xLi-Ion 2.2 Ah

72.209 án vsk.
**89.900** m. vsk.

### Hersluvél 36V
36 VOLT
94DC800KLQW

Góð 1/2" hersluvél, 440Nm, 3,4kg, 2xLi-Ion 2.2 Ah

79.438 án vsk.
**98.900** m. vsk.

### Lofthöggborvél SDS+ 36V
36 VOLT
94DC234KL

Frábær SDS+ höggvél með meitlun, 0-4300 högg á min, 2xLi-Ion 2.2 Ah

76.225 án vsk.
**94.900** m. vsk.

### Hjólsög 36V
36 VOLT
94DC300KLQW

Sterkbyggð hjólsög. 4000 sn/min, 184mm blað, 2xLi-Ion 2.2 Ah.

80.241 án vsk.
**99.900** m. vsk.

### Brothamar 31kg
94D25980K

Öflugur 31kg brothamar. Kemur með vagni + 1 fleyg, 2000w 68j

225.622 án vsk.
**280.900** m. vsk.

### Lófahamar
94D51180

Lófahamar, með leðurhaldi. Neglir 19 til 83mm nagla

36.064 án vsk.
**44.900** m. vsk.

### Um 36V rafhlöðuna.
36 VOLT Li-Ion

- Ör-fosfat lithíum rafhlöður frá DeWalt
- Ganga 2-3x lengur miðað við hefðbundnar 18V rafhlöður.
- Létt hönnun. 1.kg - sama þyngd og 18V rafhlaðan

Tilboð gilda til 30. apríl.

**SINDRI**

Klettagarðar 12 Sími: 575 0000 www.sindri.is
Strandgötu 75 Hafnarfirði - Draupnisgötu 2 Akureyri - Viðarhöfða 6 Reykjavík

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir innsiglaðar í plasti á brettum. Starfað í 20 ár. Geymt í vöktuðu og upphituðu húsnæði. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Húsaviðhald

567 7570 · 892 7544
SÖGUN · BORUN
BROT
BORTÆKNI
BEKKING · REYNSLA
www.bortaekni.is
STEYPUSÖGUN
KJARNABORUN
MÚRBROT
567-7570

VIÐHALDSVIRKNI
Málarameistarar, múrarar og smiðir sem sérhæfa sig í öllu sem viðkemur viðhaldi fasteigna, svo sem málun utan sem innan og sandspörtlun. Steypu-múr, uppsteypu, sprungu og múrviðgerðum. Tröppu-viðgerðir, flísalagnir sem og margt fleira. Höfum áralanga reynslu
http://www.vidhaldsvirkni.is
virkni@vidhaldsvirkni.is
Viðhaldsvirkni.ehf
Eyrartröð 3 Hafnarfirði
S. 517-0117 GSM 661-0117

Demantsdiskar og sagarblöð frá DIMO
DIMO DIAMOND PRODUCTS
FRÁBÆRT VERÐ
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 - Sími: 544-5470

HÚSAVIÐHALD
Getum bætt við okkur verkefnum í málningarvinnu, flísalögnum og fl.
Vönduð vinna.
HG viðhaldsþjónusta
Nánari upplýsingar í síma 695 4661 & 892 2752.

**Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja**
Sjáum um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

**Flísalögn, múrvinna, málun, smíði...**
Viltu nýtt baðherbergi, eldhús eða breytingar innanhúss kláraðar. Iðnaðarmannateymi tekur að sér verkefni, smá og stór. Erum röskir og þrífum eftir okkur. www.husverk.is - S. 699 5678.

**B.F.K.Ó**
Byggingafélag. Öll allmenn smíðavinna kol@byggingastjori.is Gsm 893 9722. Ekkert verk of lítið og ekkert verk of stórt.

**Verkfag ehf**
Tökum að okkur allt viðhald húsa, s.s múrun, málun, flotun, glerjun og blikk og fl. Utan sem innan. Uppl. í s. 690 9855.

## Stífluþjónusta

Stíflulosun Röramyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S. 892 7260 & 567 0530.

Stífluþjónustan ehf
S.5542255: 8965800
Stíflulosun-Röramyndun
www.stiflutjonustan.is

## Tölvur

**Vandaðar tölvuviðgerðir**
Kem á staðinn og geri við. Viðurkenndur af Microsoft. 11 ára reynsla. Ríkharður - Miðnet ehf. S. 615 2000.

## Spádómar

ALSPÁ
Miðlun, draumar, ráðgjöf,Heilun, fyrirbænir, NLP, Símaspá, einkatímar og m.fl.
445 5000
FINN TÝNDA MUNI
VISA EURO MASTERS

HANNA S. 555 2927
SÍMASPÁ
TAROT
DRAUMAR
FYRIRBÆNIR
ER VIÐ 12-24
VISA / EURO

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Bella.is
Spilaspá. Tarot. Draumar. Ráðgjöf. Fyrirbænir.
Kl. 18 - 24 virka daga.
5 67 07 57 - VISA/EURO

Englaljós s. 863 1987
Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina?
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Trúnaður
Er við alla daga frá 09 f.hád. til 02 eftir miðnætti
Lára spámiðill s. 908 5050. VISA/EURO

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristallaila með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

Spennandi tími fram undan? Spák. YrsaBjörg í beinu samb. Símaspá, draumaráðn. heilun. S. 908 6414(199 mín.). Visa/Euro s. 553 5395 (160 mín.) Símatími 10-24. Hringdu núna!

Kristjana spámiðill tekur fólk í einkatíma. Þeir sem til mín vilja leita pantið tíma í s. 554 5266 & 695 4303.

**Spásíminn 846 6364**
Hringdu núna.

**Spákona**
Spái í spil og bolla, ræð drauma. Tímapantanir í s. 891 8727, Stella.

Allar smáauglýsingar einnig frítt í viku á visir.is
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

Aðeins löggiltir rafverktakar mega taka að sér vinnu við raflagnir
sart
www.sart.is

## Trésmíði

Járnbendingar. Getum aukið við okkur verkefnum járnabindingum, vönduð vinnubrögð uppl. í síma 6982261

## Önnur þjónusta

Slides og Ljósmyndir á CD-DVD
skönnun á slides og ljósmyndum á diska
JENNAFILM
Jens K. Þorsteinsson s. 896 2785

**Pípulagnir**
**Tek að mér viðhald á pípulögnum, hreinlætistækjum, baðherbergjum og ofnalögnum. S. 663 2572.**

# HEILSA

## Heilsuvörur

ShapeWorks
www.bergrun.is
Fyrir Eftir
Ég breytti um lífstíl!
Hvað með þig??
Uppl. í s. 861 5512

Taktu málin... í þínar hendur
Ekki bíða lengur!
Tók svo ákvörðun...
Veðjaði á Herbalife...
S:8924284

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Léttara líf með Herbalife! Kaupauki og árangurstengd verðlaun. S.868 4884 og 892 8463 www.lettaralif.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife, skynsamleg næring fyrir alla. Uppl. www.dagamunur.is og í s. 891 8902.

## Nudd

Viltu nudd ? Páskatilboð í gangi. Hafðu samband í síma 869 6914.

Komdu í nudd. Uppl. í s. 662 0841.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Yfir 150.000 gestir daglega.
Stórmarkaður í stofunni heima.

## Snyrting

Dekurhús didrix
Tattoo.....
Fyrir tattoo
Eftir Tattoo
Fyrir tattoo
Eftir tattoo
Augnháralengingar
www.didrix.is
s:5618677

Dekurhús didrix
Augnháralengingar
Tattoo
Litun og plokkun
S:561 8677

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Sjókayak námskeið fyrir byrjendur helgina 13.-15.apríl. Sjá nánar á www.seakayakiceland.com

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# TIL SÖLU

Sumarhúsalóðir við Sogið
www.101grimsnes.is
Eignalóðir á besta stað í Grímsnesi.
Valtýr 898 0801
BÚGARÐUR EHF

MARÁS
Dísel og Bensín rafstöðvar frá SDMO.
Akralind 2, 201 Kópavogur, sími 555 6444.

allt bílar
Alla laugardaga

**Prikið auglýsir.**
**Vantar starfsfólk sem fyrst við afgreiðslustörf. Góð laun í boði fyrir rétt fólk. Áhugasamir hafi samband í s. 662 8474, Gugga.**

**Sportvöruverslun**
**Fjölsport Hafnarfirði óskar eftir að ráða í 65% starf. Umsækjandi þarf að vera reyklaus og geta hafið störf sem fyrst. Einnig vantar okkur sumarafleysingafólk. Áhugasamir sendi uppl. um nafn, aldur, menntun og fyrri störf á fjolsport@fjolsport.is**

**Leikskólinn Blásalir, Árbæ**
**Leikskólakennara/leiðbeinanda vantar í 100% starf. Um er að ræða framtíðarstarf. Uppl. veitir Margrét leikskólastjóri í s. 557 5720 & 693 9862.**

**Smurbrauð / Brauðbær**
**Starfsmaður óskast við smurbrauðsgerð og aðstoð við morgunverð á Hótel Óðinsvé. Bæði fullt starf og hlutastarf. Uppl. gefur Oddrún í s. 511 6200.**

**Bílasala í Reykjavík óskar eftir sölumanni til starfa sem fyrst. æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af sölustörfum, en þó ekki skilyrði. uppl sendist á umsokn@skipulag.com**

**Starfsfólk óskast**
Óskum eftir duglegu starfsfólki í almenn garðyrkjustörf. Einnig laust hlutastarf í sölumennsku. S. 862 8618, Magnús.

Getum bætt við okkur starfsfólki á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin s. 462 3002 & 471 2002.

Au pair Englandi. Íslensk læknahjón óska eftir barngóðri stúlku, 19 eða eldri, til að gæta 18 mán drengs. Uppl í s. 00441922746723 eða DrMatthildur@msn.com.

Skipstjóra vantar á 30 tonna bát sem rær frá Sandgerði. Uppl. í s. 897 0760 & 892 7786.

Lagerstarf og útkeyrsla - sumarafleysingar Heildsala í Garðabæ óskar eftir að ráða starfsmann á lager. Vinnutími 8-16 virka daga + einhver yfirvinna þegar þörf er á. Áhugasamir sendi upplýsingar á baldur@icewear.is Eða hafið samband í síma 555 7400.

**Öryggisgæslan ehf. óskar eftir starfsfólki**
Vegna mikilla anna vantar stundvíst og ábyrgt fólk í vinnu. Bæði karlmenn og kvenfólk á aldrinum 19-50 ára, í nætur-, kvöld- og helgarvinnu. Uppl. gefur Bjarki, s. 893 4273, e. kl 15:00.

Europris, verslanir óska eftir starfsfólki, 533 3360, Europris.

„Hittumst í hádeginu" Krydd & kavíar óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu frá maí til september. Vinna virka daga, fullt starf eða hlutastarf í einhverju mötuneyta okkar. Sjálfstæð vinnubrögð, góð laun. Umsóknir eða upplýsingar í s. 824 7731 eða senda fyrirspurn á www.kryddogkaviar.is

**Byggingavinna**
Óskum eftir að ráða aðstoðarmenn í byggingarvinnu í Hfj. Uppl. í s. 899 0909 eða 893 5114.

Óska eftir trésmið eða meistara sem getur tekið að sér verkstjórn í ungu fyrirtæki á uppleið. Allar uppl. í s. 616 1569.

KOFI TÓMASAR FRÆNDA óskar eftir starfsm. í fulla vinnu í dagv. einnig vantar okkur sumarstarfm í auka og fullavinnu.Uppl. á staðnum frá 10-16

Vantar mann vana járnabindingum. Uppl. í s. 865 0520.

**Blómaheildsalan Grænn Markaður ehf**
Óskar eftir að ráða hressan og hörkuduglegan starfsmann í afgreiðslu og nótuúskrift, reynsla af störfum með blóm æskileg en ekki skilyrði. Vinnutími 8.00 - 16.00 Umsóknir sendist á netfangið info@flora.is

**Blómaheildsalan Grænn Markaður ehf**
Óskar eftir að ráða hörkuduglegan lagermann. Sá sem sóst er eftir þarf að geta unnið sjálfstætt við ýmis verkefni sem tengjast vörumóttöku og lagerhaldi. Umsóknir sendist á netfangið info@flora.is

Trésmiður eða laghentur maður óskast þarf að geta unnið sjálfstætt og vera reyklaus. Sími 892 4624.

## Atvinna óskast

**Útvegum starfsfólk frá Póllandi og Portúgal**
**í eftirtalin störf : Smiði, Múrara, Pípara, Rafvirkja, Vélvirkja, Meiraprófsbílstjóra, Tækjastjórnendur, Verkamenn, Hjúkrunarfólk og önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda.**
**SAS Starfsmannaleigan. Uppl. gefur Sverrir í s:661-7000**

**INTJOB STARFSMANNALEIGA ÚTVEGAR FYRIRTÆKJUM ERLENDA IÐNVERKAMENN OG VERKAFÓLK**

Útvegum m.a.:
- Smiði
- Múrara
- Pípara
- Rafvirkja
- Vélvirkja
- Meiraprófsbílstjóra
- Tækjastjórnendur
- Verkamenn
- Hjúkrunarfólk
- Önnur störf samkvæmt óskum atvinnurekanda

INTJOB hefur verið starfrækt í þrjú ár með góðum árangri

Hafðu samband í síma 517 4530

INTJOB STARFSMANNALEIGA
Hagasmára 1, 201 Kópavogur, www.intjob.is

## Viðskiptatækifæri

Przyjme do pracy pomocnika ciesli nie palacy !!! 892 4624.

## TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

## Einkamál

**18plús.is**
**XXX samfélag Íslendinga á netinu**
**- birtu eigin myndir -**
**- skoðaðu myndir annarra -**
**ATH. að vefurinn hentar jafnt konum sem körlum.**

Maður fæddur '49 óskar eftir að kom-ast í kynni við konu á fertugsaldri. Áhugasamar sendi svör til Fbl. merkt „1000".

Galant '93, ek. 248 þús. Beinskiptur, nýskoðaður. 120 þús. stgr. Sími 898 7047.


# REYKJAVÍK SÍÐDEGIS
16-18.30 ALLA VIRKA DAGA Á BYLGJUNNI

HLUSTAR ÞÚ Á VINSÆLASTA SÍÐDEGISÞÁTT LANDSINS?

*Reykjavík síðdegis er vinsælasti síðdegisþáttur landsins samkvæmt nýjustu hlustendakönnun Capacent - Gallup.*

BYLGJAN 989
- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

GOTT FÓLK MCCANN



GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!



ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9, á bylgjan.is og Digital Íslandi.

# Fé án eigenda skilað til samfélagsins


MAGNÚS JÓHANNESSON

**UMRÆÐAN**
Styrktarsjóður Akks

Akkur, Styrktar- og menningarsjóður vélstjóra og vélfræðinga, úthlutaði hinn 24. mars sl. á sjöundu milljón króna til ýmissa verkefna. Akkur var stofnaður 7. október 2006 og er stofnfé hans, um 170 milljónir króna, fengið með sölu stofnbréfa í Sparisjóði vélstjóra. Gert er ráð fyrir að í framtíðinni hafi sjóðurinn um 8 milljónir króna til úthlutunar ár hvert miðað við núverandi ársávöxtun.

Sjóðurinn er nú í eigu VM, Félags vélstjóra og málmtæknimanna og er markmið og verkefni sjóðsins að styrkja m.a. rannsóknir og annað sem kemur vélstjórum og vélfræðingum til góða við nám og störf, til lands og sjávar auk þess að styrkja brautryðjenda- og þróunarstarf sem hefur samfélagslegt gildi sem og menningarstarfsemi og listsköpun. Þegar Sparisjóður vélstjóra var stofnaður árið 1961 var hann fyrstu árin til húsa í húsnæði Vélstjórafélags Íslands að Bárugötu 11 í Reykjavík og naut þá starfskrafta félagsins. Fyrir þetta hlutverk fékk Vélstjórafélagið til eignar 51 stofnbréf í sjóðnum sem síðar fjölgaði í 102 við fjölgun bréfanna. Öllum sem tóku þátt í stofnun sparisjóðs eða gerðust stofnfélagar var ljóst að þeir áttu ekki sparisjóðinn umfram það stofnfé sem þeir lögðu fram til að koma sjóðnum á laggirnar. Aldrei stóð til að menn högnuðust á þátttöku sinni umfram þann arð sem framlag þeirra skilaði og að þeir ættu það uppreiknað ef til slita á sjóðnum kæmi.

En tímarnir breytast og þegar stofnbréfin í sparisjóðunum urðu að markaðsvöru seldi félagið 101 bréf sem það fékk um 185 milljónir fyrir. Sú upphæð sem taldist umfram uppfært verð stofnbréfanna var talið án eiganda og því töldu forsvarsmenn Vélstjórafélagsins að skila bæri því aftur til samfélagsins. Stjórn Vélstjórafélags Íslands (nú VM, Félag vélstjóra og málmtæknimanna) ákvað því að láta þessa fjármuni renna í sjóð sem styrkir ýmis þjóðþrifamál og verkefni með samfélagslegt gildi. Fyrstu úthlutun úr sjóðnum er nú lokið. Alls bárust 16 umsóknir, samtals upp á tæpar tuttugu og tvær milljónir. Verkefnin sem hlutu styrk að þessu sinni eru margvísleg.

Þeir sem hlutu styrki að þessu sinni eru Iðntæknistofnun fyrir þekkingarmiðlun á alhliða framleiðnistýrðu viðhaldi, Ívar Valbergsson, vélfræðingur og framhaldsskólakennari til námsefnisgerðar fyrir framhaldsskóla í tæknileikni/tæknilæsi, Atli Viðar Bragason, sálfræðingur, til að kanna starfsánægju og starfsstreitu vélstjóra á stærri togskipum, Fjöltækniskóli Íslands til þróunar náms í viðhaldsstjórnun, þjóðháttadeild Þjóðminjasafns Íslands til að taka upplýsingaviðtöl við stál- og tréskipasmiði, Halaleikhópurinn til rekstur áhugaleikhúss fatlaðra og ófatlaðra og Gjóla ehf. kvikmyndagerð til að ljúka gerð fræðslumyndar um smíði súðbyrðings.

Því er ekki að neita að sjóðsstjórnin hefði gjarnan viljað sjá fleiri umsóknir til metnaðarfullra rannsókna- og nýsköpunarverkefna en sjóðurinn er nýr og líður sennilega fyrir það. Það er von okkar, stjórnarmanna, að fleiri og enn metnaðarfyllri umsóknir berist sjóðnum að ári liðnu.

*Höfundur er stjórnarformaður Akks.*

# Er ekkert að gera í grunnskólunum?


VALUR ÓSKARSSON

**UMRÆÐAN**
Grunnskólanám

Ég hef nokkrum sinnum séð blaðamenn vitna í skólastjóra Verzlunarskóla Íslands að undanförnu. Þar segir hann að sig hafi lengi grunað að grunnskólanemendur hafi of lítið að gera og þá sérstaklega í 8.-10. bekk. Í þessum orðum hans liggur sú staðhæfing að það geri ekkert til að stytta grunnskólann.

Þetta er auðvitað snjallt herbragð, því menntamálaráðherra var nokkuð ákveðinn í því að stytta framhaldsnám og það átti að gera með því að fækka árum framhaldsskólans úr fjórum í þrjú. Ég dáist því að sumu leyti að herbragðinu, en er því miður ekki sammála honum. Það hefur alltaf verið svo að einstaka dugnaðarforkar geta afkastað miklu meiru en aðrir. Við í grunnskólanum eigum að sinna öllum og megum því ekki keyra á hinu hundraðinu og skilja meirihluta nemenda eftir. Það hefur því verið komið til móts við duglegustu nemendurna á þann snjalla hátt að þeir geta sótt um að taka samræmdu prófin við lok 9. bekkjar.

Sú leið er í raun miklu betri en það að höggva 10. bekk ofan af. Engum dettur í hug að allir í Verzló viti jafnmikið og þeir snillingar, sem eru fyrir þeirra hönd í spurningakeppninni, því ef svo væri mætti nú sleppa að kenna ýmislegt á þeim bæ og jafnvel ganga svo langt að spyrja hvort það mætti ekki bara stytta námið niður í 2 ár. Oft er fróðlegt að taka hlutina frá nýju sjónarhorni, ef það mætti verða til þess að menn skildu þá betur, og því ætla ég að skella mér í að ræða húsabyggingar. Nýverið var selt hús í miðbænum fyrir 600 milljónir. Fréttamenn fóru með myndavélar um húsið og dásömuðu það á alla vegu. Enginn minntist þó á þann hluta sem er mikilvægastur fyrir húsið, en það er grunnurinn. Á sínum tíma voru þarna verkamenn með skóflur og haka og oft hafa þeir rétt úr aumu bakinu og spurt hvort þeir væru virkilega ekki komnir nógu djúpt, nú mætti bara sturta grús í holuna og byrja að byggja. Jafnóðum fengu þeir það svar að þeir væru ekki komnir niður á fast og enginn kysi að húsið tæki fljótlega að skekkjast svo mjög að það yrði einskis nýtt á stuttum tíma. Jafnframt er ekki ósennilegt að Thor gamli Thors hafi sagt þeim á góðri dönsku: Víst skal það vanda, sem vel á að standa. – Det er ikke dybt nok.

Það er nákvæmlega sama sagan með grunnskólann. Hann er og verður undirstaða framhaldsskólans og því er svona álíka mikið vit að skera hann niður eins og að sleppa drenlögninni við húsið af því að hún fer hvort eð er í kaf og enginn sér hana. Hitt er svo annað að mér finnst metnaður nemenda vera minni í dag en oft áður og því kann svo að vera að kennarar við framhaldsskólana telji að við séum farnir að slappa af á grunnskólastiginu. Svo er alls ekki, en því miður vinnst manni hægar, þegar skortur er á metnaði og mörgum grunnskólakennurum finnst sífellt erfiðara að halda uppi aga til að hafa vinnufrið. Það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þessari þróun, en eftir sem áður reynum við allt sem við getum til að byggja góðan og traustan grunn fyrir framhaldið.

*Höfundur er dönskukennari í Rimaskóla.*




Verið velkomin á landsfund Samfylkingarinnar

**Egilshöll 13.-14. apríl 2007**

**Föstudagur 13. apríl**

16:00 **Setning landsfundar**
Ræða Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, formanns Samfylkingarinnar.
Ávörp Monu Sahlin, formanns sænska jafnaðarmannaflokksins og Helle Thorning-Schmidt, formanns danska jafnaðarmannaflokksins.
Sigrún Hjálmtýsdóttir, Fóstbræður og Hundur í óskilum skemmta.

18:00 **Ályktanir kynntar – umræður**

**Laugardagur 14. apríl**

9:00 **Skýrslur úr flokksstarfi**
11:00 **Auður Íslands**
12:00 **Jafnrétti í raun**
Þórólfur Árnason, forstjóri Skýrr
Dr. Svafa Grönfeldt, rektor Háskólans í Reykjavík
Bjarni Ármannsson, forstjóri Glitnis
Jóhanna Sigurðardóttir, alþingismaður
Steinunn Valdís Óskarsdóttir, formaður Kvennahreyfingar Samfylkingarinnar stýrir umræðum

15:00 **Í sóknarhug – framtíðarsýn**
Afgreiðsla ályktana
**Afhending hvatningarverðlauna**
Baggalútur skemmtir
**Kjöri formanns og varaformanns lýst**

18:00 **Fundi slitið**

**Bjóðið börnunum með!**
Fjölskylduvænn landsfundur með barnadagskrá á laugardag frá kl. 13:00-17:00, skautasvell, Tarsan námskeið og heilsurækt. Gæsla fyrir yngstu börnin frá kl. 10:00.

Kynnið ykkur dagskrána í heild á www.xs.is.

Samfylkingin



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, systir, amma, langamma og langalangamma,*

**Soffía Björnsdóttir,**

hjúkrunarheimilinu Dalbæ á Dalvík, áður til heimilis að Drápuhlíð 48 í Reykjavík,

verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 12. apríl kl. 13.00.

**Grímur Björnsson** **Björg Jósepsdóttir**
**Þorsteinn Björnsson** **Ásdís Arnardóttir**
**Björn Á. Björnsson** **Elísabet Erlendsdóttir**
**Páll Kristjánsson**
**Ingibjörg Björnsdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Soffía Jóhannsdóttir**

frá Skálum á Langanesi,

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 9. apríl. Útförin fer fram í Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 16. apríl kl. 15.00.

**Guðbjörg Nielsen** **Kári Nielsen**
**Fróði Indriðason** **Leena Janus**
**Kristján Indriðason**
**Kristín María Indriðadóttir** **Kristinn Óskarsson**
**Guðmundur Hólm Indriðason**
**Ragnar Indriðason** **Aðalheiður Daníelsdóttir**
**Birgir Indriðason**
**Rut Indriðadóttir** **Pétur Bolli Jóhannesson.**



✝

*Okkar elskulega*

**Guðrún Steinunn Gunnarsdóttir,**

Sléttuvegi 17, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum Hringbraut þriðjudaginn 10. apríl. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 16. apríl kl. 11.00.

**Gunnar Örn Pétursson** **Karen Níelsdóttir**
**Birgir Pétursson** **Anna Lísa Guðmundsdóttir**
**Steinunn Pétursdóttir** **Sveinn Skúlason**
**Guðrún Pétursdóttir** **Sigurgeir Benediktsson**
**og fjölskyldur.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Agnes Auðunsdóttir,**

verður jarðsungin frá Áskirkju, föstudaginn 13. apríl kl. 13.00.

**Guðni Auðunsson** **Alda Þorsteinsdóttir**
**Sonja Hilmarsdóttir** **Ómar Kristmannsson**
**Erna Hilmarsdóttir** **Kristinn Stefánsson**
**Auðunn Hilmarsson** **Guðbjörg Snorradóttir**
**Guðlaugur Hilmarsson** **Guðbjörg Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Valborg Vestfjörð Emilsdóttir**

frá Dröngum, síðar Borgarholtsbraut 27, Kópavogi,

sem lést í Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð föstudaginn 6. apríl, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju þriðjudaginn 17. apríl kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta Hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð njóta þess.

**Ólafur Kr. Guðmundsson** **Herdís Jónsdóttir**
**Kristjana Emilía Guðmundsdóttir** **Jón H. Sigurðsson**
**Unnsteinn Guðmundsson** **Hildigerður Skaftadóttir**
**Rósa Vestfjörð Guðmundsdóttir** **Kári Þórðarson**
**Kristín Björk Guðmundsdóttir** **Friðbjörn Örn Steingrímsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir vandamenn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanlaug Guðmundsdóttir,**

lést á heimili sínu að kvöldi laugardagsins 7. apríl sl. Útförin fer fram frá Hveragerðiskirkju 14. apríl nk. kl. 14.00.

**Aðalsteinn Steindórsson**
**Sigurbjörg Aðalsteinsdóttir**
**Kristín Aðalsteinsdóttir**
**Auður Aðalsteinsdóttir**
**Þórkatla Aðalsteinsdóttir**
**Sveinn Aðalsteinsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Eiginmaðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Árnason**

Austurströnd 12, Seltjarnarnesi,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 1. apríl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni föstudaginn 13. apríl kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Styrk, samtök krabbameinssjúklinga.

**Steinunn Friðriksdóttir**
**Friðrik Helgi Jónsson** **Guðný Ágústa Steinsdóttir**
**Elín Guðrún Jónsdóttir** **Thomas R. Lansdown**
**Árni Frímann Jónsson** **Guðný Ragna Jónsdóttir**
**Ástríður Sigurrós Jónsd.** **Hjörtur Nielsen**
**Jón Steinar Jónsson** **Sólveig Erla Ragnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúð við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Guðríðar Eiríku Gísladóttur**

hjúkrunarheimilinu Skógarbæ, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heiðarbæjar.
Alúð ykkar og umhyggja er ómetanleg.

**Rafn Kristjánsson**
**Ingibjörg Rafnsdóttir**
**Magnús Rafnsson** **Arnlín Óladóttir**
**Sigríður Rafnsdóttir** **Rafn Jónsson**
**Auður Rafnsdóttir Bett** **James Bett**
**Hjördís Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Helga Kristín Stefánsdóttir Mogensen,**

Norðurbrún 20, Reykjavík,

lést á Landspítalanum í Fossvogi laugardaginn 7. apríl. Útförin fer fram í Bústaðakirkju föstudaginn 13. apríl kl. 15.00.

**Kjartan Mogensen** **Halldóra Ólafsdóttir**
**Stefán Mogensen** **Ólöf I. Sigurjónsdóttir**
**Sigrún Mogensen**
**Guðrún Mogensen** **Sigurður I. Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskulegur sonur okkar, bróðir og mágur,*

**Þorvarður Stefán Eiríksson,**

Hörgsholti 9, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Víðistaðakirkju föstudaginn 13. apríl kl. 15.00.

**Eiríkur Rúnar Þorvarðarson** **Svanhildur Ladda**
**Þorvarðarson**
**Gunnar Kitkla Eiríksson** **Ásgerður Ólína Jónasdóttir**
**Ingimundur Vigfús Eiríksson.**

**FRIÐRIK FRIÐRIKSSON ER 35 ÁRA Í DAG**

*„Ég var í break-dansinum á níunda áratugnum, kunni orminn og allan pakkann."*

**LEIKARINN RIFJAR UPP GAMLA TAKTA.**



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**GRÓÐUR FYRIR FÓLK** Björn Guðbrandur Jónsson, framkvæmdastjóri samtakanna, segir það liggja nokkuð beint við að gróðursæl svæði séu vistlegri fyrir mannfólk en auð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

GRÓÐUR FYRIR FÓLK FAGNA TÍU ÁRA AFMÆLI

## Tvær í einu höggi

Samtökin Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs fagna tíu ára afmæli sínu í dag með afmælisfundi fyrir félaga og samstarfsaðila í Ráðhúsi Reykjavíkur. Að sögn Björns Guðbrands Jónssonar, framkvæmdastjóra samtakanna, er markmið þeirra að græða upp landnám Ingólfs á suðvesturhorni landsins og nota til þess lífrænan úrgang. „Gróður fyrir fólk byggist á þeirri einföldu hugmynd að nýta lífrænan úrgang til uppgræðslu og slá þannig tvær flugur í einu höggi," útskýrði Björn.

Þó að hugmyndin sé einföld segir Björn framkvæmdina oftar en ekki geta orðið dálítið flóknari. „Það eru alls konar aðilar í samfélaginu sem hafa eitthvað um uppgræðslumál að segja. En allar okkar aðgerðir eru reknar á þeim grunni að við viljum ekki vera í bága við önnur sjónarmið, svo sem um vatnsvernd og búfjárvernd. Við leitum eftir því að fólk sé á eitt sátt um framkvæmdirnar," sagði Björn.

Á síðustu árum segir Björn samtökin hafa lagt aukna áherslu á að tengja uppgræðslustarf við mennta- og æskulýðsstarf. „Við erum í heilmiklu samstarfi við nokkra framhaldsskóla og grunnskóla, og ekki síst vinnuskóla sveitarfélaganna yfir sumarið," sagði hann. Til marks um það er uppgræðsluverkefni Gróðurs fyrir fólk á skíðasvæðinu í Bláfjöllum, þar sem samtökin hafa unnið með Vinnuskóla Reykjavíkur ásamt fleiri stofnunum Reykjavíkurborgar. „Í því verkefni sést markmið samtakanna líka greinilega. Þar erum við að taka úrgang sem er hlaðinn neikvæðu verðgildi og beina honum


**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**


Sverrir Einarsson


Hermann Jónasson


Geir Harðarson


Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is
Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt
Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

**ÞETTA GERÐIST** 12. APRÍL 1988

# *Sonny Bono verður borgarstjóri*

Á þessum degi árið 1988 var Sonny Bono kjörinn borgarstjóri í Palm Springs í Kaliforníu. Bono hafði getið sér gott orð sem tónlistarmaður ásamt Cher, eiginkonu sinni. Eftir að upp úr sambandi þeirra slitnaði með látum náði Cher að byggja upp glæsilegan feril en tilraunir Sonny til að halda áfram í tónlistinni og að stjórna sjónvarpsþætti fóru út um þúfur.

Á níunda áratugnum rak hann ítalskan veitingastað í Palm Springs. Hann reiddist svo yfir því reglugerðarverki sem hann þurfti að fara í gegnum til að fá leyfi til að setja upp nýtt skilti á veitingastaðinn að hann ákvað að bjóða sig fram til borgarstjóra. Sonny vann kosningarnar og gegndi embættinu í fjögur ár. Eftir það bauð hann sig fram til öldungadeildar Bandaríkjaþings fyrir Repúblíkanaflokkinn en komst ekki inn. Tveim árum síðar komst hann þó inn sem þingmaður í fulltrúadeildinni og lét mikið að sér kveða. Sonny Bono var spáð miklum frama í stjórnmálum en endir var bundinn á það þegar hann lést á sviplegan hátt í skíðaslysi árið 1998.



**SONNY BONO** Tónlistarmaðurinn sem síðar varð borgarstjóri og þingmaður í fulltrúadeildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

# Reiðkennari í Ölfushöll

Portúgalski knapinn og reiðkennarinn Júlio Borba heldur kennslusýningu á vegum Félags tamningamanna í Ölfushöllinni í kvöld. Þar sýnir hann þjálfunaraðferðir og hvernig gera má góðan hest betri.

Júlio Borba hefur unnið með margvísleg hestakyn. Hann telur íslenska hestinn skemmtilegan að vinna með, sökum vinnusemi og vilja. Borba hefur áður komið hingað til lands á vegum einkaaðila til að kenna fagfólki í reiðmennsku, en að þessu sinni stendur öllum hestamönnum til boða að bergja af þekkingarbrunni hans.



**REIÐSNILLINGUR** Portúgalinn Júlio Borba eys úr viskubrunni sínum í Ölfushöllinni í kvöld.

Júlio hóf feril sinn í hestamennsku aðeins sex ára gamall þegar hann fór í fyrstu kennslustundina hjá föður sínum og alnafna. Hann hefur numið hjá mörgum þekktum reiðkennurum, meðal annars dr. Guilherme Borba.

Fyrstu ár sín sem atvinnumaður í hestamennsku reið hann í reiðsýningum og keppni en síðustu fimm ár hefur hann ferðast um heiminn til að kenna aðferðir sínar. Hann hefur kennt á námskeiðum í Bandaríkjunum, Englandi og Svíþjóð.

Kennslusýningin hefst klukkan 18.00 í Ölfushöllinni en sala aðgöngumiða fer fram við inngang.



í farveg þar sem verður einhver gildisauki á honum," sagði Björn. Á Bláfjallasvæðinu má ekki nota tilbúinn áburð, svo Gróður fyrir fólk hefur notast við garðaúrgang. „Við höfum tekið við því sem fellur til af grænum svæðum borgarinnar, svo sem Hljómskálagarðinum. Vinnuskólahóparnir hafa dreift því yfir brekkur og sáð í, með góðum árangri," sagði Björn. Eftir uppgræðslu festir snjó betur í brekkunum, að sögn Björns. „Þar fyrir utan er svæðið ekki lengur þessi hrjóstruga urð þegar það kemur undan snjó." Þar með er einkunnarorðum félagsins náð. „Gróður fyrir fólk vinnur út frá þeirri forsendu að gróðursæl svæði séu vistlegri fyrir okkur mannfólkið en auðnir og uppblásnir melar."

Samtökin vinna einnig að uppgræðslu með hrossataði á bökkum Kleifarvatns. „Menn velta því fyrir sér hvort að aukinn gróður og lífmagn í næsta nágrenni við vatnið hafi jákvæð áhrif á lífríki þess. Í því skyni erum við í samstarfi við Náttúrufræðistofur bæði í Kópavogi og á Reykjanesi um að fylgjast með breytingum á vatninu. Þetta er fyrsta rannsókn sinnar tegundar á landinu og mjög spennandi," sagði Björn.

sunna@frettabladid.is

## MERKISATBURÐIR

**1540** Prentun þýðingar Odds Gottskálkssonar á Nýja testamentinu lýkur en þetta er fyrsta bók sem prentuð er hér á landi og hefur varðveist.

**1919** Átján manns láta lífið í snjóflóðum við Siglufjörð sem einnig eyðileggja vel búna síldarverksmiðju.

**1953** Menntaskólinn á Laugarvatni tekur formlega til starfa, fyrstur menntaskóla utan kaupstaða.

**1961** Rússneski geimfarinn Júrí Gagarín fer fyrstur manna út í geim.




# Heyrnartæki og hvað svo?

**Námskeið á vegum Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands á Grand Hótel Reykjavík, Sigtúni, þriðjudaginn 17. apríl frá kl. 12:30 til kl. 16:00.**

## Dagskrá:

- Fyrirlestur um heyrn og heyrnarskerðingu.
- Lög og reglugerðir.
  Hvað er niðurgreitt og hversu oft?
- Heyrnartæki.
  Mismunandi tegundir kynntar.
  Hvað þarf að stilla og af hverju?
- Önnur hjálpartæki fyrir heyrnarskerta.
- Umhirða og viðhald heyrnartækja.
- Sýnikennsla í minni hópum um umhirðu og viðhald heyrnartækja.

Námskeiðið er ætlað öllum þeim sem vinna með einstaklingum og/eða eiga aðstandendur sem nota heyrnartæki.

Þátttökugjald er 3.500 kr. Skráning fer fram á hti@hti.is og í síma **581 3855.**

**Heyrnar- og talmeinastöð Íslands**
Háaleitisbraut 1, 105 Reykjavík Sími: 581 3855
hti@hti.is www.hti.is

*Heyrnar- og talmeinastöð Íslands annast þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta og þá sem eru með heyrnar- og talmein. Stofnunin sér um að útvega hjálpartæki og veitir viðeigandi fræðslu og þjálfun vegna þeirra.*





# OPNUM Á MORGU

# HEIMILIS- OG RAFTÆ
# LANDSINS AÐ



Verslun ORMSSON að Lágmúla 8 hefur verið endurnýjuð frá grunni.

AEG
HTH
Solis
SAMSUNG
ZWILLING
Emile Henry
Poterie culinaire
FRANCE
TEFAL®
morphy richards
brabantia
solid company

**OPIÐ ELDHÚS Í SÝNINGARSAL HTH**
(2. hæð Lágmúla 8) **ALLA HELGINA**

# UN GLÆSILEGUSTU
# EKJAVÖRUVERSLUN
# LÁGMÚLA 8




Hjartanlega velkomin í „nýja“ verslun – fulla af glæsilegum heimilistækjum.

## Fjöldi glæsilegra opnunartilboða!

## OPIÐ HÚS ALLA HELGINA

Föstudag frá kl. 9–18, laugardag frá kl. 11–16
og sunnudag frá kl. 13–17.

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · www.ormsson.is




## STUÐ MILLI STRÍÐA Útópía eins – helvíti annars

**ROALD EYVINDSSON** ÓTTAST EKKI ÚTLENDINGAGRÝLUNA



Innflytjendur virðast ætla að verða á meðal bitbeina stjórnmálaflokkanna fyrir kosningar. Eru sumir óánægðir með streymi útlendinga til landsins og hefur kjörorðið „Ísland fyrir Íslendinga“ verið notað til að hygla því sjónarmiði. Það er eins og menn trúi að með því að halda útlendingunum í skefjum sé hægt að skapa hér einhverja útópíu.

Ég man fyrst eftir að hafa heyrt orðið „útópía“ í háskólanum, þar sem okkur var kennt að útópía væri ímyndað fyrirmyndarríki, sem byggði á fullkomnu félagslegu, lagalegu og stjórnmálalegu kerfi. Thomas More skrifaði árið 1516 bókina Útópía, þar sem sagt er frá frjálslegu samfélagi þar sem íbúarnir búa í sátt og samlyndi á meðan allt það slæma eins og fátækt og eymd þekkjast ekki.

More var hvorki sá fyrsti né síðasti til að skrifa um útópíur. Til er sægur af skáldskap sem segir frá ýmiss konar sæluríkjum og sömuleiðis heimildum sem fjalla um viðleitni manna til að skapa slík samfélög. Saklaust dæmi er trúarlegur hópur sem kallaði sig Adamista og var uppi á 2-.4. öld í Norður-Afríku, en meðlimir hans trúðu því að þeir hefðu endurheimt upphaflegt sakleysi Adams. Þeir lifðu lífi sínu eins og því var lýst í sögunni um Eden, strípluðust um og höfnuðu hugmyndinni um hjónabandið.

Síður skemmtilegt dæmi er þúsund ára ríki nasista. Hitler persónugerði það slæma í mannlegu samfélagi, eins og fátækt og eymd, í ákveðnum samfélagshópum og taldi sig geta úthýst því úr útópíu sinni með því útrýma þeim. Þannig lét hann myrða milljónir manna; gyðinga, Pólverja, sígauna, samkynhneigða, fatlaða og pólitíska andstæðinga sína, áður en hann tapaði seinni heimsstyrjöldinni. Hitler drap sig í kjölfarið, fáum til eftirsjár.

Seinna dæmið sýnir hvernig útópía eins getur orðið að helvíti annars. Sem bendir kannski til þess að útópíur henti betur í skáldskap en í raunveruleika. Grunnurinn að fyrirmyndarríki verður að minnsta kosti seint lagður með því að meina ákveðnum samfélagshópum inngöngu í það. Svo mikið er víst.

# myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott






# Shiseido vika í Hagkaupum

Kringlunni, Smáralind og Skeifunni

Nýju vorlitirnir eru duttlungafullir, ferskir viðkomu og fullir af raka sem gefa augnsvæðinu seiðmagnaðan gljáa.

### Aðrar nýjungar

**Benefiance:** Varameðferð sem lagar hverskonar vandamál, gefur þéttar og þrýstnar varir.

**Body Creator:** Líkamsúði, fyrsti ilmúðinn sem bæði gefur orku og grennir. Úðað hvar og hvenær sem er!

**Shiseido MEN:** Hrukkukrem fyrir karlmenn.

**White Lucency:** Ný kremlína fyrir allan aldur sem veitir húðinni fullkominn ljóma, áferð hennar verður tær og hrein.

**Rakakrem** fyrir andlit og líkama sem gefur stígandi brúnku og húðin verður náttúrulega útitekin.



**Gjöfin þín:** Ef verslað er fyrir 4.900 kr. eða meira þá fylgir snyrtitaska ásamt Skincare hreinsifroðu 30 ml., rakavatni 30 ml., rakamaska 10 ml., handkremi 30 ml. og varaglossi í fullri stærð.

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

! **Kl. 17.00**

*Rússneskir dagar í Bókasafni Kópavogs í tilefni af fyrstu ferðum Spútniks út í geiminn. Sendiherra Rússa, hr. Viktor Ivanovitch Tatarintsev, heldur ávarp auk þess sem boðið verður upp á leikhús fyrir börnin og fræðslumynd og fyrirlestur um geimferðir. Allir velkomnir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Ævintýri draugahesta*

Þriðja plata systranna í CocoRosie, The Adventures of Ghosthorse and Stillborn, fer misvel í hlustendur. Á meðan skríbentar New York Magazine vestanhafs halda ekki vatni eru gagnrýnendur á BBC og dagblaðinu lítt hrifnir og finnst nýja sköpunarverkið fyrirsjáanlegt og ekki sína nægan þroska.



**SÉRSTÆÐAR SYSTUR** Hljómsveitin CocoRosie heillaði íslenskar hlustir í maí.

Fyrri plötur systranna Sierra Rose og Bianca Leilani hafa notið mikilla vinsælda en þær þekkja íslenskir hlustendur dável enda héldu þær tónleika hérlendis fyrir tæpu ári. Í viðtali í New York Magazine er platan sögð þeirra aðgengilegasta til þessa en jafnframt sú fjölbreyttasta. Platan var að hluta til unnin hér á landi en upptökustjórinn Valgeir Sigurðsson kom að eftirvinnslu hennar og geta systurnar þess í viðtalinu að hann hafi kallað fram hin viðkvæmnislegu fjarlægu hljóð sem þær leituðu eftir. Systirin Sierra nefnir þar til dæmis hljóð í hesti sem heyrist umla í bakgrunninum. Það kemur þó ekki fram í viðtalinu hvort sá hestur tengist titli plötunnar.

Hljómsveitin CocoRosie er nú á tónleikaferðalagi um Evrópu.

### >Ekki missa af…



tónleikum **Jóels Pálssonar** og félaga í djassklúbbnum **Múlanum** í kvöld. Jóel flytur ásamt hljómsveit sinni lög af nýjustu plötu sinni, **Varp**, á DOMO.

frumsýningum á laugardaginn. Í Þjóðleikhúsinu verða frumsýningar á **Hálsfesti Helenu** ásamt nýrri brúðusýningu um **Mjallhvíti**. **Stúdentaleikhúsið** frumsýnir nýtt tilraunakennt verk í Kartöflugeymslunum og leikfélagið **Hugleikur** frumsýnir **Bingó**.

# Skáldkonan Marie Gripe látin

Sænska skáldkonan Marie Gripe er látin. Hún var áttatíu og þriggja ára og hafði átt við vanheilsu að stríða um nokkurt skeið. Maria Gripe samdi bækur fyrir börn og unglinga og og átti að baki yfir þrjátíu sögur sem sköpu henni ómælda virðingu í heimalandi hennar og víðar, en verk hennar voru þýdd á yfir tuttugu og fimm tungumál. Nokkrar þeirra voru kvikmyndaðar.

Hér á landi komu út í þýðingum sögur hennar um Hugo, Jósefínu, og loks Hugo og Jósefínu, sögurnar um Elvis sem hún samdi með eiginmanni sínum, teiknaranum Harald Gripe, og hin makalausa saga um Sesselju Agnesi. Þá var í ríkisútvarpinu flutt leikrit hennar Torfdýfillinn flýgur á nóttinni. Hún var þekkt víða um lönd og hlaut H. C. Andersen verðlaunin 1974 fyrir framlag sitt til barnabókmennta. Bóndi hennar, Harald Gripe, myndskreytti flestar bækur hennar en hann lést 1992.

Ef lýsa á verkum hennar einkenndust þau af sterkri trú á rétt einstaklingsins til að skera sig úr og vera trúr sínum eiginleikum. Hún var afar næm á sænskt samfélag og byggði verk sín gjarna á misbrestum þess í framferði gegn börnum og unglingum. - pbb



**BÓKMENNTIR** Maria Gripe naut hylli og virðingar fyrir verk sín.

CITROËN

■Berlingo Van 1,4 75 hö. 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 1.649.000 kr.
Verð án vsk. 1.324.477 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 20.163 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 25.880 kr.



Sjáðu Citroën Berlingo í dag

Fullkomnari fullkomnun

Enn á ný hefur Citroën tekist að bæta fullkomnun. Nú er Citroën Berlingo, sendibíllinn vinsæli, kominn með frábærri nýrri dísilvél. Citroën Berlingo er hagstæður í rekstri. Nýja 1,6 lítra, 92 hestafla dísilvélin er bæði kraftmeiri og sparneytnari. Hún er vistvænni en áður enda leggur Citroën mikið að mörkum til þess að bæta umhverfið. Hin öfluga stálhlífðarpanna undir vélinni ver hana vel og getur dregið úr viðhaldi.

Við erum sjálfselsk hjá Citroën
Þær tilfinningar sem fylgja því að hafa tekist að gera enn betur í dag en í gær gefa okkur þann drifkraft sem fyrirtækjaþjónusta Citroën stendur fyrir. Í það minnsta finnst okkur það.

Sjáðu Citroën. Komdu í Brimborg.
Kynntu þér nýjungar í Berlingo.

Citroën Berlingo
Dæmi um staðalbúnað í Citroën:
· Meiri burðargeta: 800 kg
· Hliðarhurðir beggja vegna með lokunarvörn
· 180 gráðu opnun á afturhurðum
· Topplúga fyrir lengri hluti
· Hiti í sætum
· Rafdrifnar rúður
· Geislaspilari með útvarpi og fjarstýringu við stýri
· Fjarstýrð samlæsing
· Fellanlegt framsæti farþega með borði og geymsluhólfi



■Berlingo Van 1,6 HDi 92 hö. 6 dyra 5 gíra*
Verð með vsk. 1.849.000 kr.
Verð án vsk. 1.485.117 kr.
Fjármögnunarleiga: 20% útborgun, 60 mán.
Mánaðargreiðsla án vsk. 22.609 kr.
Rekstrarleiga 36 mán. og 60.000 km. akstur
Mánaðargreiðsla án vsk. 29.125 kr.

Ný dísilvél. 1,6 HDi, 92 hestafla
Kaftmeiri
Sparneytnari

Aflaðu þér frekari upplýsinga www.citroen.is

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.citroen.is

*Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL



**TÓNLEIKAR** Vladimir Ashkenazy stjórnar rómantískum verkum á tónleikum Sinfóníunnar sem verða í kvöld á Melunum og á morgun vestur á Ísafirði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ashkenazy stjórnar

**Það er jafnan hátíð í bæ þegar Vladimir Ashkenazy kemur hingað norður og stjórnar Sinfóníuhljómsveit Íslands. Í kvöld verður hann á hljómsveitarstjórapallinum í bíósalnum á Melunum og leiðir fornvini sína í sveitinni um hljómalendur þriggja verka. Hér á landi hefur hann ævinlega verið aufúsugestur.**

Árið 2002 þáði Vladimir Ashkenazy stöðu heiðursstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands (Conductor Laureat). Sem slíkur kemur hann hingað til lands að minnsta kosti einu sinni á ári og stjórnar hljómsveitinni og að þessu sinni verður um tvenna tónleika að ræða. Þeir fyrri verða í Háskólabíói í kvöld, en þeir seinni á Ísafirði á morgun í Íþróttahúsinu Torfunesi og hefjast þeir klukkan 19.00. Sama efnisskrá verður leikin á báðum tónleikunum.

Vladimir Ashkenazy hefur í hartnær hálfa öld verið í hópi fremstu hljóðfæraleikara heimsins. Hann færir sig nú oftar og oftar á stjórnendapallinn og hróður hans á þeim vettvangi eykst jafnt og þétt. Það var einmitt í Háskólabíói sem hann steig sín fyrstu spor sem stjórnandi. Þá átti hann að baki glæsilegan feril sem píanóleikari og verður vafalítið talinn í hópi þeirra bestu sem slíkur á liðinni öld. Á efnisskrá tónleikanna eru þrjú verk, Melúsína hin fagra eftir Felix Mendelssohn, Píanókonsert í a-moll eftir Robert Schumann og Symphony Fantastique eftir Hector Berlioz. Einleikari á tónleikunum er Gülsin Onay frá Tyrklandi sem hefur þótt túlka píanókonserta Chopins afbragðsvel og því fróðlegt að heyra hvaða höndum hún fer um tónsmíð Schumanns sem tónskáldið samdi sérstaklega fyrir ástkonu sína og síðar eiginkonu, Klöru. Konsertinn var lengi í samningu, nær tíu ár, og er talinn einn sá ljóðrænasti sem sögur fara af og hefur verið áheyrendum ómælanlegur gleðigjafi frá frumflutningi hans í Dresden árið 1845.

Ludwig van Beethoven skrifaði aðeins eina óperu, Fídelíó, en það var ekki vegna þess að hvatninguna skorti frá vinum hans. Einn þeirra gekk meira að segja svo langt að skrifa fyrir hann óperutexta um vatnadísina Melúsínu, sem fer á land dag einn og verður ástfangin af dauðlegum manni og byggir á sama minni og flökkusagan íslenska um meyna í selshamnum sem átti bæði börn á landi og börn í sjó. Beethoven samdi aldrei óperuna, en Mendelssohn hreifst af efninu og samdi forleik þar sem hann túlkar vatnadísina fögru á sinn einstaklega heillandi og litríka hátt.

Draumórasinfónía hins hrifnæma Hectors Berlioz hefur löngum verið talin ein helsta tónsmíð rómantíska tímabilsins. Forsaga hennar er mörkuð atvikum í einkalífi skáldsins: þar er að finna frægt stef sem kennt er við Dag reiðinnar - Dies Irae-stefið margfræga. Það eru þessi þrjú verk sem eru á efnisskránni í kvöld og annað kvöld. Tónleikarnir á Ísafirði verða eins og áður sagði í Íþróttahúsinu á Torfunesi og hefjast þeir klukkan 19.00. Miðasala verður við innganginn. Nánast uppselt er á tónleikana í Háskólabíói í kvöld þegar þetta er ritað og þá er að sjá hvort þeir sem ekki fóru suður og enn eru á Ísafirði grípa ekki tækifærið og skella sér á Torfunesið og heyra meistarann stjórna bestu hljómsveit landsins.

pbb@frettabladid.is



**SJÓNVARP** Tony Soprano, feigur maður í feigum þætti.

## Sopranos deyr út

Fyrsti þátturinn í níu þátta röð sem á að ljúka sögunni af mafíósanum Tony Soprano fór í loftið vestanhafs á sunnudagskvöld og var áhorfið slakt miðað við fyrra áhorf sem þættirnir nutu. Það voru ekki nema 7,7 milljónir sem horfðu en venjubundið áhorf var um 9,5 milljónir. Áhuginn á glæpalýð New Jersey tók að minnka í fyrra þegar sápan um aðþrengdar eiginkonur var sett honum til höfuðs á stöð ABC og náði að meðaltali 15,7 milljónum áhorfenda, sem var þó það slakasta sem þær stöllur fengu í áhorf. Fimmta árið af Sopranos náði 14,4 milljónum áhorfenda að meðaltali. Talsmaður HBO sem framleiðir Sopranos segir venjur sjónvarpsáhorfenda vera að breytast. Líklegra er að þeir séu bara orðnir þreyttir á karlinum og endalausu klandri hans. Það er RÚV sem sýnir Sopranos hér á landi.



**LYKLASKIPTI Á MELUNUM** Sena verður stærsti rekstraraðili kvikmyndahúsa hér á landi þegar fyrirtækið tekur við rekstri Háskólabíós.

## Sena leigir Háskólabíó

Sena hefur gert leigusamning við stjórn Háskólabíós um áframhaldandi rekstur kvikmyndastarfsemi í húsinu til næstu fimm ára og mun Sena taka við rekstrinum 1. maí næstkomandi. Rekstur Háskólabíós hefur verið í höndum Sambíóanna síðan 2002. Fyrir þann tíma var rekstur í húsinu í höndum fyrirtækis í eigu Sáttmálasjóðs sem reisti húsið, en hann var stofnaður fyrir bótafé Dana við sambandsslitin. Háskólinn rak áður kvikmyndahús í Tjarnargötu í gömlu íshúsi sem nú heitir Tjarnarbíó. Háskólabíó var reist á árunum 1959-1961.

Með þessum samningi verður Sena stærsti rekstraraðili kvikmyndahúsa hér á landi. Frá opnun Smárabíós árið 2001, hefur Sena verið í örum vexti á kvikmyndahúsamarkaðnum; rekur Smárabíó, vinsælasta kvikmyndahús landsins í rúm fimm ár, og einnig Regnbogann, sem er eina miðbæjarbíóið í Reykjavík, og Borgarbíói Akureyri sem er stærsta kvikmyndahús utan Reykjavíkur.

Háskólabíó er stærsta kvikmyndahús landsins með mestan sætafjölda og hefur verið eitt vinsælasta kvikmyndahús landsins frá opnun þess með frumsýningu fjölda innlendra og erlendra stórmynda. Það er búið góðum halla í sölum, stórum sýningartjöldum og góðu plássi milli bekkja. Sena og stjórn Háskólabíós hafa fallist á það að leggjast á eitt við að lyfta Háskólabíói á þann stall sem það á heima með markvissum breytingum sem lúta að sölum og öðru skipulagi kvikmyndahúsa.

Athygli vekur að leigusamningurinn nær aftur fyrir fyrirhugaðan flutning Sinfóníuhljómsveitar Íslands í tónlistarhúsið nýja eftir þrjú ár en hún hefur haft þar aðsetur frá því húsið var vígt. **- pbb**

# Eini þekkti íbúi Klokochazia á Íslandi?

Franska kamelljónið Labyala Nosfell heldur tónleika í Þjóðleikhúskjallaranum í kvöld ásamt félögum sínum Pierre Le Bourgeois sem leikur á selló og trommuleikaranum William Lopez. Tríóið kom fram á tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður um síðustu helgi.

Listamaðurinn, sem franska pressan hefur líkt við söngfuglinn heitinn Jeff Buckley, heitir fullu nafni Labyala Fela Da Jawid Fel og kveðst vera frá landinu Klokochazia og syngur á þarlendri tungu, og á ensku og frönsku. Öll hans list er byggð á sögum frá þessu tilbúna landi og hann tekur á sig myndir þeirra persóna sem sögurnar fjalla um.

Nosfell er þekktur fyrir tónsmíðar sínar og söngrödd en ekki síður fyrir afar líflega sviðsframkomu. Henni er vart hægt að lýsa þar sem listamaðurinn stígur tryllingslegan dans á meðan hann flytur tónlist sem sumir segja að sé varla þessa heims.

List Nosfells hefur verið líkt við blöndu af fjölhæfni Bobby McFerrin með undrakrafti Joni Mitchell og áhrifamætti Tom Waits. Tónlist hans er sögð einstök blanda af þjóðlaga- og rokktónlist sem spannar alls konar blæbrigði en þar spilar tungumálið ekki minni rullu en hljómarnir. Með hjálp tónlistarinnar geta hlustendur ferðast aftur til forneskjunnar og hins frumstæða þar sem angurværðin á sitt skjól. Á tónleikum er Nosfell einnig þekktur fyrir að flytja sköpunarverk sín eins og síbreytilegar lífrænar einingar fremur en eiginleg lög. Sérhverjir Nosfells tónleikar eru því einstakir og ættu forvitnir unnendur framúrstefnulegrar tónlistar ekki að láta þetta tækifæri fram hjá sér fara.

**- khh**



**VANDFLOKKAÐUR NOSFELL** Franska undrið heldur aðra tónleika sína í menningarmusterinu við Hverfisgötu í kvöld.





Lesendur Gestgjafans hafa óskað eftir því að áhöfn Gestgjafans fjalli um „mömmumatinn", þennan gamla og góða. Ákveðið var að verða við þessum óskum og að þessu sinni er það heimilismaturinn sem fyllir Gestgjafann, nýir og gamlir réttir í bland.

Pönnukökur – Bollur af öllum stærðum og gerðum – Bökur – Gamla góða reykta ýsan – Gómsætt án sykurs – Roberto Bava – Galakvöldverður á Holtinu – Þrep fyrir þrep – Búðaráp – Sunnudagskakan – Allrahanda – Molar – Bix – Vínbix – Happdrætti

**Hvaða blað ert þú að lesa?** Kynntu þér frábær áskriftarkjör í síma **515 5555**, á **www.birtingur.is** eða sendu okkur póst á **askrift@birtingur.is**

BIRTÍNGUR ÚTGÁFUFÉLAG

# Tískumyndir í Hafnarfirði

Listform síðustu aldar er ljósmyndin og hefur ekkert form persónulegrar túlkunar á umhverfi mannsins náð jafn sterkum tökum á höfundum og njótendum og ljósmyndin. Fyrirbærið teygði sig fljótt inn í sálir þjóðanna og naut snemma gríðarlegrar lýðhylli. Almenningur tók þessa skráningartækni í sína þjónustu og múr milli hinna menntuðu listamanna akademíunnar og almúgans brotnaði. Hvert sem augum er litið talar ljósmyndin til okkar. Um langan aldur var litið á iðnaðarljósmyndun sem annars flokks form: tískuiðnaðurinn naut þess í skjóli mikillar afkomu að geta kallað til verka færustu ljósmyndara hvers tíma en lítið var látið með verk þeirra sem listrænt efni. Það er fyrst á síðustu áratugum liðinnar aldar að tískuljósmyndin fær verðugan sess sem sérstakt listform þar sem saman koma sviðsetning módelsins í rýminu, snið og áferð flíkurinnar og sköpunarkraftur þess sem nemur andartakið í réttri lýsingu.

Í dag kl. 17 verður opnuð í Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar, sýning á verkum franska ljósmyndarans Gilles Bensimon en hann hefur á ferli sínum fylgst með framvindu tískunnar á síðustu áratugum og á sýningunni eru myndir af mörgum glæsilegum konum sem hann hefur með störfum sínum sem ljósmyndari tekið þátt í að skapa. Þar í flokki eru tískusýningastúlkurnar Naomi Campbell, Linda Evangelista, Claudia Schiffer og Christy Turlington, en einnig margar þekktar persónur úr kvikmyndaheiminum, eins og Madonna, Gwyneth Paltrow, Sharon Stone, Uma Thurman og Naomi Watts. Módellistinn leiðir það í ljós í hvaða áliti Bensimon er: hann er kominn á efri ár en á að baki glæsilegan feril og mörg verka hans eru í dag eftirsótt sem listaverk, rétt eins og margra annarra ljósmyndara sem sinna fatabransanum sér til lífsviðurværis beggja vegna Atlantshafsins.



**LJÓSMYNDIR** Verk franska ljósmyndarans Gilles Bensimon hafa skapað honum frægð víða um heim. Nú má sjá úrval mynda hans í Hafnarborg.

MYND/GETTY PICTURES

Bensimon hefur ferðast víða um heim til að finna ljósmyndum sínum umgjörð og hefur komið nokkrum sinnum hingað til Íslands með aðstoðarmenn sína og fyrirsætur.

Hann hefur starfað sem ritstjóri og aðalljósmyndari ELLE tískutímaritsins síðan 1999 en allt frá því að tímaritið kom fyrst út í Bandaríkjunum árið 1985 hefur Bensimon verið listrænn stjórnandi þess. Eru áhrif hans á samtíð sína því víðtæk og liggja þræðir hans víða. Gilles Bensimon hefur hlotið mikið lof fyrir störf sín og þykja verk hans sameina afburða ljósmyndun, tísku og hönnun.

Þá hefur hann líka haldið sýningar og gefið myndir sínar út á bókum. Á sýningunni í Hafnarborg eru ljósmyndir sem spanna 30 ára feril listamannsins.

Frítt er í hafnfirsk söfn í boði Glitnis en þessi ljósmyndasýning er hluti af Frönsku vori á Íslandi.

**pbb@frettabladid.is**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

9 10 11 **12** 13 14 15

**Fimmtudagur**

### FYRIRLESTRAR

☐ 15.00 Kynning á **MA og M.Paed-verkefnum** hjá Stofnun **Vigdísar Finnbogadóttur** í **Öskju**, stofu N131. Nemendur verða með stutta kynningu á verkefnum sínum og fjalla meðal annars um sögu dönskukennslu á Íslandi, viðhorf þýskukennara til starfs síns og vandamál og lausnir í fagþýðingum.

### SÝNINGAR

☐ 13.00 **EL GRILLO** - Sýning nema frá **Listahásóla Íslands** í samstarfi við **Dieter Roth Akademíuna** stendur nú yfir í **Skaftfelli Menningarmiðstöð**. Nemendurnir tíu dvöldust á Seyðisfirði í tæpar þrjár vikur þar sem þeir unnu að verkum sínum með góðri aðstoð heimamanna. Sýningin ber því mikinn keim af staðnum en er engu að síður ákafleg fjölbreytt. Vegna útskriftar frá **Listaháskóla Íslands** hefur sýningar lokum verið flýtt. Sýningin mun því standa til laugardagsins 7. maí. Sýningin er opin fös.-sun. milli kl. 13 og 18 eða eftir samkomulagi.

☐ 13.00 **Borghildur Óskarsdóttir** sýnir verkið **OPNUR - sögur frá liðnum tíma í ljósi mynda** í **Listasafni ASÍ** við Freyjugötu. Uppistaðan í sýninginni er ættar- og fjölskyldusaga sem tengist hinum ýmsu stöðum á sunnanverðu landinu, náttúrunni þar og húsunum.

☐ 13.00 **Sirra Sigrún Sigurðardóttir** og **Guðrún Benónýsdóttir** sýna í **Nýlistasafninu** við **Laugaveg**. Á sýningunni eru innsetningar eftir listakonurnar en sýningin stendur út aprílmánuð.s

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


ABBABABB!
eftir Dr. Gunna
FRÁBÆR FJÖLSKYLDUSKEMMTUN!
Sun 15. apríl kl. 14.00 örfá sæti laus
Sun 15. apríl kl. 17.00 laus sæti
Sun 22. apríl kl. 14.00 og 17.00, laus sæti
Leikhópurinn Á senunni & HAFNARFJARÐAR LEIKHÚSIÐ
Miðasala í síma 555 2222 eða á www.midi.is
www.abbababb.is

CAVALLERIA RUSTICANA
eftir PIETRO MASCAGNI
3. sýn: Lau. 14. apríl kl. 20 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
4. sýn: Sun. 15. apríl kl. 17- ÖRFÁ SÆTI LAUS
Elín Ósk Óskarsdóttir
Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Ólafur Kjartan Sigurðarson
Hörn Hrafnsdóttir Þórunn Stefánsdóttir
SAMSTARFSVERKEFNI ÍSLENSKU ÓPERUNNAR OG ÓPERUKÓRS HAFNARFJARÐAR
TILFINNINGASÚPA Í HÁDEGINU
HÁDEGISTÓNLEIKAR ÞRIÐJUDAGINN 17. APRÍL KL. 12.15
Sigríður Aðalsteinsdóttir, mezzósópran og Helga Bryndís Magnúsdóttir, píanó, flytja þýsk og frönsk ljóð.
Miðaverð kr. 1.000.-
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ


Stóra sviðið kl. 20:00
SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Sun. 15/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 nokkur sæti laus, sun. 22/4 kl. 14:00 örfá sæti laus, aukasýning kl. 17:00 örfá sæti laus, sun. 29/4 kl. 14:00.
Sýningum lýkur í apríl!
LEG - söngleikur eftir Hugleik Dagsson. Tónlist hljómsveitin Flís.
Í kvöld fim. 12/4 örfá sæti laus, fös. 13/4 örfá sæti laus, lau. 14/4 örfá sæti laus, fim. 19/4, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 nokkur sæti laus, fim. 26/4, fös. 27/4 örfá sæti laus, lau. 28/4, fös. 4/5, lau. 5/5.
Ath. nemendaafsláttinn og hópafsláttinn. Námufélagar fá 35% afslátt ef greitt er með Námukorti.
CYMBELINE eftir Shakespeare - gestaleikur í samstarfi við Listahátíð í Reykjavík.
Þri. 15/5 örfá sæti laus, mið. 16/5, fim. 17/5 örfá sæti laus, fös. 18/5.
Smíðaverkstæðið kl. 20:00
Hálsfesti Helenu eftir Carole Fréchette.
Frumsýning lau. 14/4 uppselt, sun. 15/4 uppselt, fös. 21/4 örfá sæti laus, fös. 27/4.
Kassinn
HJÓNABANDSGLÆPIR eftir Eric-Emmanuel Schmitt.
Frumsýning mið. 18/4 uppselt, fim. 19/4 uppselt, fös. 20/4 örfá sæti laus, lau. 21/4 örfá sæti laus, fim. 26/4 örfá sæti laus, fös. 27/4 uppselt, lau. 28/4 örfá sæti laus, sun. 29/4 örfá sæti laus, fim. 3/5 uppselt, fös. 4/5 örfá sæti laus, lau. 5/5 örfá sæti laus, sun. 6/5 örfá sæti laus. sun. 13/5 nokkur sæti laus, fös. 18/5.
Kúlan
MJALLHVÍT Brúðusýning Helgu Arnalds.
Lau. 14/4 kl. 15:00, sun. 15/4 kl. 15:00, fim. 19/4 kl. 15:00, lau. 21/4 kl. 15:00, sun. 22/4 kl. 15:00.
GERSEMAR GÆRDAGSINS Gestasýning frá Turak leikhópnum í Frakklandi.
Mán. 16/4 kl. 20:00 örfá sæti laus.
Afgreiðslan er opin frá kl. 12:30 til kl. 18:00 á mánudögum og þriðjudögum. Aðra daga frá kl. 12:30 til 20:00. Miðasölusími 551-1200. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
Miðasala á Netinu allan sólarhringinn www.leikhusid.is
Leikhúsbloggið er á www.leikhusid.blog.is Fylgist með!

„ÞAÐ ELSKA ALLAR KONUR HEIMSFRÆGA MENN"
GRETTIR
SÍÐAN SKEIN SÓL
20 ára afmælistónleikar
Mið 18/4 kl. 20 Miðaverð 3.900
VILTU FINNA MILLJÓN?
Sun 15/4 kl. 20 Fim 3/5 kl. 20
Síðustu sýningar
EILÍF HAMINGJA
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Sun 15/4 kl.20 Þri 17/4 kl. 20
Fim 19/4 kl. 20 Þri 24/4 kl. 20
LADDI 6-TUGUR
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl. 14 UPPS.
Mán 16/4 kl.21 UPPS. Fim 19/4 kl. 14 UPPS.
Fim 19/4 kl. 17 UPPS. Fim 19/4 kl. 21 UPPS.
Fös 27/4 kl. 20 UPPS. Fös 27/4 kl. 22:30 UPPS.
Fös 4/5 kl. 20 UPPS. Fös 4/5 kl. 22:30 UPPS.
Fim 10/5 kl. 20 UPPS. Fim 10/5 kl. 22:30
Þri 29/5 kl. 20 Mið 30/5 kl. 20 UPPS.
Lau 2/6 kl. 20 Lau 2/6 kl. 22:30
SÖNGLEIKURINN ÁST
Í samstarfi við Vesturport
Lau 14/4 kl. 20 UPPS. Sun 15/4 kl.20 UPPS.
Mán 16/4 kl. 20 UPPS. Fös 20/4 kl. 20 UPPS.
Lau 21/4 kl.20 UPPS. Sun 22/4 kl.20 UPPS.
Mið 25/4 kl. 20 UPPS. Lau 28/4 kl. 20 UPPS.
Sun 29/4 kl. 20 UPPS. Fim 3/5kl.20
Sun 6/5 kl. 20 Fim 10/5 kl. 20
Fös 11/5 kl. 20 Lau 12/5 kl. 20
OPNUNARTÍMI MIÐASÖLU
Miðasalan er lokuð frá fös 6/4 til lau 14/4.
Miðasala á netinu allan sólarhringinn
DAGUR VONAR
Mið 18/4 kl. 20 UPPS. Fim 19/4 kl. 20
Fim 26/4 kl. 20 Fös 27/4 kl. 20
Fös 4/5 kl. 20 Mið 16/5 kl. 20
SÖNGLEIKURINN GRETTIR
Fös 20/4 kl. 20 FORS.UPPS.
Lau 21/4 kl. 20 FORS. MIÐAVERÐ 1.500
Sun 22/4 kl. 20 FRUMSÝNING UPPS.
Lau 28/4 kl. 20 2.sýning Gul kort
Sun 29/4 kl. 20 3.sýning Rauð kort
Lau 5/5 kl. 20 4.sýning Græn kort
Sun 6/5 kl. 20 5.sýning Blá kort
Fös 11/5 kl. 20
KILLER JOE
Í samstarfi við leikhúsið Skámána
Lau 14/4 kl. 20 Fös 20/4 kl. 20
Lau 21/4 kl. 20
Síðustu sýningar í vor
KARÍUS OG BAKTUS
Sun 15/4 kl. 13,14,15 UPPS.
Sun 22/4 kl. 13,14, 15 UPPS.
Sun 29/4 kl. 13, 14, 15 UPPS.
Sun 6/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 13/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Sun 20/5 kl. 13, 14, 15 AUKASÝNINGAR
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar
ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR
Einleikur Eddu Björgvins
Þri 17/4 kl. 20 AUKAS.
Mið 2/5 kl. 20 AUKAS.
Lau 5/5 kl. 20 AUKAS.
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhús.is
grettir.blog.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST
SÖNGLEIKUR EFTIR GÍSLA ÖRN GARÐARSSON OG VÍKING KRISTJÁNSSON
Í samstarfi við Vesturport
14. apríl - Uppselt
15. apríl Uppselt
21. apríl Uppselt
25. apríl Uppselt
Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is


NASA
LAUGARD. 14. APRÍL 2007
PAPAR
STÓRDANSLEIKUR
PAPAR
STÓRDANSLEIKUR
PAPA
STÓRDANSLE
HÚSIÐ OPNAR KL. 23.00
MIÐAVERÐ 1500 KR.
ALDURSTAKMARK 20 ÁRA
NÁNARI UPPLÝSINGAR
NASA.IS
RADAR

Draumalandið
eftir Andra Snæ Magnason
14. apr lau 8 sýning kl. 20
20. apr fös 9 sýning kl. 20
21. apr lau 10 sýning kl. 20
HAFNARFJARÐARLEIKHÚSIÐ
Strandgata 50, Hafnarfirði. Miðasala í síma 555 2222 og á www.midi.is



**MYNDLISTARMAÐURINN KATRÍN SIGURÐARDÓTTIR** Kynningarmiðstöðin styrkir einkasýningu hennar sem stendur yfir í einu þekktasta nútímalistasafni heims, PS1 í New York.

# Styrkja myndlist

Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar auglýsir nú styrki til verkefna íslenskra listamanna erlendis.

Miðstöðin var stofnuð vorið 2005 og frá þeim tíma hefur miðstöðin veitt fimmtíu og sex listamönnum styrki, en styrkjakerfi miðstöðvarinnar hefur að leiðarljósi að kynna verk íslenskra myndlistarmanna erlendis. Svokallaðir „skyndistyrkir“ veita listamönnum möguleika á að grípa tækifæri sem bjóðast með skömmum fyrirvara. Hægt er að sækja um slíka styrki hvenær sem er.

Viðameiri styrkir miðstöðvarinnar eru veittir til stærri verkefna. Listamenn geta meðal annars sótt um styrki vegna viðameiri verkefna, rannsóknaferða og sýningarhalds, til útgáfu sýningarskrár eða annars kynningarefnis. Styrkjakerfið gerir Kynningarmiðstöðinni kleift að styðja við bakið á ungum og upprennandi listamönnum sem og þeim sem þegar hafa fest sig í sessi. Miðstöðin á einnig í samstarfi við Iceland Express um að veita listamönnum flugmiða vegna verkefna þeirra erlendis.

Meðal styrkþega Kynningarmiðstöðvarinnar eru Steina Vasulka, Ragnar Kjartansson, Rúrí, Gabríela Friðriksdóttir, Steingrímur Eyfjörð og Katrín Sigurðardóttir.

Umsóknarfrestur er til 20. apríl en frekari upplýsingar um styrkina má finna á vefsíðu miðstöðvarinnar; http://www.cia.is/styrkir/index.htm



**MEIRI MENNING Á AKUREYRI** Enn ein skrautfjöðurin í hatt norðanmanna er nýstofnaður kvikmyndaklúbbur.

# KvikYndi á Akureyri

Kvikmyndaklúbb Akureyrar, KvikYndi, verður hleypt af stokkunum í kvöld með sýningu ítölsku myndarinnar „Non ti muovere“ í Nýja bíói. Víst er að norðanmenn taka framtaki þessu fagnandi þar sem tvö kvikmyndahús eru á staðnum sem eru fjölsótt af Akureyringum og nærsveitamönnum. Sýning myndarinnar hefst kl. 18 en áður verður boðið upp á ítalskar guðaveigar og skemmtilegheit í anddyri kvikmyndahússins þar sem áhugasamir geta kynnt sér fyrirhugaða starfsemi klúbbsins.

Frá og með næsta mánudegi verða síðan sýningar í Borgarbíói frá kínverska menningarsvæðinu en þá verða sýndar myndirnar „In the Mood For Love“, „Beijing Bicycle“ og „Three Times“.

Sýningar hefjast kl. 18 og er aðgangur ókeypis líkt og í kvöld en gestum er boðið að skrá sig í klúbbinn á staðnum.

# Tríóið TRES á tónleikaferðalagi

Tríó Reynis Sigurðssonar, TRES, heldur í tónleikaferð um landið og hyggst leika á sex stöðum á næstu dögum. Á efnisskránni eru djassskotnar útsetningar á lögum eftir Sigfús Halldórsson, Jón Múla Árnason, Atla Heimi og Oddgeir Kristjánsson en einnig verk eftir Astor Piazzolla, Joseph Haydn, Gerry Mulligan, John Lewis, Antonio Carlos Jobim, Johann Sebastian Bach og Charlie Parker.

Rúnturinn hefst á Blönduósi en þar leikur tríóið annað kvöld á veitingastaðnum „Við árbakkann“. Síðan liggur leiðin til Húsavíkur, Akureyrar, Borgarness, Kirkjubæjarklausturs og Hafnar í Hornafirði.

Tríóið skipa Reynir Sigurðsson sem leikur á víbrafón, Jón Páll Bjarnason gítarleikari og Gunnar Hrafnsson bassaleikari. Munu þeir félagar einnig halda námskeið og leika með nemendum tónlistarskóla á þeim svæðum sem þeir heimsækja en forsprakki hópsins, Reynir Sigurðsson, hefur sinnt kennslu í tónmennt og slagverksleik, harmónikuleik og samspili í Reykjavík og nágrenni frá árinu 1965.



**GAMALREYNDIR GÓÐKUNNINGJAR** Félagar í Tríói Reynis Sigurðssonar heldur í tónleikaferð á landsbyggðinni.




Safnaðu þekkingu
- sæktu þér aukinn styrk

FÉLAGS- & HEILBRIGÐISSVIÐ

Þverfagleg teymi í félags- og heilbrigðisgreinum, skólakerfi og sveitarfélögum
haldið 17. apríl

Fjölþættar fatlanir - "Postural Management" mat og árangursmæling
haldið 18. apríl

Meðferð og túlkun á niðurstöðum alþjóðlega grunnskólaprófsins PISA: Í leit að sérstöðu Íslands
hefst 25. apríl

Geðraskanir aldraðra, meðferð og umönnun
haldið 26. apríl

Námskeið um brjóstakrabbamein
haldið 30. apríl

Ofvirkni fullorðinna
haldið 7. maí

Rannsóknarinngrip í myndgreiningu (e. Interventional radiology)
haldið 16. maí

STJÓRNUN OG FJÁRMÁL

Share based payments (Greiðslur með hlutabréfum)
haldið 16. apríl

Impairment of assets (Virðisrýrnun eigna)
haldið 16. apríl

Financial reporting under IFRS (Gerð ársreikninga skv. IFRS)
haldið 17. apríl

Störf stjórnarmanna lífeyrissjóða
hefst 23. apríl

Vinnusálfræði og samskipti á vinnustað
hefst 30. apríl

MENNING, SJÁLFSRÆKT & TUNGUMÁL

Markvissir fundir og fundarstjórn
haldið 23. apríl

Stjórnaðu lífi þínu
hefst 24. apríl

Fuglar og fuglaskoðun
hefst 25. apríl

Sumarháskóli við Látrabjarg: Merkingar og rannsóknir á strandfuglum - í samstarfi við Háskólasetur Vestfjarða
hefst 25. maí

ENDURMENNTUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

# FARTÖLVU LÆKKUN

## Ferðatölvur í miklu úrvali • Enginn afgreiðslufrestur




### ACER 2480

- Intel Celeron M420, 1.6GHz
- 512MB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- Combo DVD lesari CD skrifari
- 14,1” WXGA 1280x800 skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- Ótrúlega létt aðeins 2.4KG
- Windows VISTA Home Basic

**59.900**

EV10 **5.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 3104

- AMD Sempron64 3500+ 1.8GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4” WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

**79.900**

EV10 **7.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5102

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4” WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB Radeon Xpress 1100
- 5 í 1 minniskortalesari
- Windows VISTA Home Premium

**86.900**

EV10 **8.690** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5633

- Intel Core 2 Duo T5500, 1.66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4” WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**

EV10 **9.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 9412Z

- Intel Core Duo T2060, 1,6GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 80GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17” WXGA+ CrystalBrite skjár
- 128MB Intel GMA950 skjákort
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**99.900**

EV10 **9.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 9302 B

- AMD T64 Dual Core X2 TL50
- 2GB DDR2 533MHz minni
- 120GB ATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 17” WXGA CrystalBrite skjár
- 128MB GeForce Go 7300 TC256
- 0.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**114.900**

EV10 **11.490** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 5684

- Intel Core 2 Duo T5600, 1.83GHz
- 2GB DDR2 533MHz minni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,4” WXGA CrystalBrite skjár
- 256MB GeForce Go 7600
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

**144.900**

EV10 **14.490** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði




### ACER 9813

- Intel Core 2 Duo T5500, 1,66GHz
- 1GB DDR2 533MHz minni
- 120GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD skrifari með Slot rauf
- 20” WSXGA+ Gamers skjár
- 256MB Geforce Go7600 skjákort
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows Vista Home Premium
- Sjónvarpskort og fjarstýring

**179.900**

EV10 **17.990** Á MÁN | Vaxtalaust í 10 mánuði

EV - Vaxtalaus tilboð eru jafnar greiðslur á Vísa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við upphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann • Birt með fyrirvara um breytingar og innsláttarvillur



Til afgreiðslu
Strax
á meðan birgðir endast
Packard Bell.
Your digital playground
HÚN ER KOMIN AFTUR
www.packardbell.com
Packard Bell
PACKARD BELL FERÐATÖLVA Á KYNNINGARTILBOÐI
Intel Core Duo
Core Duo er með tvo örgjörva fyrir enn meiri afköst ef unnið er í mörgum forritum í einu
DIAMOND VIEW
Einn besti ferðatölvu-skjárinn í dag, Ótrúleg skerpa og litadýpt ásamt 16ms hraða
128MB Go7400
Eitt öflugasta skjákortið í dag með 128MB DDR3 minni og allt að 384MB Turbo Cache
VEFMYNDAVÉL
Hágæða vefmyndavél með 30 ramma á sek. ásamt Skype Certified MIC innbyggð í skjáinn
VISTA PREMIUM
Ótrúlegt nýtt grafískt viðmót, meira öryggi, fullkomnir leitarmögu-leikar og fleiri nýjungar
TALNABORÐ
Packard Bell er eina 15,4" fartölvan á markaðinum með lyklaborð í fullri stærð með talnaborði
• Intel Core Duo T2250 1.73GHz örgörvi
• 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
• 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
• 8xDVD SuperMulti DL skrifari
• 15.4" WXGA Diamond View 16ms skjár
• 128MB GeForce Go7400 skjákort
• 2.1 hátalarakerfi með innbyggðu bassaboxi
• BlueTooth 2.0 og 54Mbps þráðlaust net
• 5in1 kortalesari fyrir flest minniskort
• Hágæða vefmyndavél innbyggð í skjá
• Windows VISTA Home Premium
119.900
EV12
9.992
Engir vextir í 12 mánuði
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
Packard Bell®
Packard Bell á Íslandi
Tölvutek er umboðs- og dreifingaraðili Packard Bell á Íslandi. Í samstarfi við Packard Bell er Tölvutek að bjóða upp á nýjustu línu Packard Bell á ótrúlegu kynningarverði.
Hágæða ferðatölvur
Packard Bell er heimsþekkt merki í ferða- og borðtölvum og hefur verið lengi í bransanum. Packard Bell gerir alltaf aðeins betur en aðrir og er nýja vélin með 2.1 hljóðkerfi, lyklaborði í fullri stærð ásamt talnaborði og fleiri nýjungum.
Service Center
Þjónustudeild Tölvuteks er viðurkennt Service Center fyrir Packard Bell á Íslandi og skartar einhverjum öflugustu tæknimönnum landsins með áratuga reynslu í þjónustu á fartölvum og tölvubúnaði.



**Gott gláp**
Science of Sleep
Furðulegur könnunarleiðangur í draumaveröld mannanna.



**Meet the Robinsons**
Lífleg fjölskyldumynd. Ekki spillir fyrir að hægt er að sjá hana í þrívídd.

# bíó

bio@frettabladid.is

## KVIKMYNDANJÖRÐURINN ER ESTER BÍBÍ ÁSGEIRSDÓTTIR TÓNLISTARMAÐUR

# *Málhalt ofurkvendi og dvergur*



**Hvaða mynd sástu síðast í bíó?**
Little Miss Sunshine.

**Hvaða mynd sástu síðast á myndbandi?**
Babel og Children of Men.

**Hvaða kvikmynd hefur haft mest áhrif á þig?**
Babel var mjög áhrifamikil.

**Hefur þú grátið í bíó?**
Já.

**Uppáhalds íslenska persónan:**
Jón Oddur og Jón Bjarni.

**Mesta kvikmyndastjarna allra tíma:**
James Stewart, smámæltur Ameríkani sem var alltaf í Hitchcock-myndunum.

**Mesta hetja hvíta tjaldsins:**
Twin Peaks-dvergurinn, leikinn af Michael J. Anderson.

**Mesti skúrkurinn:**
Ilsa the Siberian Tigress.

**Hver er versta kvikmynd sem þú hefur séð?**
The Wedding Planner með Jennifer Lopez, ásamt fleiri stórslysum sem hafa rekið á fjörur mínar.

**Ef þú fengir að velja þér kvikmynd til að leika í, hvernig væri söguþráðurinn, hver væri leikstjóri og hver myndi leika á móti þér?**
David Lynch leikstýrði, Twin Peaks-dvergurinn væri mótleikari minn og ég væri málhalt, illgjarnt ofurkvendi. Myndin gerist á meðferðarheimili þar sem ofurkvendið reynir að hrista af sér nokkra lesti undir leiðsögn dvergsins, sem talar aftur á bak og hún skilur ekki neitt.



**DE NIRO OG DAMON** Einn fremsti stórleikari heims sest í leikstjórastólinn og stýrir Góða hirðinum Damon.

# Stjörnuhirðir

Þeir sem elska stjörnumprýddar kvikmyndir ættu að fá sitthvað fyrir sinn snúð um helgina. Kvikmyndirnar Perfect Stranger og The Good Shepherd eiga það báðar sameiginlegt að skarta mörgum af stærstu kvikmyndastjörnum Hollywood um þessar mundir.

Reyndar jafnast engin þeirra á við Robert De Niro, sem leikstýrir The Good Shepherd en hún verður frumsýnd í Sambíóunum á föstudaginn. Þetta er í annað skiptið sem leikarinn sest í leikstjórastólinn en hann gerði A Bronx Tale fyrir meira en áratug. De Niro er sjálfur vanur góðum leikstjórum en hann var um tíma fyrsti leikarinn sem Martin Scorsese réð í kvikmyndir sínar og eru þeir félagar enn þann dag í dag góðir vinir. Umfjöllunarefnið gæti ekki verið ólíkara því í staðinn fyrir stræti New York-borgar skyggnist De Niro bak við tjöldin hjá CIA og skoðar söguna bak við þessa umdeildu leyniþjónustu. Matt Damon leikur Edward Wilson sem er ráðinn til OSS á tímum seinni heimstyrjaldarinnar en sú stofnun var forveri CIA. Fljótlega gerir hann sér grein fyrir því að leynd og njósnir eru stór hluti þess að tryggja öryggi Bandaríkjanna. Starfið heltekur fljótt Wilson sem stendur frammi fyrir þeirri erfiðu spurningu hvort það sé þess virði að fórna fjölskyldunni fyrir vinnuna. The Good Shepherd hefur fengið ágætis dóma en með Damon leika þau Angelina Jolie og Alec Baldwin stór hlutverk í myndinni.

The Perfect Stranger verður frumsýnd í kvikmyndahúsum Senu á föstudaginn en hún segir frá rannsóknarblaðakonunni Rowenua Price sem rannsakar morð á vinkonu sinni. Fljótlega kemst hún að raun um að vinkonan tengist hinum valdamikla forstjóra Harrison Hill. Price ákveður að dulbúast og komast í tæri við Hill en kemst fljótlega að raun um að hún er ekki sú eina sem leikur tveimur skjöldum. Þau Bruce Willis og Halle Berry leika aðalhlutverkið í þessar erótísku spennumynd en Willis er í óða önn að leggja lokahöndina á fjórðu myndina um harðhausinn John McClane.



**BERRY OG BRUCE** Rannsóknablaðamaðurinn Price rannsakar dularfullt morð vinkonu sinnar og kemst í tæri við hinn ríka og valdamikla Hill.






# Hroði með asískum áhrifum

**Að undanförnu hefur borið töluvert á asískum áhrifum í hrollvekjum á hvíta tjaldinu. Draumaverksmiðjan í Hollywood hefur ekki aðeins lagt upp úr því að endurgera asískar hryllingsmyndir með misjöfnum árangri heldur hafa leikstjórar og annað fagfólk flutt sig milli álfa.**



**HVAÐ ER MEÐ ÞESSA FUGLA, MAMMA?** Í hrollvekjunni The Messengers ásækja alls kyns annarlegar furður sakleysingja á sólblómabóndabæ í Norður-Dakota.

„Þessi bylgja af asískum hrollvekjum hefur haft mikil áhrif á þá uppsveiflu sem almennt hefur verið í framleiðslu á slíkum myndum á undanförnum árum,“ segir Úlfhildur Dagsdóttir, bókmenntafræðingur og sérleg áhugakona um hrollvekjur. Hún staðsetur upphaf þessarar bylgju við myndir Quentins Tarantino sem komu asísku költi og neðanjarðarmenningu í tísku vestanhafs en á sama tíma fóru vinsælir leikstjórar frá Hong Kong að hasla sér völl í Hollywood. „Á þeim tíma fóru að koma fram asísk áhrif í bandarískum hasarmyndum. Gott dæmi um samruna hrollvekju og hasarmyndar að asískum sið er til dæmis myndin Face/Off í leikstjórn Johns Woo.“ Sem annað dæmi um blöndun asískra og vestrænna áhrifa á hvíta tjaldinu nefnir hún myndina The Decent frá 2005 sem Bretinn Neil Marshall skrifaði og leikstýrði. „Þar voru til dæmis einhverjir tónar sem minntu mig á þessa tilfinningalegu undiröldu sem oft einkennir asísku myndirnar,“ útskýrir Úlfhildur.

Sem dæmi um velheppnaða endurgerð nefnir hún síðan fyrstu Ring-myndina frá 2002 sem gerð var eftir japönsku myndinni Ringu. Framhaldsmyndir hennar eru að margra mati mun síðri en fyrsta Ring-myndin og gildir það einnig um myndina The Grudge sem japanski leikstjórinn Takashi Shimizu skrifaði og endurgerði fyrir Bandaríkjamarkað árið 2004. Hins vegar segist Úlfhildur ekki merkja asísk áhrif á endurgerðum klassískra hrollvekja á borð við The Hills have Eyes og The Texas Chainsaw Massacre.

Úlfhildur segir mynd bræðranna Oxide og Danny Pang, Gin gwai (The Eye) eina áhugaverðustu hrollvekju síðari ára en nú er unnið að bandarískri endurgerð hennar. Á morgun verður frumsýnd hér á landi hryllingsmyndin The Messengers en hún er fyrsta myndin sem tvíburarnir gera á ensku eftir að leikstjórinn Sam Raimi réð þá til liðs við framleiðslufyrirtækið Ghost House og lóðsaði þá til Bandaríkjanna.

Í myndinni segir frá fjölskyldu sem flýr stórborgarlífið og hyggst snúa sér að sólblómarækt í Norður-Dakota. Unglingsstúlkan Jesse er ekki sátt við þá ráðagerð og þegar hljóður yngri bróðir hennar Ben fer að sjá verur á ferli á bænum er fjandinn laus. Sendiboðar þessa ófagnaðar eða draugagangs eru undarlegir fuglar sem minna töluvert á krákur Hitchcocks en eru reyndar tékkneskir hrafnar sem hafa komið við fleiri sögur, til dæmis leikið í stórmyndinni Cold Mountain.

Jesse þarf að eiga við draugaganginn á bóndabænum sem hefur undarlega asískt yfirbragð og fljótt kemur í ljós að húsið á sér hryllilega sögu. Fortíð dótturinnar, sem á vissan hátt ber ábyrgð á málleysi bróðurs síns kemur líka upp á yfirborðið þegar henni gengur illa að sannfæra foreldra sína um þær hættur sem steðja að fjölskyldunni. Í aðalhlutverkum eru Dylan McDermott og Penelope Ann Miller sem leika foreldrana ólukkulegu og leikkonan unga Kristen Stewart, sem þekkt er fyrir hlutverk sitt í myndinni The Panic Room, en hún þykir sýna góða spretti í hlutverki angistarfullu unglingsstúlkunnar.

Pang-bræðurnir hafa fengið misjafna dóma fyrir myndina en hún þykir forvitnileg blanda af asískum hryllingi í ofur-amerískri umgjörð. Að þessu sinni láta þeir sér nægja að sitja í leikstjórastólunum en þessir fjölhæfu menn eru einnig handritshöfundar, framleiðendur og klipparar í hjáverkum. Um þessar mundir vinna þeir að spennumyndinni Time to Kill með stórstjörnunni Nicolas Cage og að handritsgerð bandarískrar aðlögunar á The Eye sem mógúllinn Tom Cruise mun framleiða ásamt félaga sínum Paul Wagner. Leikstjórn hennar verður í höndum tveggja næsta óþekktra leikstjóra, Frakkanna Davids Moreau og Xaviers Palud.

Úlfhildur tekur undir að aðdáendur hrollvekja horfi mikið til austurs og að aðstandendur kvikmyndahúsa mættu gera meira af því að sýna myndir þaðan en ekki aðeins framleiðslu frá Bandaríkjunum. „Eins og margir hafa bent á ríkir ákveðin einhæfni í kvikmyndahúsum almennt sem er næstum óskiljanleg miðað við vinsældir kvikmyndahátíða,“ segir Úlfhildur og áréttar að hún væri einnig til í að sjá fleiri myndir frá Suður-Ameríku en þarlendir leikstjórar hafa einnig verið að gera mjög eftirtektarverða hluti að undanförnu.

Áhugafólk um hryllingsmyndir lætur þó varla nýjustu Pang-myndina fram hjá sér fara og ekki spillir að á morgun er föstudagurinn þrettándi og því viðeigandi að láta hræða úr sér líftóruna.



**KARLAR Í DRAUGAHÚSI** Leikstjórinn Oxide Pang ásamt handritshöfundinum Sebastian Gutierrez, sem gerði til að mynda handrit skriðdýratryllisins Snakes on a Plane, og leikstjóranum og höfuðpaur Ghost House framleiðslufyrirtækisins, Sam Raimi.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

kristrun@frettabladid.is

# Tarantino í tvennt

Kvikmyndaframleiðandinn Harvey Weinstein segist vera að íhuga það alvarlega að skipta kvikmyndinni The Grindhouse í tvennt. Myndin hefur fengið afleita dóma og skelfilega dræma aðsókn og Weinstein er reiðubúinn að beygja sig undir dóm áhorfenda. Myndin er reyndar tvær í einni, Death Proof sem leikstýrt er af Quentin Tarantino og skartar Kurt Russell í aðalhlutverki og hins vegar Planet Terror með Rose McGowan sem Robert Rodriguez gerir.



**TARANTINO** Nýjasta mynd hans, The Grindhouse, hefur fengið afleita aðsókn og slæma dóma. Nú vill framleiðandi myndarinnar skipta henni í tvennt.

Weinstein segist sannfærður um að myndirnar eigi eftir að njóta sín betur sem tvær og telur vefsíðan Pagesix.com að þessi tilhögun komi sterklega til greina. „Ég held að fólk hafi ekki áttað sig á því hvað við vorum að gera, þetta var í raun tvær fyrir eina. Ég skil heldur ekki stærðfræði en vil gjarnan koma til móts við áhorfendur,“ lét Weinstein hafa eftir sér.

# Reiði guðanna verðlaunuð

„Making of“-myndin Wrath of Gods eða Reiði guðanna eftir Jón Gústafsson fékk áhorfendaverðlaunin á Kvikmyndahátíðinni í Oxford nýlega. Myndin lýsir þeim aðstæðum sem kvikmynd Sturlu Gunnarssonar, Bjólfskviða, var gerð við en kvikmyndagerðarmennirnir þurftu að glíma við óblíð náttúruöfl og trega peningamenn. Þrátt fyrir að Bjólfskviða hafi fengið blendin viðbrögð á sínum tíma virðist myndin um hana njóta mikillar hylli enda þykir hún varpa skemmtilegu ljósi á kvikmyndagerð í harðbýlu landi. Þá skemmir varla fyrir að aðalleikari Bjólfskviðu, Gerard Butler, kemur mikið fyrir í Reiði guðanna en hann leikur einmitt aðalhlutverkið í kvikmyndinni 300, sem hefur verið að slá hvert aðsóknarmetið á fætur öðru.



**JÓN GÚSTAFSSON** Kvikmyndin um kvikmyndina Bjólfskviðu þykir um margt skemmtileg og forvitnileg.



**BJÓLFSKVIÐA** Kvikmyndagerðarmennirnir þurftu að fást við óblíð náttúruöfl og trega peningamenn.

## ÚR VERINU

Leonardo DiCaprio heldur áfram að vera pólitískur en varla hefur það farið framhjá nokkrum manni að hann er á forsíðu „græns“ tölublaðs Vanity Fair með ísbjarnarhúninum Knúti. Nú berast fréttir af því að nýjasta verkefnið sem hann ætli að taka sér á hendur fjalli um hryðjuverkasamtökin al-Kaída og hyggst DiCaprio leika gamlan CIA-starfsmann sem fær það hlutverk að leita uppi hryðjuverkahóp í Jórdaníu skömmu eftir hryðjuverkin í New York. Leikstjóri myndarinnar er enginn annar en Ridley Scott og henni hefur þegar verið gefið vinnuheitið Body of Lies.



Sean Penn hyggst leika í stórmyndinni Crossing Over en hún tekur á einhverju mikilvægasta innanríkismáli Bandaríkjanna, ólöglegum innflytjendum. Aðalhlutverkin eru í höndum Harrison Ford og Ray Liotta, sem leika starfsmenn útlendingastofnunar sem elta uppi innflytjendur sem eru án græna kortsins. Penn ætlar þó ekki að vera lengi á tökustað en samkvæmt imdb.com hyggst leikarinn aðeins eyða þremur dögum í tökur. Penn hefur löngum verið þekktur fyrir stjórnmálaskoðanir sínar og var lengi vel orðaður við forsetaframboð.



Það eru ekki bara Strákarnir sem leita að arftökum sínum því nú hyggst hasarmynda- og háloftaleikarinn Jackie Chan hleypa af stokkunum raunveruleikaþætti sem hefur það að markmiði að finna næsta Jackie Chan. Þættirnir verða sýndir í kínversku sjónvarpi og hafa hlotið nafnið „Lærlingurinn“ en Chan lét hafa eftir sér að það væri til mikið af góðu bardagafólki. „En það er bara svo leiðinlegt að horfa á það. Ef þú blandar saman kung fu og dansi fer þetta fyrst að verða skemmtilegt.“



THE BODY SHOP™

KAUPAUKI, GJÖRIÐ SVO VEL!

—Nýtt— kortatímabil




Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 4490 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir. Um er að ræða vandaða og snotra tösku, ástríðualdins-“Body Butter”-húðnæringu (50ml), E-vítamín-andlitskrem (15ml), “White Musk”-ilmvatn (10ml) og “glimmer” varagljáa nr. 4 (“Red Gleam”, 6ml).

**Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.**

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

THE BODY SHOP®

**> Prófaðu...**

*... að blanda sítrónusafa og vatni í skál og láta það rúlla í örbylgjuofninum í stutta stund. Hann mun ilma eins og nýr.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN BJÖRN THORS LEIKARI

# Borðar skjaldbökur en ekki lifur

**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Skelfisks. Og bara sjávarfangs eins og það leggur sig.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Laxinn sem ég eldaði í gærkvöldi. Það var ofsalega góður íslenskur lax í soja-chilílegi. Svo var avókadó og ávaxtasalat með þessu.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Já, ég hef aldrei getað borðað lifur. Ég er búinn að margreyna við ólík tækifæri og með mismunandi matreiðsluaðferðum. Ég kem henni ekki niður.

**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Kúskús, það er algjör snilldaruppfinning. Ég eldaði það fyrst fyrir nokkrum mánuðum, það er ofsalega sniðugt meðlæti. Tekur þrjár mínútur að útbúa, og hentar sem meðlæti eða eitt og sér.

**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Þá borða ég japanskan mat. Japanskt eldhús er alveg rosalega heilsusamlegt og létt og ofboðslega ólíkt vestrænni eldamennsku. Sem gerir það að verkum að manni líður hreinlega betur eftir að hafa borðað japanskan mat í nokkra daga.

**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Ekki neitt, af því að mér finnst svo gaman að breyta til. Núna er hann tómur af því að ég er á fullu að sýna Killer Joe í Borgarleikhúsinu. Í seinni tíð er oftast til rauður chilí og hvítlaukur.

**Ef þú yrðir fastur á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Kryddskáp. Svo myndi maður bara stinga sér til sunds og veiða í matinn.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Ég hef borðað skjaldbökur. Í Mexíkó át ég engisprettur. Þær voru með salti og chilí, svona eins og snakk. Svo drakk ég tuttugu ára gamlan drykk frá Kína í síðustu hertogaveislu. Ofan í flöskunni lá salamandra eða einhver eðla.





## VÍNVIÐURINN
**Einar Logi Vignisson**

# Suður-afrískar kanónur

Kanonkop er eitt frægasta vínhús Suður-Afríku þótt ekki sé það stórt. Þau fjögur vín sem fyrirtækið framleiðir komu á markað hér nýverið. Langt er um liðið síðan ég hef fagnað jafn innilega nýju innleggi í vínflóruna hérlendis. Vínin eru aldeilis frábær og vonandi taka íslenskir vínáhugamenn þeim fagnandi til að þau haldist inni í vínbúðum. Það gæti reynst þrautin þyngri því vínin eru ekki ódýr og það hafa verið örlög flestra samlanda þeirra sem kosta mikið meira en þúsundkall að detta úr hillum vínbúðanna eftir nokkra mánuði. Mörg ódýr suðurafrísk vín hafa náð miklum vinsældum hér á landi. Þannig er Drostdy-Hof mest selda kassavínið. En dýrari vínin hafa átt erfiðara um vik og ekki náð að kveikja í vínáhugamönnum. Mörgum þykja þau gróf og meiri um sig en góðu hófi gegnir. Kanonkop gæti breytt þessari mynd. Vínin eru afar fínleg og evrópsk í stíl enda yfirlýst markmið fyrirtækisins að vera álitið svar Suður-Afríku við fremstu vínhúsum Bordeaux sem flokkuð eru í fyrsta yrki.

Ekki verður annað sagt en að Kanonkop sé með fókusinn í lagi. Framleiðir aðeins fjögur rauðvín. Kanonkop Kadette (1.680 kr.) er ágætur byrjunarreitur. Blanda þar sem pinotage er ríkjandi. Pinotage er höfuðþrúga Suður-Afríku. Blendinsþrúga sem var búin til fyrir tæpri öld, bræðingur pinot noir og cinsaut. Vín úr henni eru jafnan djúprauð, kröftug og heit. Sumum finnst þau minna á brennt gúmmí, á jákvæðan hátt þó. Vín úr pinotage eru ekki allra. Vinkona mín Dominique Plédel Jónsson, skólastjóri Vínskólans, er ekki mikill aðdáandi pinotage en segir Kanonkop Pinotage (2.690 kr.) besta vín úr þrúgunni sem hún hafi smakkað. Get ég tekið undir þau orð. Var ekki síður hrifinn af Kanonkop Cabernet Sauvignon (2.690 kr.), en leikni Afríkumannanna með þá þrúgu er einstök og ekki oft nægur gaumur gefinn í allri pinotage-umfjölluninni. Flaggskipið er svo Kanonkop Paul Sauer (2.980 kr.). Klassísk Bordeaux-blanda sem gagnrýnendur halda ekki vatni yfir. Einn aðdáandi er Einar Thoroddsen vínlæknir, sem telur vínið það fremsta úr álfunni.

Kanonkop er fjölskyldufyrirtæki og heldur nú fjórða kynslóðin um taumana. Er staðsett í Stellenbosch, einu helsta vínræktarsvæði landsins. Nafnið er dregið af hæð sem gnæfir yfir vínekrurnar og mætti íslenska sem „Hólkahóll“. Þar var hleypt af fallbyssu fyrr á tíð þegar skip sáust stefna á Höfðaborg. Streymdu þá bændurnir úr héraðinu til borgarinnar að selja sjómönnum varning sinn.




**Á BOTNINN HVOLFT**
Suður-afrísku vínin hafa gott af umhellingu. Ekki þarf alltaf fínar karöflur í slíkt. Opnar og belgmiklar vatnskönnur gera sama gagn. Hraustleg aðferð sem passar við kanónuvín.

UVG
UNG VINSTRI GRÆN
UMHVERFISSMIÐJA
VISTVERND Í VERKI
Umhverfisvernd frá degi til dags!
Ung vinstri-græn standa fyrir umhverfissmiðju, vistvernd í verki.
Smiðjan verður í Suðurgötu 3, Reykjavík, kl: 20:00
Allir velkomnir



**JENS EIKEN** Bruggmeistari danska bjórhússins Jacobsen var staddur hér á landi nýverið að kynna gæðabjór úr smiðju Carlsberg. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Bjór sem passar með skrítna íslenska matnum

**Danski bruggmeistarinn Jens Eiken kom til Íslands á dögunum. Einar Logi Vignisson ræddi við hann um Jacobsen-bjórinn sem kemur á markað hér um næstu mánaðamót.**

Íslendingar eru á góðri leið með að ná í skottið á hinum Norðurlöndunum í bjórdrykkju þótt enn sé einhver vegur að ná frændum okkar Dönum. Ljós lagerbjór er um 99 prósent af sölunni en þó hefur sala á öli og öðrum bjórtegundum aukist hægt og bítandi. Í Evrópu er þessi þróun komin lengra og sífellt meiri áhugi og sala á gæðabjórum. Helst sá áhugi í hendur við aukinn áhuga á vínum og iðulega fylgist það að þeir sömu og komast á bragðið með góð vín vilja kynna sér flóknari bjór.

Svokölluð örbrugghús eða míkróbrugghús hafa skotist upp eins og gorkúlur um alla álfuna. Í Danmörku einni eru slík brugghús hátt í hundrað. Bjórrisinn Carlsberg stefnir að því að vera leiðandi í þessari þróun og stofnaði fyrir tveimur árum míkróbrugghúsið Jacobsen. Það er nefnt eftir stofnanda fyrirtækisins, J.C. Jacobsen, og þótti löngu tímabært að nafn hans væri dregið fram. Jacobsen skírði hið heimsfræga brugghús eftir Karli syni sínum og hæðinni sem brugghúsið stendur á. Hóla og hæðir kalla Danir berg og vörumerkið Carlsberg var fætt.

**Notar hvönn í bjórgerð**

Það er alltaf gaman að hitta fólk sem hefur gríðarlega ástríðu fyrir starfi sínu. Talar um það af slíkum ákafa að vonlaust er að hrífast ekki með. Bruggmeistarinn Jens Magnus Eiken virkaði á mig eins og unglingur sem nýbyrjaður er í popphljómsveit þegar ég hitti hann fyrir nokkrum vikum. Jens er lyfjafræðingur að mennt sem lét drauminn rætast og gerðist bruggmeistari. Hann hafði mikinn áhuga á íslensku hráefni og þeim miklu möguleikum sem væru fyrir hendi hérlendis að búa til gæðabjór. „Ég nota hvönn í bjórana mína, þið eigið nóg af henni,“ sagði Jens. Hann var staddur hér á landi til að kynna Jacobsen-bjórinn sem fást mun í vínbúðum frá 1. maí en er þegar kominn í sölu á nokkrum betri veitingastöðum. Á veitingastaðnum Silfri á Hótel Borg voru haldnir Jacobsen-dagar þar sem settur var saman matseðill þar sem mismunandi tegundir Jacobsen-bjórs rímuðu við réttina. „Við hugsum þennan bjór fyrst og fremst með mat. Það er mikilvægt að hafa það í huga þegar fólk smakkar bjórinn okkar. Hann er sterkur til að kalla fram öll helstu einkenni hráefnisins. Þetta er ekki bjór til að drekka í miklu magni heldur að njóta í rólegheitum.“

**Tilraunastarfsemi mikilvæg**

„Við búum til nokkrar ólíkar týpur til að para við mismunandi mat. Saaz Blonde er ljós bjór í belgískum stíl þar sem við notum tékknesku saaz humlana og hvönnina sem ég minntist á. Þetta er bjór sem hefur komið einstaklega vel út með íslenska fisknum og ræður vel við miklar sósur. Dökki bjórinn, Brown Ale, er ristaður og á vel við allan grillaðan mat. Margir hafa bent mér á að þessir bjórar gætu virkað vel með dæmigerðum íslenskum jólamat og þorramat. Það væri gaman að fá að prófa þennan skrítna mat sem ég hef heyrt miklar sögur af. Sumt þekki ég frá Danmörku eins og hamborgarhrygginn og get staðfest að dökki bjórinn á einstaklega vel við hann. Reyndar skiptir norræn matarmenning mjög miklu máli fyrir framgang bjórsins á alþjóðavettvangi því Norðurlöndin eru orðin mjög þekkt fyrir gæði í matreiðslu og norræna veitingastaði má finna í öllum helstu stórborgum Vesturlanda.“

Jens segist fá mjög frjálsar hendur hjá Carlsberg og að mikill metnaður ríki hjá fyrirtækinu. „Þetta verður aldrei nein massaframleiðsla og það vita stjórnendur. Og gæðin skipta gríðarlega miklu máli fyrir ímynd fyrirtækisins. Enda hafa allir glaðst yfir þeim feiknarlega góðu móttökum og gagnrýni sem bjórinn hefur fengið, t.d. hjá hinum fræga enska bjórrýni Michael Jackson. Hann benti mér í samtali á mikilvægi tilraunastarfsemi og að opna huga fólks fyrir ólíkum tegundum bjórs. Ég reyni að prófa mig eins mikið áfram og mér er unnt og starfa töluvert með öðrum míkróbrugghúsum í Danmörku. Við eigum okkar eigin samtök og vinnum saman að gæðastöðlum og fræðslu en það er gífurlega mikilvægt í jafn viðkvæmri framleiðslugrein að gæðin séu í lagi.“

einarlogi@frettabladid.is

# 300KALL!

Hjá Sappos færðu skó frá 300 - 6000 kr. Það kallar Sappos kjarabót fyrir heimilin!!! Á fimmtudaginn heldur skóveislan áfram, en allar vörur sem voru á Skómarkaðnum í Perlunni eru nú komnar í Sappos á sömu frábæru verðunum.

## "Enn meiri verðlækkun"



## "Frábært úrval af töskum"





## "Dömu- barna- og herraskór"







"ÞETTA ER EKKERT GRÍN!"

## "Frábært úrval"

**OPNUNARTÍMI SAPPOS**

| | |
|---|---|
| Fimmtudaga | 12-18 |
| Föstudaga | 12-18 |
| Laugardaga | 11-18 |
| Sunnudaga | 13-18 |

VISA · EUROCARD MasterCard




Sendum í póstkröfu. www.sappos.is - 534 5700

Miðhrauni 14
Garðabæ
Sími 534 5700

Hrísalundi 5
Akureyri
Sími 534 5740

SAPPOS

ATHUGIÐ! Sumar vörur eru í takmörkuðu magni því getum við ekki ábyrgst að allar vörur séu til í öllum númerum.

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**ATHYGLISSJÚK** Hollywood-hjónin Tom Cruise og Katie Holmes eru sögð íhuga að nota dóttur sína í kvikmynd.

## Suri á hvíta tjaldið

Katie Holmes mætti með dóttur sína Suri í kvikmyndaver í síðustu viku. Í kjölfarið ganga sögur um að hún og Tom Cruise hyggist láta dótturina birtast á hvíta tjaldinu innan tíðar. Katie mætti í Silvercup-stúdíóið þar sem margar prufuupptökur eru gerðar. „Það er ekkert frágengið enn, meðan Katie var í prufum passaði barnfóstra dótturina,“ sagði heimildarmaður New York Daily News. Dóttirin Suri verður eins árs í næstu viku.

# Flókin ástarmál Justins Timberlake

**Það er skammt stórra högga á milli í ástarmálum söngvarans Justin Timberlake. Hann hefur verið orðaður við ófáar fegurðardísirnar síðan hann hætti með Cameron Diaz og er iðulega úti á lífinu.**

Síðasta stúlkan sem Justin Timberlake var orðaður við er leikkonan Jessica Biel. Í síðustu viku sást til þeirra í partíi á Malibu þar sem þau kysstust og föðmuðust fyrir allra augum. Þetta var á föstudaginn langa í afmælisveislu sameiginlegs vinar þeirra. Justin og Jessica mættu saman til veislunnar hönd í hönd.

„Ef Jessica stóð og talaði við vinkonur sínar kom Justin alltaf til hennar, kyssti hana á hálsinn og þau enduðu í innilegum faðmlögum,“ sagði heimildarmaður úr partíinu í viðtali við tímaritið US Weekly. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem sögur af sambandi þeirra fara af stað. Skömmu eftir að Justin hætti með Cameron Diaz sást til þeirra að daðra við hvort annað í partíi sem söngvarinn Prince hélt eftir Óskarsverðlaunahátíðina. Skömmu seinna fóru þau saman í skíðaferðalag. Justin og Jessica neituðu á þeim tíma að þau væru par.

Eftir þetta skellti Justin sér á stefnumót með hinni sjóðheitu leikkonu Scarlett Johansson. Var strax talað um að þar færi heitasta parið í Hollywood. Á sama tíma fór Jessica Biel á nokkur stefnumót með leikaranum Ryan Reynolds, en þau léku saman í kvikmyndinni Blade: Trinity. Þessum samböndum tveimur lauk þó snögglega.

Nú er Justin sem sagt aftur farinn að gera sér dælt við Jessicu Biel en dramatíkinni lýkur ekki alveg með því. Þau Ryan Reynolds og Scarlett Johansson láta þetta nefnilega ekki ganga yfir sig. Sama kvöld og Justin og Jessica kysstust í afmælisveislu fóru þau Ryan og Scarlett á rómantískan veitingastað í New York og létu mjög vel að hvort öðru. „Þau eru klárlega saman,“ sagði einn gestanna á veitingastaðnum. Þannig er nú lífið í henni Hollywood.



**SÁTTUR MEÐ SCARLETT** Ryan Reynolds var með Jessicu Biel en er nú með Scarlett Johansson.

**LÆTUR JUSTIN EKKI NÆGJA** Scarlett Johansson fór á stefnumót með Justin Timberlake en er nú með Ryan Reynolds.

**HEIT FYRIR JUSTIN** Jessica Biel var fyrst með Justin, síðan Ryan Reynolds en er nú aftur með Justin.



**EFTIRSÓTTUR PIPARSVEINN** Söngvarinn Justin Timberlake er sá heitasti í bransanum um þessar mundir. Hann er líka eftirsóttasti piparsveinninn og hefur gert sér dælt bæði við Jessicu Biel og Scarlett Johansson að undanförnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES




# Hrifinn af sambandi kynlífs og ofbeldis

Franski rithöfundurinn Alain Robbe-Grillet er væntanlegur til landsins síðar í mánuðinum. Hann verður gestur frönsku menningarhátíðarinnar Pourquoi pas? sem nú stendur yfir en skáldið mun halda fyrirlestur í Háskóla Íslands 20. apríl og síðan verður forsýning á kvikmynd Grillet daginn eftir þar sem hann mun ræða við áhorfendur um myndina.

Torfi Tulinius, prófessor í frönsku og miðaldabókmenntum við Háskóla Íslands, þekkir vel til skáldsins Alain Robbe-Grillet og er ágætis vinur þeirra hjóna. „Robbe-Grillet er eitt fremsta skáld Frakka og var einn af forvígsmönnum skáldastefnunnar „nouveau roman“ eða „nýsögunnar,“ útskýrir Torfi. „Hann var talsmaður þessa hóps skálda í Frakklandi sem brutust fram á sjónarsviðið snemma á sjötta áratugnum og höfðu mikil áhrif á skáldsöguna. Og Grillet var fremsti maður í víglínunni þrátt fyrir að vera yngsti meðlimurinn í hópnum,“ bætir prófessorinn við. „Markmið þeirra var fyrst og fremst að koma á sömu formbreytingu í skáldsögunni og hafði orðið í ljóðlistinni skömmu áður,“ útskýrir Torfi. „Þetta þótti nýstárlegt og erfið lesning en átti líka að vera það enda er það sem er nýtt oft erfitt,“ bætir Torfi við. Hann segir að þá hafi þeir orðið mjög frægir en lítið lesnir en í dag hafi dæmið snúist við.„Nú eru þeir ekki sömu frægðarpersónurnar en mikið lesnir og kenndir við alla stærstu háskólana.“



**ALAIN ROBBE-GRILLET** Hefur mikinn áhuga á öllu því sem tengist kynlífi og ofbeldi.

Robbe Grillet og kona hans Catherine hafa verið áberandi í frönsku menningar- og þjóðlífi síðastliðna áratugi og þá ekki síst fyrir frjálslynt viðhorf sitt gagnvart kynlífi og öllu sem því tengist. Hefur Catherine meðal annars skrifað umdeildar greinar þar sem hún mælir fyrir lögleiðingu vændis. „Jú, þau hafa lagt ákveðna rækt við frábrigði af venjulegri kynhegðun og það er mjög auðvelt að sjá hversu upptekinn Robbe-Grillet er af sambandi kynlífs og ofbeldis í verkum sínum,“ útskýrir Torfi. Hann bætir því við að þetta sjáist ef til vill hvað best í þeim kvikmyndum sem Robbe-Grillet hefur gert. Að mati Torfa er Robbe-Grillet reyndar jafnmikill frumherji í kvikmyndagerð og skáldsögunni. „Hann ætlar að sýna C'est Gradiva qui vous appelle sem er nýjasta verk hans og þar má glöggt sjá þetta samhengi kynlífs og ofbeldis,“ útskýrir Torfi en þetta ku vera í fyrsta skipti sem myndin er sýnd fyrir utan kvikmyndahátíðina í Feneyjum. „En hann er hins vegar algjörlega andsnúin því að fólk sé beitt ofbeldi heldur segir að þetta séu sviðsetningar á valdbeitingu þar sem tveir þátttakendur taka þátt af fúsum og frjálsum vilja af því að þeir fá eitthvað út úr því,“ útskýrir Torfi. „Að mati Robbe-Grillet er það sem sumir kalla klám erótík í hans augum og svo öfugt.“ - fgg



**TORFI TULINIUS** Telur Robbe-Grillet vera ekki síður mikinn frumherja í kvikmyndagerð og í skáldsögunni.

# Geiri á Goldfinger ósáttur og kærir á móti

„Verulega ljótt og ærumeiðandi er að bendla menn að ósekju við svo alvarlegan glæp. Lögreglan lítur þetta alvarlegum augum og segir mig verða að spyrna við fótum,“ segir Ásgeir Davíðsson, sem betur er þekktur sem Geiri á Goldfinger.

Vísir birti 19. mars síðastliðinn frétt undir fyrirsögninni „Geiri Goldfinger kærður fyrir líkamsárás“. Í fréttinni segir ónefndur leigubílstjóri Geira hafa misst stjórn á sér, hótað sér og kýlt ítrekað í andlitið.

Lögmaður Geira, Brynjar Níelsson hrl., leggur fram kæruna í nafni Geira en hún er tvíþætt. Í fyrsta lagi er leigubílstjórinn Jón Halldórsson kærður fyrir rangar sakargiftir. Í öðru lagi er farið fram á að gefið verði upp hver sá er sem kallar sig GunnarBest hjá Vísi.is og setti fram athugasemd við fréttina á Vísi. Sá segir af grunsemdum sínum þess efnis að Geiri sé viðriðinn hvarf Valgeirs Víðissonar sem saknað var árið 1994 og hefur ekki fundist.

Geiri segir þetta út í hött en lítur ásakanir um kjaftshöggið alvarlegri augum. „Ég er ekki vanur að ganga um og kýla menn. Ég er alinn upp hjá góðu fólki og var kennt að hvorki ljúga né stela. Hvað þá kýla menn. Þetta fólk myndi snúa sér við í gröfinni ef það vissi hvað væri í gangi núna.“

Þórir Guðmundsson, ritstjóri Vísis, segir fyrirliggjandi að ef dómstólar vilji fá að vita hver standi á bak við nöfn á spjallþráðum og á athugasemdakerfum muni Vísir gera sitt besta til að veita þær upplýsingar.

„Hins vegar er ekki víst að hægt sé að finna viðkomandi. Menn skrá sig þarna inn og eru ekki endilega að gefa upp nöfn og kennitölur þannig að hægt sé að rekja það,“ segir Þórir.

„Ég óttast ekki þessa kæru hans,“ segir Jón leigubílstjóri og stendur við framburð sinn, þann sem Vísir birti. Jón segir að rannsókn á kæru sinni sé ekki lokið og hann hafi enn frest til að leggja fram bótakröfu. Jón segist jafnframt hafa undir höndum áverkavottorð.

Aðspurður hvernig á þessum ýfingum standi segir Jón þær tengjast vini sínum, Viðari Má Friðfinnssyni, fyrrverandi starfsmanni Geira á Goldfinger. Hann hafi verið rekinn af Goldfinger fyrir að vera í sambandi við súludansmey, en tekið við sem framkvæmdastjóri á súlustaðnum Bóhem. Á hann verið ráðist af tveimur grímuklæddum mönnum á síðasta ári og telur Jón Geira tengjast þeirri árás. Geiri hafnar því hins vegar alfarið og segist hafa þá verið í New York með konu sinni.

Eftir að Fréttablaðið talaði við Vísismenn vegna vinnslu þessarar fréttar var svo búið að taka niður athugasemdir við veffréttina.

jakob@frettabladid.is



**GEIRI Á GOLDFINGER** Kærir Jón fyrir rangar sakagiftir og vill fá að vita hver skrifi róg um sig á Vísi.

# Jenna ný vinkona Parísar

Paris Hilton virðist eiga ákaflega bágt með að haldast á vinum en nýjasta vinkona hennar á það kannski sameiginlegt með Paris að vera ekki við eina fjölina felld ... hvað starf varðar. Paris sást nefnilega í hrókasamræðum við klámmyndaleikkonuna Jennu Jameson í afmæli þeirrar síðarnefndu á hóteli í Las Vegas.



**PARIS** Á það sameiginlegt með Jennu að ástaratlot hennar farið í dreifingu á netinu

Hvort Hilton-erfinginn hafi verið að þiggja góð ráð frá Jameson skal ósagt látið en fyrirsætan varð fyrir því óláni að kynlífsmyndband hennar og Rick Solomon lak út á netið og skákaði meðal annars öllu því nýjasta í klámiðnaðinum þá í smásölu.

Breska blaðið The Sun birtir myndir úr afmælinu og má þar meðal annars sjá Lukas Rossi í góðu stuði með Jennu en hann ættu Íslendingar að kannast vel við úr sjónvarpsþáttunum Rock Star: Supernova þar sem Magni „okkar“ Ásgeirsson sló í gegn.



**JENNA** Hélt upp á afmælið sitt í Las Vegas.



**KEIRA KNIGHTLEY** Með fimm brjálæðinga á hælunum.

# Keira hrædd um líf sitt

Breska leikkonan Keira Knightley lifir í ótta þessa dagana því fimm karlmenn ofsækja hana og elta hvert sem hún fer. „Ég er ótrúlega hrædd,“ segir Keira enda veit hún ekkert um hversu hættulegir þessir óðu aðdáendur hennar eru. „Fimm menn elta mig og ég veit ekki hvort þeir eru nauðgarar eða eitthvað annað. Ég er dauðhrædd á hverjum degi.“






# Metnaðurinn dugir ekki

Þá er hún komin, fyrsta plata spilltu ofurstjörnunnar Silviu Night sem átti hug og hjörtu íslensku þjóðarinnar stóran hluta ársins í fyrra. Það gæti orðið erfitt að endurvekja áhugann á Silviu blessaðri eftir Eurovision-óverdósið, en dveljum ekki við það heldur snúum okkur að tónlistinni á plötunni.

Goldmine er unnin í Hafnarfirði, Reykjavík og Los Angeles. Aðalmaðurinn á bak við vinnslu plötunnar er Sölvi Blöndal, fyrrum aðalsprauta Quarashi, en Birgir Örn Steinarsson og Sveinbjörn Bjarki Jónsson eiga líka stóran þátt í gerð hennar. Sölvi og Birgir Örn semja flest lögin í sameiningu, en platan er hljóðblönduð af Warren Riker, sem hefur unnið með mörgum af stærstu tónlistarmönnunum vestanhafs, til dæmis Michael Jackson, Fugees, Santana og Arethu Franklin. Hann er þrefaldur Grammy-verðlaunahafi. Fleiri góðir listamenn leggja plötunni lið, til dæmis Þórir Baldursson sem sér um strengjaútsetningar í nokkrum lögum og DJ Dice sem spilar á plötuspilara.

Tónlistin á Goldmine er mikið unnið nútímapopp. Það heyrist að það hefur mikið verið nostrað við lögin. Taktarnir hjá Sölva eru margir flottir og eftir því sem maður hlustar oftar uppgötvar maður fleiri skemmtileg smáatriði sem setja svip á einstaka lög. Ágústa Eva skilar sínu líka ágætlega. Vandamálið við plötuna er hins vegar sjálfar lagasmíðarnar. Þær eru ekki upp á marga fiska. Það eru að vísu nokkur sæmileg lög. Thank You Baby venst vel, titillagið Goldmine er OK og ballaðan hans Magnúsar Þórs Sigmundssonar Snowflake er alveg í lagi líka, en önnur lög eru vond. Og það gengur ekki í popptónlist þó að það geti alveg virkað t.d. í hiphoppi og danstónlist þar sem lögmálin eru önnur og allt stendur ekki og fellur með lagasmíðunum.

Og þess vegna sitjum við uppi með þessa þversagnakenndu staðreynd: Goldmine er ein metnaðarfyllsta poppplata sem gerð hefur verið hér á landi. Það er meiri framsýni og hugmyndaauðgi á henni heldur en þorranum af íslenskum poppplötum, en samt virkar hún engan veginn af því að lögin sjálf eru vonlaus. Synd.

**Trausti Júlíusson**




**TÓNLIST**
**Goldmine**
Silvia Night
★★

Það sannast með þessari nýju plötu Silviu Night sem mikið hefur verið lagt í að popptónlist verður aldrei góð ef lagasmíðarnar sjálfar eru vonlausar.



# Strax byrjaðir á næstu plötu

Þrátt fyrir að aðeins sé vika síðan nýjasta plata þeirra kom út eru meðlimir hljómsveitarinnar Kings of Leon þegar farnir að semja efni á næstu plötu. Söngvarinn Caleb Followill upplýsir á vef NME að hann sé þegar byrjaður að semja lög en textarnir bíði betri tíma.

„Það eru komin ný lög en ég læt textana bíða. Ef maður semur þá er hætt við að við förum strax að spila lögin á tónleikum. Það er heilt ár síðan við kláruðum nýju plötuna og síðan höfum við bara beðið eftir að plötufyrirtækið gæfi hana út. Þess vegna erum við tilbúnir að semja nýtt efni," segir hann.

Nýja platan, Because of the Times, hefur fengið góðar viðtökur og fór til að mynda beint í efsta sæti breska breiðskífulistans. Followill er nokkuð ánægður með hana: „Ég hlustaði á hana um daginn í fyrsta skipti síðan við kláruðum upptökurnar. Hún hljómaði vel og ég var stoltur af henni."


**NÝ PLATA Í VINNSLU** Hljómsveitin Kings of Leon var að senda frá sér þriðju plötu sína. Meðlimir sveitarinnar eru þegar byrjaðir á næstu plötu sinni.









# Tími kominn á frí hjá Mr. Bean

Fyrir tæpum tveimur áratugum sat ég ásamt eldri bróður mínum uppi í sófa og kvartaði sáran yfir því að fá ekki að leigja myndbandsspólu. Foreldrarnir hugðust bregða undir sig betri fætinum og fylgjast með kosningaúrslitum en okkur bræðrunum var gert að horfa á einhvern „enskan gamanþátt með dósahlátri". Varla var þó liðin mínúta áður en hláturinn hafði tekið öll völd. Áður en ég vissi af lá öll fjölskyldan í krampakasti á gólfinu yfir furðulegu háttalagi undarlegs manns á skjánum, Mr. Bean. Og hver gæti gleymt því þegar Mr. Bean rotar sjálfa drottninguna, sofnar í kirkju eða reynir að svindla á prófi?

Þetta hugarfóstur Rowans Atkinson heillaði heimsbyggðina svo um munaði á þessum tíma. Og Atkinson, sem hafði kitlað hláturtaugarnar með Black Adder nokkrum árum áður, varð að stórstjörnu. Réttara væri að segja að Mr. Bean hefði orðið að þessari stórstjörnu. Hvíta tjaldið krafðist krafta hans og fyrir tíu árum kom út fyrsta myndin, Mr. Bean: The Movie.

En hvort Atkinson sé að verða blankur skal ósagt látið því nú hefur nýrri mynd um þennan einfeldning skolað á land. Að þessu sinni fer hann í frí til Cannes á sama tíma og hin merka kvikmyndahátíð er haldin við strendur Miðjarðarhafsins. Bean tekur að sér rússneskan dreng sem verður viðskila við föður sinn sökum óheppilegra krafna Mr. Bean um myndatöku af sjálfum sér. Og á vegi þeirra verða sjálfhverfur leikstjóri og frönsk leikkona sem dreymir um frægð og frama.

Því miður tekst Atkinson ekki að galdra fram sömu hlátursköst og áður. Mr. Bean's Holiday sannar í raun hið fornkveðna; það er ekki hægt að segja sama brandarann aftur og aftur og aftur... og aftur. Smáfólkið gæti þó haft gaman af heimskulegum uppátækjum Englendingsins sérlundaða en það er ofsögum sagt að myndin sé fyndin. Og kannski er heiti myndarinnar forleikur að því sem koma skal: gott frí hjá Mr. Bean.

Freyr Gígja Gunnarsson



**KVIKMYNDIR**

**Mr. Bean's Holiday**

Leikstjóri: Steve Bendelack

Aðalhlutverk: Rowan Atkinson og Willem Dafoe

★★

Mr Bean's Holiday er kannski titill við hæfi enda orðið tímabært fyrir einfeldninginn að taka sér gott frí.

# Nýr tónleikastaður í miðbænum

Nýr tónleikastaður verður opnaður í miðbæ Reykjavíkur hinn 23. júní næstkomandi. „Þetta verður þrjú hundruð manna staður á tveimur hæðum í porti við Hafnarstrætið," segir Gylfi Blöndal, sem sér um að skipuleggja tónleikadagskrá staðarins.

„Þetta er gamalt timburhús sem er búið að gera upp og það verður mjög fallegur og sérstakur hljómur þarna eins og er gjarnan í svona gömlum timburhúsum," segir Gylfi. Mikil þurrð hefur verið á tónleikastöðum í Reykjavík eftir að Grand Rokk og Gaukur á Stöng ákváðu að snúa sér að íþróttum þannig að þetta mun eflaust gleðja marga. „Þetta verður fullkomin stærð fyrir flesta reykvíska tónleika. Ekki of stórt og ekki of lítið. Svo stefnum við líka á að flytja inn spennandi erlendar hljómsveitir sem eru ekki svo stórar að þær fylli Höllina eða Nasa. Svona svipað og Kiddi í Hljómalind var að gera „í gamla daga". Það er margt spennandi í bígerð. Við ætlum jafnvel líka að hafa útitónleika í portinu á laugardögum." Áhugasamar hljómsveitir mega hafa samband við Gylfa því planið er að hafa tónleikadagskrána skipulagða vel fram í tímann.



**GYLFI BLÖNDAL** Stendur að opnun nýs tónleikastaðar í miðborg Reykjavíkur.



## > Glogovac semur til 2010

Varnarmaðurinn sterki hjá Víkingum, Serbinn Milos Glogovac, hefur framlengt samning sinn við félagið til ársins 2010. Gamli samningur hans átti að renna út í lok þessa árs. Hann gekk til liðs við Víking fyrir tveimur árum og hefur alls leikið 38 leiki fyrir félagið, þar af sautján í efstu deild. Hann gegndi lykilhlutverki í vörn Víkinga síðastliðið sumar og var einn besti leikmaður liðsins.



spo

sport@fret

ÁRSÞING HSÍ FRAM UNDAN: ÁHUGAVERÐAR TILLÖGUR LIGGJA FYRIR ÞINGINU

# Haukar og FH vilja fá úrslitakeppnina aftur

Á miðvikudaginn kemur fer ársþing HSÍ fram. Að venju liggja fyrir þinginu áhugaverðar tillögur. Hæst ber tillögu Hafnarfjarðarliðanna Hauka og FH sem leggja til að úrslitakeppnin verða aftur sett á koppinn.

„Það verður að segjast eins og er að innan hreyfingarinnar er hópur sem sér eftir úrslitakeppninni. Hversu stór hópur það er treysti ég mér ekki til að segja um," sagði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, en nokkur spenna er innan hreyfingarinnar hvernig þetta mál fer.

Það er einnig áhugavert að í tillögu Hafnarfjarðarliðanna er mælt með því að farið verði í tólf liða úrvalsdeild verði tuttugu eða fleiri lið skráð til þátttöku. Í dag eru sextán lið skráð til leiks og orðrómur er um að allt í fjögur lið ætli sér að senda lið númer tvö til keppni eins og hægt er í dag.

Ef tillaga liðanna yrði samþykkt þá færi FH upp í úrvalsdeild, en liðinu mistókst það í vetur, og Haukar gætu ekki fallið en þeir berjast þessa dagana fyrir lífi sínu.

HSÍ hefur einnig tekið af skarið og leggur fram tillögu um bætta umgjörð sem felst í því að HSÍ gefi út reglur um umgjörð fyrir hvert tímabil. Fram leggur til að í óbreyttu fyrirkomulagi falli aðeins eitt lið úr úrvalsdeild. Lið tvö í 1. deild leiki svo umspil við næstneðsta lið úrvalsdeildar. 25 prósent fall er of mikið að mati Framara.

Fram vill einnig að deildarbikarinn verði spilaður fyrir Íslandsmót sem og að sektarákvæði vegna ólöglegra viðræðna við samningsbundinn leikmann verði hækkað í 500 þúsund krónur úr 50 þúsund. Framarar eru allra liða duglegastir að senda inn tillögur og mæla með að öll lið greiði 200 þúsund krónur í ferðajöfnunarsjóð í stað 50 þúsund.

Eins og áður segir fer þingið fram næstkomandi miðvikudag og verður áhugavert að sjá hvaða tillögur fá brautargengi í hreyfingunni.



GENGUR ILLA Í 2. LEIK Brenton Birmingham hjá Njarðvík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Iceland Express-deild karla:

## Njarðvík tapar alltaf leik tvö

**KÖRFUBOLTI** Lokaúrslit Iceland Express deildar karla halda áfram í kvöld þegar KR tekur á móti Njarðvík í DHL-höllinni og hefst leikurinn klukkan 20.00.

Njarðvík vann fyrsta leikinn 99-78 þar sem Njarðvík vann lokaleikhlutann 29-6. Undanfarin tvö ár hefur Njarðvík tapað leik tvö í einvígjum þar sem þrjá leiki hefur þurft að vinna og nú er að sjá hvort sú hefð haldist.

Njarðvík skoraði 52 stig úr teig í síðasta leik og komst 28 sinnum á vítalínuna og KR-ingar þurfa fyrst og fremst að verja teiginn sinn betur í kvöld.

Heimamenn í KR eru undir í þriðja sinn í úrslitakeppninni og vita því vel hvað þarf til að koma sér aftur inn í seríuna. - óój

# Fjórar mínútur breyttu öllu í München

**AC Milan og Liverpool tryggðu sér sæti í undanúrslitum og bættust í hóp Manchester United og Chelsea. Ítalska liðið sótti 2-0 sigur til München á sama tíma og Peter Crouch tryggði Liverpool 1-0 sigur á PSV.**

**FÓTBOLTI** AC Milan og Liverpool komust í gær í undanúrslit Meistaradeildar Evrópu. Liverpool keppir við Chelsea alveg eins og fyrir tveimur árum þegar félagið fór alla leið og vann Meistaradeildina. AC Milan mætir Manchester United. AC Milan og Liverpool spila seinni leikinn á heimavelli.

Það var löngu ljóst að Liverpool færi áfram eftir 3-0 útisigur en staðan var hvergi nærri eins góð hjá Mílanó-mönnum sem voru á erfiðum útivelli.

AC Milan varð að skora eftir 2-2 jafntefli á heimavelli sínum í fyrri hálfleik. Bayern München var líklegt til afreka í upphafi leiks en eftir að AC Milan skoraði tvö mörk með stuttu millibili þá gat ítalska liðið dottið aftur á völlinn og haldið aftur af hugmyndasnauðum sóknum þýska liðsins.

Hollendingurinn Clarence Seedorf sýndi snilli sína á fjögurra mínútna kafla í fyrri hálfleik og sannaði það af hverju þessi gamalreyndi leikmaður er enn að spila með einu besta liði Evrópu. Fyrst fékk hann sendingu frá Brasilíumanninum Kaka og afgreiddi boltann laglega í markið. Síðan stakk hann boltanum skemmtilega inn fyrir vörnina á „besta vin Bayern München", Filippo Inzaghi, sem skoraði af öryggi sitt sjötta mark gegn þýska liðinu í Meistaradeildinni.

„Manchester United er sterkt lið en við erum ánægðir með að fá að mæta þeim því við áttum fyrir þennan leik minni möguleika en Bayern að komast áfram. Við unnum þá tvisvar fyrir tveimur árum og það hjálpar okkur eins að eiga seinni leikinn á heimavelli," sagði Carlo Ancelotti, þjálfari AC Milan.

Peter Crouch tryggði Liverpool 1-0 sigur á PSV Eindhoven með marki um miðjan seinni hálfleik. Markið skoraði hann eftir sendingu frá Robbie Fowler, sem var fyrstur að átta sig eftir að Gomes, markvörður PSV, hafði bjargað því að varnarmaður hans skoraði sjálfsmark.



BORINN AF VELLI Liverpool varð fyrir áfalli í fyrri hálfleik þegar Craig Bellamy meiddist og var borinn af velli. NORDIC PHOTOS/GETTY



SEINNA MARKIÐ Filippo Inzaghi hélt áfram að hrekkja Bayern München. NORDIC PHOTOS/GETTY

Liverpool hafði öll spilin á sinni hendi og eftir að PSV varð manni færra þegar 26 mínútur voru til leikskloka var aðeins spurning um hvort Liverpool tækist að ná inn sigurmarkinu. Það tókst þremur mínútum síðar og Liverpool gat síðan bætt við mörkum á lokakaflanum en það tókst þeim ekki.

„Þetta var kannski ekki áhorfendavænn leikur en við kláruðum þetta verkefni. Við vorum búnir með mestu vinnuna í fyrri leiknum og þetta snerist bara um tryggja okkur áfram. Það verður mjög sérstakt að mæta Chelsea. Við höfum mætt þeim áður og vonandi verður sama niðurstaða núna og þá," sagði Peter Crouch eftir leikinn en hann er sáttur við frammistöðu sína í Meistaradeildinni.

ooj@frettabladid.is

Fylkir er í vondum málum eftir tap á Akureyri:

# Fylkismenn kafsigldir

**HANDBOLTI** Akureyringar komu fílefldir til leiks gegn slöku liði Fylkis á heimavelli sínum á Akureyri í gær. Heimamenn komust í 5-0 og litu aldrei til baka á meðan hugmyndasnauðir Fylkismenn sýndu lítil sem engin tilþrif. Akureyringar unnu sannfærandi 31-22 sigur og styrktu stöðu sína þar með í harðri fallbaráttu þegar aðeins tvær umferðir eru eftir.

„Ég bjóst ekki við svona stórum sigri en þetta var mjög sannfærandi. Við sýndum allar okkar bestu hliðar í þessum leik. Við hleyptum þeim full nálægt okkur í fyrri hálfleik en bættum allt af í þegar þeir voru að ná okkur," sagði Sævar Árnason, þjálfari Akureyrar, eftir leikinn.

Staðan í hálfleik var 14-10 en yfirburðir Akureyringa voru algjörir í síðari hálfleik. Góð vörn skapaði mörg hraðaupphlaup á meðan Arnar Jón Agnarsson dró þungan Fylkisvagninn einn í sókninni. Það var ekki að sökum að spyrja og auðveldur níu marka sigur Akureyrar var staðreynd, en hann hefði reyndar hæglega getað verið stærri ef ekki hefði verið fyrir kæruleysi heimamanna undir lokin.

„Við fórum þetta á liðsheildinni núna eins og við höfum gert í allan vetur. Það voru margir menn að spila vel í þessum leik og þetta er okkar aðal styrkleiki. Við nýttum hann vel í kvöld," bætti Sævar við. - hþh



GRIMMUR Akureyringurinn Magnús Stefánsson skorar hér gegn Fylki í gær. MYND/PEDROMYNDIR

Haukar lögðu Stjörnuna á sannfærandi máta á Ásvöllum:

# Haukar fóru langt með að bjarga sæti sínu í efstu deild

**HANDBOLTI** Úrslit leikja í DHL-deild karla í gærkvöldi þýða að Haukar standa einkar vel að vígi í fallbaráttunni síðustu tvær umferðirnar. Bæði Fylkir og ÍR töpuðu en Haukar unnu átta marka sannfærandi sigur á Stjörnunni. Það þýðir að Haukar eru tveimur stigum frá fallsæti þegar einungis tvær umferðir eru eftir.

„Það er vissulega plús að úrslit annarra leikja voru okkur hagstæð en við verðum fyrst og fremst að hugsa um okkur. Þetta er afar langþráður sigur hjá okkur en hann er sá fyrstu á þessu ári," sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir leik. „Við megum því þakka fyrir að vera ekki í verri stöðu en við erum í dag. Við höfum svo sem verið að spila fína leiki en það hefur vantað að klára allar 60 mínúturnar. Það tókst í kvöld og við unnum frábæran sigur."

Stjarnan hafði eins marks forystu í fyrri hálfleik en það var fyrst og fremst að þakka góðri vörn og markvörslu Roland Eradze. En eins og hendi væri veifað skelltu Haukar sinni vörn í lás í síðari hálfleik og um leið hætti Roland nánast alfarið að verja skot á hinum enda vallarins.

Haukar unnu fyrstu tíu mínútur síðari hálfleiks með sex mörkum gegn einu og var það nóg forskot til að byggja sigurinn á. Jón Karl Björnsson og Árni Þór Sigtryggsson röðuðu inn mörkunum og gáfust Stjörnumenn á endanum hreinlega upp.



LÉTTIR Viggó Sigurðsson, Arnar Pétursson og aðrir Haukamenn geta varpað öndinni léttar eftir frábæran sigur liðsins á Stjörnunni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við kláruðum færin okkar betur í seinni hálfleik enda var Roland að verja óþarflega mörg skot okkar í þeim fyrri. En seinni hálfleikur var betri hjá okkur en sá fyrri, við bjuggum okkur til betri færi og varnarleikurinn var gríðarlega sterkur. Mér fannst líka Björn Ingi standa sig mjög vel í markinu."

Sérstaka athygli vakti innkoma Jón Karls en hann lék við hvern sinn fingur, skoraði mörk í öllum regnbogans litum. „Hann hefur ekki fengið mikil tækifæri að undanförnu og vildi greinilega sýna að hann eigi heima í byrjunarliðinu. Kannski voru það mistök að nota hann ekki meira en hann virtist vera með Roland gjörsamlega í vasanum," sagði Páll.

Hann er þó varkár fyrir lokasprettinn í deildinni þó útlitið sé gott. „Það eru þrátt fyrir allt tveir umferðir og það hlakkar ekkert í okkur. Það er gott að vinna leik og það eykur sjálfstraustið í liðinu. Við eigum eftir að mæta HK og Val og það eru lið sem við getum vel unnið."

- esá

Hádegisfundur ÍSÍ
föstud. 13. apríl kl. 12.00

Viðar Halldórsson Sviðsstjóri íþróttafræðisviðs
HR fer yfir niðurstöður rannsóknarinnar Ungt fólk 2006 í E-sal íþróttamiðstöðvarinnar í Laugardal. Allir velkomnir.

Frekari upplýsingar má finna á
www.isi.is

## ÚRSLIT

### Meistaradeildin:

| | |
|---|---|
| LIVERPOOL-PSV | 1-0 |

1-0 Peter Crouch (67.)

| | |
|---|---|
| BAYERN MÜNCHEN-AC MILAN | 0-2 |

0-1 Clarence Seedorf (28.), 0-2 Filippo Inzaghi (32.)

### DHL-deild karla:

| | |
|---|---|
| ÍR-HK | 28-35 (12-17) |

**Mörk ÍR (skot):** Björgvin Hólmgeirsson 7 (16/1), Ragnar Helgason 7/3 (8/3), Ólafur Sigurgeirsson 4 (6), Davíð Georgsson 4/1 (9/2), Jón H. Gunnarsson 2 (2), Erlendur Stefánsson 2 (5/1), Brynjar Steinarsson 2 (5).
**Varin skot:** Jacek Kowal 10, Lárus Ólafsson 8.
Hraðaupphlaup: 4 (Ragnar, Brynjar, Björgvin, Ólafur).
**Fiskuð víti:** 7 (Björgvin 3, Jón H. 2, Ragnar 2).
**Utan vallar:** 12 mínútur.
**Mörk HK (skot):** Valdimar Þórsson 8/7 (21/8), Augustas Strazdas 7 (8), Brynjar Valsteinsson 6 (7), Ragnar Hjaltested 4 (5), Tomas Eitutis 3 (7), Sergei Petraytis 2 (2), Ragnar Snær Njálsson 2 (2), Gunnar Steinn Jónsson 1 (1), Hákon Bridde 1 (1).
**Varin skot:** Egidijus Petkevicius 11/2, Hlynur Jóhannsson 4.
**Hraðaupphlaupsmörk:** 7 (Ragnar 3, Strazdas 2, Brynjar, Hákon).
**Fiskuð víti:** 7 (Sergei 3, Strazdas 3, Gunnar).
**Utan vallar:** 10 mínútur.

| | |
|---|---|
| HAUKAR-STJARNAN | 29-21 |

**Mörk Hauka (skot):** Árni Þór Sigtryggsson 8 (14), Jón Karl Björnsson 7/2 (8/2), Kári Kristján Kristjánsson 3 (4), Freyr Brynjarsson 3 (4), Gísli Jón Þórisson 3/1 (6/1), Arnar Pétursson 2 (4), Andri Stefan 1 (2), Guðmundur Pedersen 1 (4), Sigurbergur Sveinsson 1 (5), Samúel Ívar Árnason (1).
**Varin skot:** Björn Ingi Friðþjófsson 10/1, Magnús Sigmundsson 3/1.
**Hraðaupphlaup:** 3 (Freyr, Jón Karl, Árni Þór).
**Fiskuð víti:** 3 (Kári, Freyr, Guðmundur).
**Utan vallar:** 4 mínútur.
**Mörk Stjörnunnar (skot):** Patrekur Jóhannesson 10/5 (17/7), Ólafur Víðir Ólafsson 3 (3), Björn Friðriksson 2 (2), Elías Már Halldórsson 2 (4), Gunnar Ingi Jóhannsson 2 (5), Björn Óli Guðmundsson 2 (5), Tómas Þorkelsson (1), Volodomir Kysil (1), David Kekelia (1), Guðmundur Guðmundsson (2/1), Arnar Freyr Theódórsson (2/1).
**Varin skot:** Roland Eradze 14.
**Hraðaupphlaup:** 3 (Gunnar Ingi 2, Patrekur 1).
**Fiskuð víti:** 9 (Kekelia 4, Gunnar Ingi 1, Björn F. 1, Arnar Freyr 1, Kysil 1, Patrekur 1).
**Utan vallar:** 6 mínútur. Guðmundur fékk rautt á 59. mínútu.

| | |
|---|---|
| AKUREYRI-FYLKIR | 31-22 |

**Mörk Akureyrar:** Goran Gusic 8/3 (15), Andri Snær Stefánsson 6 (8), Ásbjörn Stefánsson 5 (9), Einar Logi Friðjónsson 4 (6), Hörður Fannar Sigþórsson 3 (3), Magnús Stefánsson 2 (8), Heiðar Þór Aðalsteinsson 1 (1), Aigars Lazdins 1 (2), Nikola Jankovic 1 (2).
**Varin skot:** Hreiðar Levý Guðmundsson 13, Sveinbjörn Pétursson 3.
**Hraðaupphlaup:** 8 (Andri 5, Ásbjörn, Jankovic, Gusic)
**Fiskuð víti:** 3 (Magnús, Rúnar, Hörður)
**Utan vallar:** 10 mínútur
**Mörk Fylkis:** Arnar Jón Agnarsson 7 (15), Ívar Grétarsson 4 (4), Haukur Sigurvinsson 3/1 (5), Þórir Júlíusson 2 (2), Vladimir Đuric 2 (7), Hreinn Þór Hauksson 1 (1), Guðlaugur Arnarsson 1 (1), Eymar Kruger 1 (3), Heimir Örn Árnason 1/1 (9/10), Ingólfur Axelsson 0 (2).
**Hraðaupphlaup:** 3 (Arnar Jón 2, Ívar)
**Fiskuð víti:** 5 (Arnar Jón, Eymar, Heimir, Þórir, Ívar)
**Utan vallar:** 6 mínútur
**Varin skot:** Hlynur Morthens 10, Erlingur Reyr Klemenzson 6.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **1. HK** | **19** | **13** | **3** | **3** | **531:481** | **29** |
| 2. VALUR | 18 | 13 | 1 | 4 | 510:473 | 27 |
| **3. FRAM** | **18** | **10** | **2** | **6** | **541:499** | **22** |
| 4. STJARNAN | 19 | 9 | 0 | 10 | 509:515 | 18 |
| **5. AKUREYRI** | **19** | **8** | **2** | **9** | **512:520** | **18** |
| 6. HAUKAR | 19 | 5 | 4 | 10 | 530:546 | 14 |
| **7. FYLKIR** | **19** | **5** | **2** | **12** | **519:560** | **12** |
| 8. ÍR | 19 | 5 | 0 | 14 | 534:592 | 10 |

### DHL-deild kvenna

| | |
|---|---|
| HAUKAR-VALUR | 28-21 (14-9) |

**Mörk Hauka:** Ramune Pekarskyte 9, Sandra Stojkovic 7, Nína kristrín Björnsdóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 6.
**Mörk Vals:** Alla Georgijsdóttir 4, Drífa Skúladóttir 3, Rebekka Skúladóttir 3, Arna Grímsdóttir 2, Hafrún Kristjánsdóttir 2, Katrín Andrésdóttir 2, Guðrún Drífa Hólmgeirsdóttir 1, Íris Ásta Pétursdóttir 1, Soffía Rut Gísladóttir 1, Hildigunnur Einarsdóttir 1, Brynja Steinsen 1.

| | |
|---|---|
| AKUREYRI-HK | 26-28 |
| FRAM-ÍBV | 30-27 |

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **STJARNAN** | **22** | **19** | **1** | **2** | **695-449** | **39** |
| GRÓTTA | 22 | 14 | 3 | 5 | 556-486 | 31 |
| **HAUKAR** | **23** | **14** | **1** | **8** | **639-580** | **29** |
| VALUR | 22 | 13 | 2 | 7 | 576-529 | 28 |
| **HK** | **22** | **11** | **1** | **10** | **605-649** | **23** |
| FRAM | 22 | 10 | 3 | 9 | 525-556 | 23 |
| **ÍBV** | **23** | **8** | **2** | **13** | **566-613** | **18** |
| FH | 22 | 2 | 2 | 18 | 492-641 | 6 |
| **AKUREYRI** | **22** | **1** | **1** | **20** | **442-605** | **3** |

HK skellti sér á topp DHL-deildar karla með sigri á ÍR-ingum, sem eru komnir með annan fótinn í 1. deild:

# Nú er pressan komin yfir á Valsmenn

**HANDBOLTI** Hann var rislítill handboltinn hjá ÍR og HK. Hlutskipti liðanna var ólíkt enda hvort á sínum enda töflunnar og það ekki að ástæðulausu. HK var klassa betri allan tímann og innbyrti mjög sanngjarnan sjö marka sigur, 28-35.

„Við þurftum þessi tvö stig og nú er þetta orðið verulega þungt,“ sagði Erlendur Ísfeld, þjálfari ÍR, svekktur eftir leik. „Mér fannst vanta trúna í mitt lið í dag. Ég hef aldrei í vetur fundið svona mikið andleysi og ég tel að það sé vegna þess að leikmenn trúðu því ekki að þeir gætu unnið þennan leik. Ég taldi okkur þurfa þrjú stig í síðustu þrem leikjunum og það var sárt að sjá á eftir tveim stigum í kvöld.“

Það var nokkuð til í þessu hjá Erlendi og hans lið lék ekki sem lið í gær. Einstaklingsframtak var alls ráðandi og varnarleikurinn var hriplekur og rúmlega það.

HK hafði lítið fyrir þessu og engu breytti þótt landsliðsmaðurinn Valdimar Þórsson hefði klúðrað tólf skotum utan af velli. Eina markið sem hann skoraði utan af velli var þegar hann tók frákast af víti sem hann hafði klúðrað.

„Við náðum forskoti í byrjun og litum aldrei til baka. ÍR gafst samt aldrei upp og því gátum við ekki tekið neina áhættu. Ég hefði nefnilega viljað hvíla leikmenn meira í dag,“ sagði Gunnar Magnússon, aðstoðarþjálfari HK. „Nú er pressan komin yfir á Valsmenn. Við verðum samt að einbeita okkur að okkar leik. Okkar verk er að klára okkar leiki og treysta á að Valsmenn misstígi sig.“ - hbg



**SYRTIR Í ÁLINN** Erlendur Stefánsson og félagar í ÍR komust lítt áfram gegn HK í gær og staða liðsins er orðin vonlítil.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





INNKAUPAKORT VISA




- Innkaupakort VISA er ókeypis kreditkort.
- Ekkert stofngjald, árgjald eða seðilgjald.
- Kortið er ætlað í rekstrarinnkaup og kemur í stað beiðna- og reikningsviðskipta.
- Lengri greiðslufrestur.

Úttektartímabil Innkaupakorts er almanaksmánuður og gjalddagi reiknings 25. næsta mánaðar.

Hægt er að sækja um Innkaupakort VISA á www.visa.is og hjá öllum bönkum og sparisjóðum.
Nánari upplýsingar í síma 525-2280

Nýr dagur – ný tækifæri VISA

I music Sony Ericsson



Sony Ericsson W880i
Örþunnur Walkman® tónlistarsími
Frábær 2 megapixla myndavél • Léttur og fjölhæfur
MP3 tónlistarspilari með tónlistargreini
Handfrjáls búnaður fylgir
Verð 39.980 kr.
Verð áður 49.900 kr.



MDS-60 ferðahátalarar
Verð 3.980 kr.
Verð áður 4.980 kr.

Þú færð símann í vefversluninni á siminn.is
eða á næsta sölustað Símans.

Tilboðin gilda til 15. apríl
Síminn

# Þetta var óviljaverk

**Agnar Mar Gunnarsson, aðstoðarþjálfari Keflavíkur, hefur beðið Helenu Sverrisdóttur, leikmann Hauka, afsökunar á að hafa rekist utan í hana eftir leik liðanna á þriðjudag. Agnar segir um óviljaverk að ræða af sinni hálfu.**

**KÖRFUBOLTI** Atvik sem átti sér stað eftir leik Hauka og Keflavíkur á þriðjudagskvöld hefur vakið mikla athygli. Þá fær Helena Sverrisdóttir, leikmaður Hauka, olnbogann á Arnari Mar Gunnarssyni, aðstoðarþjálfara Keflavíkur, í hálsinn.

Arnar Mar hefur beðið Helenu og Haukana afsökunar á framferði sínu. Helena segir hann hafa játað að um viljaverk hafi verið að ræða og slíkt hið sama segja Haukar. Annað segir Arnar Mar þó við Fréttablaðið.

„Þetta var óviljaverk. Ég áttaði mig ekki á því að nokkuð hefði gerst fyrr en morguninn eftir þegar byrjað var að ræða þetta á spjallsíðum. Ég tók ekki eftir að nokkuð hefði gerst. Ég hef beðist fyrirgefningar. Adrenalínið var í botni eftir leik og ég sé eftir þessu,“ sagði Arnar Mar en á hverju er hann nákvæmlega að biðjast afsökunar?

„Að hafa labbað aðeins utan í hana, sem ég hefði ekki átt að gera. Ég var ekkert að hugsa. Ég mun gera eitthvað gott fyrir Helenu í staðinn. Mér finnst samt að verið sé að gera of mikið úr málinu. Ég geri mér samt grein fyrir að þetta lítur ekki vel út fyrir mig en ég ætlaði ekki að gefa olnbogaskot eða meiða hana.“

Helena var ekki ánægð með hegðun Agnars og segir hann hafa sagt aðra sögu við sig en Fréttablaðið.

„Hann labbaði utan í mig. Hann viðurkenndi að hafa gert þetta viljandi og segist sjá mikið eftir þessu,“ sagði Helena, sem hefur fyrirgefið Agnari þótt hún sé ekki ánægð með hann. „Mér fannst mjög hallærislegt að gera þetta og hann verður að eiga þetta við sjálfan sig. Dómarinn vildi svo ekkert gera neitt í þessu. Sagði að leikurinn væri búinn.“

henry@frettabladid.is



**AGNAR MAR** Aðstoðarþjálfarinn segir eitt við Fréttablaðið og annað við Hauka að sögn Hafnfirðinga. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI













**ÓVILJAVERK EÐA FAUTASKAPUR?** Á þessum fjórum myndum, sem fengnar eru frá Stöð 2, sést hvernig þau Agnar og Helena mætast og hvernig Agnar fer utan í leikmanninn. Dómarinn sá atvikið vel en ákvað að aðhafast ekki frekar í málinu. MYNDIR/BUD

RENAULT
B&L ATVINNUBÍLAR FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

Hagkvæmari rekstareining
Renault Kangoo fæst í 4x4 útgáfu.
Einnig færðu Renault Kangoo með sjálfskiptingu.
Ný sending komin!




Bíll á mynd: Kangoo 6 dyra með álfelgum, þokuljósum og hliðarglugga.

Kr. 21.194
á mánuði og bíllinn er þinn
í lok samningsins*

Renault Kangoo
Verð frá kr. 1.670.000
Verð frá kr. 1.341.365 án vsk
Fjármögnunarleiga kr. 26.386
Fjármögnunarleiga kr. 21.194 án vsk.

Kangoo Express – 6 dyra – 75 hestöfl – beinskiptur.
Kr.1.341.365 kr. án VSK.
Við greiðum að sjálfsögðu út gamla atvinnubílinn.

* Fjármögnunarleiga m.v. 5 ára lán í erlendri myntkörfu með 20% útborgun með og án/vsk.

www.renault.is B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

MASTERCARD KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT:

# SÍÐAN SKEIN SÓL - SÍÐASTA VETRARDAG
# ÓRAFMAGNAÐIR 20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR
# 18. APRÍL Í BORGARLEIKHÚSINU




# SKEIN VETRAR
# SÓL DAG

SÉRSTAKIR GESTIR:
BJÖRN JÖRUNDUR
KK
SYLVÍA NÓTT

GESTAHLJÓÐFÆRALEIKARAR:
PÉTUR GRÉTARSSON
KJARTAN VALDEMARSSON
MATTHÍAS STEFÁNSSON
GUÐMUNDUR PÉTURSSON

MasterCard

***20% afsláttur af öllum innlendum viðburðum ef greitt er með MasterCard***

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef tónlistarklúbbs MasterCard, www.kreditkort.is/klubbar

***Miðasala hafin hjá Borgarleikhúsinu og á Miði.is!***

CONCERT

## Christian Bale

Bale fæddist í Wales árið 1974 og sló fyrst í gegn sem strákurinn í mynd Steven Spielberg, Empire of the Sun. Sem hinn skrautlegi Arthur Stuart í myndinni Velvet Goldmine sló Bale hins vegar fyrst almennilega í gegn. Stærsta hlutverk hans til þessa verður þó líklegast að teljast Batman í myndinni Batman Begins, sem að hluta til var tekin upp hérlendis. Hinn mikli dýravinur, Christian Bale, sést í myndinni Equilibrium á Stöð 2 Bíó í kvöld.



dags

## VIÐ TÆKIÐ; BERGSTEINN SIGURÐSSON HEFUR YNDI AF HÆFILEIKAKEPPNI

# *Af eðalmálmum og málmleysingjum*

Eftir skrykkjótta byrjun skellti X-Faktor á skeið og náði hinum bærilegasta lokaspretti. Umgjörð lokakvöldsins var hin glæsilegasta. Einar Bárðarson hefur ástæðu til að fagna enda stóð skjólstæðingur hans verðskuldað með pálmann í höndunum. Frammistaða Einars í dómarasæti var engu slakari og ósjaldan hittu hárbeittar og hnyttnar athugasemdir hans hittu í mark. „Ef þið komist ekki áfram væri það ekki lögreglumál, heldur Baugsmál," sagði hann eitt kvöldið. Ekki kæmi mér á óvart þó Nói og Siríus fengju hann til að semja nýja málshætti í páskaeggin á næsta ári. Á úrslitakvöldinu leiddi svo dómarinn áhorfendur í allan sannleika um hvernig gimsteinar eru búnir til. „Þú ert eins og færeyskur eðalmálmur, sem hefur verið slípaður og breytt í íslenskan eðaldemant." Jamm.



Í Bandaríkjunum hafa sprottið upp skrýtnar deilur í kringum ameríska Idolið. Svo virðist sem einn keppandanna, Sanjaya að nafni, sé svo arfaslakur að áhrifamiklir menn á borð við orðhákinn Howard Stern hvetja fólk til að kjósa hann í þeim tilgangi einum að gera gys að keppninni. Þetta taka framleiðendur þáttarins alvarlega og íhuga jafnvel málsókn á hendur Stern og vefsíðunni voteforthe worst.com, á þeim forsendum að ef Sanjaya beri sigur úr býtum bíði orðstír þáttarins hnekki. Ekki er ég löglærður maður en leyfi mér þó að halda því fram að það ábyrgðin í þessu máli hljóti að liggja hjá dómurunum; þeim sem hleyptu honum í gegnum hverja umferðina á fætur annarri þar til hann komst í úrslit og upp á náð áhorfenda. En svona getur nú Ameríka verið skrýtin.

## EKKI MISSA AF



▶ **19.50** KR-Njarðvík SÝN



▶ **22.00** Ungfrú Reykjavík SKJÁREINN



▶ **20.55** Studio 60 STÖÐ 2



▶ **23.10** Skíðamót Íslands RÚV



▶ **20.40** My Name Is Earl SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**16.25 Íþróttakvöld**
**16.40 Formúlukvöld**
**17.05 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Stundin okkar** Endursýndur þáttur
**18.25 Ævintýri Kötu kanínu** (6:13)
**18.40 Kassabílarallið** Leikin barnamynd
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Fjölbrautaskólinn** (1:8) (Waterloo Road) Bresk þáttaröð um stormasamt líf kennara og nemenda í erfiðu hverfi í stórborg.
**21.15 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives III) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Sporlaust** (19:24) (Without a Trace IV) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
▶**23.10 Skíðamót Íslands** Samantekt frá keppni dagsins á mótinu sem fram fer í Hlíðarfjalli við Akureyri dagana 12. til 15. apríl.
**23.25 Lífsháski** (Lost) Bandarískur myndaflokkur um hóp fólks sem komst lífs af úr flugslysi og neyddist til að hefja nýtt líf á afskekktri eyju í Suður-Kyrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.10 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.05 Being Julia** (Hin eina sanna Júlía)
**08.00 Not Without My Daughter** (e) (Aldrei án dóttur minnar)
**10.00 Loch Ness**
**12.00 Ocean's Twelve**
**14.05 Not Without My Daughter (e)**
**16.00 Loch Ness**
**18.00 Ocean's Twelve**
**20.05 Being Julia**
**22.00 Equilibrium** (Öll frávik bönnuð)
**00.00 Buffalo Soldiers** (Spilling í hernum)
**02.00 The Four Feathers (Fjórar fjaðrir)**
**04.10 Equilibrium**

## STÖÐ 2

**07.20 Grallararnir** (Tiny Toons)
**07.40 Tasmanía** (Taz-Mania)
**08.00 Commander In Chief** (11:18)
**08.45 Í fínu formi 2005**
**09.00 Bold and the Beautiful**
**09.20 Forboðin fegurð**
**10.05 Sisters** (Systur)
**10.50 Arrested Development** (7:18)
**11.15 Strong Medicine** (9:22) (Samkvæmt læknisráði)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar** (Neighbours)
**13.10 Valentína** (My Sweet Fat Valentina)
**13.55 Valentína**
**14.40 Two and a Half Men** (1:24)
**15.20 My Life in Film** (3:6) (Bíólíf)
**15.50 Skrímslaspilið**
**16.13 Tasmanía** (Taz-Mania)
**16.38 Myrkfælnu draugarnir** (e)
**16.53 Töfravagninn**
**17.18 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.28 Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar** (Neighbours)
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.55 Ísland í dag, íþróttir og veður**
**19.40 The Simpsons** (22:22)
**20.05 Meistarinn** (9:15) 2007.
▶**20.55 Studio 60** (14:22) Matt á í vandræðum í sambandinu á meðan starfsmennirnir eru enn í matarboðinu til heiðurs Harriet.
**21.40 Standoff** (Hættuástand) Nýir spennuþættir sem fjalla um samningamenn í gíslatökudeild FBI. (5:19)
**22.25 Hotel Babylon** (4:8)
**23.20 American Idol** (26:41)
**00.05 American Idol** (27:41)
**00.30 Medium** (9:22)
**01.15 Malicious Intent** (Civility)
**02.40 Empire**
**04.15 Bones** (10:22)
**05.00 The Simpsons** (22:22) (e)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**
**18.30 Fréttir** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá á samtengdum rásum Stöðvar 2 og Sirkuss.
**19.00 Ísland í dag**
**19.40 Seinfeld (16:24) (e)**
**20.10 Entertainment Tonight (e)**
▶**20.40 My Name Is Earl 2 - NÝTT** Earl snýr aftur. Önnur serían af einum vinælustu gamanþáttum heims og er þessi fyndnari en fyrri!
**21.15 KF Nörd** (13:15) Þá er komið að því að sjá hvort líkamlegt ásigkomulag Nördanna hafi lagast við allar æfingarnar. Þeir verða mældir aftur frá hvirfli til ilja og spurning hvort uppskeran verði eins og til var sáð. Auk þess keppa Nördarnir við 3. flokk kvenna hjá Val og úr verður spennandi viðureign.
**22.00 Nip/Tuck** (15:15) Í lokaþætti þáttaraðarinnar er Sean enn að skipuleggja sölu á læknastofunni en hann þarf að ákveða hvort að hann vilji að Christian kaupi hann út. Stranglega bönnuð börnum.
**22.50 Medium** (9:22) Allison reynir að hjálpa draug að leysa eigið morðmál en henni til undrunar afþakkar hann hjálp hennar. Bönnuð börnum.
**23.30 The Nine** (e) Níu manns, allt ókunnugt fólk, eru tekin í gíslingu í banka einum.
**00.15 Supernatural** (9:22)
**01.05 Seinfeld** (16:24) (e) Elaine kemst að því að nýjasti kærastinn hennar er ofurtrúaður og Jerry grunar síðustu kærustuna sína um græsku.
**01.30 Entertainment Tonight (e)**
**01.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10.15 næsta dag.
**16.45** og **17.45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05.45 til 09.45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**
**08.00 Rachael Ray (e)**
**08.45 Vörutorg**
**09.45 Melrose Place (e)**
**15.15 Vörutorg**
**16.15 Fyrstu skrefin (e)**
**16.45 Beverly Hills 90210**
**17.30 Melrose Place**
**18.15 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**
**19.30 Game tíví** Sverrir Bergmann og Ólafur Þór Jóelson fjalla um allt það nýjasta í tækni, tölvum og tölvuleikjum.
**20.00 Everybody Hates Chris** (5:22) Julius reynir að ganga í augun á yngri bróður sínum (Wayne Brady) með því að elda fullkomna hátíðarmáltíð en auðvitað fer ekki allt eins og áætlað var.
**20.30 Malcolm in the Middle** (12:22)
**21.00 Will & Grace** (7:23) Bandarískir gamanþættir um skötuhjúin Will og Grace og vini þeirra Jack og Karen. Þess má geta að Traci Lords, fyrrum klámmyndastjarna, kemur fram í þættinum.
**21.30 Still Standing** (17:23) Það eru Mark Addy (The Full Monty) og Jami Gertz sem leika hjónakornin.
▶**22.00 Ungfrú Reykjavík** Fegurðardrottning Reykjavíkur 2007 verður krýnd í kvöld í beinni útsendingu á SkjáEinum.
**23.30 Everybody Loves Raymond**
**23.55 Britain's Next Top Model (e)**
**00.55 C.S.I. (e)**
**01.45 Vörutorg**
**02.45 Beverly Hills 90210 (e)**
**03.30 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin (e)**
**14.00 AC Milan - Empoli** (frá 7. apríl)
**16.00 Aston Villa - Wigan** (frá 9. apríl)
**18.00 Tottenham - Blackburn** (e)
**20.00 Liðið mitt** Spjallþáttur um fótbolta í umsjón Böðvars Bergssonar.
**21.00 Everton - Fulham** (frá 6. apríl)
**23.00 Man. City - Charlton** (frá 6. apríl)
**01.00 Dagskrárlok**



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.25
### HÓTEL BABÝLON




Breskir sjónvarpsþættir í anda Footballers' Wives þar sem fylgst er með starfsfólki og gestum á 5 stjarna hóteli í London. Það er ekki alltaf auðvelt að þjóna þeim ríku og frægu en Rebecca Mitchell og starfsfólk hennar eru flestu vön. Í þætti kvöldsins svífur lostinn yfir vötnunum á hótelinu en starfsfólkið reynir hvað það getur að veiða aðlaðandi gesti. Það þarf enginn að vera einhleypur á vinnustaðnum enda eru alltaf að koma nýir og æsandi gestir sem þurfa á sérstakri athygli að halda. Á Hótel Babýlon er allt leyfilegt svo lengi sem enginn kemst að því.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Fjölbrautaskólanum RÚV 20.15

Spánnýir þættir um fjölbrautaskóla í London sem glímir við ýmiss konar vandamál. Fylgst er með Jack Rimmer yfirkennara og starfsliði hans í Waterloo Road-skólanum þar sem hver dagur er eins og bardagi. Kennararnir hafa nánast gefist upp á því að gera nokkuð af viti í skólanum og eiga nóg með sín persónulegu vandamál. Einnig fylgjumst við með nemendunum sjálfum og því er í nógu að snúast í þáttunum.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.05** Morgunvaktin **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Laufskálinn **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Sólskinsfólkið
**14.30** Miðdegistónar
**15.00** Fréttir
**15.03** Fallegast á fóninn
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.00** Fréttir
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.27** Sinfóníutónleikar
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Þættir úr íslenskri leikritun: 1990 - 2007
**23.10** Hlaupanótan
**00.00** Fréttir
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

### SÝN

**07.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**08.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs** (Meistaramörk)
**16.50 Það helsta í PGA-mótaröðinni**
**17.20 Meistaradeild Evrópu - endurs.**
**19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs**
**19.20 FA Cup - Preview Show 2007** Hitað upp fyrir næstu umferð.
▶ **19.50 Iceland Express-deildin 2007** (KR - Njarðvík)
**21.45 UEFA Cup 2007** (Tottenham - Sevilla) Leikurinn er sýndur beint kl. 18.35 á Sýn Extra.
**23.25 PGA Tour 2007 - Highlights**
**00.20 Iceland Express-deildin 2007** (KR - Njarðvík)
**01.50 Meistaradeildin með Guðna Bergs**

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** Nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar.
**21.00 Einbýlishús** Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** Litlar og meðalstórar eignir sýndar.
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** Veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda sms-skilaboð.

### DR 1

**6.00** Postmand Per **6.15** Noddy **6.30** Hvad er det værd **7.00** Italienske fristelser **7.30** Nyheder fra Grønland **8.00** Viden om **8.30** En plads i livet **9.00** Søyst: Livets gang i kolonihaven **9.30** Hammerslag **10.00** TV Avisen **10.10** Penge **10.35** Ud i naturen **11.00** Kongehuset **11.25** Aftenshowet **12.20** Mission integration **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** TV Avisen med vejret **13.10** SPAM **13.30** Boogie Update **14.00** Liga **14.30** Gribben, der rødmede **14.35** Frikvarter **15.00** Barda **15.30** Fandango med Sebastian og Chapper **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **16.55** Aftenshowet med Vejret **17.30** Rabatten **18.00** Hold masken **18.30** Hjerterum **19.00** TV Avisen **19.25** Task Force **19.50** SportNyt **20.00** The Girl Next Door **21.45** Før melodi grand prix **22.45** Flemmings Helte **23.00** Det Vildeste Westen **23.15** Liga **4.30** Dyrene fra Lilleskoven **5.00** Rasmus Klump **5.10** Palle Gris på eventyr **5.30** Gnotterne **6.00** Postmand Per

### NRK 1

**7.30** Mat med Niklas **8.00** Siste nytt **8.05** Forbrukerinspektørene **8.30** På dypt vann i Thailand **9.00** Siste nytt **9.05** Oddasat - Nyheter på samisk **9.20** Distriktsnyheter **9.40** Fra Nordland **10.00** Siste nytt **10.05** Distriktsnyheter **10.20** Fra Møre og Romsdal **10.40** Fra Hordaland og Sogn og Fjordane **11.00** Siste nytt **11.05** Lunsjtrav **12.00** Siste nytt **12.05** Distriktsnyheter **12.20** Fra Oslo og Akershus **12.40** Fra Østfold **13.00** Siste nytt **13.05** Lyoko **13.32** Zombie hotell **13.58** Ettermiddagsflaten 2007 **14.00** Siste nytt **14.03** Den dårligste heksa i klassen **14.30** Dunder **15.00** Siste nytt **15.10** Oddasat - Nyheter på samisk **15.25** ¦rdna - Samisk kulturmagasin **15.40** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Den lille blå dragen **16.10** Uhu **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Schrödingers katt **17.55** Skikk og bruk for hunden **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.35** Skygger **20.30** Torsdag kveld med Steinar Sagen **21.00** Kveldsnytt 21.15 Kulturnytt **21.20** Urix **21.50** Graven **22.50** MAD TV **4.25** Frokost-tv

### SVT 1

**7.30** Lilla löpsedeln **7.45** Banderoll **8.00** Svea letar Linné **8.15** Safari Europa **8.20** The New Tomorrow **8.45** Ekolokero **9.00** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **9.10** Runt i naturen - Hönsrumpa och kofötter **9.20** Safari Europa **9.25** Safari Europa **9.30** Sprattel **9.35** Sprattel **10.00** Rapport **10.05** Argument **11.05** Anslagstavlan **13.30** Packat & klart **14.00** Rapport **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Karamelli **15.30** Pi **15.45** Sagoträdet **16.00** Nalle har ett stort blått hus **16.25** Tandtapparsång **16.30** Undringar **16.35** Ozzy och Drix **17.00** Lilla Aktuellt **17.15** Bobster **17.30** Rapport **18.00** Saras kök **18.30** Svenska slag **19.00** Planet Earth **19.50** Sista ordet **20.00** Prirechnyy - staden som inte längre finns **20.55** Rapport **21.05** Kulturnyheterna **21.15** Uppdrag Granskning **22.15** Entourage **22.45** Sändningar från SVT24 **4.00** Gomorron Sverige





Dísil vél tog 310 Nm, Sjálfskiptur.
Byggður á grind með hátt og lágt drif
Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

# Fullkominn jeppi fyrir íslenskar aðstæður




**Hluti staðalbúnaðar**
Dísil Túrbó Intercooler :::
5 Gíra sjálfskipting SideTronic :::
Sjálfvirkt miðstöð :::
Loftkæling :::
Cruise Control :::
Álfelgur og 31" Toyo dekk :::
Litaðar rúður :::
Leður stýri :::

**KYRON** - dísil - sjálfskiptur
Verð aðeins: **Kr. 3.495.000,-**

**KYRON** er fullvaxinn jeppi með **hátt og lágt drif, byggður á grind** og er stærri en ætla má við fyrstu sýn. Tækninýjungar eru fjölmargar og skila sér í einstakri **nýtingu á afli og frábærum aksturseiginleikum**. Komdu til okkar á Tangarhöfðann, þú verður ekki fyrir vonbrigðum með þetta vel varðveitta leyndarmál.
**Þú gerir einfaldlega ekki betri kaup í jeppum í dag!**

Bílabúð Benna
Tangarhöfða 8-12 | Sími 590 2000 | www.benni.is | Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Lau. 12.00 - 16.00
**Umboðsmenn:** Bílahornið hjá Sissa, Keflavík. Bílasalan Ós, Akureyri. Bílasala austurlands, Egilsstöðum.

DYNAMO REYKJAVÍK

## MORGUNMATURINN



*„Ég borða yfirleitt hafragraut.“*

Einar Bárðarson umboðsmaður.

# Gamlir vinir Sólarinnar og nýir

Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum hyggst stórsveitin Síðan skein sól koma saman á ný jan leik síðasta vetrardag, 18. apríl, og leika mörg af sínum bestu lögum í Borgarleikhúsinu. Samkvæmt Ísleifi B. Þórhallssyni, framkvæmdastjóra Concert, er þegar uppselt á fyrri tónleikana og hefur því öðrum verið bætt við seinna um kvöldið.

Hljómsveitin verður þó ekki ein á sviðinu því sannkallað landslið tónlistarmanna mun leggja þeim lið. Þá munu gamlir vinir og nýir reka inn nefið en meðal þeirra eru sjálf Silvía Nótt, KK og Björn Jörundur.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Helga Björnssyni var ekki annað að heyra á honum en hann væri spenntur fyrir þessum gestum. „Ég nefndi það við Silvíu að hún myndi syngja Nostalgíu, lagið sem Ingibjörg Stefánsdóttir söng með okkur á sínum tíma,“ segir Helgi.

Þeir KK og Björn Jörundur eru hins vegar sveitinni að góðu kunnir. Og upplýsir Helgi meðal annars að KK hafi spilað með þeim á plötunni Einmanna sem kom út árið 1999. „Ætli við reynum ekki að fá hann til að spila með okkur eitt eða tvö lög af þeirri plötu,“ segir Helgi. Björn Jörundur hefur einnig komið töluvert við sögu sveitarinnar. Var reyndar í harðri baráttu við Síðan skein sól á sveitaballamarkaðinum með Ný dönsk á sínum tíma en gróf síðan stríðsöxina og tók smá túr með sveitinni þegar bassaleikarinn Jakob Smári var í fríi. „Ætli við tökum ekki saman Þú ert ekkert betri en ég, það ætti að vera við hæfi,“ segir Helgi og hlær.



**HELGI BJÖRNSSON** Var spenntur fyrir þessum gestasöngvurum sem troða upp með sveitinni í Borgarleikhúsinu.

**SILVÍA NÓTT** Syngur með Síðan skein sól í Borgarleikhúsinu.

**BJÖRN JÖRUNDUR** Lék á bassa með Síðan skein sól eftir að hafa háð harða baráttu með sveit sinni Ný dönsk á sveitaballamarkaðinum.



**LÁRÉTT** 2 hljóðfæri 6 tveir eins 8 að 9 þrí 11 guð 12 aðfall 14 andlitsmálning 16 í röð 17 sigti 18 tunna 20 tveir eins 21 eignarfornafn.

**LÓÐRÉTT** 1 ota 3 utan 4 forði 5 fæða 7 mælska 10 kæla 13 maðk 15 sjá eftir 16 rámur 19 bardagi.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2 túba, 6 oo, 8 til, 9 tré, 11 ra, 12 aðsog, 14 farði, 16 hí, 17 mið, 18 áma, 20 rr, 21 sitt.

**LÓÐRÉTT:** 1 pota, 3 út, 4 birgðir, 5 ala, 7 orðfimi, 10 ísa, 13 orm, 15 iðra, 16 hás, 19 at.









KRUMMI Í MÍNUS: LEIKUR JESÚ MEÐ VESTURPORTI Í SUMAR

# Húðflúraður Jesú í Vesturporti

Krummi Björgvinsson í Mínus fer með hlutverk Jesú Krists í uppfærslu Vesturports á söngleiknum Jesus Christ Superstar. „Jesús Kristur var og er enn þekktasta stjarna og rokkstjarna heimsins. Auðvitað vill maður leika aðal fyrst,“ sagði Krummi, sem fetar þannig fyrstu skref sín á leiklistarsviðinu.

„Ég hef náttúrlega oft spilað á leiksviði, sem tónlistarmaður,“ benti hann réttilega á. „Þetta er heldur ekki svo langt frá því sem ég hef verið að gera frá því að ég var lítill krakki, að syngja rokkmúsík á sviði. En þetta er öðruvísi tjáning. Ég þarf að tjá karakter og sögu, sem er svolítil áskorun, og líka það skemmtilegasta við þetta,“ sagði Krummi.

Hann kvaðst ekki stressaður yfir að leika sjálfan Jesú Krist. „Nei, nei. Ég er kaþólikki og var í kaþólskum skóla. Trú hefur alltaf verið mikill partur af mínu lífi, þó ég sé kannski ekki að fara að skrifta hvern einasta dag,“ sagði hann. „Þetta verður líka svolítið nútímalegri uppsetning, Jesús Kristur með tattú og attitjúd,“ bætti hann við. „Það er kominn tími til að hrista upp í þessu og gera þetta að ótrúlega flottu rokksjóvi. Ég er allavega hundleiður á að horfa á sömu uppsetningu á þessu fram og til baka,“ sagði hann.

Krummi segir Jesus Christ Superstar vera einn besta söngleik allra tíma. „Tónlistin er meiri háttar, og það hafa líka frábærir söngvarar sungið þetta. Ian Gillan úr Deep Purple og Ted Neely, sem gerði þetta rosalega vel í kvikmyndinni,“ sagði hann. „Ég geri þetta að mínu eigin. Ég er ekkert að fara að setja klemmur á eistun á mér til að ná háa séi, sko,“ sagði hann sposkur.

Með honum á sviðinu verða aðrir reyndir tónlistarmenn, því Jens Ólafson, betur þekktur sem Jenni úr Brain Police, og Bjarni Hall úr Jeff Who? fara með hlutverk Júdasar og Péturs. Pontíus Pílatus verður í höndum Ingvars E. Sigurðssonar, Ólafur Darri Ólafsson leikur Kaífas, Heródes verður Ólafur Egill Ólafsson og Lára Sveinsdóttir leikur Maríu Magdalenu.

Félagar Krumma úr Mínus, þeir Bjössi og Bjarni, verða honum til halds og trausts í hljómsveitinni. „Það er rosalega gott, enda eru þeir þéttasta tempótvíeyki sem Ísland hefur séð, að mínu mati,“ sagði Krummi. Karl Sigurðsson úr Baggalúti verður kórstjóri, og halda hann og leikstjórinn Björn Hlynur Haraldsson kórprufur annað kvöld. Þeir sem vilja spreyta sig á þeim og syngja í kapp við Krumma í sumar geta látið vita af sér á rakel@artbox.is.

Handrit er að sögn Krumma enn í vinnslu, en frumsýningin verður væntanlega um mitt sumar.

sunna@frettabladid.is



**TRÚMAÐURINN KRUMMI** Trú hefur alltaf verið stór hluti af lífi hins kaþólska Krumma, og kveðst hann ekki hræðast að leika sjálfan Jesú Krist. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**PÉTUR** Bjarni Hall úr Jeff Who verður þriðji rokkarinn á sviðinu í Jesus Christ Superstar.



**JÚDAS** Jenni úr Brain Police fer með hlutverk Júdasar í uppsetningu Vesturports.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Trommuleikarinn **Birgir Nielsen** hefur undanfarna viku dvalist rétt fyrir utan Nashville við upptökur á plötu. Ekki var rétt sem kom fram á þessum stað á dögunum að Birgir væri að taka upp með **Hreimi Heimissyni** og félögum í Landi og sonum. Hið rétta er að Birgir trommar nú með kántrýsveitinni Klaufum. Hægt er að lesa um ferð Klaufanna á bloggsíðunni klaufar.bloggar.is.



Það er alþekkt að stjórnmálamenn fari í yfirhalningu þegar líður að kosningum og minnast menn kannski best útlitsbreytinganna á **Birni Inga Hrafnssyni** fyrir prófkjör Framsóknarflokksins í Reykjavík fyrir nokkru. Það eru hins vegar ekki bara pólitíkusar sem huga að útlitinu því glöggir áhorfendur Kastljóssins á þriðjudagskvöldið tóku eftir því að sjónvarpsmaðurinn **Ingólfur Bjarni Sigfússon** hafði smellt smá lit í hárið á sér. Skartaði nú dökkum makka. Og kannski ekki nema von enda verður Ingólfur Bjarni engu minna á skjánum en stjórnmálamennirnir.



Og nú hefur verið dregið í átta manna úrslit í Meistaranum, spurningaþætti **Loga Bergmanns** á Stöð 2. Nokkrir þungavigtarmenn féllu úr leik í fyrstu umferð en ljóst má vera að hart verður barist á nokkrum vígstöðvum. Mestu athyglina vekur þó óneitanlega að varaformaður Vinstri grænna, **Katrín Jakobsdóttir**, virðist laða að sér upplýsinga- og fjölmiðlafulltrúa því hún dróst gegn Páli Ásgeiri Ásgeirssyni. Katrín lagði sem kunnugt er **Karl Pétur Jónsson** í sextán manna úrslitum. Og þótt Meistari síðasta árs, **Jónas Örn Helgason**, sé fjarri góðu gamni þá er faðir hans, **Helgi Árnason**, enn með í baráttunni og mætir **Ólöfu Yrr Atladóttur** sem vann sér inn hálfa milljón í síðasta þætti.



\- hdm/fgg

# Óttar gerir sig kláran í bátana

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í júlí á síðasta ári var Óttar Guðnason ráðinn sem kvikmyndatökumaður í nýjustu kvikmynd Jan De Bont, Stopping Power. Þá stóð til að tökur hæfust í september en yrði síðan lokið í október. Eitthvert bakslag kom í málið, nýir fjárfestar tóku við kvikmyndinni og nýir leikarar voru ráðnir til verksins. Óttar hélt hins vegar sinni stöðu og skömmu fyrir páskahelgina barst honum tölvupóstur frá leikstjóranum þar sem hann bað Óttar um að fara að gera ferðatöskurnar klárar. „Það á allt saman að skýrast öðru hvorum megin við helgina hvenær ég fer út og núna er þetta svona áttatíu prósent að þetta fari allt að rúlla,“ segir Óttar, sem var í langþráðu páskafríi á Spáni þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

Myndin verður tekin upp í Berlín og á svæðinu þar í kring. Óttar sagðist ekki vita hvaða leikarar hefðu verið ráðnir í staðinn fyrir þá gömlu en verið væri að hnýta síðustu hnútana á þeim bænum.

Um er ræða spennumynd sem fjallar um orrustuflugmann sem fer í frí til Evrópu á húsbíl. Í för með honum er dóttir hans og kærasta en þegar húsbílnum er rænt með stúlkunni hans innanborðs hefst æsilegur eltingaleikur. Og þetta mun því krefjast mikillar útsjónarsemi hjá kvikmyndatökumanninum íslenska að festa kappakstra og annað tengt því á filmu. Hinn hollenski Jan De Bont hóf sjálfur störf sem kvikmyndatökumaður en hefur að undanförnu aðallega fengist við leikstjórn og gerði meðal annars Speed og fyrstu Löru Croft-myndina.



**ÓTTAR GUÐNASON** Fékk tölvupóst frá Jan De Bont þar sem leikstjórinn bað hann vinsamlegast um að gera ferðatöskurnar tilbúnar.

ÍSLANDSHREYFINGIN
- LIFANDI LAND
KYNNIR OPINN BORGARAFUND

# FISKVEIÐISTEFNA FRAMTÍÐARINNAR

**Í IÐNÓ kl. 20:30 í kvöld, fimmtudagskvöld.**
Fundurinn er öllum opinn. Aðgangur ókeypis.

Hvernig náum við þjóðarsátt um kvótamálin?
Kynnumst ólíkum sjónarmiðum aðila í greininni.

FRAMSÖGUMENN
**Friðrik Arngrímsson**
Framkvæmdastjóri LÍÚ - Landssambands íslenskra útvegsmanna
**Arthur Bogason**
Formaður Landssambands smábátaeigenda

Fundarstjóri er Jakob Frímann Magnússon

## NÆST Á DAGSKRÁ ÍSLANDSHREYFINGARINNAR - LIFANDI LANDS

**FÖS. 13. APRÍL Kl. 20:30**

### REYKJANESBÆ

Opinn spjall- og skemmtifundur á Ránni með MOJO hópnum, Margréti, Ómari, Jakob og Ósk. Stefnan kynnt, hlustað eftir viðbrögðum.

**Lifandi tónlist í lokin. Allir velkomnir.**

**LAU 14. APRÍL Kl. 12:00**

### HAFNARFIRÐI

Súpufundur Íslandshreyfingarinnar á Fjörukránni. Ómar Ragnarsson, Margrét Sverrisdóttir, Jakob Frímann og Ósk Vilhjálmsdóttir ræða stefnu Íslandshreyfingarinnar og svara spurningum.

**Lifandi tónlist í lokin. Allir velkomnir.**

**LAU 14. APRÍL Kl. 10:00**

### REYKJAVÍK

Sameiginlegur fundur frambjóðenda Íslandshreyfingarinnar í Norræna húsinu.

**Allir velkomnir!**

**LAU 14. APRÍL Kl. 21:00**

### REYKJAVÍK

Kvöldskemmtun Íslandshreyfingarinnar - lifandi lands á NASA við Austurvöll. Landsþekktir skemmtikraftar og tónlistarmenn koma fram.

**Allir velkomnir!**

**Kynntu þér stefnuskrá okkar á www.islandshreyfingin.is**

ÍSLANDSHREYFINGIN
*lifandi land*

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATOR
- félag laganema við Háskóla Íslands

Ókeypis lögfræðiaðstoð alla fimmtudaga
milli 19:30 - 22:00 í síma 551-1012



BAKÞANKAR

DR. GUNNA

# Lýðræðisleg leiðindi

Fátt er leiðinlegra en kosningafundir sem fjölmiðlar finna sig nú knúna til að bjóða upp á. Því ríður á að passa sig að opna ekki fyrir útvarp eða sjónvarp næsta mánuðinn því alls staðar er hætta á að þaulæft froðusnakk fólks sem æst er í að ná sér í þægilega innivinnu næstu fjögur árin skelli á með offorsi. Leiðindi eru ekki eftirsóknarverð þótt séu lýðræðisleg.

**ÞARNA** sitja þeir í settinu, frambjóðendurnir. Sumir þrútnir og iðandi, aðrir glottandi og tilbúnir með það sem þeim finnst leiftrandi lúmskar athugasemdir. Svo er talið í og tuðið hefst. Munnar frambjóðenda fara á krúskontról og moka út vaðli sem aldrei kemur á óvart. Frumleg hugsun virðist bönnuð og einlægni illa séð. Aldrei fæst svar við því sem er spurt um, bara loðið röfl um eitthvað allt annað. Umsjónarmenn standa í ströngu við að segja frambjóðendum að halda kjafti á kurteislegan hátt þegar frammígjammið fer úr böndunum. Frambjóðendur setja fram sannfærandi tölur sem eru dregnar sannfærandi í efa. Einn segir eitt, annar segir annað, nei nei og jú víst, sumir urra, aðrir setja upp hundshaus. Fúllyndir frambjóðendur reyna sitt besta til að líta vel út en springa oftast á limminu svo skín í ólundina. Eina leiðin til að hafa örlítið gaman af þessu er að ímynda sér að allir séu allsberir.

**AUÐVITAÐ** lofa allir unaðslegri framtíð í besta landi í heimi. Sokkafólkið í stofum landsins á í mestu erfiðleikum með að ákveða sig því allir virðast svo góðir: ætla að leysa brýnustu vandamálin fljótlega eftir kosningar og auðvitað redda vandamálum öryrkja og öldraðra eins og síðast – og þarsíðast.

**MAÐUR** hefur svo sem ekki yfir miklu að kvarta í landi þar sem helsta tilvistarspurningin er hvort maður eigi að fá sér karamellueða súkkulaðisósu á ísinn sinn. Og þó: fákeppni, okur og vinnuálag eru mál sem mætti ræða. Þau sitja á hakanum í tuðbylgjunni. Flest önnur mál eru talin merkilegri en það hvort við eigum bara áfram að þurfa að vinna mest allra til að hafa efni á dýrasta mat og dýrustu lánum í heimi.

**ÞEGAR** allt kemur til alls geta kjósendur verið vissir um aðeins eitt, sama hver vinnur kosningarnar: Komin í þægilega innidjobbið verður þeirra allra fyrsta verk að hækka kaupið sitt.

Ævintýraleg símatilboð

vodafone

Allir símar frá Vodafone afhendast forhlaðnir, forstilltir og með 2 ára ábyrgð.

Með Vodafone live! kemst þú á Netið í símanum þínum og getur til dæmis skoðað hvað er í bíó, náð í brandara, skoðað stjörnuspána þína og halað niður hringitónum og skjámyndum.

Komdu í næstu Vodafone verslun, hringdu í 1414 eða smelltu þér inná www.vodafone.is til að fá nánari upplýsingar.

Gríptu augnablikið og lifðu núna.

Fótó / SIA



Vodafone live!
Nokia 6085
Krúttlegur með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum, styður minniskort. Fæst í fleiri litum.
Ævintýraverð
16.900 kr.

Vodafone live!
Sharp GX-17
Mjög fjölhæfur á ótrúlegu verði.Með Bluetooth, myndavél og USB tengjanlegur.
Ævintýraverð
9.900 kr.

Vodafone live!
Nokia 6234
Miklu meira en bara sími. Með Bluetooth, myndavél, útvarpi, steríó heyrnartólum og styður minniskort.
Ævintýraverð
19.900 kr.

Vodafone ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN ÁNÆGÐUSTU VIÐSKIPTAVINIRNIR



OPNUM Á MORGUN GLÆSILEGUSTU HEIMILIS- OG RAFTÆKJAVÖRUVERSLUN LANDSINS AÐ LÁGMÚLA 8

Fjöldi flottra opnunartilboða!

Sjá nánar á bls. 34 og 35